


Ríki Guðs stjórnar





Kr-C
160609

Þetta rit er ekki til sölu. Útgáfa þess er þáttur í alþjóðlegri biblíufræðslu sem kostuð er með frjálsum framlögum.

Dú getur farið inn á www.jw.org til að gefa framlag.

Vitnað er í íslensku biblíuna frá 2007 nema annað sé tekið fram.

Ljósmynd á bls. 178: 1879 Songs of the Bride: Með góðfúslegu leyfi Pitts Theology Library, Candler School of Theology, Emory University.

God's Kingdom Rules!

Prentað í maí 2016

Icelandic (kr-IC)

© 2014

WATCH TOWER BIBLE AND TRACT SOCIETY OF PENNSYLVANIA

Útgefendur

Gefið út af Vottum Jehóva.

© Druck und Verlag: Wachturm Bibel- und Traktat-Gesellschaft, Selters/Ts.

Printed in Germany.

Prentað í Þýskalandi.

Ríki Guðs stjórnar

Nafn:

BRÉF FRÁ HINU STJÓRNANDI RÁÐI

Kæri samverkamaður í þjónustu Guðsríkis:

ÍMYNDAÐU þér að þú tilheyrir Betelfjölskyldunni í Brooklyn. Þú situr á þínum venjulega stað við morgunverðarborðið föstudaginn 2. október 1914 og bíður þess að bróðir Charles T. Russell gangi í salinn. Skyndilega opnast dyrnar og bróðir Russell birtist. Hann dokar við eitt andartak eins og hann er vanur og heilsar Betelfjölskyldunni glaðlega: „Góðan daginn, öllsömul.“ En í stað þess að ganga beint til sætis við endann á borðinu klappar hann saman höndunum og segir: „Tímar heiðingjanna eru á enda, konungar þeirra hafa runnið sitt skeið.“ Þú ræður þér varla fyrir gleði. Þú hefur hlakkað lengi til þessarar stundar. Öll Betelfjölskyldan fagnar þessum spennandi tíðindum með löngu og áköfu lófataki.



Um öld er liðin síðan bróðir Russell sagði þessi sögulegu orð. Hverju hefur ríki Guðs áorkað síðan? Það er ekkert smáræði. Fyrir atbeina ríkis síns hefur Jehóva fágað, hreinsað og menntað þjóna sína jafnt og þétt. Þeir voru aðeins nokkur þúsund árið 1914 en eru nú næstum átta milljónir. Hefur þú ekki notið góðs af þessari menntun á ótal vegu?

Við heyrum oft trússystkini segja: „Himnavagn Jehóva er á hraðri ferð,“ og það er öldungis rétt. En sannleikurinn er sá að himnavagninn, sem táknar ósýnilegan hluta alheimssafnaðar Jehóva, hefur verið á fleygiferð síðan 1914 eins og vel má sjá af lestri þessarar bókar. Boðberum Guðsríkis er mikið í mun að boða fagnaðarerindið um allan heim og þeir hafa bryddað upp á alls konar nýjungum til að koma því á framfæri. Þeir hafa notað dagblöð, gengið um götur með upplýsingaspjöld, notað kvikmyndir og lit-skyggjur, boðunarspjöld, grammófóna, útvarp og meira að segja Netið.

Jehóva hefur blessað starf okkar og við getum nú gefið út aðlaðandi biblíuskýringarit á meira en 670 tungumálum og boðið þau hverjum sem er án endurgjalds. Fórnfúsir sjálfboðaliðar vinna við að reisa ríkissali, mótshallir og deildarskrifstofur, bæði í efnameiri löndum og löndum með takmörkuð fjárráð. Og þegar hamfarir verða eru bræður og systur fljót á vettvang til að liðsinna þeim sem eiga um sárt að binda. Þau sýna sanna bróðurást „í andstreymi“. – Orðskv. 17:17.

Prestar og aðrir andstæðingar eiga það stundum til að ‚misnota lögin‘ og valda okkur erfíðleikum. En það styrkir trúna að sjá hvernig tilraunir þeirra hafa mistekist æ ofan í æ og „orðið fagnaðarerindinu til eflingar“. – Sál. 94:20; Fil. 1:12.

Það er heiður að mega starfa með ykkur því að við erum öll „hjú“ konungsins Jesú. Okkur þykir ákaflega vænt um ykkur öll. Það er bæn okkar að efni þessarar bókar verði ykkur hjálp til að meta andlega arfleifið okkar meir en nokkru sinni fyrr. – Matt. 24:45.

Við óskum ykkur alls hins besta.

Bræður ykkar,

Stjórnandi ráð Votta Jehóva

E F N I S Y F I R L I T

HLUTI	KAFLI	BLAÐSÍÐA
	1. „Til komi þitt ríki“	6
	2. Ríki Guðs stofnsett á himnum	13

1

Sannleikurinn um ríki Guðs – að miðla andlegri fæðu

3.	Jehóva opinberar fyrirætlun sína	32
4.	Jehóva upphefur nafn sitt	39
5.	Konungurinn varpar ljósi á ríkið	49

2

Ríki Guðs boðað – fagnaðarerindið boðað um allan heim

6.	Fólk sem boðar fagnaðarerindið – boðberar bjóða sig fúslega fram	60
7.	Boðunaraðferðir – allar leiðir notaðar til að ná til fólks	68
8.	Hjálpargögn við boðunina – rit gefin út til að nota um allan heim	78
9.	Árangur boðunarinnar – akrarnir eru „fullþroskaðir til uppskeru“	87

3

Lög og gildi Guðsríkis – að leita réttlætis Guðs

- | | |
|--|-----|
| 10. Konungurinn hreinsar þjóna sína trúarlega | 100 |
| 11. Siðferðileg hreinsun endurspeglar heilagleika Guðs | 108 |
| 12. Skipulögð til að þjóna ‚Guði friðarins‘ | 118 |
-

4

Sigrar Guðsríkis – að verja fagnaðarerindið með lögum

- | | |
|--|-----|
| 13. Boðberar Guðsríkis verja rétt sinn fyrir dómstólum | 134 |
| 14. Þeir styðja stjórn Guðs og enga aðra | 148 |
| 15. Baráttan fyrir trúfrelsi | 157 |
-

5

Menntun á vegum Guðsríkis – þjónar konungsins fá kennslu og þjálfun

- | | |
|--|-----|
| 16. Við söfnumst saman til að tilbiðja Guð | 170 |
| 17. Menntun handa þjónum Guðsríkis | 182 |
-

6

Stuðningur okkar við ríki Guðs – að byggja samkomuhús og veita neyðaraðstoð

- | | |
|--|-----|
| 18. Hvernig er starfsemi Guðsríkis fjármögnuð? | 194 |
| 19. Byggingarstörf sem eru Jehóva til heiðurs | 202 |
| 20. Hjálparstarf sem er Jehóva til heiðurs | 209 |
-

7

Loforð sem ríki Guðs uppfyllir – að gera alla hluti nýja

- | | |
|---|-----|
| 21. Ríki Guðs ryður óvinum sínum úr vegi | 222 |
| 22. Ríki Guðs lætur vilja hans verða á jörð | 231 |

1

„Til komi þitt ríki“

Í ÞESSUM KAFLA

Það sem Jesús kenndi varðandi ríki Guðs.

1, 2. Hvað sagði Jehóva sjálfur í áheyrn þriggja postula Jesú og hvernig brugðust þeir við?

3. Hvers vegna vill Jehóva að við hlýðum á son sinn og hvaða málefni ættum við þess vegna að skoða vel?

4. Hvernig lét Jesús í ljós að ríki Guðs væri honum hjartans mál?

HVERNIG myndirðu bregðast við ef Jehóva Guð sjálfur bæði þig að gera eitthvað? Heldurðu ekki að þú yrðir meira en fús til að gera það sem hann færir fram á, sama hvað það væri? Örugglega.

² Þrír af postulum Jesú, þeir Pétur, Jakob og Jóhannes, upplifðu einmitt þetta einhvern tíma eftir páska árið 32. (**Lestu Matteus 17:1-5.**) Þeir voru staddir á „háu fjalli“ ásamt Jesú, meistara sínum, og sáu hann þá birtast í sýn sem dýrlegan himneskan konung. Sýnin var svo raunveruleg að Pétur reyndi að taka þátt í því sem gerðist í henni. Meðan hann var að tala myndaðist ský yfir þeim. Pétur og félagar hans heyrðu þá greinilega nokkuð sem aðeins örfáir menn hafa fengið að heyra – rödd Jehóva sjálfs. Eftir að Jehóva hafði staðfest að Jesús væri sonur sinn sagði hann: „Hlýðið á hann!“ Postularnir fóru eftir þessum skýru fyrirmælum Guðs. Þeir hlýddu á það sem Jesús kenndi og hvöttu aðra til að gera það líka. – Post. 3:19-23; 4:18-20.

³ Orðin „hlýðið á hann“ voru skráð í Biblíuna okkur til góðs. (Rómv. 15:4) Hvers vegna eru þau gagnleg fyrir okkur? Vegna þess að Jesús er talsmaður Jehóva og í hvert sinn sem hann opnaði munninn til að kenna sagði hann frá einhverju sem faðir hans vildi að við fengjum að vita. (Jóh. 1:1, 14) Jesús talaði meira um ríki Guðs en nokkuð annað, það er að segja hið himneska ríki í höndum hans sjálfs, Messíasar, og 144.000 meðstjórnenda hans. Við ættum því að kynna okkur vel þetta mikilvæga málefni. (Opinb. 5:9, 10; 14:1-3; 20:6) En fyrst skulum við kanna hvers vegna Jesús talaði svona oft um ríki Guðs.

„Af gnægð hjartans ...“

⁴ Ríki Guðs er Jesú hjartans mál. Hvers vegna getum við fullyrt það? Vegna þess að orðin veita innsýn í hjartað. Þau



Jesús talaði meira um ríki Guðs
en nokkurt annað málefni.

5-7. (a) Hvernig vitum við að ríkið er Jehóva hjartans mál? Lýstu með dæmi.

(b) Hvernig getum við sýnt að ríki Guðs sé okkur hjartans mál?

8. Hvernig lýsti Jesús hve ríki Guðs væri mikilvægt?

Við ættum hvert og eitt að spyrja okkur hvort ríki Guðs sé okkur hjartans mál.

leiða í ljós hvað skiptir okkur mestu máli. „Af gnægð hjartans mælir munnurinn,“ sagði Jesús. (Matt. 12:34) Hann notaði hvert tækifæri til að tala um ríki Guðs. Í guðspjöllunum fjórum er minnst meira en 100 sinnum á ríkið, og oftast er það Jesús sem talar. Ríki Guðs var kjarninn í boðun hans. Hann sagði: „Mér ber og að flytja hinum borgunum fagnaðarerindið um Guðs ríki því að til þess var ég sendur.“ (Lúk. 4:43) Jesús hélt meira að segja áfram að tala um ríkið við lærisveina sína eftir að hann var risinn upp frá dauðum. (Post. 1:3) Það er greinilegt að ríki Guðs átti hug hans allan og hann gat ekki annað en talað um það.

⁵ Ríkið er Jehóva líka hjartans mál. Hvernig vitum við það? Við skulum muna að Jehóva sendi einkason sinn í heiminn og allt sem Jesús sagði og kenndi er frá Jehóva komið. (Jóh. 7:16; 12:49, 50) Hann er líka höfundur alls sem er skráð í guðspjöllunum fjórum sem segja frá ævi og þjónustu Jesú. Veltum aðeins fyrir okkur hvað það þýðir.

⁶ Hugsaðu þér að þú sért að setja fjölskyldumyndir inn í albúm. Þú ert með fullt af myndum til að velja úr en albúmið rúmar ekki nema takmarkaðan fjölda. Hvað gerirðu? Þú velur úr þær myndir sem þú vilt hafa í albúminu. Guðspjöllin eru í vissum skilningi eins og myndaalbúm sem dregur fram skýra mynd af Jesú. Jehóva innblés ekki guðspjallariturunum að skrásetja allt sem Jesús sagði og gerði meðan hann var á jörð. (Jóh. 20:30; 21:25) Hann leiðbeindi þeim hins vegar með anda sínum þannig að þeir skráðu það sem þurfti til að við gætum skilið markmiðið með starfi Jesú og áttað okkur á hvað skiptir Jehóva mestu máli. (2. Tím. 3:16, 17; 2. Pét. 1:21) Guðspjöllin fjalla mjög mikið um það sem Jesús kenndi varðandi ríki Guðs og við getum því ályktað að ríkið sé Jehóva hjartans mál. Hugsaðu þér! Jehóva vill að við fáum skýra mynd af ríki hans.

⁷ Við ættum hvert og eitt að spyrja okkur hvort ríki Guðs sé okkur hjartans mál. Ef svo er langar okkur til að heyra það sem Jesús sagði og kenndi varðandi ríki Guðs. Hvaða þýðingu hefur það, hvernig kemur það og hvenær?

„Til komi þitt ríki“ – hvernig?

⁸ Lítum á faðirvorið. Jesús lýsti á skýran og einfaldan hátt hve mikilvægt ríki Guðs væri og hverju það myndi koma til leiðar. Í bæninni eru sjö beiðnir. Fyrstu þrjár varða fyrirætlun Jehóva – að nafn hans helgist, ríki hans komi og vilji hans nái fram að ganga á jörð eins og á himni. (**Lestu Matteus 6:9, 10.**) Þessar þrjár beiðnir eru nátengdar. Ríki

Messíasar er verkfærið sem Jehóva notar til að helga nafn sitt og hrinda vilja sínum í framkvæmd.

9 Hvernig kemur ríki Guðs? Þegar við biðjum: „Til komi þitt ríki,“ erum við að biðja um að ríkið láti til skarar skriða. Þegar það kemur beinir það öllum kröftum sínum að jörðinni. Það afmáir hið illa kerfi sem nú er, þar á meðal allar ríkisstjórnir manna, og kemur á réttlátum nýjum heimi. (Dan. 2:44; 2. Pét. 3:13) Undir stjórn Guðsríkis verður allri jörðinni síðan breytt í paradís. (Lúk. 23:43) Þeir sem Guð geymir í minni sér verða reistir upp frá dauðum og sameinast ástvinum sínum á ný. (Jóh. 5:28, 29) Þeir sem hlýða Guði verða fullkomnir og hljóta eilíft líf. (Opinb. 21:3-5) Að lokum verður fullkomin eining milli himins og jarðar og vilji Jehóva Guðs hefur náð fram að ganga. Þráir þú ekki að sjá þessi loforð Biblíunnar rætast? Mundu að í hvert sinn sem þú biður um að ríki Guðs komi ertu að biðja um að þessi fögru fyrirheit rætist.

10 Það er deginum ljósara að ríki Guðs er enn ekki komið eins og beðið er um í faðirvorinu. Ríkisstjórnir manna eru enn við völd og réttlátur nýr heimur er ekki orðinn að veruleika. En góðu fréttirnar eru þær að ríki Guðs er nú þegar stofnsett eins og fjallað verður um í næsta kafla. Við skulum nú kanna hvað Jesús sagði um tímasetninguna, það er að segja hvenær ríkið yrði stofnsett og hvenær það myndi koma.

Hvenær yrði ríki Guðs stofnsett?

11 Jesús benti á að ríki Guðs yrði ekki stofnsett á fyrstu öld þó að sumir af lærisveinum hans hafi vænst þess. (Post. 1:6) Við skulum skoða það sem fram kemur í tveim dæmisögum sem hann sagði með innan við tveggja ára milli-bili.

12 Dæmisagan um hveitið og illgresið. (Lestu Matteus 13:24-30.) Jesús sagði dæmisöguna og skýrði hana fyrir lærisveinunum, hugsanlega vorið 31. (Matt. 13:36-43) Í stuttu máli er dæmisagan og merking hennar á þessa leið: Eftir að postularnir væru dánir myndi djöfullinn sá illgresi (falskristnum mönnum) meðal hveitisins en það táknar „börn ríkisins“, það er að segja andasmurða kristna menn. Hveitið og illgresið yrði látið vaxa saman allt fram að uppskerutímanum sem er „endir veraldar“. Eftir að uppskerutíminn væri hafinn átti að safna illgresinu. Síðan yrði hveitið hirt í hlöðu. Dæmisagan gefur þannig til kynna að ríki Guðs yrði ekki stofnsett á fyrstu öld heldur eftir að

9, 10. (a) Hvað gerir ríki Guðs þegar það kemur?
(b) Hvaða loforð Biblíunnar þráir þú að sjá rætast?

11. Hvað benti Jesús á varðandi ríki Guðs?

12. Hvernig ber dæmisagan um hveitið og illgresið með sér að ríki Guðs var ekki stofnsett á fyrstu öld?

HVEITIÐ OG ILLGRESIÐ

(Matt. 13:24-30)

Jesús benti á að ríki Guðs yrði ekki stofnsett á fyrstu öld þó að sumir af læriveinum hans hafi vænst þess.

33 e.Kr. Sáningin hefst

„Maður sáði góðu sæði í akur sinn.“
(Matt. 13:24)

„Er menn voru í svefni sáði óvinur illgresi meðal hveitisins.“
(Matt. 13:25)

„Hvort tveggja látið vaxa saman fram að kornskurði.“
(Matt. 13:30)

1914 Uppskerutíminn hefst

Illgresinu safnað og bundið í bundin.
(Matt. 13:30)



13. Hvernig sýndi Jesús fram á að hann yrði ekki konungur Guðsríkis strax og hann sneri aftur til himna?

14. (a) Hvernig svaraði Jesús spurningu fjögurra postula sinna? (b) Hvað gefur uppfylling spádómsins til kynna um nærveru Jesú og ríki Guðs?

vaxtarskeiðið væri á enda. Raunin varð sú að vaxtartímanum lauk árið 1914 og þá hófst uppskerutíminn.

13 Dæmisagan um pundin. (Lestu Lúkas 19:11-13.) Jesús sagði þessa dæmisögu árið 33 þegar hann var á leið til Jerúsalem í síðasta sinn. Sumir áheyrendur hans héldu að hann myndi stofna ríki sitt um leið og þeir kæmu til Jerúsalem. Jesús vildi leiðrétta þennan misskilning og sýna fram á að þess væri langt að bíða að ríkið yrði stofnsett. Hann líkti sjálfum sér við „tiginborinn mann“ sem þurfti að fara „í fjarlæggt land til þess að taka við konungdómi“^[1] „Fjarlæga landið,“ sem Jesús þurfti að fara til, var himinninn þar sem faðir hans myndi veita honum konungdóm. En Jesús vissi að hann yrði ekki settur í embætti sem konungur strax eftir að hann sneri til himna heldur myndi hann sitja við hægri hönd Guðs og bíða uns stundin rynni upp. Biðin átti eftir að standa í margar aldir. – Sálm. 110:1, 2; Matt. 22:43, 44; Hebr. 10:12, 13.

Hvenær kemur ríki Guðs?

14 Fjörir postular Jesú spurðu hann fáeinum dögum áður en hann var tekinn af lífi: „Hvernig sjáum við að þú sért að koma [á grísku *parúsía* sem merkir „nærvera“] og veröldin að líða undir lok?“ (Matt. 24:3; Mark. 13:4) Jesús

NEÐANMÁLSGREIN

[1] Dæmisaga Jesú kann að hafa minnt áheyrendur hans á Arkelás, son Heródesar mikla. Áður en Heródes dó tilnefndi hann Arkelás til að ríkja yfir Júdeu og fleiri svæðum. Áður en Arkelás gat tekið við embætti þurfti hann þó að fara í langt ferðalag til Rómur til að hljóta samþykki Ágústusar keisara.

svaraði spurningunni með yfirgripsmiklum spádómi sem sagt er frá í 24. og 25. kafla Matteusarguðspjalls. Hann til-tók ýmsa heimsviðburði sem áttu að einkenna tímabilið sem hann kallaði „nærveru“ sína. Nærvera hans myndi *hefjast* um leið og ríkið yrði *stofnsett* á himnum, og hún myndi ná *hámarki* um leið og ríki hans *kæmi*. Það eru kappnógar sannanir fyrir því að spádómur Jesú hafi verið að rætast frá 1914.^[2] Nærvera hans hófst því það ár og þá var ríkið stofnsett.

15 En hvenær kemur þá ríki Guðs? Jesús upplýsti ekki nákvæmlega hvenær það myndi gerast. (Matt. 24:36) Hann gaf þó ákveðnar upplýsingar sem ættu að veita okkur vissu fyrir því að það sé mjög nærri. Hann sagði að ríki Guðs kæmi eftir að „þessi kynslóð“ sæi tákni þess að hann væri nærverandi. (**Lestu Matteus 24:32-34.**) Við hverja er átt þegar talað er um „þessa kynslóð“? Lítum nánar á orð Jesú.

16 „Þessi kynslóð.“ Var Jesús að tala um fólk sem ekki trúði? Nei. Við hverja var hann að tala? Við fáeina postula sem „spurðu hann einslega“ um tákni þess að hann væri að koma. (Matt. 24:3) Postularnir yrðu bráðlega smurðir með heilögum anda. Lítum einnig á samhengið. Áður en Jesús nefndi „þessa kynslóð“ sagði hann: „Nemið líkingu af fíkjutrénu. Þegar greinar þess fara að mýkjast og lafið að springa út, þá vitið þér að sumar er í nánd. Eins skuluð þér vita, þegar þér sjáið allt þetta, að hann er í nánd, fyrir dyrum.“ Það voru ekki vantrúaðir heldur andasmurðir fylgjendur Jesú sem áttu að sjá spádóminn rætast og skilja hvað það þýddi, það er að segja að Jesús væri „í nánd, fyrir dyrum“. Jesús var því að hugsa um *andasmurða fylgjendur* sína þegar hann talaði um „þessa kynslóð“.

17 „Mun ekki líða undir lok uns allt þetta er komið fram.“ Hvernig rætast þessi orð? Til að svara því þurfum við að vita tvennt: Hvað merkir orðið „kynslóð“ og hvað merkir „allt þetta“? Í Biblíunni er orðið „kynslóð“ oft notað um fólk á ólíkum aldri sem er samtíða á ákveðnu tímabili. Einnar kynslóðar tímabil er ekki óralangt – það tekur enda. (2. Mós. 1:6) Orðin „allt þetta“ ná yfir allt sem Jesús sagði eiga að gerast meðan nærvera hans stæði yfir, frá því að hún hófst árið 1914 uns henni lýkur í „þrengingunni miklu“. – Matt. 24:21.

18 Hvernig eigum við þá að skilja orð Jesú um „þessa kynslóð“? Kynslóðin nær yfir tvo hópa andasmurðra sem skarast. Annars vegar er hópur andasmurðra sem sá táknið byrja að rætast árið 1914 og hins vegar andasmurðir sem

15, 16. Við hverja er átt þegar talað er um „þessa kynslóð“?

17. Hvað merkir orðið „kynslóð“ og hvað merkir „allt þetta“?

18, 19. Hvernig eigum við að skilja orð Jesú um „þessa kynslóð“ og hvað getum við ályktað?

NEÐANMÁLSGREIN

[2] Nánari upplýsingar er að finna í 9. kafla bókarinnar *Hvað kennir Biblían?*

20. Um hvað fjallar þessi bók og hvað er rætt í næsta kafla?

NEÐANMÁLSGREIN

[3] Fyrri hópur hinna andasmurðu sá „upphaf fæðingarhríðanna“ árið 1914. Þeir sem hafa hlotið andasmurningu eftir að sá síðasti af þeim hópi dó tilheyra ekki ‚þessari kynslóð‘.
– Matt. 24:8.

voru samtíða hinum hópnum um tíma. Sumir úr síðari hópnum lifa það að sjá þrenginguna skella á. Hóparnir tveir mynda samanlagt eina kynslóð vegna þess að þeir skarast um tíma.^[3]

19 Hver er þá niðurstaðan? Við vitum að táknið um að Jesús sé nærverandi sem konungur blasir við um allan heim. Við sjáum einnig að hinir andasmurðu, sem eru enn á lífi og tilheyra ‚þessari kynslóð‘, eru farnir að reskjast. Þeir verða þó ekki allir dánir áður en þrengingin mikla hefst. Við getum því ályktað að ríki Guðs komi mjög bráðlega og taki völd á jörðinni. Það verður ákaflega spennandi að sjá bæninni svarað sem Jesús kenndi okkur að biðja: „Til komi þitt ríki.“

20 Gleymum aldrei því sem Jehóva sjálfur sagði af himni ofan: „Hlýðið á hann,“ það er að segja son hans. Við sem erum sannkristin viljum umfram allt hlýða þessum fyrir-mælum Guðs. Við höfum brennandi áhuga á öllu sem Jesús sagði og kenndi varðandi ríki Guðs. Það sem ríkið hefur nú þegar áorkað og á eftir að áorka í framtíðinni er verðugt rannsóknarefni, og það er efni þessarar bókar. Í næsta kafla lítum við á atburði sem áttu sér stað um það leyti sem ríki Guðs var stofnsett á himnum.

KYNSLÓÐIN

(Matt. 24:32-34)

Jesús sagði að ríki Guðs kæmi eftir að „þessi kynslóð“ sæi táknið þess að hann væri nærverandi. (Sjá grein 17 og 18.)

1914

„Þessi kynslóð“

Babylon
hinni miklu eytt

FYRRI HÓPURINN:
Andasmurðir sem sáu táknið
byrja að uppfyllast árið 1914.

SÍÐARI HÓPURINN:
Andasmurðir sem voru samtíða fyrri hópnum
um tíma. Sumir þeirra lifa það að sjá
þrenginguna miklu.



Ríki Guðs stofnsett á himnum

2

VELTIR þú einhvern tíma fyrir þér hvernig það hefði verið að vera uppi á merkum tímamótum í sögu mannkyns? Margir gera það. En heldurðu að þú hefðir sjálfur orðið vitni að öllum helstu atburðunum sem ollu straumhvörfum í sögunni? Sennilega ekki. Þeir atburðir, sem verða gömlu stjórnkerfi að falli og sagt er frá í mannkynssögubókum, gerast oft bak við tjöldin. Að vissu leyti má segja að stór hluti mannkynssögunnar eigi sér stað fyrir luktum dyrum, í hásetissölum, í fundarherbergjum eða á stjórnarskrifstofum. En breytingarnar hafa engu að síður áhrif á milljónir manna.

2 Hvað þá um mesta atburð í sögu veraldar? Hann hefur haft áhrif á líf milljóna manna. Enginn maður varð þó vitni að honum. Við erum auðvitað að tala um þann atburð þegar ríki Guðs var stofnsett á himnum, hin fyrirheitna stjórn í höndum Messíasar sem bindur bráðlega enda á núverandi heimskerfi. (**Lestu Daníel 2:34, 35, 44, 45.**) Menn fengu ekki að sjá ríki Guðs stofnsett. Ber þá að skilja það svo að Jehóva hafi viljað fela þennan stórmerka atburð fyrir mönnunum? Eða bjó hann kannski dygga þjóna sína undir hann? Lítum nánar á málið.

„Ég sendi sendiboða minn ... að ryðja mér braut“

3 Jehóva ákvað endur fyrir löngu að búa fólk sitt undir að hann stofnsetti ríki Messíasar. Spádómurinn í Malakí 3:1 er dæmi um það. Þar stendur: „Sjá, ég sendi sendiboða minn, hann á að ryðja mér braut. Drottinn, sem þið leitið, kemur skyndilega til musteiris síns og boðberi sáttmálans, sem þið þráið, hann kemur.“

4 Hvenær á okkar dögum rættist spádómurinn? Hvenær kom Drottinn Jehóva til að skoða ástand þeirra sem þjónuðu í jarðneskum forgarði hins andlega musteiris? Í spádóminum segir að „boðberi sáttmálans“ sé í för með

Í ÞESSUM KAFLA

Þjónar Guðs búnir undir að ríki hans taki til starfa.

1, 2. Hver er mesti atburður sem hefur gerst í sögu veraldar, og hvers vegna er ekkert undarlegt að menn skyldu ekki sjá hann?

3-5. (a) Hver var „boðberi sáttmálans“ sem er nefndur í Malakí 3:1? (b) Hvað átti að gerast áður en „boðberi sáttmálans“ kæmi til musteirisins?

6. Hverjir fóru með hlutverk ‚sendiboðans‘ sem þjóna Guðs undir það sem var fram undan?

7, 8. (a) Hverjir tóku að afhjúpa falskenninguna um ódauðlega sál á 19. öld? (b) Hvaða aðrar falskenningar afhjúpuðu Charles T. Russell og samstarfsmenn hans?

9. Hvernig var kenningin um þrenningu afhjúpuð í *Varðturninum*?

honum. Hver er það? Enginn annar en Messías, konungurinn Jesús Kristur. (Lúk. 1:68-73) Hinn nýskipaði konungur átti að skoða hvernig þjónar Guðs á jörð væru á sig komnir og hreinsa þá. – 1. Pét. 4:17.

5 En hver var ‚sendiboðinn‘ sem nefndur er í Malakí 3:1? Þessi spádómlegi sendiboði átti að koma fram töluvert áður en konungurinn Messías kæmi. Var einhver sem ‚ruddi brautina‘ handa konunginum Messíasi síðustu áratugina fyrir 1914?

6 Í þessari bók er farið yfir sögu þjóna Jehóva nú á tímum og þar er að finna svör við spurningum af þessu tagi. Sagan sýnir að á síðari hluta 19. aldar kom fram á sjónarsviðið lítil hópur fólks sem reyndist vera einu sannkristnu mennirnir meðal alls fjöldans sem var aðeins kristinn að nafninu til. Þeir urðu með tímanum þekktir undir heitinu Biblúnemendurnir. Charles T. Russell og nánir samstarfsmenn hans veittu hópnum forystu og fóru með hlutverk ‚sendiboðans‘. Þeir leiðbeindu þessum þjónum Guðs og bjuggu þá undir þá atburði sem voru fram undan. Við skulum nú kanna hvernig ‚sendiboðinn‘ gerði það á fjóra vegu.

Að tilbiðja Guð í sannleika


7 Þessir biblúnemendur grandskoðuðu Biblíuna í bæn-arhug, komust að niðurstöðu, tóku saman skýrar, sannar biblíukenningar og birtu þær. Kristni heimurinn hafði öldum saman verið umlukinn andlegu myrkri og margar af kenningum hans áttu rætur sínar í heiðni. Kenningin um ódauðlega sál er eitt besta dæmið um það. Á 19. öld höfðu fáeinir einlægir biblíuhugamenn grandskoðað þessa kenningu og komist að raun um að hún átti sér enga stoð í orði Guðs. Henry Grew, George Stetson og George Storrs afhjúpuðu þessa lygi Satans djarfmannlega í ræðu og riti.^[1] Með starfi sínu höfðu þeir djúpstæð áhrif á Charles T. Russell og nána félag hans.

8 Biblúnemendurnir komust að raun um að aðrar kennisetningar, sem tengdust hugmyndinni um ódauðlega sál, voru líka rangar og villandi. Til dæmis má nefna þá kenningu að allt gott fólk fari til himna og að Guð kvelji ódauðlegar sálir syndara í eilífum vítiseldi. Russell og samstarfsmenn hans afhjúpuðu þessi ósannindi djarfmannlega í greinum, bókum, bæklingum, smáritum og prédikunum sem birtar voru í dagblöðum.

9 Biblúnemendurnir afhjúpuðu einnig hina útbreiddu þrenningarkenningu. Árið 1887 stóð í tímaritinu *Varðturninn* (þá nefnt *Zion's Watch Tower* eða *Varðturn Síonar*): „Biblí-

NEÐANMÁLSGREIN

[1] Nánari upplýsingar um Henry Grew, George Stetson og George Storrs er að finna í bókinni *Jehovah's Witnesses – Proclaimers of God's Kingdom*, bls. 45-46.



Bróðir Russell og nánir samstarfsmenn hans héldu sannleika Biblíunnar á lofti.

an er ákaflega skýr hvað varðar samband Jehóva og Drottins okkar Jesú. Þeir eru sjálfstæðir einstaklingar.“ Í greininni kom fram að það væri furðulegt að „hugmyndin um þríeinan Guð – þrjá Guði í einum og samtímis einn Guð í þrem – skyldi hafa orðið svona útbreidd og viðurkennd. Að það skyldi gerast sýnir einungis fram á hve steinsofandi kirkjan var meðan óvinurinn hneppti hana í fjötra villunnar.“

¹⁰ *Varðturn Síonar og boðberi nærveru Krists*, eins og blaðið hét fullu nafni, fjallaði mikið um spádóma sem snertu nærveru Krists, rétt eins og heiti blaðsins ber með sér. Þeir sem skrifuðu fyrir blaðið voru trúir, andasmurðir þjónar Guðs. Þeir gerðu sér grein fyrir að spádómur Daníels um hinar „sjö tíðir“ tengdist því hvenær vilji Guðs með ríki Messíasar myndi ná fram að ganga. Upp úr 1870 bentu þeir á að þessar sjö tíðir myndu enda árið 1914. (Dan. 4:22; Lúk. 21:24) Enda þótt bræður okkar á þeim tíma hafi ekki áttað sig fyllilega á hvaða þýðingu þetta ár hefði boðuðu þeir vítt og breitt það sem þeir vissu. Og áhrif þess ná allt til okkar tíma.

10. Hvernig kom fram í *Varðturninum* að árið 1914 hefði mikla þýðingu?

11, 12. (a) Hverjum gaf bróðir Russell heiðurinn af því sem hann kenndi? (b) Hve mikilvægt var starf Russells og samstarfsmanna hans á áratugunum fyrir 1914?

13, 14. (a) Hvernig ruddi „sendiboðinn“ brautina handa konunginum Messíasi? (b) Hvað getum við lært af trússystemum okkar sem voru uppi fyrir meira en öld?

15. Á hverju áttuðu Biblíunemendurnir sig smám saman? (Sjá einnig neðanmálsgrein.)

11 Hvorki Russell né trúir samstarfsmenn hans eignuðu sér heiðurinn af því að hafa uppgötvað og skilið þessi mikilvægu sannindi. Russell þakkaði oft þeim sem höfðu bent á þau á undan honum. Fyrst og fremst þakkaði hann þó Jehóva Guði sem kenndi þjónum sínum það sem þeir þurftu að vita hverju sinni. Greinilegt er að Jehóva blessaði viðleitni Russells og samstarfsmanna hans til að greina sannleikann frá lyginni. Gjáin milli þeirra og kirkjufélaganna breikkaði með árunum.

12 Það er hreinlega með ólíkindum hve mikið þessir trúu menn gerðu til að halda sannleika Biblíunnar á lofti á áratugunum fyrir 1914. Í *Varðturninum* 1. nóvember 1917 var litið um öxl. Þar stóð: „Milljónir manna eru nú lausar undan fargi óttans sem fylgdi kenningunni um vítiseld og öðrum falskenningum ... Alda sannleikans, sem fór af stað fyrir meira en 40 árum, rís sífellt hærra og hún heldur áfram að rísa uns hún hefur gengið yfir alla jörðina. Andstæðingar hennar geta ekki stöðvað hana. Það er jafn vonlaust og að reyna að sópa burt öldum hafsins með kústi.“

13 Veltu fyrir þér eftirfarandi: Hefði fólk verið undir það búíð að nærvera Krists hæfist ef það hefði ekki getað gert greinarmun á Jesú og Jehóva, föður hans? Það er hæpið. Það hefði ekki heldur verið undirbúið ef það hefði ímyndað sér að allir yrðu sjálfkrafa ódauðlegir en ekki að ódauðleiki væri verðmæt gjöf sem tiltölulega fáir fylgjendur Krists fengju. Og varla hefði það verið undirbúið ef það hefði trúað að Guð þíndi fólk að eilífu í helvíti þaðan sem enginn ætti afturkvæmt. Það er greinilegt að „sendiboðinn“ ruddi brautina handa konunginum Messíasi.

14 Hvað um okkur? Hvað getum við lært af trússystemum okkar sem voru uppi fyrir meira en öld? Við þurfum að vera dugleg að lesa og hugleiða orð Guðs eins og þau. (Jóh. 17:3) Við skulum örva andlegu matarlystina jafnt og þétt þó að umheimurinn einkennist af efnishyggu og andlegri hungursneyð. – **Lestu 1. Tímóteusarbréf 4:15.**

„Fólkið mitt, forðið yður úr borginni“

15 **Biblíunemendurnir kenndu að það væri nauðsynlegt að segja skilið við kirkjur heimsins.** Árið 1879 var minnst á „babýlonsku kirkjuna“ í *Varðturninum*. Var þá átt við páfadæmið? Rómversk-kaþólsku kirkjuna? Trúflokkar mótmælenda höfðu öldum saman litið svo á að sú Babýlon, sem nefnd er í spádómum Biblíunnar, táknaði kaþólsku kirkjuna. En Biblíunemendurnir áttuðu sig smám saman á því að Babýlon táknaði *allar* kirkjur kristna heims-

ins. Hvers vegna? Vegna þess að þær kenndu allar saman falskenningar á borð við þær sem áður er getið um.^[2] Smátt og smátt var tekið skýrar fram í ritum okkar hvað hjarta-hreint fólk, sem tilheyrði kirkjum Babýlonar, ætti að gera.

16 Sem dæmi má nefna að í 3. bindi bókarinnar *Millennial Dawn*, sem kom út árið 1891, var bent á að Guð hefði hafnað Babýlon nútímans. Þar sagði: „Öllu kerfinu – öllum kirkjum kristna heimsins – er hafnað.“ Síðan sagði að allir þeir sem væru „ekki sammála falskenningum hennar og trúariðkunum ættu að segja skilið við hana“.

17 Í janúar árið 1900 kom *Varðturninn* með heilræði handa þeim sem voru enn skráðir í kirkjufélög kristna heimsins og réttlættu það á þennan veg: „Ég er mjög hlynntur sannleikanum og sæki sárásjaldan samkomur annars staðar.“ Í blaðinu var spurt: „En er þetta rétta leiðin, að vera með annan fótinn í Babýlon og hinn utan hennar? Er það sú hlýðni sem ætlast er til ... og er Guði þókn-anleg? Auðvitað ekki. Hann [sá sem tilheyrir kirkjunni] gerði opinberan *sáttmála* við trúarsöfnuðinn þegar hann gekk í hann og hann ætti að fylgja öllum ákvæðum sáttmálans dyggilega uns hann ... gengur *opinberlega* úr þeim söfnuði.“ Með árunum urðu þessi boð ákveðnari.^[3] Þjónar Jehóva verða að slíta öll tengsl við fólks trúarbrögð.

18 Hvað hefði gerst ef fólk hefði ekki verið hvatt reglulega til að yfirgefa Babýlon hina miklu? Hefði Kristur, hinn nýkrýndi konungur, þá átt sér hóp andasmurðra þjóna á jörð sem voru viðbúnir komu hans? Auðvitað ekki, því að kristnir menn geta ekki tilbeðið Jehóva „í anda og sannleika“ nema þeir séu lausir úr klóm Babýlonar. (Jóh. 4:24) Erum við líka staðráðin í að halda okkur frá fólkskum trúarbrögðum? Við skulum hlýða fyrimælunum: „Fólkið mitt, forðið yður úr borginni.“ – **Lestu Opinberunarbókina 18:4.**

Samkomur til að tilbiðja Guð

19 Biblíunemendurnir kenndu að trússystemi ættu að safnast saman til að tilbiðja Guð þar sem það væri hægt. Það er ekki nóg að sannkristnir menn segi skilið við fólks trúarbrögð. Þeir þurfa líka að stunda hreina tilbeiðslu. Lesendur *Varðturnsins* voru frá öndverðu hvattir til að halda samkomur til að tilbiðja Guð. Til dæmis greindi bróðir Russell í júlí 1880 frá fyrirlestraferð sem hann hafði farið, og nefndi hve hvetjandi allar samkomurnar hefðu verið. Síðan hvatti hann lesendur til að senda póstkort og segja frá hvernig gengi, og sum þeirra yrðu birt í blaðinu. Hvert var markmiðið með því? „Að allir megi vita ... hvernig

16, 17. (a) Hvernig var fólk hvatt til þess í 3. bindi bókarinnar *Millennial Dawn* og í *Varðturninum* að segja skilið við fólks trúarbrögð?
(b) Hvað dró úr krafti slíkra viðvarana? (Sjá neðanmáls-grein.)

18. Hvers vegna þurfti fólk að yfirgefa Babýlon hina miklu?

19, 20. Hvernig voru lesendur *Varðturnsins* hvattir til að safnast saman til að tilbiðja Guð?

NEÐANMÁLSGREINAR

[2] Biblíunemendurnir gerðu sér grein fyrir nauðsyn þess að segja skilið við trúfélög sem voru vinir heimsins. Þeir litu samt lengi vel á fólk sem trússystemi ef það játaði trú á lausnargjaldið og sagðist vera vígt Guði, þó svo að það tilheyrði ekki söfnuði Biblíunemenda.

[3] Eitt sem dró úr krafti þessara viðvarana var að þeim var aðallega beint til litlu hjarðarinnar, hinna 144.000. Fram til 1935 var talið að mikill fjöldi fólks í kirkjum kristna heimsins tilheyrði „múginum mikla“ sem lýst er í Opinberunarbókinni 7:9, 10. Þeir myndu fá líf á himnum sem umbun fyrir að standa með Kristi við endalokin en yrðu þar í óæðri stöðu. Fjallað er nánar um þetta í 5. kafla.



Charles Russell með hópi biblíunemenda í Kaupmannahöfn árið 1909.

21. Hvernig var söfnuðurinn í Allegheny í Pennsylvaníu til fyrirmyndar varðandi samkomur og umsjón?

Drottinn blessar ykkur og hvort þið haldið áfram að safnast saman ásamt öðrum sem hafa sömu dýrmætu trúna.“

20 Árið 1882 birtist grein í *Varðturninum* sem nefndist „Söfnumst saman“. Þar voru kristnir menn hvattir „til að uppfærðast, uppörvast og styrkjast saman“. Síðan sagði: „Það skiptir ekki máli hvort meðal ykkar er einhver lærður eða hæfileikaríkur. Hver og einn ætti að taka með sér sína eigin biblíu, blað og blýant og notfæra sér öll fánleg hjálpargögn, svo sem orðstöðulykil ... Veljið ykkur viðfangsefni, leitið leiðsagnar andans til að skilja það, og síðan skuluð þið lesa, *hugsa* og bera saman vers. Þá er öruggt að þið fáið leiðsögn til að skilja sannleikann.“

21 Biblíunemendurnir voru með aðalstöðvar sínar í Allegheny í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum. Þeir gáfu gott forðæmi þar á bæ með því að halda samkomur í samræmi við hinar innblásnu leiðbeiningar í **Hebreabréfinu 10:24, 25.** (Lestu.) Roskinn bróðir, Charles Capen að nafni, minntist þess löngu síðar að hafa sótt þessar samkomur þegar hann

var drengur. Hann skrifaði: „Ég man enn eftir einu biblíuversinu sem var málað á vegg í mótssal Félagsins. „Einn er yðar meistari, Kristur, og þér allir bræður.“ Þetta vers hefur alltaf verið mér hugstætt. Þjónar Jehóva skiptast ekki í klerka og leikmenn.“ (Matt. 23:8) Bróðir Capen minntist þess einnig hve samkomurnar hefðu verið hvetjandi og uppörvandi, og að bróðir Russell hefði lagt sig fram um að sinna sjálfur hverjum einasta safnaðarmanni.

22 Trúir þjónar Guðs fylgdu fordæmi þessa safnaðar og þeim leiðbeiningum sem gefnar voru. Söfnuðir voru myndaðir í öðrum ríkjum Bandaríkjanna, svo sem Ohio og Michigan, og síðan út um alla Norður-Ameríku og víðar um lönd. Heldurðu að þjónar Guðs hefðu verið viðbúnir nærveru Krists ef þeir hefðu ekki lært að hlýða þeim innblásnu leiðbeiningum að safnast saman til að tilbiðja Guð? Engan veginn. Hvað um okkur? Við þurfum einnig að vera ákveðin í að sækja safnaðarsamkomur reglulega. Við þurfum að nota hvert tækifæri til að tilbiðja Guð saman og uppbyggja hvert annað.

Fagnaðarerindið boðað af kappi


23 Biblíunemendurnir kenndu að allir hinna andasmurðu yrðu að boða sannleikann. Árið 1885 stóð í *Varðturninum*: „Við skulum ekki gleyma að allir hinna andasmurðu eru smurðir til að prédika (Jes. 61:1), kallaðir til

22. Hvernig tóku trúir þjónar Guðs þeirri hvatningu að sækja safnaðarsamkomur og hvað getum við lært af þeim?

23. Hvernig sýndi *Varðturninn* fram á að allir hinna andasmurðu yrðu að boða sannleikann?



Farandbóksali. Yfirlit um áætlun Guðs er málað á vagninn.



Árið 1914 tóku
Bíblíunemendurnir
að sjá merki þess að
ósýnileg nærvera
Kristis væri hafin.

þjónustu.“ Árið 1888 var þessa hvatningu að finna í blaðinu: „Það er augljóst hvert verkefni okkar er ... ef við sinnum því ekki og afsökum okkur erum við vissulega latir þjónar og óverðug þeirrar háu stöðu sem við erum kölluð til.“

24 Bróðir Russell og samstarfsmenn hans létu ekki við það sitja að hvetja fólk til að boða sannleikann. Þeir tóku einnig að gefa út bæklinga sem nefndust *Bible Students' Tracts* en voru síðar kallaðir *Old Theology Quarterly*. Lesendur *Varðturnsins* fengu þessi rit í hendur til að dreifa endurgjaldslaust meðal almennings.

25 Þeir sem boðuðu fagnaðarerindið í fullu starfi á þeim tíma voru kallaðir farandbóksalar. Charles Capen, sem áður er getið, var einn þeirra. Hann sagði síðar: „Ég var með kort frá Jarðfræðistofnun Bandaríkjanna þegar ég fór yfir svæðið í Pennsylvaníu. Allir vegir voru merktir á kortin þannig að ég gat farið fötgangandi um öll svæði í hverri sýslu. Stundum fór ég í þriggja daga ferð um sveitirnar og tók pantanir [af bókum í bókaröðinni *Studies in the Scriptures*]. Ég leigði síðan hest og vagn til að afhenda bækurnar. Oft fékk ég næturgistingu hjá bændum. Þetta var fyrir daga bifreiðarinnar.“

26 Það útheimti bæði hugrekki og brennandi áhuga að boða fagnaðarerindið á þeim tíma. Hefðu sannkristnir menn verið undir það búnir að Kristur tæki völd ef þeim hefði ekki verið kennt hve áriðandi væri að boða fagnaðarerindið? Að sjálfsögðu ekki. Boðunin átti einmitt að vera áberandi merki um nærveru Krists. (Matt. 24:14) Þjónar Guðs urðu að vera tilbúnir til að beina öllum kröftum sínum að þessu mikilvæga starfi. Við ættum að spyrja okkur hvort við lítum á boðunina sem mikilvægasta verkefni okkar. Færir þú fórnir til að geta tekið sem mestan þátt í þessu starfi?

Ríki Guðs er stofnsett

27 Loks rann upp merkisárið 1914. Eins og rætt var um í byrjun þessa kafla var enginn maður sjónarvottur að þeim miklu atburðum sem áttu sér stað á himnum. Jóhannes postuli fékk hins vegar að sjá sýn þar sem atburðunum var lýst með táknrænum hætti. Hann sér „tákn mikið“ á himni. „Kona“ Guðs er barnshafandi og fæðir sveinbarn en hún táknar söfnuð trúfastra andavera á himnum. Þetta barn á bráðlega að „stjórna ... öllum þjóðum með járnspota“ eins og fram kemur í spádóminum. Um leið og það fæðist er það hins vegar „hrifið til Guðs, til hásetis hans“. Sterk rödd á

24, 25. (a) Hvað gerðu Russell og samstarfsmenn hans auk þess að hvetja fólk til að boða fagnaðarerindið? (b) Hvernig lýsti farandbóksali starfi sínu „fyrir daga bifreiðarinnar“?

26. (a) Hvers vegna þurftu þjónar Guðs að boða fagnaðarerindið til að vera undir það búnir að Kristur tæki völd? (b) Hvaða spurninga er ástæða til að spyrja sig?

27, 28. Hvað sá Jóhannes postuli í sýn og hvernig brugðust Satan og illu andarnir við „fæðingu“ ríkis Guðs?

Við ættum að spyrja okkur hvort við lítum á boðunina sem mikilvægasta verkefni okkar.

29, 30. (a) Hvaða breyting varð á jörðinni eftir að ríki Messíasar tók völd?

(b) Hvað breyttist á himnum?

31. Hvernig hreinsun spáði Malakí og hvernig tók spádómurinn að rætast? (Sjá einnig neðanmálgrein.)

32. Hvaða erfiðleikar hrjáðu þjóna Guðs upp úr 1916?

himni segir: „Nú er komið hjálpræðið og mátturinn og ríki Guðs vors og veldi hans Smurða.“ – Opinb. 12:1, 5, 10.

28 Enginn vafi leikur á hvað það var sem Jóhannes sá í sýninni. Hann sá ríki Messíasar „fæðast“. Þetta var afar gleðilegur atburður en ekki voru þó allir ánægðir. Satan og illu andarnir börðust gegn trúum englum Guðs sem voru undir forystu Mikael, það er að segja Krists. Hvernig lauk stríðinu? Við lesum: „Drekanum mikla var varpað niður, hinum gamla höggormi sem heitir djöfull og Satan og afvegaleiðir alla heimsbyggðina, honum var varpað niður á jörðina og englum hans var varpað niður með honum.“ – Opinb. 12:7, 9.

29 Löngu fyrir 1914 höfðu Biblíunemendurnir sagt að frá og með því ári yrðu miklir erfiðleikar á jörð. En ekki hvarflaði að þeim hve sannspáir þeir reyndust. Eins og fram kom í sýn Jóhannesar urðu áhrif Satans á mannlegt samfélag enn meiri en áður: „Vei sé jörðunni og hafinu því að djöfullinn er stigin niður til yðar í miklum móð því að hann veit að hann hefur nauman tíma.“ (Opinb. 12:12) Fyrri heimsstyrjöldin braust út árið 1914 og tákn þess að Kristur væri nærverandi sem konungur tók að koma fram um allan heim. „Síðustu dagar“ þessa heims voru hafnir. – 2. Tím. 3:1.

30 Mikil gleði ríkti hins vegar á himnum. Satan og illu öndunum hafði verið úthýst fyrir fullt og allt. Í frásögn Jóhannesar segir: „Fagnið því, himnar og þér sem í þeim búið.“ (Opinb. 12:12) Það var búið að hreinsa til á himnum og Jesús var sestur að völdum sem konungur. Ríki hans var nú reiðubúið að beita sér í þágu þjóna Guðs á jörð. Hvert var fyrsta verkefnið? Eins og fram kom í byrjun þessa kafla átti Kristur að koma fram sem „boðberi sáttmálans“ og hreinsa þjóna Guðs á jörð. Hvað fólst í því?

Reynslustund

31 Malakí boðaði að hreinsunin yrði ekki auðveld. Hann skrifaði: „Hver getur afborið daginn þegar hann kemur, hver fær staðist þegar hann birtist? Hann er eins og eldur í bræðsluofni, eins og lútur sem bleikir þvott.“ (Mal. 3:2) Það reyndist hverju orði sannara. Árið 1914 hófust langvinnar og erfiðar prófraunir sem þjónar Guðs þurftu að ganga í gegnum. Margir biblíunemendur máttu þola grimmilegar ofsóknir og fangavist meðan fyrri heimsstyrjöldin geisaði.^[4]

32 Ekki var heldur allt með kyrrum kjörum innan safnaðarins. Bróðir Russell dó árið 1916, aðeins 64 ára, og það var mikið áfall fyrir marga þjóna Guðs. Þegar hann féll frá

NEÐANMÁLSGREIN

[4] Í sérútgáfu tímaritsins *The Golden Age* (sem nú heitir *Vaknið!*) í september 1920 var greint frá fjölmörgum dæmum um ofsóknir í Bandaríkjunum, Englandi, Kanada og Þýskalandi á stríðsárunum. Sum dæmin voru af hrottagasta tagi. Á áratugunum áður en fyrri heimsstyrjöldin braust út voru ofsóknir af því tagi hins vegar fátíðar.

kom í ljós að sumir höfðu bundið of miklar vonir við einn mann sem var til fyrirmyndar. Ákveðin persónudýrkun hafði myndast kringum bróður Russell þótt sjálfur hafi hann aldrei óskað eftir neinni lotningu. Margir héldu að nú yrðu ekki opinberuð fleiri biblíusannindi fyrst hann væri dáinn, og sumir streittust ákaft á móti frekari framförum. Þetta hugarfar átti sinn þátt í fráhrarfi sem klauf söfnuðinn.

33 Það reyndi líka á að ýmsar væntingar, sem menn höfðu gert sér, rættust ekki. Í *Varðturninum* hafði réttilega verið bent á að tímar heiðingjanna tækju enda árið 1914 en þjónar Guðs skildu ekki á þeim tíma hvað myndi gerast það ár. (Lúk. 21:24) Þeir héldu að árið 1914 myndi Kristur kalla hinn andasmurða hóp, sem myndaði brúði hans, til himna til að ríkja með sér. Þessar vonir brugðust. Síðla árs 1917 var sagt í *Varðturninum* að vorið 1918 væri 40 ára uppskerutími á enda. En boðunin tók ekki enda. Vorið 1918 leið hjá og boðunin dafnaði. Því var þá slegið fram í blaðinu að uppskerutíminn væri samt á enda en nú stæði yfir eftirtíningur. Margir voru samt vonsviknir og hættu að þjóna Jehóva.

34 Árið 1918 urðu þjónar Guðs fyrir enn einu áfallinu. Joseph F. Rutherford, sem tók við forystunni meðal þjóna Guðs af Charles T. Russell, var handtekinn ásamt sjö öðrum forystumönnum safnaðarins. Þeir voru dæmdir á röngum forsendum til langrar fangavistar í alríkisfangelsinu í Atlanta í Georgíu í Bandaríkjunum. Um tíma leit út fyrir að starfsemi þjóna Guðs væri lömuð. Margir af prestum kristna heimsins fögnuðu. Nú stafaði þeim ekki lengur ógn af Biblúnemendunum. „Leiðtogarnir“ voru í fangelsi, aðalstöðvunum í Brooklyn hafið verið lokað og hömlur voru á boðuninni bæði í Ameríku og Evrópu. Þessir hvimleidu Biblúnemendur voru „dauðir“. (Opinb. 11:3, 7-10) En þar skjátaðist prestunum.

Endurlífgartími

35 Ekki óraði óvini sannleikans fyrir því að það væri aðeins ein ástæða fyrir því að Jesús leyfði að þjónar sínir lentu í þessum þrengingum. Hún var sú að Jehóva var að „bræða silfrið og hreinsa það“. (Mal. 3:3) Hann og Jehóva treystu að trúir þjónar þeirra kæmu hreinsaðir úr eldrauninni og betur í stakk búnir en nokkru sinni fyrr til að þjóna konunginum. Frá því snemma árs 1919 var ljóst að andi Guðs hafði gert það sem óvinir þjóna hans töldu ógerlegt. Hann hafði endurlífgað trúa þjóna sína. (Opinb. 11:11) Þá uppfyllti

33. Hvernig reyndi það á þjóna Guðs að væntingar þeirra rættust ekki?

34. Fyrir hvaða áfalli urðu þjónar Guðs árið 1918 og hvers vegna héldu forystumenn kristna heimsins að þeir væru „dauðir“?

35. Hvers vegna leyfði Jesús að fylgjendur hans lentu í þrengingum og hvað gerði hann til að hjálpa þeim?



Bróðir Rutherford flytur áhrifamikla ræðu á móti fáeinum mánuðum eftir að honum var sleppt úr fangelsi.



36. Hvað sýndi að þjónar Guðs voru að lifna við að nýju?

37. Hvað gerðu sumir á árunum upp úr 1919?

NEÐANMÁLSGREIN

[5] Árum saman var *Varðturninn* aðallega hugsaður hinna litlu hjörð til fræðslu og uppbyggingar.

Kristur greinilega mikilvægan þátt í tákni síðustu daga. Hann skipaði ‚trúa og hyggna þjóninn‘ en það er fámennur hópur andasmurðra manna sem áttu að fara með forystuna meðal þjóna Guðs og dreifa andlegri fæðu á réttum tíma. – Matt. 24:45-47.

36 Bróður Rutherford og samstarfsmönnum hans var sleppt úr fangelsi 26. mars 1919. Fljótlega var byrjað að undirbúa mót sem halda átti í september það ár. Lögð voru drög að því að hefja útgáfu nýs tímarits sem kallað var *The Golden Age*. Þetta systurblað *Varðturnsins* var ætlað til að nota í boðunarstarfinu.^[5] Sama ár kom út fyrsta tölublað *Bulletin* sem kallast nú vinnubók fyrir samkomuna Líf okkar og boðun. Allt frá upphafi hefur þetta rit verið öflugur talsmaður boðunarstarfsins. Frá og með 1919 hefur verið lögð æ meiri áhersla á að hver einasti þjónn Guðs boði fagnaðarerindið hús úr húsi.

37 Boðunin gerði það að verkum að þjónar Krists héldu áfram að hreinsast. Þeir sem voru stoltir og hrokafullir gátu

ekki hugsað sér að taka þátt í starfi sem var svona ómerki-
legt að þeirra mati. Þeir sögðu skilið við söfnuðinn. Á ár-
unum upp úr 1919 urðu sumir þeirra bitrir í lund, fóru að
rægja og níða söfnuðinn og tóku jafnvel afstöðu með þeim
sem ofsóttu trúa þjóna Jehóva.

38 Fylgjendur Krists á jörð héldu áfram að dafna þrátt
fyrir þessar árásir. Allt sem þeir hafa áorkað síðan, hver ein-
asti sigur sem þeir hafa unnið, er ótvíræð sönnun fyrir því
að ríki Guðs er við völd. Það er aðeins með stuðningi og
blessun Jehóva sem hópur ófullkominna manna getur unn-
ið einn sigurinn á fætur öðrum yfir Satan og illum heimi
hans. Þennan stuðning veitir Jehóva fyrir atbeina sonar síns
og ríkis hans. – **Lestu Jesaja 54:17.**

39 Í þessari bók ætlum við að skoða það sem ríki Guðs
hefur áorkað hér á jörð á þeirri öld sem er liðin síðan það
var stofnsett á himnum. Í hverjum bókarhluta verður rætt
um ákveðinn þátt í starfsemi Guðsríkis á jörð. Í lok hvers
kafla eru nokkrar spurningar sem hjálpa okkur að íhuga
hve raunverulegt ríki Guðs sé í okkar augum. Í síðustu köfl-
unum er síðan rætt hvers megi vænta þegar ríki Guðs kemur
í náinni framtíð, eyðir hinum illu og breytir jörðinni í
paradís. Hvaða gagn hefurðu af því að lesa þessa bók?

40 Satan vill grafa undan trú þinni á ríki Guðs. Jehóva
Guð vill hins vegar styrkja trú þína svo að hún verndi þig
og varðveiti. (Ef. 6:16) Við hvetjum þig þess vegna til að lesa
þessa bók vandlega og í bænarhug. Spyrðu þig oft: Er ríki
Guðs *raunverulegt* í mínum augum? Því raunverulegra sem
það er þér núna því meiri líkur eru á að þú verðir á sjón-
arsviðinu og styðjir það með ráðum og dáð þegar sá dagur
rennur upp að allir sjá að ríki Guðs er raunverulegt og heldur
um stjórnartaumana.

38. Hvað sannar velgengni
fylgjenda Krists á jörð?

39, 40. (a) Um hvað er
rætt í þessari bók?
(b) Hvaða gagn hefurðu
af því að lesa þessa bók?

Hve raunveru- legt er ríki Guðs í þínum augum?

- Hverjir áttu sinn þátt í að búa sanna fylgjendur Jesú undir
að ríkið tæki til starfa?
- Hvernig voru sannkristnir menn búnir undir að ríki Guðs
tæki völd?
- Hvað sýnir og sannar að ríki Guðs er raunveruleg stjórn?
(Sjá opnuna „Ríki Guðs – raunveruleg stjórn.“)
- Hvernig geturðu stutt ríki Guðs líkt og trúir fylgjendur Krists
gerðu fyrir einni öld?

RÍKI GUÐS

RAUNVERULEG STJÓRN

Er ríki Guðs raunveruleg stjórn? Lítum á helstu þætti þess. Sýna þeir ekki hver um sig að ríki Guðs sé jafn raunverulegt og þær stjórnir og þau ríki sem við þekkjum hér á jörð – en fremri þeim öllum?



VALDHAFI

Jesús Kristur tók völd árið 1914. Hann er völdugur, réttlátur, vitur og miskunnssamur konungur en auðmjúkur gagnvart Jehóva Guði. (Jes. 9:5, 6; 11:1-3) Hann er ólíkur ófullkomnum valdhöfum meðal manna því að það er ekki hægt að spilla honum og honum eru ekki takmörk sett af þrasgjörnu þingi eða sérhagsmuna- og þrýstihópum.

LÖGGJAFAR- OG DÓMSVALD

Ævi og störf Jesú hér á jörð eru undirstaða fullkominna laga sem kallast „lögmaðl Krists“. – Gal. 6:2; 1. Pét. 2:21.

Jehóva hefur falið syni sínum allt dómsvald og hann beitir því fullkomlega, betur en nokkur mennskur dómari getur gert. – Jóh. 5:22.

MEÐSTJÓRNENDUR

Jesús á sér 144.000 meðstjórnendur sem munu deila með honum réttlátu stjórnvaldi hans yfir jörðinni. Eitt meginmarkmið stjórnar hans er að koma á sáttum milli Guðs og manna. Meðstjórnendur Jesú verða því einnig prestar. – Opínb. 14:1; 20:6.

HER

Jesús er settur yfir máttuga englahersveit Jehóva, völdugasta her sem til er. Hann fer bráðlega í stríð gegn allri illsku. – Sálm. 45:2, 4-6; Opínb. 19:11, 14-16.



STJÓRNARSETUR

Hásæti Jesú er á himnum við hlið föður hans. Himinninn er „heilagur og dýrlegur bústaður“ Jehóva. (Jes. 63:15) Er þetta raunverulegur bústaður? Já, miklu fremur en nokkur sýnileg höfuðborg eða stjórnarbygging því að það sem er á himnum hrörnar ekki. – Matt. 6:20.

YFIRRÁÐASVÆÐI Á JÖRÐ

Þegar Jesús nú á dögum eru eins og löghlýðnir útlendingar meðal allra þjóða í öllum löndum heims. En Jehóva hefur gefið þeim andlegt land, það er að segja starfsvettvang þar sem þeir gera vilja konungsins. (Jes. 60:2; 66:8) Bráðlega slær ríki Jesú eign sinni á alla jörðina. – Sálm. 72:8.



HEILBRIGÐI



HÚSNÆÐI



MATVÆLI



MENNTUN



ATVINNA

OPINBER ÞJÓNUSTA

Ríki Guðs mun bráðlega uppfylla loford hans um að veita fólki allt þetta og meira til. – Sálm. 72:16; Jes. 2:3; 33:24; 35:6; 65:21.

FJÖLDI DYGGRA ÞEGNA

„Mannfjöldi er konungsprýði en mannfæð steypir höfðingjum,“ segir í Biblíunni. (Orðskv. 14:28) Dyggum þegnum ríkis Jesú hefur fjölgað jafnt og þétt og þeir eru nú meira en sjö og hálf milljón. – Sálm. 72:8; Jes. 60:22.



BÚIN UNDIR AÐ RÍKI GUÐS TÆKI VÖLD

Hér er farið yfir nokkra sögulega viðburði á áratugunum fyrir 1914. Áttarðu þig á hvernig þeir bjuggu þjóna Guðs undir að ríki Messíasar tæki völd?

Mið 19. öld

Henry Grew, George Stetson og George Storrs rannsaka kenninguna um ódauðleika sálarinnar og sýna fram á að hún sé röng.

1868 eða 1869

Charles T. Russell byrjar að rannsaka kenningar kirkjufélaga kristna heimsins og kemst að raun um að þau rangtúlka Biblíuna. Hann hlustar á prédikun adventistans Jonasar Wendells og það endurvekur trú hans á Biblíuna.



1870

Bróðir Russell stofnar biblíunámshóp sem tekur að rannsaka Biblíuna með kerfisbundnum hætti.

1870-1875

Menn fá betri skilning á sálinni, lausnargjaldinu og því með hvaða hætti Kristur kemur aftur.

1876

Grein eftir Charles T. Russell birtist í tímaritinu *Bible Examiner*. Þar kemur fram að tímar heiðingjanna taki enda árið 1914.

1877

Bæklingurinn *The Object and Manner of Our Lord's Return* er gefinn út til að varpa skýrara ljósi á endurkomu Krists.

1879

Varðturn Sónar og boðberi nærveru Krists hefur göngu sína.

Bent er á að kirkjufélög kristna heimsins myndi Babýlon hina miklu.



1880

Bróðir Russell ferðast um norð-austurhluta Bandaríkjanna til að heimsækja og styrkja námshópa.

1881

Bæklingar (sumir meira en 100 blaðsíður) eru gefnir út og lesendur *Varðturnsins* dreifa þeim endurgjaldslaust meðal almennings.

Allir lesendur *Varðturnsins* eru hvattir til að sækja minningarhátíðina í Allegheny í Pennsylvaníu.

Farandbóksalar taka til starfa.

Greinar eins og „Þúsund prédikarar óskast“ og „Smurðir til að prédika“ hvetja til boðunar.

Þjónar Guðs eru hvattir til að halda samkomur reglulega ef þeir gera það ekki nú þegar.

1882

Birt er grein þar sem þrenningarkenningin er hrakin.

1885

Rit *Varðturnsfélagsins* berast til lesenda í fimm heimsálfum.

1886

Bókin *The Divine Plan of the Ages* er gefin út, en hún var fyrsta bindi bókaflokks sem var síðar nefndur *Studies in the Scriptures*.

Lesendum *Varðturnsins* er boðið til þriggja daga „almennrar samkomu“ eftir minningarhátíðina um dauða Krists. Þar með hófst sú venja að halda árleg mót.

1889

Biblíuhúsið er reist í Allegheny í Pennsylvaníu.

1890

Varðturnsfélagið gefur út Nýja testamenti Rotherhams. Prentunin var aðkeypt.

1891

Charles T. Russell byrjar að ferðast utan Bandaríkjanna og leitar leiða til að „stuðla að útbreiðslu sannleikans“.

1894

Fulltrúar *Varðturnsfélagsins* eru sendir út sem farandhirðar til að heimsækja söfnuðina og hvetja þá.



1895

Í *Varðturninum* er greint frá að sums staðar komi þjónar Guðs saman til biblíunáms í svonefndum „dögunarhópum“ og hvatt er til að „slíkir hópar séu myndaðir alls staðar“.

1896

Charles T. Russell gefur út bæklinginn *What Say the Scriptures About Hell?* (Hvað segir Biblían um helvíti?)

1900

Fyrsta útibúið opnað í Lundúnum. Boðunin nær til 28 landa.

1903

Farið er að boða trúna af krafti hús úr húsi í stað þess að dreifa ókeypis smáritum á götum úti nálægt kirkjum á sunnudögum.

Prédikanir Russells taka að birtast reglulega í dagblöðum.

1909

Aðalstöðvar *Varðturnsfélagsins* eru fluttar til Brooklyn í New York.



1910

Biblíunemendurnir taka upp heitið Alþjóðasamtök biblíunemenda.

1911-1912

Charles T. Russell og sex samstarfsmenn ferðast um heiminn, alls 56.000 kílómetra, til að kanna „stöðu og horfur kristninnar“ víða um lönd, þar á meðal á Filippseyjum, Indlandi, Japan og Kína.

1914

„Sköpunarsagan í myndum“ er frumsýnd í New York 11. janúar. Búið er að sýna hana í fimm borgum til viðbótar fyrir lok febrúar. Undir árslok hafa næstum níu milljónir manna í Norður-Ameríku, Evrópu, Ástralíu og Nýja-Sjálandi séð einhverja útgáfu hennar.

Í október tilkynnir Charles T. Russell Betelfjölskyldunni: „Tímar heiðingjanna eru á enda, konungar þeirra hafa runnið sitt skeið.“ Systir, sem var viðstödd, segir að hann hafi bætt við: „Við vitum því ekki hvað bíður okkar.“



Til vinstri:
Systir í Alabama
í Bandaríkjunum
spilar ræðu bróður
Rutherford af
hljómplötu nokkru
fyrir 1940.

Til hægri:
Sviss.



1. HLUTI

SANNLEIKURINN UM RÍKI GUÐS

Að miðla
andlegri fæðu



AUGU biblúnemandans ljóma þegar hann skilur versið sem þið voruð að lesa. Hann spyr þig með hægð: „Ertu að segja mér að Biblían kenni að við getum lifað að eilífu í paradís – hér á jörðinni?“ Starfsfélagi þinn svarar brosandí: „Hvað sýnist þér Biblían segja?“ Nemandinn gapir af undrun. „Ég skil bara ekki að enginn skuli hafa sagt mér þetta fyrr.“ Það rifjast upp fyrir þér að hann sagði eitthvað svipað fyrir nokkrum vikum þegar hann heyrði í fyrsta sinn að Guð heiti Jehóva.

Hefurðu einhvern tíma upplifað eitthvað þessu líkt? Margir þjónar Guðs hafa gert það. Fátt minnir okkur eins sterkt á það hve dýrmæt gjöf það er að þekkja *sannleikann*. En hugsaðu nú málið. Hvernig fékkst þú þessa gjöf? Við leitum svars við því í þessum hluta bókarinnar. Fólk Guðs hefur verið upplýst um sannleikann með ákveðnum hætti, og það sannar svo ekki verður um villst að ríki Guðs er raunverulegt. Konungurinn, Jesús Kristur, hefur séð til þess í heila öld að þjónar Guðs fái að vita sannleikann.

3

Jehóva opinberar fyrirætlun sína

Í ÞESSUM KAFLA

Jehóva opinberar fyrirætlun sína smám saman en aðeins þeim sem óttast hann.

1, 2. Hvernig hefur Jehóva opinberað fyrirætlun sína með mannkynið?

3, 4. Ákvað Jehóva fyrir fram hvaða stefnu mannkynssagan ætti að taka? Skýrðu svarið.

UMHYGGJUSAMIR foreldrar ræða við börnin um margt sem varðar fjölskylduna. En þeir gæta þess að gefa börnunum hæfilega miklar upplýsingar. Þeir segja ekki meira en þeir telja börnin hafa þroska til að meðtaka.

² Jehóva hefur sömuleiðis opinberað fyrirætlun sína með mannkynið smám saman. En hann hefur aðeins upplýst það sem var tímabært hverju sinni. Við skulum nú skoða í stuttu máli hvernig Jehóva hefur opinberað sannindi varðandi ríki sitt í aldanna rás.

Hvers vegna þurfti ríki Guðs að koma til skjalanna?

³ Í upphafi var ríki Messíasar ekki þáttur í fyrirætlun Jehóva. Hvers vegna? Vegna þess að Jehóva ákvað ekki fyrir fram hvaða stefnu mannkynssagan tæki heldur gaf hann mönnunum frjálstan vilja þegar hann skapaði þá. Hann sagði Adam og Evu hvað hann ætlaðist fyrir með mannkynið: „Verið frjósöm, fjölgið ykkur og fyllið jörðina, gerið ykkur hana undirgefna.“ (1. Mós. 1:28) Jehóva ætlaðist einnig til að þau virtu mælikvarða hans á gott og illt. (1. Mós. 2:16, 17) Adam og Eva hefðu getað valið að vera honum trú. Ef þau og afkomendur þeirra hefðu gert það hefði ríkið í höndum Krists ekki þurft að koma til skjalanna til að vilji Guðs næði fram að ganga. Jörðin væri þá búin að fyllast fullkomnu fólki sem tilbæði Jehóva.

⁴ Uppreisn Satans, Adams og Evu varð ekki til þess að Jehóva hætti við að fylla jörðina fullkomnu fólki. Hann lagaði einfaldlega aðferðir sínar að breyttum aðstæðum. Fyrirætlun hans er ekki eins og járnbrautarlest sem verður að aka eftir ákveðnum teinum til að komast á áfangastað og getur farið út af sporinu vegna ytri áhrifa. Eftir að Jehóva hefur lýst yfir vilja sínum getur ekkert afl í alheiminum komið í veg fyrir að hann nái fram að ganga.

(**Lestu Jesaja 55:11.**) Ef hætta er á að ein leið lokist notar Jehóva aðra.^[1] (2. Mós. 3:14, 15) Þegar það er tímaþætt upplýsir hann dygga þjóna sína um nýju aðferðina sem hann ætlar að nota til að hrinda vilja sínum í framkvæmd.

⁵ Jehóva brást við uppreisninni í Eden með því að ákveða að koma ríki sínu á laggirnar. (Matt. 25:34) Á þessari myrku stund í sögu mannkyns tók Jehóva að varpa ljósi á leiðina sem hann ætlaði að fara til að reisa mannkynið við og gera að engu það tjón sem Satan olli þegar hann reyndi að hrifsa völdin. (1. Mós. 3:14-19) En Jehóva lýsti ekki ríki sínu í smáatriðum á þeim tíma.

Jehóva byrjar að opinbera sannleikann um ríki sitt

⁶ Í fyrsta spádómi Biblíunnar lofaði Jehóva að „niðji“ nokkur myndi gera út af við höggorminn. (**Lestu 1. Mósebók 3:15.**) Hins vegar var ekki upplýst á þeim tíma hver þessi niðji væri né hverjir væru niðjar höggormsins. Jehóva varpaði ekki frekara ljósi á það í næstum 2.000 ár.^[2]

⁷ Þegar þar að kom ákvað Jehóva að Abraham skyldi verða forfaðir hins fyrirheitna niðja. Abraham varð fyrir valinu vegna þess að hann „hlýðnaðist raust“ Jehóva. (1. Mós. 22:18) Við drögum mikilvægan lærdóm af þessu. Hann er sá að Jehóva opinberar þeim einum fyrirætlun sína sem virða hann og óttast. – **Lestu Sálm 25:14.**

⁸ Þegar Jehóva talaði við Abraham, vin sinn, fyrir milli-göngu engils opinberaði hann í fyrsta sinn þá mikilvægu staðreynd að fyrirheitni niðjinn yrði maður. (1. Mós. 22:15-17; Jak. 2:23) En hvernig átti þessi maður að útrýma höggorminum? Hver var höggormurinn? Það yrði opinberað síðar.

⁹ Jehóva ákvað að hinn fyrirheitni niðji skyldi koma af Jakobi, sonarsyni Abrahams, en hann trúði og treysti Guði í hvítetna. (1. Mós. 28:13-22) Jehóva upplýsti fyrir milli-göngu Jakobs að niðjinn myndi koma af Júda, syni Jakobs. Jakob spáði að þessi afkomandi Júda myndi fá „veldissprotann“ en hann var tákn um konungsvald, og að „þjóðirnar myndu ganga honum á hönd“. (1. Mós. 49:1, 10) Með þessari yfirlýsingu gaf Jehóva til kynna að hinn fyrirheitni niðji yrði konungur, það er að segja valdhafi.

¹⁰ Um 650 árum eftir daga Júda veitti Jehóva Davíð konungi nánari upplýsingar um fyrirætlun sína en Davíð var afkomandi Júda. Jehóva kallaði Davíð „mann eftir sínu hjarta“. (1. Sam. 13:14; 17:12; Post. 13:22) Davíð var

5. Hvernig brást Jehóva við uppreisninni í Eden?

6. Hverju lofaði Jehóva en hvað upplýsti hann ekki?

7. Hvers vegna varð Abraham fyrir valinu og hvaða lærdóm drögum við af því?

8, 9. Hvað opinberaði Jehóva þeim Abraham og Jakobi varðandi niðjann?

10, 11. Hvers vegna opinberaði Jehóva þeim Davíð og Daníel fyrirætlun sína?

NEÐANMÁLSGREINAR

[1] Nafn Guðs er ákveðin mynd hebrískrar sagnar sem merkir „að verða“. Nafnið Jehóva gefur til kynna að hann standi við það sem hann lofar. Sjá greinina „Hvað merkir nafn Guðs?“ á bls. 43.

[2] Þó að þetta geti vírst óralangur tími er rétt að hafa hugfast að mannsævin var miklu lengri á þeim tíma. Ekki voru nema fjórir mannsaldrar frá Adam til Abrahams. Ævi Adams og Lameks skaraðist en hann var faðir Nóa. Ævi Lameks og Sems, sonar Nóa, skaraðist. Ævi Sems og Abrahams skaraðist. – 1. Mós. 5:5, 31; 9:29; 11:10, 11; 25:7.



Jehóva fékk trúum mönnum
eins og Daníel það verkefni að
lýsa ýmsu varðandi ríki Messíasar.

guðhræddur maður og þess vegna ákvað Jehóva að gera sáttmála við hann. Hann hét honum því að einn af afkomendum hans skyldi ríkja að eilífu. – 2. Sam. 7:8, 12-16.

11 Um 500 árum síðar lét Jehóva Daníel spámann upplýsa nákvæmlega hvaða ár hinn smurði, það er að segja Messías, skyldi koma fram á jörð. (Dan. 9:25) Jehóva hafði mætur á Daníel vegna þess að Daníel bar djúpa virðingu fyrir honum og þjónaði honum staðfastlega. – Dan. 6:17; 9:22, 23.

12 Jehóva fékk trúum spámönnum eins og Daníel það verkefni að opinbera fjöldamargt um fyrirheitna niðjann, Messías. Enn var þó ekki tímabært að þjónar hans skildu til hlítar það sem hann innblés þeim að skrifa. Eftir að Daníel sá sýn um stofnsetningu Guðsríkis var honum sagt að innsigla spádóminn þar til tíminn rynni upp að Jehóva varpaði ljósi á hann. Þegar þar að kæmi myndi „skilningur manna aukast“. – Dan. 12:4.

Jesús varpar ljósi á fyrirætlun Guðs

13 Jehóva tók af allan vafa um að Jesús væri fyrirheitni niðjinn, afkomandi Davíðs sem átti að verða konungur. (Lúk. 1:30-33; 3:21, 22) Þegar Jesús hóf þjónustu sína var eins og sólin væri komin á loft og upplýsti manninn um fyrirætlun Guðs. (Matt. 4:13-17) Það var til dæmis dagljóst hver „höggormurinn“ í 1. Mósebók 3:14, 15 væri. Jesús sagði að djöfullinn væri „manndrápari“ og „lyginnar faðir“. (Jóh. 8:44) Í opinberuninni, sem hann gaf Jóhannesi, kom fram að „hinn gamli höggormur hétu djöfull og Satan“. [3] **(Lestu Opinberunarbókina 1:1; 12:9.)** Í þessari sömu opinberun sýndi Jesús fram á hvernig hann – fyrirheitni niðjinn – myndi uppfylla endanlega spádóminn í Eden og útrýma Satan. – Opinb. 20:7-10.

14 Eins og fram kom í 1. kafla þessarar bókar talaði Jesús oft og mikið um ríki Guðs. Hann sagði þó ekki alltaf frá öllu sem lærisveinana langaði til að vita. Og jafnvel þegar hann gaf ítarlegar upplýsingar leið oft nokkur tími, stundum margar aldir, áður en fylgjendur hans skildu til fulls þau sannindi sem hann hafði sagt þeim. Lítum á fáein dæmi.

15 Árið 33 sagði Jesús berum orðum að meðstjórnendur sínir í ríki Guðs yrðu teknir frá jörð og reistir upp sem andaverur á himni. En lærisveinarnir skildu ekki þessa opinberun þegar í stað. (Dan. 7:18; Jóh. 14:2-5) Sama ár lýsti Jesús í dæmisögum að ríki Guðs yrði ekki stofnsett fyrr en

12. Hvað var Daníel sagt að gera og hvers vegna?

13. (a) Hver var fyrirheitni niðjinn? (b) Hvernig varpaði Jesús ljósi á spádóminn í 1. Mósebók 3:15?

14-16. Skildu lærisveinar Jesú á fyrstu öld til hlítar allt sem hann opinberaði þeim? Skýrðu svarið.

NEÐANMÁLSGREIN

[3] Orðið „Satan“ er notað 18 sinnum í Hebresku ritningunum um einstakling. Í Grísku ritningunum kemur það fyrir meira en 30 sinnum. Eins og við er að búast var löggó megináhersla á það í Hebresku ritningunum hver Messías væri en minna talað um Satan. Þegar Messías kom afhjúpaði hann Satan eins og sjá má af Grísku ritningunum.

17. Hvað þurfum við að gera til að skilja sannleikann um ríki Guðs en hvað þarf líka til?

18. Hvernig hafa þeir sem óttast Jehóva sýnt trú og auðmýkt?

löngu eftir að hann væri farinn til himna. (Matt. 25:14, 19; Lúk. 19:11, 12) Lærissveinarnir áttuðu sig ekki á þessu mikilvæga atviki og spurðu Jesú eftir að hann var risinn upp: „Ætla þú á þessum tíma að endurreisa ríkið handa Ísrael?“ En Jesús kaus að upplýsa þá ekki frekar um málið á þeim tíma. (Post. 1:6, 7) Jesús sagðist einnig myndu eiga sér „aðra sauði“ sem tilheyrðu ekki „litlu hjörðinni“ sem átti að ríkja með honum. (Jóh. 10:16; Lúk. 12:32) Fylgjendur Krists skildu ekki til fulls hverjir skipuðu þessa tvo hópa fyrir en töluvert eftir að ríki Guðs var stofnsett árið 1914.

16 Jesús hefði getað sagt lærissveinunum fjöldamargt meðan hann var með þeim á jörð en hann vissi að það væri þeim ofviða á þeim tíma. (Jóh. 16:12) Það er ljóst að margt var opinberað varðandi ríki Guðs á fyrstu öld. En skilningur manna á þessu máli átti ekki að aukast til muna fyrir en síðar.

Skilningurinn eykst þegar „dregur að endalokum“

17 Jehóva lofaði Daníel að þegar „drægi að endalokum“ myndu menn „leita víða og skilningur þeirra ... aukast“ á fyrirætlun hans. (Dan. 12:4) Þeir sem langar til að öðlast þennan skilning þurfa að leggja vinnu í það. Í biblíuhandbók segir að ein mynd hebresku sagnarinnar, sem er þýdd „leita víða“, lýsi þeirri hugmynd að rannsaka bók vel og rækilega. Við getum hins vegar ekki skilið sannleikann um ríkið til fulls nema með hjálp Jehóva sama hve rækilega við rannsökum Biblíuna. – **Lestu Matteus 13:11.**

18 Jehóva heldur áfram að opinbera jafnt og þétt sannindi um ríki sitt á tíma endalokanna, rétt eins og hann


gerði á áratugunum fyrir 1914. Eins og fram kemur í 4. og 5. kafla þessarar bókar hafa þjónar Guðs oftsinnis á síðastliðnum 100 árum þurft að leiðrétta þær skýringar sem þeir hafa gefið á ýmsum atvikum. Ber að skilja það svo að þeir njóti ekki stuðnings Jehóva? Alls ekki. Hann styður þá sem óttast hann vegna þess að þeir hafa til að bera tvennt sem hann hefur mætur á. Þeir trú á og eru auðmjúkir. (Hebr. 11:6; Jak. 4:6) Þjónar Jehóva trúa að öll fyrirheit Biblíunnar rætist. Þeir eru nógu auðmjúkir til að viðurkenna að þeir hafi stundum misskilið hvernig spádómarnir myndu uppfyllast. *Varðturninn* endurómaði þetta auðmjúka hugarfar í grein sem birtist 1. mars 1925. Þar stóð: „Við vitum að Drottinn skýrir mál sitt sjálfur. Hann skýrir orð sitt fyrir þjónum sínum á sinn hátt þegar það er tímabært.“

19 Þegar ríki Guðs var stofnsett árið 1914 skildu þjónar hans aðeins að hluta til hvernig spádómarnir, sem fjölluðu um það, myndu rætast. (1. Kor. 13:9, 10, 12) Í ákafa okkar að sjá loforð Guðs uppfyllast höfum við stundum dregið rangar ályktanir. Í *Varðturninum*, sem vitnað er í hér í greininni á undan, var bent á annað. Þar sagði: „Það virðist góð þumalfringursregla að við getum ekki skilið spádóm fyrir en hann hefur ræst eða er að rætast.“ Þessi viturlegu orð hafa sannað gildi sitt. Nú er langt liðið á tíma endalokanna og margir spádómar um ríki Guðs hafa ræst eða eru að rætast. Þar sem þjónar Jehóva eru auðmjúkir og þiggja fúslega leiðréttingu hefur hann veitt þeim æ betri innsýn í fyrirætlun sína. Skilningurinn hefur sannarlega aukist.

19. Hvað hefur Jehóva veitt okkur og hvers vegna?

„Drottinn ... skýrir orð sitt fyrir þjónum sínum á sinn hátt þegar það er tímabært.“

JEHÓVA OPINBERAR FYRIRÆTLUN SÍNA SMÁM SAMAN



20, 21. Hvernig reyndi það á kristna menn á fyrstu öld að fá nákvæmari skilning?

22. Hvernig líturðu á nákvæmari skýringar sem við fáum á fyrirætlun Guðs?

NEÐANMÁLSGREIN

[4] Sumar af þessum skýringum eru ræddar í eftirfarandi tölublaðum *Varðturnsins*: 1. febrúar 1996, bls. 13-18, 15. janúar 2008, bls. 20-24, 15. júlí 2008, bls. 17-21, 15. júlí 2013, bls. 9-14.

Nákvæmari skilningur reynir á þjóna Guðs

20 Það reynir á hjartalag okkar þegar Jehóva gefur okkur nákvæmari skilning á sannleikanum. Höfum við nógu sterka trú til að meðtaka breytingarnar? Erum við nógu auðmjúk? Það reyndi á kristna menn að þessu leyti um miðbik fyrstu aldar. Hugsaðu þér að þú sért kristinn Gyðingur á þeim tíma. Þú berð djúpa virðingu fyrir lögmáli Móse og ert stoltur af þjóðarfinum. En þá berast innblásin bréf frá Páli postula þar sem segir að lögmálið sé ekki lengur bindandi. Jehóva hafi hafnað Ísraelsþjóðinni og sé nú að safna saman bæði Gyðingum og fólki af þjóðunum í andlega Ísraelsþjóð. (Róm. 10:12; 11:17-24; Gal. 6:15, 16; Kól. 2:13, 14) Hvernig hefðir þú brugðist við?

21 Auðmjúkir kristnir menn meðtóku innblásnar skýringar Páls og Jehóva blessaði þá fyrir. (Post. 13:48) En sumir brugðust ókvæða við og vildu ríghalda í sínar eigin hugmyndir. (Gal. 5:7-12) Ef þeir skiptu ekki um skoðun myndu þeir glata tækifærinu til að vera meðstjórnendur Krists. – 2. Pét. 2:1.

22 Jehóva hefur gefið okkur nákvæmari skilning á ríki sínu á síðustu áratugum. Hann hefur til dæmis varpað skýrara ljósi á það hvenær tilvonandi þegnar ríkis hans eru aðgreindir frá þeim sem taka ekki við fagnaðareringinu, rétt eins og sauðir eru skildir frá höfrum. Hann hefur einnig kennt okkur hvenær lokið verður við að safna saman hinum 144.000, hvað dæmisögur Jesú um ríkið merkja og hvenær þeir síðustu af hinum andasmurðu fara til himna.^[4] Hvernig bregst þú við nákvæmari skýringum af þessu tagi? Styrkja þær trú þína? Líturðu á þær sem merki þess að Jehóva sé að mennta auðmjúka þjóna sína? Þessi bók á eftir að veita þér bjargfasta sannfæringu fyrir því að Jehóva opinberi fyrirætlun sína jafnt og þétt þeim sem óttast hann.

Hve raunverulegt er ríki Guðs í þínum augum?

- Var ríki Messíasar þáttur í fyrirætlun Jehóva frá upphafi? Skýrðu svarið.
- Hvernig varpaði Jesús ljósi á ríki Guðs?
- Hvaða eiginleika þurfum við að tileinka okkur til að ríki Guðs sé okkur raunverulegt?

Jehóva upphefur nafn sitt

4

Það var á svölum en sólbjörtum þriðjudagsmorgni hinn 2. desember 1947 að fámennur hópur andasmurðra bræðra á Betel í Brooklyn í New York hófst handa við viðamikil verkefni. Verkið var krefjandi en þeir héldu ótrauðir áfram næstu 12 árin. Sunnudaginn 13. mars árið 1960 var verkinu loksins lokið og þeir skiluðu af sér nýrri þýðingu Biblíunnar. Þrem mánuðum síðar, hinn 18. júní 1960, tilkynnti bróðir Nathan Knorr við mikil fagnaðarlæti á móti í Manchester á Englandi að síðasta bindi þýðingarinnar væri komið út. Hún nefndist *Nýheimsþýðing Heilagrar ritningar*. Ræðumaðurinn talaði fyrir munn allra viðstaddra þegar hann sagði: „Í dag er mikill gleðidagur hjá vottum Jehóva um allan heim!“ Eitt áberandi einkenni þessarar nýju þýðingar var þeim sérstakt gleðiefni: Nafn Guðs var að finna alls staðar þar sem það stóð í frumtexta Biblíunnar.

² Nafn Guðs er látið falla niður í mörgum þýðingum Biblíunnar. Andasmurðir þjónar Jehóva ákváðu hins vegar að standa gegn þeirri ráðagerð Satans að fela nafn Guðs svo að það félli í gleymsku. Í inngangsorðum *Nýheimsþýðingarinnar*, sem var kynnt þann dag, segir: „Helsta einkenni þessarar þýðingar er að nafn Guðs endurheimtir þann sess sem því ber.“ Nafn Guðs, eigin nafnið Jehóva, stendur meira en 7.000 sinnum í *Nýheimsþýðingunni*. Það er óhætt að segja að þessi þýðing hafi haldið nafni föður okkar á himni hátt á lofti – nafninu Jehóva.

³ Á árum áður töldu Biblíunemendurnir að nafn Guðs merkti: „Ég er sá sem ég er.“ (2. Mós. 3:14) Því stóð í *Varðturninum* 1. janúar 1926: „Nafnið Jehóva lýsir því að tilvera hans er óháð öllu öðru ... hann á sér hvorki upphaf né endi.“ Um það leyti sem þýðendur *Nýheimsþýðingarinnar* hófust handa hafði Jehóva aftur á móti leitt þjónum

Í ÞESSUM KAFLA

Þjónar Jehóva halda nafni hans á lofti eins og vera ber.

1, 2. Hvernig heldur *Nýheimsþýðingin* nafni Guðs á lofti?

3. (a) Hvað skildu bræður okkar varðandi merkingu nafnsins Jehóva? (b) Hvernig ber að skilja 2. Mósebók 3:13, 14? (Sjá greinina „Hvað merkir nafn Guðs?“)

Tilkynnt var á mótinu „Vöxtur safnaðar
Guðs“ árið 1950 að *Nýheimsþýðing
Grísku ritninganna* væri komin út.

Yankee Stadium í New York-borg.



Gana



sínum fyrir sjónir að nafnið hefði dýpri merkingu. Það gefur ekki aðeins til kynna að tilvera hans sé óháð öllu öðru heldur fyrst og fremst að hann sé Guð fyrirætlunar og framkvæmda. Þeir komust að raun um að nafnið merkir bókstaflega „hann lætur verða“. Hann lét alheiminn og skynsemigæddar sköpunarverur sínar verða til og heldur áfram að láta vilja sinn og fyrirætlun verða að veruleika. En hvers vegna er afar mikilvægt að nafn Guðs sé upphafið og hvernig getum við átt þátt í að upphefja það?

Nafn Guðs helgað

4 Jehóva vill að nafn sitt sé hátt upp hafið. Það er reyndar helsta markmið hans að helga nafn sitt eins og sjá má af faðirvorinu. „Helgist þitt nafn,“ sagði Jesús. (Matt. 6:9) Um hvað erum við að biðja þegar við förum með bænarorð eins og þessi?

5 Í 1. kafla þessarar bókar kemur fram að bænarorðin „helgist þitt nafn“ eru ein af þremur beiðnum í faðirvorinu sem snúa að fyrirætlun Jehóva. Hinar tvær eru: „Til komi þitt ríki, verði þinn vilji.“ (Matt. 6:10) Við biðjum Jehóva sem sagt að láta til skarar skríða og helga nafn sitt, rétt eins og við biðjum hann að láta ríki sitt koma og vilja sinn verða. Með öðrum orðum biðjum við Jehóva að hreinsa nafn sitt og losa það við þá smán sem það hefur mátt þola síðan uppreisnin var gerð í Eden. Hvernig bregst Jehóva við slíkri bæn? „Ég mun helga mitt mikla nafn sem hefur verið vanhelgað á meðal þjóðanna,“ segir hann. (Esek. 36:23; 38:23) Jehóva helgar nafn sitt að öllu sköpunarverkinu ásjáandi þegar hann útrýmir öllu illu í Harmagedón.

6 Jehóva hefur alla tíð leyft þjónum sínum að eiga þátt í að helga nafn sitt. Við getum auðvitað ekki gert nafn Guðs heilagara en það er. Það er nú þegar heilagt í æðsta skilningi þess orðs. Hvernig getum við þá helgað það? Jesaja segir: „Drottinn allsherjar, hann skuluð þér *telja* heilagan.“ Og Jehóva sagði sjálfur um þjóð sína: „Hún mun helga nafn mitt og *óttast* Guð Ísraels.“ (Jes. 8:13, *Biblían 1981*; Jes. 29:23) Við helgum því nafn Guðs með því að líta á það sem æðra öllum öðrum nöfnum og aðgreint frá þeim, með því að virða það sem það stendur fyrir og með því að hjálpa öðrum að líta á það sem heilagt. Við sýnum sérstaklega lotningu okkar fyrir nafni Guðs með því að viðurkenna að hann ráði yfir okkur og hlýða honum af öllu hjarta. – Orðskv. 3:1; Opinb. 4:11.

4, 5. (a) Um hvað erum við að biðja þegar við segjum: „Helgist þitt nafn“?
(b) Hvernig og hvenær helgar Guð nafn sitt?

6. Hvernig getum við átt þátt í að helga nafn Guðs?

7, 8. (a) Hvers vegna leið nokkur tími áður en þjónar Guðs fengu að bera nafn hans? (b) Hvað skoðum við í framhaldinu?

9, 10. (a) Hvers vegna beindi *Varðturninn* mikilli athygli að Jesú fyrst í stað? (b) Hvað breyttist árið 1919 og hvaða áhrif hafði það? (Sjá einnig „Hvernig hefur *Varðturninn* upphafið nafn Guðs?“)

11, 12. (a) Hvernig breyttust áherslurnar í ritum Biblíunemendanna upp úr 1919? (b) Að hverju var Jehóva að beina athygli þjóna sinna og til hvers?

Búin undir að bera nafn Guðs og upphefja það

7 Nafn Guðs hefur komið fyrir í þeim ritum sem þjónar hans hafa gefið út allt frá áttunda áratug nítjándu aldar. Nafnið Jehóva er til dæmis að finna í *Varðturni Síonar* í ágúst árið 1879 og í söngbókinni *Songs of the Bride* sem kom út sama ár. En áður en Jehóva veitti þjónum sínum þann mikla heiður að kenna sig opinberlega við nafn hans virðist hann hafa séð til þess að þeir uppfylltu skilyrðin sem fylgdu því. Hvernig bjó Jehóva Biblíunemendurna undir að fá að bera nafn hans?

8 Þegar við lítum um öxl sjáum við að á áratugunum kringum aldamótin 1900 veitti Jehóva þjónum sínum gleggri skilning á mikilvægum sannindum sem tengdust nafni hans. Við skulum líta á þrjú dæmi.

9 Í fyrsta lagi áttuðu þjónar Jehóva sig á **hve nafn hans væri mikilvægt**. Til að byrja með töldu Biblíunemendurnir að lausnargjaldið væri aðalkenning Biblíunnar. Það er skýringin á því að *Varðturninn* beindi oft athygli lesenda að Jesú. Á fyrsta árinu eftir að blaðið hóf göngu sína var nafnið Jesús nefnt tífalt oftár en Jehóva. Í grein í *Varðturninum* 15. mars 1976 kemur fram að fyrstu árin hafi Biblíunemendurnir lagt „óhóflega áherslu“ á Jesú. En smám saman leiddi Jehóva þeim fyrir sjónir hvílikt vægi nafn hans sjálfs hefur í Biblíunni. Hvaða áhrif hafði það á Biblíunemendurna? Í áðurnefndri grein í *Varðturninum* segir að þeir hafi tekið „að veita Jehóva, föður Messíasar, meiri virðingu“, ekki síst frá 1919. Á næsta áratug stóð nafnið Jehóva meira en 6.500 sinnum í *Varðturninum*.

10 Biblíunemendurnir sýndu að þeir elskuðu nafn Guðs með því að vekja viðeigandi athygli á því. Þeir tóku að „kunngjöra nafn Drottins“, nafnið Jehóva, líkt og Móse gerði endur fyrir löngu. (5. Mós. 32:3; Sál. 34:4) Og Jehóva gaf gaum að kærleikanum sem þeir sýndu nafni hans og blessaði þá, rétt eins og lofað var í Biblíunni. – Sál. 119:132; Hebr. 6:10, *Biblían 1981*.

11 Í öðru lagi fengu sannkristnir menn **réttan skilning á því verkefni sem Guð hafði falið þeim**. Upp úr 1919 tóku hinir andasmurðu bræður, sem fóru með forystuna, að rannsaka spádóma Jesaja. Í framhaldi af því breyttust áherslurnar í ritunum sem þeir gáfu út. Hvers vegna reyndist þessi breyting vera „matur á réttum tíma“? – Matt. 24:45.

12 Orð Jesaja: „Þér eruð vottar mínir, segir Drottinn, þjónn minn sem ég hef útvalið,“ höfðu aldrei verið rædd

יהוה

HVAÐ MERKIR NAFN GUÐS?

NAFNIÐ Jehóva er dregið af hebresku sagnorði sem merkir „að verða“. Sumir fræðimenn álíta að í þessu tilfalli sé sögnin orsakarsögn. Margir telja nafnið því merkja „hann lætur verða“. Þessi skilgreining kemur vel heim og saman við hlutverk Jehóva sem skapara. Hann lét alheiminn og vitsmunaverur verða til og heldur áfram að hrinda vilja sínum og fyrirætlun í framkvæmd.

Hvernig eigum við þá að skilja svar Jehóva við spurningu Móse sem er að finna í 2. Mósebók 3:13, 14? Móse spurði: „Ef ég kem til Ísraelsmanna og segi við þá: Guð feðra ykkar hefur sent mig til ykkar, og þeir spyrja mig: Hvert er nafn hans? hverju á ég þá að svara þeim?“ Jehóva svaraði: „Ég verð sá sem ég kys að verða.“ – *New World Translation*.

Höfum í huga að Móse var ekki að biðja Jehóva að opinbera nafn sitt. Hann og aðrir Ísraelsmenn vissu mætavel hvað Guð hét. Móse vildi að Jehóva opinberaði eitthvað trústyrkjandi varð-

andi eiginleika sína, eitthvað sem kann einnig að felast í merkingu nafnsins. Með því að svara: „Ég verð sá sem ég kys að verða,“ opinberaði Jehóva hrifandi þátt í fari sínu: Hverjar sem aðstæður eru verður hann það sem þarf til að fyrirætlun hans nái fram að ganga. Jehóva varð til dæmis bjargvættur og löggjafi gagnvart Móse og Ísraelsmönnum, hann sá fyrir þeim og gerði margt fleira. Jehóva *kys að verða* hvaðeina sem er nauðsynlegt til að uppfylla þau loforð sem hann gefur þjónum sínum. En þó að nafnið Jehóva feli í sér þá hugsun að hann verði það sem hann kys er nafnið ekki einskorðað við það. Nafnið felur einnig í sér það sem hann lætur sköpunarverk sitt verða til að hrinda vilja sínum í framkvæmd.^[1]

NEÐANMÁLSGREIN

[1] Sjá viðauka A4 í endurskoðaðri útgáfu *New World Translation*.

HVERNIG HEFUR VARÐTURNINN UPPHAFIÐ NAFN GUÐS?

Með árunum var lögð sífellt meiri áhersla á nafnið Jehóva á forsiðu tímaritsins *Varðturninn*. Lítum á nokkrar breytingar sem gerðar hafa verið á forsiðu blaðsins.



◀ *Varðturn Sónar*, júlí 1879

Nafnið var að finna í tímaritinu allt frá upphafi. Í öðru tölublaðinu stóð: „Við álitum að JEHÓVA standi að baki *Varðturni Sónar*“.

Varðturninn, 15. október 1931

Nafnið Jehóva og tilvitnun í Jesaja 43:12 var sett á forsiðuna.


Varðturninn, 1. janúar 1939

Nafnið Jehóva stóð á tveim stöðum á forsiðunni þar sem vitnað var í Jesaja 43:12 og Esekíel 35:15.

◀ *Varðturninn*, 1. mars 1939

Nafnið Jehóva birtist á þrem stöðum á forsiðunni. Frá og með þessu tölublaði hét tímaritið fullu nafni *Varðturninn kunngerir ríki Jehóva*.

Nokkru fyrir 1930 var auk þess tekinn upp sá siður að láta nafnið Jehóva standa í fyrstu efnisgreininni í fyrstu grein í hverju tölublaði *Varðturnsins*. Þetta var gert í meira en 20 ár og var góð áminning fyrir þjóna Guðs um að upphefja nafn hans.



að neinu marki í *Varðturninum* fyrir 1919. (**Lestu Jesaja 43:10-12.**) En upp úr 1919 var farið að fjalla um þetta vers í ritunum. Allir andasmurðir voru hvattir til að taka þátt í því verki sem Jehóva hafði falið þeim, það er að segja að *vitna* um hann. Á stuttu árabili frá 1925 til 1931 var rætt um 43. kafla Jesaja í 57 tölublöðum *Varðturnsins*, og orð spámannsins voru í öllum tilfellum heimfærð upp á sannkristna menn. Ljóst er að á þessum árum beindi Jehóva athygli þjóna sinna að því *verki* sem þeir áttu að vinna. Til hvers? Meðal annars til að reyna hæfni þeirra. (1. Tím. 3:10) Áður en Biblíunemendurnir gátu borið nafn Jehóva með réttu urðu þeir að sýna með verkum sínum að þeir væru sannir vottar hans. – Lúk. 24:47, 48.

13 Í þriðja lagi áttuðu þjónar Jehóva sig á *hve mikilvægt væri að helga nafn hans*. Á þriðja áratug síðustu aldar gerðu þeir sér grein fyrir að ekkert væri þýðingarmeira en að nafn Guðs væri helgað. Hvernig kemur þessi mikilvægi sanna-leikur fram í Biblíunni? Lítum á tvö dæmi sem sýna fram á það. Hver var aðalástæðan fyrir því að Jehóva bjargaði Ísraelsmönnum frá Egyptalandi? „Að ... nafn mitt verði boðað um alla jörðina,“ sagði hann. (2. Mós. 9:16) Og hvers vegna sýndi Jehóva Ísraelsmönnum miskunn þegar þeir gerðu uppreisn gegn honum? Það var af sömu ástæðu. Hann gerði það sökum nafns síns „svo að það yrði ekki vanhelgað í augum þjóðanna“. (Esek. 20:8-10) Hvaða ályktun drógu Biblíunemendurnir af þessum og öðrum frásögum Biblíunnar?

14 Skömmu fyrir 1930 skildu þjónar Guðs þýðingu þess sem Jesaja hafði sagt 2.700 árum áður. Hann sagði um Jehóva: „Þannig leiddir þú þjóð þína til að *ávinna þér dýrlegt nafn*.“ (Jes. 63:14) Biblíunemendurnir skildu að málanna væri ekki að þeir björguðust heldur að nafn Guðs helgaðist. (Jes. 37:20; Esek. 38:23) Þessum sannindum var lýst í hnotskurn árið 1929 í bókinni *Prophecy*. Þar sagði: „Nafn Guðs er mikilvægasta mál sem sköpunin stendur frammi fyrir.“ Þessi nýi skilningur var þjónum Jehóva mikil hvatning til að *vitna* um hann og taka málstað hans gegn rögi óvinarins.

15 Við upphaf fjórða áratugarins höfðu bræður okkar áttað sig á hve nafn Guðs væri mikilvægt, fengið gleggri skilning á því verki sem hann hafði falið þeim og sáu í skýrara ljósi hvert væri mikilvægasta mál sögunnar. Nú var tíminn kominn að Jehóva veitti þjónum sínum þann

13. Hvernig kemur fram í Biblíunni hvað sé öllu öðru mikilvægara?

14. (a) Hvað skildu þjónar Guðs skömmu fyrir 1930? (b) Hvaða áhrif hafði það á boðunina að Biblíunemendurnir skildu hvert væri málanna? (Sjá einnig greinina „Mikil hvatning til að boða trúna“.)

15. (a) Á hverju höfðu bræður okkar áttað sig upp úr 1930? (b) Hvað var nú tímabært?



Dagskrá móts árið 1931.

16. (a) Með hvaða áberandi hætti upphefur Jehóva nafn sitt? (b) Hverjir báru fyrst nafn Guðs til forna?

heiður að kenna sig opinberlega við nafn hans. Við skulum líta á nokkra atburði fortíðar til að kanna hvernig það bar til.

Jehóva velur sér fólk sem „ber nafn hans“

¹⁶ Jehóva upphefur nafn sitt á áberandi hátt með því að eiga sér fólk á jörð sem ber nafn hans. Ísraelsmenn voru fulltrúar Jehóva og þjóð hans frá 1513 f.Kr. (Jes. 43:12) Þeir héldu hins vegar ekki sáttmálann við Guð, og árið 33 glötuðu þeir sérstöðu sinni sem útvalin þjóð hans. Skömmu síðar sneri hann sér að öðrum þjóðum og valdi sér „lýð meðal heiðinna þjóða er bæri nafn hans“.

MIKIL HVATNING TIL AÐ BOÐA TRÚNA

MEÐ tímanum skildu Biblínemendurnir hve mikilvægt væri að helga nafn Guðs. Hvaða áhrif hafði það á viðhorf þeirra til boðunarinnar? Árið 1930 stóð eftirfarandi í *Varðturninum*: „Þegar þessi sannleikur [um að helga nafn Guðs] festir djúpar rætur í huga kristins manns rennur upp fyrir honum hve mikill heiður það er að fá að vitna um orð Jehóva Guðs og nafn hans.“ Þegar bræður og systur skildu að mál málanna væri að helga nafn Guðs var það þeim mikil hvatning til að boða trúna. (Sálm. 8:2) Helen Borchert er dæmi um það. Hún gerðist brautryðjandi 1. apríl 1930 og var trúr vottur uns hún lauk jarðlífi sínu í júlí 2003, þá 96 ára að aldri. Hvað var henni hvatning til að boða trúna áratugum saman? Hún skrifaði eftir margra ára starf: „Allt fram á þennan dag hef ég haft brennandi löngun ... til að berjast gegn þeim rógi sem nafn Jehóva Guðs og orð hans hafa mátt þola.“ Löngunin til að helga nafn Guðs er okkur líka mikil hvatning til að boða fagnaðarerindið.



Helen Borchert

(Post. 15:14) Þessi nýja þjóð var nefnd „Ísrael Guðs“ og í henni voru andasmurðir fylgjendur Krists af ýmsum þjóðum. – Gal. 6:16.

17 Það mun hafa verið árið 44 sem Guð sá til þess að fylgjendur Krists voru „fyrst kallaðir kristnir“. (Post. 11:26) Í byrjun var þetta heiti einkennandi fyrir sannkristna menn, enda ekki notað um neina aðra. (1. Pét. 4:16) En eins og fram kom í dæmisögu Jesú um hveitið og illgresið tókst Satan að yfirfæra heitið „kristinn“ á falskristna menn. Það fór því svo að um margra alda skeið var erfitt að gera greinarmun á sannkristnum mönnum og fólkskum. En það breyttist þegar ‚kornskurðartíðin‘ rann upp árið 1914. Hvers vegna? Vegna þess að englar fóru þá að aðskilja falskristna menn frá hinum ósviknu. – Matt. 13:30, 39-41.

18 Eftir að trúí þjónninn var skipaður til starfa árið 1919 leiddi Jehóva þjónum sínum fyrir sjónir hvaða verkefni hann hafði falið þeim. Þeir áttuðu sig fljótt á því að þeir aðgreindu sig frá öllum falskristnum mönnum með því að boða fagnaðarerindið hús úr húsi. Í framhaldinu varð þeim ljóst að heitið „Biblúnemendur“ var ekki nógu einkennandi. Meginmarkmið þeirra í lífinu var ekki bara að rannsaka Biblíuna heldur að vitna um Guð og heiðra og upphefja nafn hans. Hvaða nafn hæfði þeim þá miðað við verkefnið sem þeir höfðu? Þeirri spurningu var svarað árið 1931.

19 Í júlí 1931 voru um 15.000 biblúnemendur saman komnir á móti í Columbus í Ohio í Bandaríkjunum. Það vakti forvitni þeirra að sjá bókstafina *J* og *W* framan á dagskrá mótsins. Menn veltu fyrir sér hvað þeir merktu og sumum tókst að giska á hið rétta. Sunnudaginn 26. júlí las bróðir Joseph Rutherford upp kröftuga yfirlýsingu þar sem sagði meðal annars: „Við ... viljum láta nefna okkur *Votta Jehóva* og þekkjast undir því nafni.“ Nú skildu allir hvað þessir dularfullu stafir merktu. Þeir stóðu fyrir heitið Vottar Jehóva (*Jehovah's Witnesses* á ensku) en það er biblúlegt heiti byggt á Jesaja 43:10.

20 Viðbrögð áheyranda létu ekki á sér standa. Þeir hrópuðu og klöppuðu lengi. Þessi sterku viðbrögð í Columbus í Ohio heyrðust hinum megin á hnettinum en dagskránni var útvarpað þangað. Þau Ernest og Naomi Barber í Ástralíu minnst þess vel. „Þegar lófatakið hófst í Ameríku stukku bræður og systur í Melbourne á fætur og klöppuðu lengi. Við gleymum því aldrei.“^[2]

17. Hvað tókst Satan?

18. Hvernig varð bræðrum okkar ljóst að þeir þurftu að finna sér nýtt heiti?

19, 20. (a) Hvaða yfirlýsing var samþykkt á móti árið 1931? (b) Hvernig brugðust bræður og systur við þegar nýja nafnið var tekið upp?

„Við fórum að heiman sem biblúnemendur en komum heim sem vottar Jehóva.“

NEÐANMÁLSGREIN

[2] Í 7. kafla, bls. 72-74, er rætt um notkun útvarps í þessum tilgangi.

21. Hvaða áhrif hafði nýja nafnið á boðunina?

22. Hvað sýnir að þjónar Jehóva skera sig úr fjöldanum?

23. Hvaða vitneskja um Jehóva er ákaflega traustvekjandi fyrir þjóna hans, samanber Sálms 121:5?

Nafn Guðs hátt upp hafið um allan heim

21 Að heita hinu biblíulega nafni Vottar Jehóva gaf þjónum hans aukinn kraft til að boða fagnaðarerindið. Edward og Jessie Grimes voru viðstödd mótið í Columbus árið 1931 en þau voru brautryðjendur. Þau sögðu: „Við fórum að heiman sem biblíunemendur en komum heim sem vottar Jehóva. Það var gleðilegt að bera nafn sem hjálpaði okkur að vegsama nafn Guðs.“ Til að gera það tóku sumir vottar upp nýja aðferð eftir mótið. Þeir kynntu sig með því að rétta húsráðanda spjald sem á stóð: „Ég er vottur JEHÓVA og boða ríki JEHÓVA Guðs.“ Þjónar Guðs voru stoltir af því að vera kenndir við nafnið Jehóva og voru tilbúnir til að boða nær og fjær hve mikilvægt nafnið væri. – Jes. 12:4.

22 Nú eru liðnir margir áratugir síðan Jehóva sá til þess að andasmurðir þjónar hans tóku sér nafnið vottar Jehóva. Hefur Satan tekist að torvelða fólki að bera kennsl á þjóna Guðs? Hefur honum tekist að láta okkur tynast meðal trúarbragða heims? Nei. Það er augljósara en nokkru sinni fyrr að við erum vottar Guðs. (**Lestu Míka 4:5; Malakí 3:18.**) Svo nátengd erum við nafni Guðs að hver sem notar það að einhverju marki er sjálfkrafa talinn vera vottur Jehóva. Hin sanna tilbeiðsla á Jehóva fellur ekki í skuggann af fjallháum falstrúarbrögðum heldur „ber *yfir* hæstu fjallstinda“. (Jes. 2:2) Tilbeiðslan á Jehóva og hið helga nafn hans er sannarlega hátt upp hafið.

23 Það er traustvekjandi að hugsa til þess að Jehóva ætli að verja okkur fyrir árásum Satans bæði núna og í framtíðinni. (Sálm. 121:5) Við höfum því ærna ástæðu til að taka undir með sálmaskáldinu sem orti: „Sæl er sú þjóð sem á Drottin að Guði, þjóðin sem hann valdi sér til eignar.“ – Sálm. 33:12.

Hve raunverulegt er ríki Guðs í þínum augum?

- Hverju hefur ríki Guðs áorkað í sambandi við nafn hans?
- Hvernig tekurðu þátt í að helga nafn Guðs?
- Hvers vegna ertu stoltur að bera nafn Guðs og óðfús að segja öðrum hvaða þýðingu það hafi?

Konungurinn varpar ljósi á ríkið

5

HUGSAÐU þér að þú sért að skoða fagra og merkilega borg í fylgd leiðsögumanns. Hvorki þú né ferðafélagar þínir hafa heimsótt borgina áður og þú hlustar ákafur á hvert orð sem leiðsögumaðurinn segir. Stundum eruð þið ferðafélagarnir spenntir að vita eitthvað um byggingar og borgarhluta sem þið hafið ekki séð enn þá. Þið spyrjið leiðsögumanninn en hann svarar ekki strax, oft ekki fyrr en þið eruð rétt í þann mund að koma á staðinn. Hann veit greinilega ósköpin öll og þið hrífist af kunnáttu hans því að hann gefur ykkur þær upplýsingar sem ykkur vantar einmitt þegar þið þurfið að fá þær.

2 Sannkristnir menn standa í svipuðum sporum og ferðamennirnir. Við erum spennt að fræðast um stórfenglegustu borg sem hugsast getur, um „borg sem hefur traustan grunn“, það er að segja ríki Guðs. (Hebr. 11:10) Þegar Jesús var hér á jörð leiðbeindi hann fylgjendum sínum persónulega og fræddi þá um þetta ríki. Svaraði hann öllum spurningum þeirra og gaf þeim allar upplýsingar um ríkið þegar í stað? Nei. „Enn hef ég margt að segja yður en þér getið ekki skilið það nú,“ sagði hann. (Jóh. 16:12) Jesús var eins og vitur leiðsögumaður og íþyngdi aldrei lærisveinum sínum með þekkingu sem þeir voru ekki tilbúnir til að meðtaka.

3 Jesús sagði það sem stendur í Jóhannesi 16:12 síðustu nóttina sem hann var maður á jörð. Hvernig ætlaði hann að halda áfram að fræða trúa þjóna sína um ríki Guðs eftir að hann væri dáinn? Hann sagði við postula sína: „Andi sannleikans mun leiða yður í allan sannleikann.“^[1] (Jóh. 16:13) Við getum litið á heilagan anda eins og þolinmóðan leiðsögumann. Jesús beitir honum til að kenna fylgjendum sínum allt sem þeir þurfa að vita um ríki Guðs – einmitt þegar þeir þurfa að vita það.

4 Við skulum kanna hvernig heilagur andi hefur leiðbeint einlægu kristnu fólki og aukið þekkingu þess á ríki Jehóva.

Í ÞESSEM KAFLA

Þjónar Guðs átta sig á mikilvægum sannindum um ríki hans, stjórnendur þess og þegna, svo og um nauðsyn þess að sýna hollustu.

1, 2. Á hvaða hátt var Jesús eins og vitur leiðsögumaður?

3, 4. (a) Hvernig hefur Jesús haldið áfram að fræða trúa þjóna sína um ríki Guðs? (b) Um hvað er fjallað í þessum kafla?

NEÐANMÁLSGREIN

[1] Samkvæmt heimildarriti merkir gríska orðið, sem er þýtt „leiða“ í þessu versi, „að vísa veginn“.

5, 6. (a) Hvað héldu biblíunemendurnir um stofnsetningu Guðsríkis og uppskeruna? (b) Af hverju er samt engin ástæða til að efast um að Jesús hafi leiðbeint fylgjendum sínum?

7. Hvað fengu þjónar Guðs að sjá í skýrara ljósi?

8, 9. (a) Hvernig var lögð áhersla á hve ríki Guðs væri mikilvægt? (b) Hvaða spurningar skoðum við?

Fyrst skoðum við hvernig þeir skildu hvenær ríki Guðs tók völd. Síðan könnum við hvernig þeir áttuðu sig á hverjir stjórnendur og þegnar þess væru og hvaða vonir þeir höfðu. Og að síðustu lítum við á hvernig fylgjendur Krists skildu hvað væri fólgið í því að sýna ríki Guðs hollustu.

Ár sem markaði tímamót

⁵ Eins og fram kom í 2. kafla þessarar bókar höfðu Biblíunemendurnir bent á það áratugum saman að samkvæmt spádómum Biblíunnar myndu mikilvægir atburðir eiga sér stað árið 1914. Á þeim tíma héldu þeir hins vegar að nærvera Krists hefði hafist árið 1874, hann hefði tekið völd á himnum árið 1878 og ríki Guðs myndi ekki taka að fullu til starfa fyrr en í október 1914. Uppskerutíminn stæði frá 1874 til 1914 og honum lyki með því að hinir andasmurðu yrðu kallaðir til himna. Trúir þjónar Guðs höfðu greinilega ekki réttan skilning á þessum málum. Ættum við þá að álykta sem svo að Jesús hafi ekki leiðbeint þeim með heilögum anda?

⁶ Engan veginn. Hugsaðu um líkinguna sem var brugðið upp í byrjun kaflans. Verður leiðsögumaðurinn óáreiðanlegur við það eitt að ferðamennirnir gera sér ákveðnar hugmyndir og spyrja hann ákaft áður en það er tímabært að upplýsa þá? Auðvitað ekki. Þjónar Guðs reyna líka stundum að varpa ljósi á ýmsa þætti í fyrirætlun Jehóva áður en það er tímabært að heilagur andi leiði þá í allan sannleikann, en það er samt ljóst að Jesús leiðir þá. Trúir þjónar Guðs eru fúsir til að taka leiðréttingu og nógu auðmjúkir til þess. – Jak. 4:6.

⁷ Á árunum upp úr 1919 fengu þjónar Guðs að sjá margt í skýrara ljósi. (**Lestu Sálm 97:11.**) Árið 1925 birtist grein í *Varðturninum* sem markaði þáttaskil en hún nefndist „Fæðing þjóðarinnar“. Þar voru færð skýr biblíuleg rök fyrir því að ríki Messíasar hefði tekið til starfa árið 1914 og þá hefði ræst sýnin sem lýst er í 12. kafla Opinberunarbókarinnar. Þar segir frá himneskri konu Guðs fæða barn.^[2] Í greininni var sýnt fram á að ofsóknirnar og erfiðleikarnir, sem þjónar Jehóva urðu fyrir á stríðsárunum, væru greinileg merki þess að Satan hefði verið varpað niður af himni. Hann væri nú í miklum móð því að hann vissi að hann hefði nauman tíma. – Opinb. 12:12.

⁸ Hve mikilvægt er ríki Guðs? Árið 1928 var farið að leggja áherslu á það í *Varðturninum* að ríkið væri mikilvægara en hjálpræði hvers og eins fyrir atbeina lausnargjaldsins. Ríki Messíasar er verkfærið sem Jehóva notar til að helga nafn sitt, staðfesta að hann sé réttmætur Drottinn alheims og hrinda

NEÐANMÁLSGREIN

[2] Fram að þeim tíma hafði verið talið að sýnin lýsti stríði milli hinnar heiðnu Rómur og páfaveldisins.

fyrirætlun sinni með mannkynið í framkvæmd að fullu og öllu leyti.

9 Hverjir áttu að ríkja með Kristi? Hverjir yrðu þegar þessa ríkis á jörð? Og að hvaða verki ættu fylgjendur Krists að einbeita sér?

Andasmurðum safnað á uppskerutímanum

10 Áratugum fyrir 1914 höfðu sannkristnir menn gert sér grein fyrir því að 144.000 trúir fylgjendur Krists myndu ríkja með honum á himnum.^[3] Biblíunemendurnir skildu að talan var bókstafleg og að byrjað var að velja í hópinum á fyrstu öld okkar tímatafs.

11 En hvaða verkefni höfðu þeir sem mynduðu tilvonandi brúði Krists meðan þeir voru enn á jörð? Þeir vissu að Jesús hafði lagt áherslu á boðunina og sett hana í samband við uppskeru. (Matt. 9:37; Jóh. 4:35) Eins og bent var á í 2. kafla héldu þeir um tíma að uppskeran tæki 40 ár og næði hámarki þegar hinir andasmurðu yrðu kallaðir til himna. En boðunin hélt áfram eftir að 40 árin voru liðin þannig að það þurfti greinilega að leita betri skýringa. Nú vitum við að uppskerutíminn hófst raunverulega árið 1914. Þetta var tíminn þegar átti að aðgreina hveitið frá illgresinu, það er að segja hina trúu andasmurðu frá falskristnum mönnum. Nú var kominn tími til að beina kröftum sínum að því að safna saman þeim sem eftir voru af þessum himneska hópi.

12 Kristur hélt áfram að hvetja hinn trúa og hyggna þjón eftir 1919 til að leggja áherslu á boðunina. Hann hafði falið þeim það verkefni á fyrstu öld. (Matt. 28:19, 20) Hann gaf einnig til kynna hvað andasmurðir fylgjendur hans þyrftu að hafa til að bera til að gera því góð skil. Hvernig gerði hann það? Í dæmisögunni um meyjarnar tíu benti Jesús á að hinir andasmurðu yrðu að halda andlegri vöku sinni. Annars myndu þeir ekki ná því marki sínu að taka þátt í

10. Hvað hafa þjónar Guðs skilið lengi varðandi hinar 144.000?

11. Hvernig fengu þeir sem mynduðu tilvonandi brúði Krists skilning á verkefni sínu á jörð?

12, 13. Hvernig hafa dæmisögur Jesú um meyjarnar tíu og um talenturnar ræst á síðustu dögum?

NEÐANMÁLSGREIN

[3] Í júní árið 1880 var sú hugmynd viðruð í *Varðturni Sionar* að hinar 144.000 væru Gyðingar sem snúið yrði til trúar fyrir 1914. Síðar sama ár birtist á prenti skýring sem er nær þeim skilningi sem við höfum haft alla tíð síðan.



14, 15. Um hvaða fjóra hópna var rætt í bókinni *The Finished Mystery*?

16. Um hvað voru þjónar Guðs upplýstir árið 1923 og 1932?

17. (a) Á hvað var varpað skæru ljósi árið 1935?
(b) Hvaða áhrif hafði það á trúna þjóna Guðs að þeir skildu hverjir tilheyrðu múginum mikla? (Sjá greinina „Mörgum létti stórlega“.)

brúðkaupsveislunni á himnum þegar hann myndi ganga að eiga „brúði“ sína, hinar 144.000. (Opinb. 21:2) Í dæmisög- unni um talenturnar sýndi hann andasmurðum þjónum sín- um fram á að þeir yrðu að vera ötulir við að boða fagnaðar- erindið sem hann fól þeim að flytja. – Matt. 25:1-30.

13 Hinir andasmurðu hafa reynst vera bæði vökulir og öt- ulir þessa öld sem uppskeran hefur staðið yfir. Þeim verður umbunað fyrir árvekni sína. En átti aðeins að safna saman 144.000 meðstjórnendum Krists á uppskerutímanum?

Jarðneskum þegnum Guðsríkis safnað saman

14 Trúaðir karlar og konur höfðu lengi brunnið í skinn- inu að vita hver væri „múgurinn mikli“ sem er nefndur í Op- inberunarbókinni 7:9-14. Margt var skrifað um þennan fjöl- menna hóp áður en það var tímabært fyrir Krist að upplýsa hverjir mynduðu hann. En það kemur ekki á óvart að stór hluti þess var órafjarri þeim skýra og einfalda sannleika sem við þekkjum núna og er okkur kær.

15 Árið 1917 var staðhæft í bókinni *The Finished Mystery* að „himneskt hjálpræði væri tvískipt eða tvenns konar, og jarð- neskt hjálpræði tvískipt“. Hverjir skipuðu þá fjóra hópna sem áttu sér hver sína von um hjálpræði? Í fyrsta lagi voru það þau 144.000 sem myndu ríkja með Kristi. Í öðru lagi var það múgurinn mikli. Á þeim tíma var talið að þetta væri fólk sem kallaði sig kristið en tilheyrði enn þá kirkjum kristna heims- ins. Það hefði vissa trú en ekki nógu sterka til að vera full- komlega ráðvant Guði. Þess vegna fengi það óaðri stöðu á himnum. Á jörðinni áttu að vera tveir hópar. Í öðrum væru hinir „fornu heiðursmenn“ eins og Abraham, Móse og fleiri, og sá hópur átti að ráða yfir mannheiminum sem myndaði fjórða hópinn.

16 Hvernig leiðbeindi heilagur andi fylgjendum Krists svo að þeir fengu þann skilning sem við höfum núna? Þeir voru upplýstir smám saman. Það var strax árið 1923 að *Varðturn- inn* benti á hóp sem vonaðist ekki eftir að fara til himna held- ur ætti að lifa á jörð undir stjórn Krists. Árið 1932 ræddi *Varðturninn* um Jónadab sem fór með Jehú, hinum smurða Ísraelskonungi, og studdi hann í stríðinu gegn falskri guðs- dýrkun. (2. Kon. 10:15-17) Í greininni sagði að á okkar tím- um væri til hópur fólks sem líktist Jónadab. Síðan sagði að það væri þessi hópur sem Jehóva ætlaði að bjarga „í Harna- gedónstríðinu“ og leyfa að lifa hér á jörð.

17 Árið 1935 var varpað skæru ljósi á þetta mál. Á móti, sem haldið var í Washington D.C., kom fram að múgurinn mikli ætti að búa á jörð. Þetta væri sami hópur og nefndur



Yfirfullt var á mótinu í Washington D.C. árið 1935.

„MÖRGUM LÉTTI STÓRLEGA“

RÆÐAN um múginn mikla, sem var flutt 31. maí 1935 á mótinu í Washington D.C., hafði djúpstæð áhrif á þjóna Guðs. Lítum á nokkur dæmi um viðbrögð þeirra sem voru viðstaddir.

■ „Bræður og systur ræddu oft sín á milli fyrir 1935 hvort þau væru andasmurð. Mér er minnisstæður dagurinn þegar bróðir Rutherford flutti ræðuna um múginn mikla. Ég hafði aðstoðað við að vaska upp í mótuneytinu, og þegar kom að ræðunni fór ég upp á svalirnar og settist þar einn. Eftir að bróðir Rutherford hafði rætt málið ítarlega bað hann alla, sem töldu sig tilheyra múginum mikla, að standa á fætur. Ég stóð strax upp og leit síðan í kringum mig, og mér sýndist flestir viðstaddra standa. Þaðan í frá hefur aldrei hvarflað að mér að ég væri andasmurður... Ég er

ánægður með að tilheyra öðrum sauðum.“
– Henry A. Cantwell.

■ „Ræðan var ákaflega uppörvandi fyrir marga því að ég heyrði oft frá bræðrum og systurum að þau væru ekki viss um að þau væru andasmurð. Þau vildu þó ekki hugsa sem svo að þau tilheyru hópi sem væri ‚ekki eins trúfastur‘ og hinir andasmurðu, líkt og haldið var. Mörgum létti stórlega þegar þessi nýi sannleikur síaðist inn. Þeir sem skildu núna hver staða þeirra var frammi fyrir Jehóva voru gagnteknir nýjum krafti.“ – Herman L. Philbrick.

■ „Þetta mót var okkur mikið fagnaðarefni. Við gátum nú frjálsmannlega sagt fólki frá voninni um eilíft líf á jörð. Margir sem höfðu neytt brauðsins og vínsins á minningarhátíðinni áttuðu sig á hver staða þeirra var og þeir hættu því.“ – John C. Booth.

18. Að hverju hafa fylgjendur Krists einbeitt sér og með hvaða árangri?

19. Hvernig getum við stuðlað að því að múgurinn mikli vaxi?

20. Hvaða öfl tilheyra fylkingu Satans og hvernig reynir á hollustu kristinna manna?

21. (a) Hvernig hefur trúí þjónninn varað fólk Guðs við viðskiptaöflunum?

(b) Hvað kom fram um „Babýlon hina miklu“ í *Varðturninum* árið 1963?

er sauðir í dæmisögu Jesú um sauðina og hafrana. (Matt. 25:33-40) Múgurinn mikli tilheyrði hópnum sem Jesús kallaði „aðra sauði“ og sagði að „sér bæri einnig að leiða“. (Jóh. 10:16) Síðan sagði ræðumaðurinn, Joseph F. Rutherford: „Vilja allir þeir sem hafa von um að lifa að eilífu á jörðinni rísa úr sætum?“ Meira en helmingur áheyrenda stóð á fætur. „Sjáið, múgurinn mikli!“ sagði hann. Margir voru djúpt snortnir. Nú skildu þeir loksins hver framtíðarvon þeirra var.

18 Allar götur síðan hefur Kristur séð til þess að þjónar hans einbeittu sér að því að safna saman þeim sem eiga að mynda múginn mikla – múginn sem á að komast heill og óskaddaður úr þrengingunni miklu. Uppskeran virtist ekki mikil í fyrstu. Bróðir Rutherford sagði jafnvel einu sinni: „Það lítur ekki út fyrir að „múgurinn mikli“ verði svo mikill þegar allt kemur til alls.“ Við vitum auðvitað núna hvernig Jehóva hefur blessað uppskerustörfin síðan þá. Undir handleiðslu Jesú og heilags anda hafa bæði hinir andasmurðu og „aðrir sauðir“ orðið „ein hjörð“ undir umsjón „eins hirðis“, rétt eins og Jesús spáði.

19 Langflestir trúir þjónar Guðs munu lifa að eilífu í paradís á jörð undir stjórn Krists og þeirra 144.000 sem stjórna með honum. Er ekki ánægjulegt að velta fyrir sér hvernig Kristur hefur leiðbeint þjónum Guðs þannig að þeir fengju þessa skýru og tæru von sem Biblían veitir? Hvílíkur heiður að mega segja þeim sem við hittum frá þessari von! Við skulum vera eins ötul og aðstæður okkar leyfa til að múgurinn mikli haldi áfram að vaxa og lofsöngurinn um nafn Jehóva verði sífellt sterkari. – **Lestu Lúkas 10:2.**

Hvað er fólgið í því að sýna ríki Guðs hollustu?

20 Jafnhliða því að þjónar Guðs fengu skýrari mynd af ríki hans þurftu þeir að skilja vel hvað væri fólgið í því að sýna ríkinu á himnum hollustu. Bent var á það í *Varðturninum* árið 1922 að heimurinn skiptist í tvær fylkingar, söfnuð Jehóva og fylkingu Satans. Í hinni síðarnefndu eru viðskipta-, trúar- og stjórn málaöfl heimsins. Þeir sem þjóna ríki Guðs í höndum Krists mega ekki hvika frá hollustu sinni með því að eiga óviðeigandi samskipti við nokkur þau öfl sem Satan ræður yfir. (2. Kor. 6:17) Hvað þurfa þeir að forðast?

21 Hinn trúí og hyggni þjónn hefur staðfastlega afhjúpað spillingu viðskiptaafllanna og varað þjóna Guðs við að láta efnishyggju ná tökum á sér. (Matt. 6:24) Í ritum okkar hefur líka verið flett ofan af hinum trúarlegu öflum sem Satan hefur á valdi sínu. Árið 1963 kom fram í *Varðturninum* að „Babýlon hin mikla“ táknaði ekki aðeins kristna heiminn heldur allt heimsveldi falskra trúarbragða. Fólk Guðs í öllum



Bróðir Rutherford
sá ekki fyrir hve
fjölmennur múgurinn
mikli yrði.

Frá vinstri til hægri:
Nathan H. Knorr,
Joseph F. Rutherford,
og Hayden C. Covington.



Múgurinn mikli stækkar jafnt og þétt.

Það er mikill heiður að mega segja frá voninni sem Biblían veitir um eilíft líf.



22. Hvernig skildu margir þjónar Guðs fyrirmælin í Rómverjabréfinu 13:1 meðan fyrri heimsstyrjöldin geisaði?

23, 24. Hvernig skildu fylgjendur Krists Rómverjabréfið 13:1 meðan síðari heimsstyrjöldin geisaði og hvaða nákvæmari skilning fengu þeir síðar?

löndum og menningarsamfélögum heims hefur fengið hjálp til að „forða sér úr henni“ og losa sig við allar falstrúariðkanir. (Opinb. 18:2, 4) Nánar er fjallað um þetta í 10. kafla.

22 En Satan ræður líka yfir stjórn málaöflunum. Gátu sannkristnir menn tekið þátt í styrjöldum og átökum þjóðanna? Í fyrri heimsstyrjöldinni voru biblúnemendurnir almennt þeirrar skoðunar að fylgjendur Krists mættu ekki drepa náunga sinn. (Matt. 26:52) Í Rómverjabréfinu 13:1 er kristnum mönnum hins vegar sagt að „hlýða yfirvöldum“. Margir skildu það svo að þeir ættu að gegna herþjónustu, klæðast hermannaþúningi og jafnvel að bera vopn. Þegar þeim væri skipað að drepa óvinina ættu þeir hins vegar að skjóta upp í loftið.

23 Um svipað leyti og síðari heimsstyrjöldin braust út árið 1939 birtist ítarleg umfjöllun um hlutleysi í *Varðturninum*. Í greininni kom skýrt fram að kristnir menn ættu ekki að taka nokkurn þátt í styrjöldum og átökum þjóðanna í heimi Satans. Þetta var tímabær leiðsögn. Fylgjendum Krists var þar með hlíft við hinni skelfilegu blóðskuld sem þjóðirnar bökuðu sér í stríðinu. Frá 1929 hafði því einnig verið haldið fram í ritum okkar að yfirvöldin í Rómverjabréfinu 13:1 væru ekki hin veraldlegu yfirvöld heldur Jehóva og Jesús. En frekari skýringa var þörf.

24 Heilagur andi leiðbeindi fylgjendum Krists þannig að þeir fengu nýjan skilning á málinu árið 1962. Í *Varðturninum* 15. nóvember og 1. desember það ár birtust greinar þar sem fjallað var um Rómverjabréfið 13:1-7 (birtist í *Varðturninum* á íslensku 1. febrúar og 1. mars 1964). Þjónar Guðs skildu nú loksins meginregluna um skilyrta undirgefni sem Jesús hafði sett fram þegar hann sagði hin frægu orð: „Gjaldið þá keisaranum það sem keisarans er og Guði það sem Guðs er.“ (Lúk. 20:25) Sannkristnir menn vita nú að yfirvöldin eru hin veraldlegu stjórnvöld þessa heims og að þeir eiga að vera þeim undirgefni. En undirgefni er skilyrðum háð. Ef veraldleg yfirvöld fara fram á að við óhlýðnumst Jehóva Guði svörum við eins og postularnir forðum daga: „Framar ber að hlýða Guði en mönnum.“ (Post. 5:29) Í 13. og 14. kafla þessarar bókar er rætt nánar hvernig þjónar Guðs hafa fylgt meginreglunni um kristið hlutleysi.

25 Hugsaðu þér hve mikið fylgjendur Krists hafa lært um ríki Guðs síðastliðna öld. Við höfum lært hve mikilvægt ríkið er og hvenær það var stofnsett á himnum. Við höfum fengið skýra mynd af tvenns konar von sem trúir þjónar Guðs eiga sér annaðhvort á himni eða jörð. Og við vitum hvernig við eigum að sýna ríki Guðs hollustu og vera veraldlegum yfirvöldum undirgefni með skilyrðum. Spyrðu þig hvort þú myndir þekkja nokkur af þessum dýrmætu sannindum ef Jesús Kristur hefði ekki leiðbeint trúum þjóni sínum á jörð þannig að hann skildi þau og kenndi síðan öðrum. Það er ómetanleg blessun að Kristur og heilagur andi skuli leiðbeina okkur.

25. Hvað finnst þér um að heilagur andi skuli hafa veitt okkur skilning á ríki Guðs?

Hve raunverulegt er ríki Guðs í þínum augum?

- Hvernig fengu sannkristnir menn skilning á mikilvægi ríkis Guðs og á sannleikanum um árið 1914?
- Hvað hvetur þig til að hjálpa öðrum að verða þegnar ríkis Guðs á jörð?
- Hvernig lítum við núna á hollustu við ríki Guðs og undirgefni við yfirvöld?
- Hvað sannfærir þig um að Kristur hafi beitt heilögum anda til að veita þjónum sínum skilning á ríki Guðs?

Til vinstri:
Farandbóksali boðar
fagnaðarerindið
í Kóreu árið 1931.

Til hægri:
Fagnaðarerindið
boðað á táknmáli
í Kóreu nú á tímum.



2. HLUTI

RÍKI GUÐS BOÐAÐ

Fagnaðarerindið boðað
um allan heim



ÞÚ ÁTT frá úr vinnu og býrð þig undir að fara út að boða fagnaðarerindið snemma dags. Þér finnst þú vera háflúinn og hikar um stund. Það væri nú ekki amalegt að eiga rólegan morgun heima. En þú ferð með bæn til Jehóva og ákveður að fara út. Þú starfar með rosinni systur. Prautseigja hennar og hlýja er hvetjandi fyrir þig. Meðan þið berið boðskap sannleikans hús úr húsi verður þér hugsað til þess að trússystemi þín út um allan heim flytja fólki sama boðskapinn, nota sömu ritin og njóta öll góðs af sömu fræðslunni. Þú ert miklu hressari

þegar þú kemur heim en þegar þú lagðir af stað. Mikið var gott að þú skyldir drífa þig út. Boðunin er helsta verkefni Guðsríkis núna. Jesús sagði fyrir að hún yrði gríðarlega umfangsmikil á síðustu dögum. (Matt. 24:14) Hvernig hefur spádómur hans ræst? Í þessum hluta bókarinnar kynnum við okkur fólkið, aðferðirnar og verkfærin sem hafa skipt miklu máli við boðunina og vakið milljónir manna um allan heim til vitundar um að ríki Guðs sé raunverulegt.

6

Fólk sem boðar fagnaðarerindið Boðberar bjóða sig fúslega fram

Í ÞESSUM KAFLA

Konungurinn kallar saman heilan her boðbera.

- 1, 2. Hvaða verk átti að vinna að sögn Jesú og hvaða spurning vaknar?
3. Hverju treysti Jesús og hvers vegna?
4. Hvaða verk bauð Jehóva Ísraelsmönnum að styðja og hvernig brugðust þeir við?

STJÓRN MÁLAMENN gefa oft loforð en efna þau ekki. Jafnvel þótt þeir vilji vel tekst þeim ekki alltaf að standa við gefin fyrirheit. Þar stinga þeir í stúf við konunginn Jesú Krist sem stendur alltaf við orð sín.

² Eftir að Jesús tók við konungdómi árið 1914 hófst hann handa við að uppfylla spádóm sem hann hafði borið fram um 1.900 árum áður. Hann sagði skömmu áður en hann dó: „Fagnaðarerindið um ríkið verður prédikað um alla heimsbyggðina.“ (Matt. 24:14) Uppfylling þessa spádóms átti að vera einn þáttur táknsins um að hann væri nærverandi sem konungur Guðsríkis. En hvernig gat konungurinn kallað saman heilan her fúsra boðbera á síðustu dögum – á tímabili sem myndi einkennast af því að fólk væri eigingjarnt, kærleikslaut og trúlaust? (Matt. 24:12; 2. Tím. 3:1-5) Við þurfum að vita svarið vegna þess að það snertir alla sannkristna menn.

³ Lítum aftur á spádóm Jesú. „Fagnaðarerindið um ríkið verður prédikað,“ sagði hann. Lýsa þessi orð trausti? Tvímælaust. Jesús var sannfærður um að hann myndi eiga sér fúsa stuðningsmenn á síðustu dögum. Hvernig gat hann treyst á það? Hann lærði það af föður sínum. (Jóh. 12:45; 14:9) Áður en Jesús varð maður sá hann að Jehóva treysti á fúsleika þeirra sem tilbáðu hann. Hvernig lét Jehóva traust sitt í ljós?

„Þjóð þín kemur fúslega“

⁴ Rifjaðu upp fyrir þér hvað gerðist þegar Jehóva sagði Móse að gera tjaldbúð sem átti að vera tilbeiðslumiðstöð Ísraelsmanna. Jehóva bauð þjóðinni að styðja verkið. Móse, talsmaður hans, sagði við Ísraelsmenn: „Sérhver skal færa

Drottinn gjöf eftir því sem hjarta hans býður honum.“ Hvað gerðist þá? „Ísraelsmenn komu sjálfviljugir með gjöld sín, hvern morgun.“ Svo örlátir voru þeir að Móse þurfti að biðja þá að hætta að koma með gjafir sínar. (2. Mós. 35:5; 36:3, 6) Ísraelsmenn risu undir traustinu sem Jehóva bar til þeirra.

⁵ Bjóst Jehóva við að finna sams konar fúsleika meðal dýrkenda sinna á síðustu dögum? Já. Meira en þúsund árum áður en Jesús fæddist á jörð innblés Jehóva Davíð að spá um þann tíma þegar Messías tæki völd. (**Lestu Sálmi 110:1-3.**) Jesús, hinn nýkrýndi konungur, myndi eiga sér óvini og andstæðinga. En hann myndi líka eiga heilan her stuðningsmanna. Það þyrfti ekki að þvinga þá til að þjóna konunginum. Unga fólkið meðal þeirra myndi meira að segja bjóða sig fúslega fram. Slíkur yrði fjöldinn að honum er líkt við daggardropana sem þekja jörðina þegar sól-in rennur upp að morgni.^[1]

⁶ Jesús vissi að spádómurinn í Sálmi 110 átti við hann sjálfan. (Matt. 22:42-45) Hann hafði því fulla ástæðu til að treysta að hann myndi eiga sér dygga stuðningsmenn sem myndu bjóða sig fúslega fram til að boða fagnaðarerindið um alla jörðina. Og hvað sýnir sagan? Hefur konunginum tekist að kalla saman heilan her boðbera núna á síðustu dögum?

„Það er hlutverk mitt og skylda að boða þennan boðskap“


⁷ Skömmu eftir að Jesús tók völd sem konungur gerði hann ráðstafanir til að búa fylgjendur sína undir það mikla

5, 6. Hvað bjuggust Jehóva og Jesús við að finna meðal sannra guðsdýrkenda á tíma endalokanna, samkvæmt Sálmi 110:1-3?

7. Hvaða ráðstafanir gerði Jesús eftir að hann tók við konungdómi til að búa stuðningsmenn sína undir verkið sem var fram undan?

NEÐANMÁLSGREIN

[1] Í Biblíunni er döggin látin lýsa gnægð. – 1. Mós. 27:28; Míka 5:6.



Fúsir stuðningsmenn Guðsríkis eru svo margir að þeim er líkt við daggardropa.
(Sjá grein 5.)

8-10. Hvernig voru þjónar Guðs hvattir til þess á mótum að boða ríkið? Nefndu dæmi. (Sjá einnig greinina „Mót sem gáfu boðuninni byr undir báða vængi“.)

11, 12. Hvenær átti að boða boðskapinn sem Jesús talaði um, samkvæmt *Varðturninum* árið 1920?

NEÐANMÁLSGREIN

[2] Í bæklingnum *To Whom the Work Is Entrusted* sagði: „Það á að nota *The Golden Age* til að boða boðskapinn um ríkið hús úr húsi ... Eftir að hafa kynnt boðskapinn á að skilja eftir eintak af *The Golden Age* á hverju heimili, hvort sem áskrift er þegin eða ekki.“ Um áratugaskeið voru bræður og systur hvött til að bjóða fólki áskrift að *The Golden Age* og *Varðturninum*. Frá og með 1. febrúar 1940 voru þjónar Jehóva hvattir til að dreifa stökum blöðum meðal almennings og gefa skýrslu um hve mörgum þeir dreifðu.

verk sem var fram undan. Eins og fram kom í 2. kafla skoðaði hann ástandið hjá þjónum sínum og hreinsaði þá á árunum 1914 til 1919. (Mal. 3:1-4) Árið 1919 skipaði hann síðan trúa þjóninn til að fara með forystuna meðal fylgjenda sinna. (Matt. 24:45) Þjónninn tók þá til óspilltra málnanna að dreifa andlegri fæðu þar sem minnt var á æ ofan í æ að það væri skylda *hvers einasta* kristins manns að boða fagnaðarerindið. Þetta var gert bæði í ræðum á mótum og á prenti.

8 Ræður á mótum. Biblíunemendurnir söfnuðust saman á móti í Cedar Point í Ohio í Bandaríkjunum dagana 1. til 8. september 1919. Þetta var fyrsta stórmótið sem þeir héldu eftir að fyrri heimsstyrjöldinni lauk. Þá þyrsti eftir leiðbeiningum. Á öðrum degi mótsins flutti bróðir Rutherford ræðu þar sem hann sagði skýrt og skorinort við móts gesti: „Hlutverk kristins manns á jörð ... er að boða boðskapinn um ríki Drottins.“

9 Hámark mótsins var þrem dögum síðar þegar bróðir Rutherford flutti ræðu sem nefndist: „Ávarp til samstarfsmanna.“ Hún var birt síðar í *Varðturninum* undir heitinu „Að kunngera ríkið“. Rutherford sagði: „Þegar kristinn maður hugleiðir málin er eðlilegt að hann spyrji sig: Hvers vegna er ég hér á jörð? Og svarið hlýtur að vera: Drottinn hefur af náð sinni gert mig að sendiherra sínum til að flytja heiminum sáttarboðskap Guðs. Það er hlutverk mitt og skylda að boða þennan boðskap.“

10 Í þessari sögulegu ræðu tilkynnti bróðir Rutherford að gefið yrði út nýtt tímarit, *The Golden Age* (nú nefnt *Vaknið!*). Hlutverk þess átti að vera að benda fólki á að ríki Guðs væri eina von mannkyns. Síðan spurði hann hve margir viðstaddra vildu eiga þátt í að dreifa þessu tímariti. Í grein, sem fjallaði um mótið, sagði: „Viðbrögðin létu ekki á sér standa. Sex þúsund manns risu úr sætum allir sem einn.“^[2] Konungurinn átti sér greinilega dygga stuðningsmenn sem voru ódfúsir að boða ríki hans.

11 Á prenti. Á síðum *Varðturnsins* var lögð æ ríkari áhersla á hve mikilvægt væri að boða fagnaðarerindið um ríkið eins og Jesús spáði að gert yrði á síðustu dögum. Lítum á nokkur dæmi frá 1920 og næstu árum á eftir.

12 Hvað átti að boða til að uppfylla Matteus 24:14? Hvenær átti að gera það? Hinn 1. júlí 1920 birtist grein í *Varðturninum* sem hét „Fagnaðarerindið um ríkið“. Þar sagði eftirfarandi um boðskapinn: „Fagnaðarerindið fjallar um að hin gamla heimsskipan líði undir lok og ríki Messíasar verði stofnsett.“ Í greininni kom fram hvenær ætti að boða



Mótið í Cedar Point í Ohio árið 1922. Fyrir ofan sviðið var breitt úr stórum borða með áletruninni: „Kunngeríð konunginn og ríki hans.“

MÓT SEM GÁFU BOÐUNINNI BYR UNDIR BÁÐA VÆNGI

■ 1919, Cedar Point í Ohio í Bandaríkjunum.

Lögð var áhersla á að það væri köllun kristins manns að „kunngera hið komandi og dýrlega ríki Messíasar“. Tilkynnt var að nýtt tímarit, *The Golden Age*, myndi hefja göngu sína og það yrði notað til að benda fólki á ríki Guðs. Í hverjum söfnuði Biblúnemenda skyldi skipaður þjónustustjóri til að skipuleggja boðunina og hvetja til hennar.

■ **1922, Cedar Point í Ohio.** Í ræðunni „Ríki Guðs“ hvatti ræðumaður viðstadda til að „kunngera, kunngera, kunngera konunginn og ríki hans“. Anna E. Zimmerman, sem var viðstödd, sagði síðar: „Verkefni okkar var nú

skýrt og greinilegt – að kunngera konunginn og ríkið, og í framhaldi af mótinu gerðum við einmitt það.“

■ **1931, Columbus í Ohio.** Biblúnemendurnir tóku sér nýtt nafn, Vottar Jehóva. Nafnið dró skýrt fram hvaða skylda hvíldi á þeim sem tilbáðu Jehóva – að boða nafn hans og ríki.

■ **1935, Washington D.C.** Fram kom að „múgurinn mikli“ væri fólk sem ætti í vöndum að lifa að eilífu á jörð. (Opinb. 7:9-17) Með þennan nýja skilning að leiðarljósi gerðu þjónar Jehóva sér grein fyrir að umfangsmikil boðun væri fram undan.

13. Hvernig var höfðað til þess í *Varðturninum* árið 1921 að hina andasmurðu langaði til að vinna verk Guðs?

14, 15. Hvernig voru andasmurðir kristnir menn hvattir til þess í *Varðturninum* árið 1922 að bera boðskapinn til fólks?

16. Hvernig tóku sumir kjörnir öldungar þeirri hugmynd að allir ættu að boða fagnaðarerindið?

17, 18. Hvernig tóku flestir í söfnuðunum þeim leiðbeiningum sem bárust frá aðalstöðvunum og hvað hafa milljónir manna gert síðastliðin 100 ár?

þennan boðskap. Þar stóð: „Það á að flytja þennan boðskap frá lokum stríðsins mikla [fyrri heimsstyrjaldarinnar] fram að „þrengingunni miklu.“ Því sagði í greininni: „Það er núna sem á að ... boða þetta fagnaðarerindi út um kristna heiminn allan.“

13 Var þrýst á þjóna Guðs að vinna verkið sem Jesús spáði um? Nei. Í *Varðturninum* 15. mars 1921 birtist grein sem hét „Verið hugrökk“. Þar var höfðað til þess að andasmurða kristna menn langaði til að vinna verk Guðs. Allir voru hvattir til að spyrja sig: „Er það ekki mesti heiður sem ég get hlotið og jafnframt skylda mín að taka þátt í þessu starfi?“ Síðan sagði í greininni: „Við treystum að þegar þú skilur það [hvílkur heiður það er] verðir þú eins og Jeremía. Honum fannst orð Drottins vera eins og „eldur sem logaði í hjarta hans og brann í beinum hans“ svo að hann gat ekki þagað.“ (Jer. 20:9) Þessi hlýlega hvatning endurspegladi það traust sem Jehóva og Jesús bera til þeirra sem styðja ríkið.

14 Hvernig áttu sannkristnir menn að koma boðskapnum um ríkið til fólks? Í *Varðturninum* 15. ágúst 1922 birtist stutt en áhrifamikil grein sem nefndist „Boðunin er nauðsynleg“. Þar voru hinir andasmurðu hvattir til að „bera boðskapinn á prentuðu máli til fólks, tala við það við dyrnar og vitna fyrir því um að himnaríkið sé í nánd“.

15 Síðan 1919 hefur Kristur greinilega látið trúan og hygginn þjón sinn minna á það aftur og aftur að það sé mikill heiður fyrir kristinn mann, og jafnframt skylda hans, að boða boðskapinn um ríkið. En hvernig brugðust Biblíunemendurnir við þessari hvatningu?

„Hinir trúu munu bjóða sig fram“

16 Á þriðja og fjórða áratugnum voru sumir í söfnuðinum andvígir þeirri hugmynd að *allir* hinna andasmurðu ættu að boða fagnaðarerindið. Í *Varðturninum* 1. nóvember 1927 kom fram hvað væri á seyði: „Sumir í kirkjunni [söfnuðinum], sem gegna þeirri ábyrgðarstöðu að vera öldungar ... vilja ekki hvetja bræður sína til að taka þátt í þjónustunni og neita að taka þátt í henni sjálfir ... Þeir gera gys að þeirri hvatningu að ganga í hús og bera boðskap Guðs, konungsins og ríkis hans til fólks.“ Síðan var sagt umbúðalaust í greininni: „Það er kominn tími til að hinir trúu merki slíka menn og sniðgangi þá og segi þeim að þeim skuli ekki lengur treyst fyrir öldungsembætti.“^[3]

17 Sem betur fer tóku flestir í söfnuðunum vel þeim leiðbeiningum sem bárust frá aðalstöðvunum. Þeir töldu það

NEÐANMÁLSGREIN

[3] Á þeim tíma voru öldungar valdir með almennri kosningu í hverjum söfnuði. Söfnuður gat því ákveðið að kjósa ekki menn til starfa sem voru andvígir boðuninni. Í 12. kafla er rætt um þá breytingu að útnefna öldunga undir handleiðslu Guðs í stað þess að kjósa þá.

heiður að mega boða boðskapinn um ríkið. Það var orðað þannig í *Varðturninum* 15. mars 1926: „Hinir trúu munu bjóða sig fram ... til að flytja fólkinu þennan boðskap.“ Þessir trúu þjónar Guðs gerðu eins og spáð var í Sálmi 110:3 og reyndust fúsir stuðningsmenn konungsins Messíasar.

18 Síðastliðin 100 ár hafa milljónir manna boðið sig fúslega fram til að boða ríki Guðs. Í næstu köflum ræðum við *hvernig* þeir hafa boðað ríkið, það er að segja hvaða aðferðir og verkfæri þeir hafa notað, og sömuleiðis hver *árangurinn* hefur verið. En fyrst skulum við ræða *hvers vegna* fólk í milljónatali hefur boðað ríkið fúslega, þótt það búi í heimi þar sem eigingirnin er allsráðandi. Þegar við ræðum þetta mál ættum við að spyrja okkur af hvaða ástæðu við sjálf flytjum fólki fagnaðareriðið.

„Leitið fyrst ríkis hans“

19 Jesús hvatti fylgjendur sína til að „leita fyrst ríkis Guðs“. (Matt. 6:33) Hvers vegna gerum við eins og hann hvatti til? Fyrst og fremst vegna þess að við gerum okkur grein fyrir hve mikilvægt ríki Guðs er, að það gegnir lykilhlutverki í fyrirætlun hans. Eins og fram kom í kaflanum á undan hefur heilagur andi smám saman opinberað hrífandi sannindi um ríki Guðs. Þegar þessi sannindi snerta hjarta okkar finnum við hjá okkur sterka löngun til að leita fyrst ríkis Guðs.

20 Jesús vissi hvernig fylgjendur hans myndu taka þeirri hvatningu að leita fyrst ríkis Guðs. Lítum á dæmisöguna um fóligna fjársjóðinn. (**Lestu Matteus 13:44.**) Þar segir frá landbúnaðarverkamanni sem finnur óvænt falinn fjársjóð á akri þar sem hann er að vinna. Hann áttar sig þegar í stað á því hve verðmætur fjársjóðurinn er. Hvað gerir hann þá? „Í fögnuði sínum fór hann, seldi allar eigur sínar og keypti akur þann.“ Hver er lærdómurinn? Þegar við finnum sannleikann um ríki Guðs og áttum okkur á gildi hans fögnum við því að færa allar þær förnir sem þarf til að ríki Guðs sé í fyrirrími í lífi okkar, eins og það á líka að vera. ^[4]

21 Dyggir stuðningsmenn Guðsríkis segjast ekki aðeins leita þess fyrst heldur sýna það í verki. Þeir helga boðuninni líf sitt, hæfileika og fjármuni. Margir hafa fært miklar förnir til að geta boðað ríki Guðs í fullu starfi. Allir þessir fúsar boðberar hafa kynnst af eigin raun að Jehóva blessar þá sem láta ríki hans ganga fyrir öðru. Lítum á dæmi frá fyrri hluta síðustu aldar.

19. Hvers vegna „leitum við fyrst ríkis Guðs“ eins og Jesús hvatti til?

20. Jesús hvatti fylgjendur sína til að leita fyrst ríkis Guðs. Hvernig er viðbrögðum þeirra lýst í dæmisögunni um fóligna fjársjóðinn?

21, 22. Hvernig sýna dyggir stuðningsmenn Guðsríkis að þeir leita þess fyrst. Nefndu dæmi.

NEÐANMÁLSGREIN

[4] Í hliðstæðri dæmisögu segir Jesús frá kaupmanni sem leitaði að fögnum perlum. Hann finnur eina dýrmæta perlu, selur allt sem hann á og kaupir hana. (Matt. 13:45, 46) Dæmisögurnar tvær segja okkur einnig að við getum kynnst sannleikanum um ríki Guðs á tvo vegu. Sumir finna hann hálfpartinn af tilviljun en aðrir leita að honum. Hvernig sem við finnum sannleikann erum við tilbúin að færa förnir til að láta ríki Guðs sitja í fyrirrími í lífi okkar.

Kristnir menn fagna því
að hafa fundið sannleikann
um ríkið, rétt eins og maður
sem finnur falinn fjársjóð.

(Sjá grein 20.)



22 Avery og Lovenia Bristow gerðust farandbóksalar (brautryðjendur) í sunnanverðum Bandaríkjunum skömmu fyrir 1930. Mörgum árum síðar sagði Lovenia: „Við Avery höfum átt mörg ánægjuleg ár saman í brautryðjandastarfinu. Oft vissum við ekki hvernig við myndum eiga fyrir mat og bensíni. En einhvern veginn sá Jehóva alltaf fyrir okkur. Við héldum bara okkar striki. Við höfðum alltaf helstu nauðsynjar.“ Lovenia minnst þess að þau hafi einu sinni verið fé- og matarlítill meðan þau störfuðu í Pensacola í Flórída. Þegar þau komu heim í hjólhýsið sitt fundu þau þar tvo stóra poka með matvörum og miða sem á stóð: „Með ástarkveðju frá söfnuðinum í Pensacola.“ Eftir að hafa þjónað í fullu starfi áratugum saman leit Lovenia um öxl og sagði: „Jehóva yfirgefur okkur aldrei. Hann bregst aldrei traustinu sem við sýnum honum.“

23 Við getum ekki öll notað jafn mikinn tíma til að boða ríki Guðs. Aðstæður okkar eru misjafnar. Við getum hins vegar öll litið á það sem mikinn heiður að boða fagnaðarerindið af heilum huga. (Kól. 3:23) Við höfum fundið sannleikann um ríki Guðs og hann er okkur afar dýrmætur. Þess vegna erum við meira en fús til að færa þær fórnir sem þarf til að starfa sem mest við getum. Ert þú ekki ákveðinn í að gera það?

24 Konungurinn hefur sannarlega uppfyllt spádóm sinn í Matteusi 24:14 á síðastliðnum 100 árum. Og hann hefur ekki þurft að beita neinum þvingunum til þess. Fylgjendur hans hafa snúið baki við þessum eigingjarna heimi og boðið sig fúslega fram til að boða fagnaðarerindið út um víða veröld. Það er eitt af táknum þess að Jesús sé nærverandi sem konungur. Og það er líka eitt mesta afrek sem ríki Guðs hefur unnið á síðustu dögum.

23. Hvernig lítur þú á sannleikann um ríki Guðs sem þú hefur fundið og hvað ætlar þú að gera?

24. Hvert er eitt mesta afrek sem ríki Guðs hefur unnið á síðustu dögum?

Hve raunverulegt er ríki Guðs í þínum augum?

- Hvers vegna treysti Jesús að hann myndi eiga sér fúsa stuðningsmenn á síðustu dögum?
- Hvernig hefur hinn trúí og hyggni þjónn lagt áherslu á að það sé skylda allra að boða fagnaðarerindið?
- Hvernig lítur þú á sannleikann um ríki Guðs sem þú hefur fundið og hvernig geturðu sýnt að þú leitir þess fyrst?

7

Boðunaraðferðir

Allar leiðir notaðar til að ná til fólks

Í ÞESSUM KAFLA

Þjónar Guðs nota ýmsar aðferðir til að koma fagnaðarerindinu til sem flestra.

1, 2. (a) Hvaða aðferð beitti Jesús einu sinni þegar hann kenndi miklum mannfjölda? (b) Hvernig hafa trúir lærisveinar Krists farið að dæmi hans og hvers vegna?

3. Hvað gerði óvinum sannleikans gramt í geði?

MIKILL mannfjöldi safnast að Jesú á ströndinni. Jesús fer um borð í bát og leggur aðeins út á vatnið. Af hverju gerir hann það? Hann veit að vatnsborðið magnar röddina þannig að mannfjöldinn heyrir betur til hans þegar hann kennir. – **Lestu Markús 4:1, 2.**

2. Á áratugunum fyrir og eftir að ríki Guðs tók völd fóru trúir fylgjendur Krists að dæmi hans og beittu nýstárlegum aðferðum til að útbreiða fagnaðarerindið um ríkið til sem flestra. Undir handleiðslu konungsins heldur fólk Guðs áfram að notfæra sér nýjungar og laga sig að breyttum aðstæðum og nýrri tækni. Við viljum ná til sem flestra áður en endirinn kemur. (Matt. 24:14) Við lítum nú á sumar af þeim aðferðum sem við höfum notað til að koma boðskapnum til fólks óháð búsetu. Veltu fyrir þér hvernig þú getur líkt eftir trú þeirra sem útbreiddu fagnaðarerindið fyrir á árum.

Að ná til sem flestra

3. **Dagblöð.** Bróðir Russell og samstarfsmenn hans höfðu gefið út *Varðturninn* frá 1879 og flutt mörgum fagnaðarerindið um ríkið. En á áratugnum fyrir 1914 virðist Kristur hafa búið svo um hnútana að fagnaðarerindið næði til enn fleiri. Atburðarásin fór af stað árið 1903. Það ár skoraði dr. Ephraim L. Eaton á Charles Taze Russell að eiga við sig kappræður um kenningar Biblíunnar, en Eaton var talsmaður mótmælendapresta í Pennsylvaníu. Eaton sagði í bréfi til Russells: „Ég tel að almenningur myndi hafa verulegan áhuga á opinberum kappræðum um sumar af þeim spurningum þar sem okkur tvo greinir á.“ Russell og samstarfsmenn hans töldu einnig að almenningur myndi hafa áhuga þannig að þeir gerðu ráðstafanir til að fá umræðurnar birtar í útbreiddu dagblaði, *The Pitts-*

burgh Gazette. Þessar blaðgreinar urðu svo vinsælar og skýringar Russells á sannleika Biblíunnar svo sannfærandi að blaðið bauðst til að birta fyrirlestra Russells í hverri viku. Þessi útkoma hlýtur að hafa gert óvinum sannleikans gramt í geði.

⁴ Ekki leið á löngu áður en fleiri dagblöð vildu fá að birta fyrirlestra Russells. Árið 1908 kom fram í *Varðturninum* að fyrirlestrar hans væru birtir í „ellefu dagblöðum að staðaldri“. Bræður, sem þekktu til á blaðamarkaðinum, bentu Russell hins vegar á að ef hann flytti skrifstofur Félagssins frá Pittsburgh til þekktari borgar myndu fleiri dagblöð birta biblíutengdar greinar hans. Eftir að hafa velt fyrir sér þessum ráðum og fleiru flutti Russell skrifstofurnar til Brooklyn í New York. Þetta var árið 1909. Fáeinum mánuðum síðar voru ein 400 dagblöð farin að birta fyrirlestra hans og sífellt fleiri bættust í hópinn. Árið 1914, um það leyti sem ríki Guðs var stofnsett, birtust fyrirlestrar og greinar Russells í rúmlega 2.000 dagblöðum á fjór-um tungumálum.

⁵ Hvaða mikilvæga lærdóm má draga af þessari framvindu mála? Þeir sem fara með ákveðið forræði innan safnaðar Guðs á okkar dögum ættu að taka Russell sér til fyrirmyndar. Á hvaða hátt? Þeir ættu að hugleiða vel ráðleggingar annarra þegar þeir taka mikilvægar ákvarðanir.

– **Lestu Orðskviðina 15:22.**

⁶ Biblíusannindin, sem birtust í þessum blaðgreinum, breyttu lífi margra. (Hebr. 4:12) Ora Hetzel lét skírast árið 1917, og hún var ein af mörgum sem kynntust sannleikanum af slíkum greinum. „Eftir að ég gifti mig heimsótti ég móður mína í Rochester í Minnesota,“ segir hún. „Hún var að klippa greinar út úr dagblaði þegar ég kom. Þetta voru prédikanir Russells. Mamma sagði mér frá því sem hún hafði lært af greinunum.“ Ora tók við sannleikanum og var trúfastur boðberi Guðsríkis í eina sex áratugi.


⁷ Tvennt varð til þess árið 1916 að þeir sem fóru með forystuna endurmátu þá aðferð að útbreiða fagnaðar-erindið með hjálp dagblaða. Annað var að stríðið mikla var í algleymingi og það gerði að verkum að erfitt var að fá pappír til prentunar. Þessi vandi kom fram í greinargerð frá dagblaðadeild okkar í Bretlandi árið 1916. Þar sagði: „Rétt rúmlega 30 dagblöð birta prédikanirnar núna. Það er mjög líklegt að þeim fækki verulega á næstunni vegna þess hve pappír hefur hækkað í verði.“ Hin ástæðan var sú að bróðir Russell lést 31. október 1916. Eftirfarandi

4, 5. Hvaða eiginleika sýndi Russell og hvernig geta þeir sem gegna ábyrgðarstöðum farið að dæmi hans?

6. Hvaða áhrif höfðu blaðgreinarnar á konu nokkra?

7. Hvað varð til þess að þeir sem fóru með forystuna endurmátu þá aðferð að birta efni í dagblöðum?

Prédikanir
Russells birtust
í rúmlega 2.000
dagblöðum
árið 1914.



Sýningarklefi þar sem „Sköpunarsagan“ var sýnd.

Litskyggnur úr „Sköpunarsögunni“.

8. Hve mikið var lagt í að gera „Sköpunarsöguna í myndum“?

tilkynning birtist því í *Varðturninum* 15. desember það ár: „Að bróður Russell látnum verður hætt með öllu að birta prédikanir [í dagblöðum].“ Enda þótt hætt væri að boða fagnaðarerindið með þessum hætti voru notaðar aðrar aðferðir með góðum árangri. „Sköpunarsagan í myndum“ var ein þeirra.

8 Myndasýningar. Russell og samstarfsmenn hans unnu í þrjú ár að gerð „Sköpunarsögunnar í myndum“ en hún var frumsýnd árið 1914. (Orðskv. 21:5) „Sköpunarsagan“ var nýstárleg blanda af kvikmyndum, hljódupptökum og litskygnum úr gleri. Atburðir úr biblíusögunni voru sviðsettir og kvikmyndaðir. Hundruð manna og jafnvel dýr tóku þátt í því. Í greinargerð frá 1913 segir: „Flest dýr-

in í einum af stærstu dýragörðunum komu við sögu til að endurskapa þátt Nóa í þessari miklu sýningu sem var að hluta til kvikmynd með tali.“ Listamenn í Lundúnum, New York, París og Philadelphiu handmáluðu þau hundruð litskyggna sem voru hluti af sýningunni.

⁹ Hvers vegna var eytt svona miklum tíma og fjármunum í að gera „Sköpunarsöguna í myndum“? Á mótum árið 1913 var samþykkt yfirlýsing þar sem sagði meðal annars: „Skýringar- og teiknimyndir hafa verið notaðar með fádæma árangri í amerískum dagblöðum til að móta skoðanir almennings, bæði á fréttasíðum og í sérblöðum. Kvikmyndir hafa sömuleiðis sannað gildi sitt. Þær hafa reynst sveigjanlegur miðill og náð miklum vinsældum. Við teljum það réttlæta fyllilega að framsæknir boðberar og biblíukennarar, eins og við, lítum á kvikmyndir og skyggjur sem áhrifarík og æskileg hjálpartæki trúboða og kennara. Við styðjum notkun þeirra eindregið.“

¹⁰ Árið 1914 var „Sköpunarsagan í myndum“ sýnd í 80 borgum daglega. Næstum átta milljónir manna í Bandaríkjunum og Kanada sáu hana. Sama ár var „Sköpunarsagan“ sýnd í Ástralíu, Bretlandi, Danmörku, Finnlandi, Norgei, Nýja-Sjálandi, Sviss, Svíþjóð og Þýskalandi. Sett var saman einfaldari útgáfa af sýningunni þar sem kvikmyndunum var sleppt, og hún var sýnd í smærri borgum. Þessi útgáfa var ódýrari í framleiðslu og auðveldara var að flytja hana milli staða. Árið 1916 var búið að þýða aðra hvora útgáfu sýningarinnar á armensku, dönsk-norsku, frönsku, grísku, ítölsku, pólsku, spænsku, sænsku og þýsku.

¹¹ Frönsk útgáfa „Sköpunarsögunnar“ hafði sterk áhrif á 18 ára pilt sem hét Charles Rohner. „Hún var sýnd í bænum mínum, Colmar í Alsace í Frakklandi,“ segir hann. „Ég hreifst af því alveg frá upphafi hve sannleikur Biblíunnar var settur fram á skýran hátt.“


¹² Charles lét skírast í framhaldi af þessu og tók að þjóna í fullu starfi árið 1922. Eitt fyrsta verkefni hans var að aðstoða við að sýna „Sköpunarsöguna“ í Frakklandi. Hann lýsir hlutverki sínu þannig: „Ég fékk nokkur verkefni: að spila á fiðlu, sjá um bókhaldið og sjá um ritin. Ég var líka beðinn að þagga niður í áhorfendum áður en sýningin hófst. Við buðum gestum rit í hléunum. Salnum var skipt niður milli nokkurra bræðra og systra. Þau voru með fangið fullt af ritum og töluðu við alla í sínum hluta salarins. Auk þess stóðu borð full af ritum við innganginn að salnum.“ Árið 1925 var Charles boðið að starfa á Betel

9. Hvers vegna var eytt svona miklum tíma og fjármunum í að gera „Sköpunarsöguna í myndum“?

10. Hve víða var „Sköpunarsagan í myndum“ sýnd?

11, 12. Hvaða áhrif hafði „Sköpunarsagan“ á ungan mann og hvernig getum við tekið hann okkur til fyrirmyndar?

Húsfyllir var alls staðar þar sem „Sköpunarsagan“ var sýnd árið 1914.



13, 14. Hvernig var útvarp notað til að útbreiða fagnaðarerið? (Sjá einnig greinarnar „Þættir á útvarpsstöðinni WBBR“ og „Þýðingarmikið mót“.)

15, 16. (a) Hvernig brugðust prestar í Kanada við útsendingum okkar í útvarpi? (b) Hvernig studdu fyrirlestrar í útvarpi við boðun hús úr húsi og öfugt?

Talið er að 50.000 manns hafi heyrt ræðuna „Milljónir núlifandi manna munu aldrei deyja“ þegar henni var útvarpað árið 1922.

í Brooklyn í New York. Þar fékk hann það verkefni að stjórna hljómsveit útvarpsstöðvarinnar WBBR sem var þá nýlega tekin til starfa. Eftir að hafa rennt yfir sögu Charles Rohners getum við spurt okkur hvort við séum fús til að taka að okkur hvaða verkefni sem er til að útbreiða boðskapinn um ríkið. – **Lestu Jesaja 6:8.**

13 Útvarp. Á þriðja áratugnum fækkaði sýningum á „Sköpunarsögunni“ en útvarpið tók við sem áhrifaríkur miðill til að útbreiða fagnaðarerið um ríkið. Hinn 16. apríl 1922 flutti bróðir Rutherford fyrstu útvarpsræðuna sem send var út frá Metropolitan-óperuhúsinu í Philadelphiu í Pennsylvaníu. Talið er að 50.000 manns hafi þá heyrt ræðuna „Milljónir núlifandi manna munu aldrei deyja“. Árið 1923 var útvarpað frá móti í fyrsta sinn. Þeir sem fóru með forystuna komust að þeirri niðurstöðu að það væri skynsamlegt að reisa eigin útvarpsstöð, auk þess að nota almennar útvarpsstöðvar, og hún var reist á Staten Island í New York og fékk skráningarheitið WBBR. Útsendingar hófust 24. febrúar 1924.

14 Í Varðturninum 1. desember 1924 stóð eftirfarandi um markmiðið með útvarpsstöðinni WBBR: „Við teljum að útvarpið sé hagkvæmasta og áhrifaríkasta leiðin sem við höfum notað fram til þessa til að útbreiða boðskap sannleikans.“ Síðan sagði: „Ef Drottinn vill að reistar séu fleiri stöðvar til að útbreiða sannleikann finnur hann leiðir til að fjármagna það.“ (Sálm. 127:1) Árið 1926 áttu þjórnar Guðs sex útvarpsstöðvar. Tvær voru í Bandaríkjunum, WBBR í New York og WORD í grennd við Chicago. Hinar fjórar voru í Alberta, Bresku-Kólumbíu, Ontario og Saskatchewan í Kanada.

15 Það fór ekki hjá því að prestar kristna heimsins veittu athygli hve víða sannleikur Biblíunnar barst með útvarpinu. Albert Hoffmann þekkti til þess hvernig útvarpsstöðin í Saskatchewan var starfrækt. Hann segir: „Sífelld fleiri vissu af Biblíunemendum [eins og Vottar Jehóva voru kallaðir á þeim tíma]. Útvarpið reyndist frábær leið til að boða fagnaðarerið fram til 1928 en þá létu yfirvöld undan þrýstingi presta og allar stöðvarnar, sem Biblíunemendurnir ráku í Kanada, misstu leyfið.“

16 Þótt útvarpsstöðvum okkar í Kanada væri lokað var haldið áfram að útvarpa biblíutengdum fyrirlestrum á almennum stöðvum. (Matt. 10:23) Til að þessir dagskrárliðir skiluðu sem bestum árangri var birt í *Varðturninum* og *The Golden Age* (sem nú kallast *Vaknið!*) skrá um stöðvar

ÞÆTTIR Á ÚTVARPSSTÖÐINNI WBBR

Á WBBR var útvarpað biblíutengdum fyrirlesturum og tónlist. Ýmsir þættir voru einnig á dagskrá, svo sem „Horft á heiminn“ en þar voru sagðar fréttir sem bræður höfðu safnað frá alþjóðlegum fréttaveitum. Einn þátturinn nefndist „Ungur boðberi segir frá“. Annar hét „Biblíunámsstund heimilisins“. Þar var sviðsett

biblíunám sem fjölskyldur gátu haft til fyrirmyndar. Einnig voru flutt biblíuleikrit og sviðsett voru nýleg réttarhöld þar sem þjónar Jehóva höfðu komið við sögu. Í þessum þáttum var afhjúpuð andstaða presta gegn okkur og sviðsljósinu beint að fordómafullum dómurum.



ÞÝÐINGARMÍKIÐ MÓT

ÁRIÐ 1931 átti sér stað víðtækasta útsending í útvarpi fram að þeim tíma. Dagskrá mótsins, sem haldið var í Columbus í Ohio í Bandaríkjunum dagana 24.-30. júlí, var að hluta til send

út á meira en 450 samtengdum útvarpsstöðvum í Ástralíu, Bandaríkjunum, Evrópu og Kanada. Á þessu móti tókum við okkur nafnið Vottar Jehóva.

17, 18. Hvaða hlutverki gegndi útvarpið áfram þó að aðstæður breyttust?

19, 20. Hvers vegna starfrækja þjónar Jehóva vefsetrið jw.org og hverju hefur það skilað? (Sjá einnig yfirlitið „JW.ORG“.)

sem útvörpuðu sannleika Biblíunnar. Boðberar gátu síðan hvatt fólk til að hlusta á fyrirlestrana þegar þeir störfuðu hús úr húsi. Áhrifunum var lýst í janúar 1931 í *Bulletin*: „Útvarpið hefur haft mjög jákvæð áhrif á starf bræðra og systra hús úr húsi. Margir hafa látið skrifstofuna vita að fólk hafi hlustað á ræður bróður Rutherford's í útvarpi og verið mjög fúst til að þiggja bækur þegar þær voru boðnar.“ *Bulletin* talaði um að útsendingar í útvarpi og boðun hús úr húsi væru „tvær helstu boðunaraðferðir safnaðar Drottins“.

17 Á fjórða áratugnum jókst andstaðan gegn því að efni frá okkur væri útvarpað á almennum útvarpsstöðvum. Þjónar Jehóva löguðu sig að breyttum aðstæðum síðla árs 1937. Þeir hættu að kaupa útsendingartíma hjá almennum útvarpsstöðvum og beindu kröftum sínum í enn ríkari mæli að því að boða sannleikann hús úr húsi.^[1] Útvarpið gegndi þó áfram mikilvægu hlutverki við að útbreiða boðskapinn um ríkið sums staðar á strjálbýlum svæðum eða stöðum sem voru einangraðir af pólitískum orsökum. Til dæmis var biblíutengdum fyrirlestrum útvarpað að staðaldri frá Vestur-Berlín í Þýskalandi á árabílinu 1951 til 1991. Það var gert til að boðskapurinn um ríkið næði til hluta Austur-Þýskalands sem þá var. Árið 1961 var byrjað að útvarpa biblíutengdu efni í vikulegum 15 mínútna þætti á almennri útvarpsstöð í Súrínam í Suður-Ameríku. Þessi þáttur var sendur út í meira en þrjá áratugi. Frá 1969 til 1977 framleiddi söfnuðurinn meira en 350 útvarpsþætti í þáttaröð sem nefndist „Ritningin er nytsöm“. Þættirnir voru sendir út á 291 útvarpsstöð í 48 ríkjum Bandaríkjanna. Árið 1996 flutti útvarpsstöð í Apía, höfuðborg Samóa á Suður-Kyrrahafi, vikulegan þátt sem hét „Svör við biblíuspurningum“.

18 Undir lok 20. aldar var nánast hætt að nota útvarpið til að útbreiða fagnaðarerindið. En önnur tækni var komin til skjalanna sem gerði þjónum Guðs kleift að ná til fleiri en nokkru sinni fyrr.

19 **Netið.** Árið 2013 voru meira en 2,7 milljarðar manna tengdir Netinu. Þetta eru næstum 40 prósent jarðarbúa. Sumir áætla að um tveir milljarðar manna hafi netaðgang í handbærum tækjum eins og snjallsímum og spjaldtölvum. Talan hækkar jafnt og þétt, en vöxturinn er hraðastur í Afríku. Þar eru meira en 90 milljónir manna með þráðlausa netáskrift. Þessi þróun hefur gerbreytt því hvernig margir sækja sér upplýsingar.

NEÐANMÁLSGREIN

[1] Árið 1957 ákváðu forystumenn safnaðarinnar að loka síðustu útvarpsstöðinni okkar, WBBR í New York.




NIÐURHAL Á HVERJUM MÁNUÐI:

Um 3 milljónir
myndskeiða,
3 milljónir bóka,
4 milljónir tímarita
og 22 milljónir
hljóðskráa.

Allar tölur eru
frá 2013.

HEIMSÓKNIR:

Vefsetrið jw.org
fær um 750.000
heimsóknir á dag.



TUNGUMÁL:

Hægt er að vafra um
vefsvæðið á meira en
300 tungumálum.

RIT:

Hægt er að sækja rit
á meira en 520
tungumálum.

NOKKRAR AÐFERÐIR TIL AÐ NÁ TIL FJÖLDANS



1914
„Sköpunarsagan
í myndum“^[2]



1933
Hátalarabílar



1954
Kvikmyndir

1997
Netið



1900

1910

1920

1930

1940

1950

1960

1970

1980

1990

2000

2010

(Ártalið gefur til kynna hvenær byrjað var að nota ákveðna aðferð.)

1903
Prédikanir í
dagblöðum



1922
Útvarp



1936
Kynningar-
spjöld



1990
Myndbönd



2011
Starf í stór-
borgum

21. Hvað finnst þér at-
hyglisvert við frásöguna
af Sina?

22, 23. (a) Margar leiðir
hafa verið farnar til að ná
til fjöldans. Hefur eitthvað
komið í staðinn fyrir boð-
unina hús úr húsi?
(b) Hvernig hefur konung-
urinn blessað starf okkar?

20 Þjónar Jehóva tóku að notfæra sér þessa tækni árið 1997 til að ná til fjöldans. Árið 2013 var vefsetrið jw.org opið á um það bil 300 tungumálum og hægt var að sækja þangað biblíutengt efni á meira en 520 tungumálum. Daglega heimsækja um 750.000 manns vefsetrið. Auk þess að horfa á myndskreið sækir fólk meira en 3 milljónir bóka, 4 milljónir tímarita og 22 milljónir hljóðskráa á hverjum mánuði.

21 Vefurinn er orðin áhrifarík leið til að útbreiða fagnaðarerindið um ríkið, jafnvel í löndum þar sem hömlur eru lagðar á boðunina. Nefnum eitt dæmi. Snemma árs 2013 fann maður að nafni Sina vefsetrið jw.org. Hann hringdi til aðalstöðvanna í Bandaríkjunum og óskaði eftir nánari upplýsingum um Biblíuna. Hvað var sérstakt við þetta símtal? Sina er múslími að ætt og uppruna og býr í afskekktu þorpi í landi þar sem starf votta Jehóva sætir verulegum hömlum. Í framhaldi af símtalinu voru gerðar ráðstafanir til að aðstoða Sina við biblíunám. Það er vottur í Bandaríkjunum sem aðstoðar hann tvisvar í viku og þeir nota vefmyndavélar til að tala saman.

Við kennum einstaklingum

22 Þótt dagblöð, „Sköpunarsagan“, útvarpið og Netið hafi reynst vel til að ná til fjöldans var aldrei ætlunin að þessar aðferðir kæmu í staðinn fyrir boðunina hús úr húsi. Hvers vegna? Vegna þess að þjónar Jehóva taka Jesú sér til fyrirmyndar. Hann flutti ekki aðeins ræður þegar mann-

fjöldi safnaðist saman heldur einbeitti sér að því að hjálpa einstaklingum. (Lúk. 19:1-5) Hann kenndi líka lærisveinum sínum að gera slíkt hið sama og sagði þeim hvaða boðskap þeir ættu að boða. **(Lestu Lúkas 10:1, 8-11.)** Eins og rætt var í 6. kafla hafa forystumenn safnaðarins alltaf hvatt þjóna Jehóva til að tala við fólk augliti til auglitis. – Post. 5:42; 20:20.

23 Hundrað árum eftir að ríki Guðs var stofnsett taka meira en 7,9 milljónir manna virkan þátt í að fræða fólk um fyrirætlun Guðs. Konungurinn hefur tvímælalaust blessað þær aðferðir sem við höfum notað til að kunngera ríkið. Eins og fram kemur í næsta kafla hefur hann einnig séð okkur fyrir þeim hjálpargögnum sem við þurfum á að halda til að flytja öllum þjóðum, ættflokkum og tungum fagnaðarerindið. – Opinb. 14:6.

Hve raunverulegt er ríki Guðs í þínum augum?

- Þjónar Guðs hafa notað dagblöð, myndasýningar, útvarp og Netið til að flytja fagnaðarerindið. Hvernig sannar það fyrir þér að ríki Guðs sé raunverulegt?
- Hvers vegna leggjum við áherslu á að boða fagnaðarerindið hús úr húsi?

NEÐANMÁLSGREIN

[2] Kvikmyndir voru hluti af „Sköpunarsögunni í myndum“.

8

Hjálpargögn við boðunina

Rit gefin út til að nota um allan heim

Í ÞESSUM KAFLA

Jehóva sér okkur fyrir hjálpargögnum svo að við getum kennt einstaklingum af öllum þjóðum, ættflokkum og tungum.

1, 2. (a) Hvað stuðlaði að því að fagnaðarerindið breiddist út um Rómaveldi á fyrstu öld? (b) Hvernig sjáum við að Jehóva styður boðunina á okkar tímum? (Sjá greinina „Fagnaðarerindi á meira en 670 tungumálum“.)

3. Hvers vegna notum við ýmiss konar hjálpargögn við boðunina?

NEÐANMÁLSGREIN

[1] Á síðasta áratug prentuðu þjónar Jehóva yfir 20 milljarða biblíutengdra rita. Meira en 2,7 milljarðar manna um heim allan hafa auk þess aðgang að Netinu og þar með að vefsetri okkar, jw.org.

AÐKOMUFÓLK í Jerúsalem trúði varla eigin eyrum. Galíleumenn töluðu reiprennandi erlend tungumál og boðskapurinn, sem þeir fluttu, hreif hugi áheyrenda. Þetta var á hvítasunnu árið 33 og lærisveinarnir höfðu vegna kraftaverks fengið þann hæfileika að geta talað ýmis erlend tungumál. Það var ótvíræð sönnun þess að Guð stóð með þeim. **(Lestu Postulasöguna 2:1-8, 12, 15-17.)** Fagnaðarerindið, sem þeir boðuðu þennan dag, náði til fólks af alls konar uppruna og breiddist síðan út um Rómaveldi. – Kól. 1:23.

² Þjónar Guðs nú á tímum tala ekki erlend tungumál fyrir eitthvert kraftaverk. Þeir þýða hins vegar rit sín á meira en 670 tungumál og koma boðskapnum um ríkið til margfalt fleiri málhópa en var á fyrstu öld. (Post. 2:9-11) Þjónar Guðs hafa gefið út rit á svo mörgum tungumálum og í svo miklu magni að fagnaðarerindið um ríkið hefur náð til allra heimshorna.^[1] Þetta er líka ótvíræð sönnun þess að konungurinn Jesús Kristur stjórnir boðuninni eins og Jehóva fól honum. (Matt. 28:19, 20) Við skulum nú ræða um nokkur af þeim hjálpargögnum sem við höfum notað við boðunina síðastliðin 100 ár. Jafnhliða því skulum við kanna hvernig konungurinn hefur hvatt okkur jafnt og þétt til að sýna fólki áhuga og kenna orð Guðs. – 2. Tím. 2:2.

Konungurinn gerir þjónum sínum kleift að sá frækornum sannleikans

³ Jesús líkti ‚orðinu um ríkið‘ við fræ og hjörtum fólks við jarðveg. (Matt. 13:18, 19) Garðyrkjumaður notar ýmis verkfæri til að mykja jarðveginn og búa hann undir sáningu. Þjónar Jehóva hafa sömuleiðis notað margs konar verkfæri til að búa hjörtu milljóna manna undir að taka við boðskapnum um ríkið. Sum þessara verkfæra voru notuð um

FAGNAÐARERINDI Á MEIRA EN 670 TUNGUMÁLUM

ÁRIÐ 2000 samþykkti hið stjórnandi ráð að haldin yrðu námskeið handa öllum þýðendum um allan heim. Þetta voru fyrstu námskeið sinnar tegundar. Sendir voru út af örkinni 25 leiðbeinendur til að halda þriggja mánaða enskunámskeið. Námskeiðið sátu 1.944 þýðendur sem þýddu á 182 tungumál. Á námskeiðinu lærðu þýðendur hvernig þeir gætu skilið enska textann til hlítar áður en þeir byrjuðu að þýða hann. Auk þess að bæta enskuskilninginn fengu þýðendurnir kennslu í textagreiningu og lærðu að glöggva sig á þáttum eins og formgerð, blæ, stíl, markmiði og markhópi.

Hópur reyndra þýðenda var fenginn til að setja saman annað námskeið árið 2001. Þar voru kenndar ákveðnar þýðingaraðferðir. Öll þýðendateymi um heim allan hafa nú setið þetta námskeið.

Auk þess að skipuleggja námskeið setti hið stjórnandi ráð á fót stoðdeild til að aðstoða þýðendur. Þegar teymi þýðenda vantar aðstoð við að skilja frumtextann eða veit ekki með vissu hvaða þýðingaraðferð eigi að beita í ákveðnu tilfalli getur teymið sent spurningu í rafrænu formi til þessarar deildar. Ef spurningin varðar efnismeðferðina hefur stoðdeildin samband við aðalritstjóra viðkomandi rits.

Eftir að spurningunni hefur verið svarað hafa öll teymi, sem eru að þýða sama rit, aðgang að svarinu, ekki aðeins teymið sem sendi spurninguna. Svárið er geymt í gagnagrunni sem allir þýðendur hafa greiðan aðgang að. Þá geta öll teymi, sem eiga við svipaðan vanda að glíma, notfært sér leiðbeiningarnar sem gefnar hafa verið.

Hvaða gagn hafa þýðendur haft af þessum námskeiðum og leiðbeiningum? Einn þeirra segir: „Kennslan, sem við höfum fengið, gefur okkur svigrúm til að kanna ýmsar leiðir til að þýða textann en setur okkur jafnframt skynsamleg mörk þannig að við förum ekki með hann eins og við séum höfundar hans. Núna erum við eins og vel búnir landkönnuðir sem eru tilbúnir til að takast á við nýjar áskoranir á hverjum degi. Við vitum vel hvert við erum að fara, hvaða ólíku leiðir er hægt að velja og hvenær við eigum að stoppa.“

Árið 2013 störfuðu yfir 2.700 þýðendur á rúmlega 190 stöðum til að stuðla að útbreiðslu fagnaðarerindisins á meira en 670 tungumálum. Þessi einstaka starfsemi væri ekki gerleg nema vegna þess að konungurinn Jesús Kristur stendur að baki henni. – Matt. 28:19, 20; Opinb. 14:6.

Teymi þýðenda á Austur-Tímor.





Grammófónar og hljóðbúnaður framleiddur á verkstæði í Toronto í Kanada.

4, 5. Hvernig notuðu boðberar hljómplötur en hvað varð út undan?

Árið 1940 var hægt að fá rúmlega 90 ræður á hljómplötum og meira en milljón plötur höfðu verið framleiddar.



skamman tíma. Önnur hafa verið notuð lengi með góðum árangri, meðal annars bækur og tímarit. Í síðasta kafla ræddum við um aðferðir sem hafa verið notaðar til að ná til fjöldans. Ólíkt þeim flestum hafa öll þau hjálpargögn, sem rætt er um í þessum kafla, auðveldað boðberum fagnaðarerindisins að hafa samband við fólk augliti til auglitis. – Post. 5:42; 17:2, 3.

4 Ræður á hljómplötum. Á fjórða áratug síðustu aldar og fram á þann fimmta fóru boðberar um með grammófóna og spiluðu biblíutengdar ræður fyrir fólk. Ræðurnar voru innan við fimm mínútna langar. Plöturnar hétu sumar stuttum nöfnum eins og „Þrenning“, „Hreinsunareldur“ eða „Ríki Guðs“. Hvernig voru þær notaðar? Bróðir Clayton Woodworth, Jr. lét skírast í Bandaríkjunum árið 1930. Hann segir: „Ég var með lítinn upptrekkta grammófón í tösku. Hann var með armi sem ég þurfti að stilla á nákvæmlega réttan stað á brún plötunnar til að ræðan skilaði sér. Ég gekk að húsinu, opnaði töskuna, stillti arminn af og hringdi svo dyrabjöllunni. Þegar húsráðandinn kom til dyra sagði ég: „Ég er með mikilvægan boðskap sem mig langar að þú heyrir.“ Hver voru viðbrögðin? „Margir tóku þessu vel en sumir lokuðu bara dyrunum,“ segir Woodworth. „Stöku sinnum hélt fólk að ég væri að selja grammófóna.“

5 Árið 1940 var hægt að fá rúmlega 90 ræður á hljómplötum og meira en milljón plötur höfðu verið framleiddar. John E. Barr, sem síðar sat í hinu stjórnandi ráði, var brautryðjandi í Bretlandi á þeim tíma. Hann sagði: „Á árun-

um 1936 til 1945 var grammófóinninn eins og tryggur félagi minn. Ég var jafnvel öruggur ef ég hafði hann ekki meðferðis. Það var ákaflega hvetjandi að heyra rödd bróður Rutherford's þegar maður stóð við dyrnar. Það var eins og hann stæði við hlið manns. En auðvitað varð kennslan út undan þegar grammófóinninn var notaður. Maður reyndi ekki eins að ná til hjartans hjá fólki.“


6 Boðunarspjöld. Árið 1933 var farið að hvetja boðbera til að nota boðunarspjöld þegar þeir störfuðu hús úr húsi. Spjöldin voru um 8 sinnum 13 sentimetrar að stærð. Á þeim var stutt kynning ásamt lýsingu á biblíutengdu lesefni sem húsráðandi gat fengið. Boðberinn rétti húsráðanda spjald-ið og bað hann að lesa það. „Mér fannst gott að nota boðunarspjöldin,“ sagði Lilian Kammerud en hún var síðar trúboði í Púertó Ríkó og Argentínu. Hvers vegna tók hún þeim fagnandi? „Við kunnum ekki öll að fara með góða kynningu þannig að spjöldin hjálpuðu mér að venjast því að heim-sækja fólk,“ segir hún.

7 David Reusch, sem lét skírast árið 1918, sagði: „Boðunarspjöldin hjálpuðu bræðrum og systurum því að mjög fáum fannst þeir geta komið fyrir sig orði.“ En spjöldin höfðu sín takmörk. „Stundum hittum við fólk sem hélt að við gætum ekki talað,“ segir bróðir Reusch. „Í vissum skilningi voru mörg okkar ekki fær um að tala. En Jehóva var að búa okkur undir að koma að máli við fólk sem boðberar sínir. Bráðlega gaf hann okkur málið með því að kenna okkur að nota Biblíuna við dyrnar. Þar kom Boðunarskólinn til skjalanna en hann tók til starfa upp úr 1940.“ – **Lestu Jeremía 1:6-9.**

8 Bækur. Frá 1914 hafa þjónar Jehóva gefið út meira en 100 bækur sem fjalla um biblíutengd málefni. Sumar bækurnar voru samdar sérstaklega til að kenna boðberum að koma boðskapnum á framfæri á áhrifaríkan hátt. Anna Larsen býr í Danmörku og hefur verið boðberi í hér um bil 70 ár. Hún segir: „Jehóva notaði Boðunarskólann og tengdar bækur, sem við fengum, til að gera okkur að betri boðberum. Ég man eftir að fyrsta bókin var *Theocratic Aid to Kingdom Publishers* sem kom út árið 1945. Síðan kom bókin „*Equipped for Every Good Work*“ en hún var gefin út árið 1946. Núna höfum við bókina *Aflaðu þér menntunar í Boðunarskólanum* sem við fengum árið 2001.“ Boðunarskólinn og bækur tengdar honum hafa átt ríkan þátt í að gera okkur hæf til að vera boðberar fagnaðarerindisins. (2. Kor. 3:5, 6) Hefurðu skráð þig í Boðunarskólann? Tekurðu *Boðunarskólabókina* með þér á samkomu í hverri viku og fylgist með í henni

6, 7. (a) Hvaða kostir og ókostir fylgdu boðunarspjöldunum? (b) Í hvaða skilningi ,gaf Jehóva okkur málið“?

8. Hvernig getum við þegið kennslu hjá Jesú Kristi?



Boðunarspjald
(á ítölsku).

9, 10. Hvernig hafa bækur verið góð leið til að sá frækornum sannleikans og vökva þau?

11, 12. Fyrir hverja eru tímaritin okkar hugsuð, samanber versin sem vísað er í?

þegar umsjónarmaður skólans vitnar í hana? Ef þú gerir það leyfirðu Kristi að kenna þér og verður sjálfur betri kennari. – 2. Kor. 9:6; 2. Tím. 2:15.

9 Jehóva hefur einnig aðstoðað okkur með þeim hætti að söfnuðurinn hefur gefið út bækur til að auðvelda okkur að skýra aðalkenningar Biblíunnar. Bókin *Sannleikurinn sem leiðir til eilífs lífs* var sérstaklega öflugt hjálpargagn. Hún kom út árið 1968 og áhrifin létu ekki á sér standa. Í *Ríkisþjónustu okkar* í nóvember 1968 stóð: „Eftirspurnin eftir *Sannleiksbókinni* hefur verið svo mikil að í september var bætt við næturvöktum í prentsmiðju Félagsins í Brooklyn.“ Síðan sagði í greininni: „Í ágúst fór eftirspurnin einni og hálfri milljón eintaka fram úr því sem hægt var að afgreiða.“ Árið 1982 var búið að prenta meira en 100 milljónir eintaka af *Sannleiksbókinni* á 116 tungumálum. Á 14 ára tímabili, frá 1968 til 1982, átti þessi bók sinn þátt í því að boðberum fjölgaði um meira en milljón.^[2]

10 Árið 2005 kom út frábær kennslubók sem nefnist *Hvað kennir Biblían?* Prentaðar hafa verið um 200 milljónir eintaka á 256 tungumálum. Hvaða áhrif hefur þessi bók haft? Á aðeins sjö árum, frá 2005 til 2012, hefur boðberum fagnaðarerindisins fjölgað um 1,2 milljónir. Á sama tímabili hefur þeim sem þiggja aðstoð okkar við biblíunám fjölgað úr 6 milljónum í rúmlega 8,7 milljónir. Það leikur enginn vafi á því að Jehóva blessar okkur þegar við sáum frækornum sannleikans um ríki Guðs og vökvum þau. – **Lestu 1. Korintubréf 3:6, 7.**

11 **Tímarit.** Upphaflega var *Varðturninn* fyrst og fremst ætlaður ‚litlu hjörðinni‘ sem hafði ‚köllun til himinsins‘. (Lúk. 12:32; Hebr. 3:1) Hinn 1. október 1919 hleypti söfnuður Jehóva af stokkunum öðru tímariti en því var ætlað að höfða til almennings. Þetta blað varð svo vinsælt meðal Biblíunemendanna og almennings að það var árum saman prentað í miklu stærra upplagi en *Varðturninn*. Það var fyrst kallað *The Golden Age*. Árið 1937 var nafninu breytt í *Conso-lation* en síðan 1946 hefur það heitið *Vaknið!*

12 Útlit og brot tímaritanna *Varðturnsins* og *Vaknið!* hefur breyst með árunum en markmiðið hefur alltaf verið það sama – að kunngera ríki Guðs og styrkja trú fólks á Biblíuna. *Varðturninn* kemur nú út í tveim útgáfum, námsútgáfu og almennri útgáfu. Námsútgáfan er ætluð ‚hjúunum‘, það er að segja bæði ‚litlu hjörðinni‘ og ‚öðrum sauðum‘.^[3] (Matt. 24:45; Jóh. 10:16) Almenna útgáfan er samin sérstaklega handa þeim sem þekka ekki sannleikann en bera virðingu fyrir Biblíunni og Guði. (Post. 13:16) *Vaknið!* beinir

NEÐANMÁLSGREINAR

[2] Af öðrum námsbókum, sem hafa hjálpað boðberum að kenna fólki sannleika Biblíunnar, má nefna bækurnar *Harpa Guðs* (gefin út 1921), „*Guð skal reynast sannorður*“ (gefin út 1946), *Þú getur lifað að eilífu í paradís á jörð* (gefin út 1982) og *Þekking sem leiðir til eilífs lífs* (gefin út 1995).

[3] Sjá *Varðturninn* 15. júlí 2013, bls. 23, grein 13, en þar er rætt hver ‚hjúúin‘ eru samkvæmt núverandi skilningi okkar.

HEIMSINS ÚTBREIDDUSTU RIT

HEILDARFJÖLDI ÚTGEFINNA BÓKA

Biblían

Yfir 5 milljarðar

Allar þýðingar Biblíunnar
(í heild eða að hluta) samanlagðar^[1]

King James Version^[2]

New International Version^[3]

Yfir 400 milljónir

New World Translation^[4]

Yfir 201 milljón

Aðrar bækur

Kaflar úr ritum eftir Maó Tse-Tung^[1]

Áætlað meira en
1 milljarður

Hvað kennir Biblían?^[4]

Yfir 201 milljón

FJÖLDI TUNGUMÁLA SEM TEXTI ER ÞÝDDUR Á

Hlustaðu á Guð og lifðu að eilífu^[4]

477

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna^[5]

413

Enjoy Life on Earth Forever!^[4]

359

Viltu vita svörin?^[4] (smárit)

364

ÚTBREIDDUSTU TÍMARIT

Varðturinn^[4]

45,9 milljónir á mánuði á 212 tungumálum

Vaknið!^[4]

44,7 milljónir á mánuði á 99 tungumálum

AARP The Magazine^[6]

22 milljónir tvisvar í mánuði, aðeins á ensku

Liahona^[7]

Um 500 þúsund, kemur stundum út á næstum 50 tungumálum

[1] Heimild: Guinness World Records.

[2] Heimild: King James Bible Trust.

[3] Heimild: Biblica Fact Sheet.

[4] Gefið út af Vottum Jehóva, tölur frá janúar 2014.

[5] Heimild: Vefsetur mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, október 2013.

[6] Heimild: AARP.

[7] Gefið út af mormónum.

13. Hvað finnst þér einstakt við útgáfu tímaritanna okkar? (Sjá einnig yfirlitið „Heimsins útbreiddustu rit“.)

14. Fyrir hverju höfum við beitt okkur af kappi og hvers vegna?

15, 16. (a) Hvað hefur *Nýheimsþýðingin* til að bera sem þú kannt að meta? (Sjá greinina „Þýðingu Biblíunnar hraðað“.)
(b) Hvernig geturðu leyft Jehóva að snerta hjarta þitt?

máli sínu til þeirra sem vita lítið um Biblíuna og Jehóva, hinn sanna Guð. – Post. 17:22, 23.

13 Í ársbyrjun 2014 voru prentaðar meira en 44 milljónir eintaka af *Vaknið!* og um 46 milljónir eintaka af *Varðturninum* á mánuði. *Vaknið!* var þá þýtt á hér um bil 100 tungumál og *Varðturninn* á meira en 200. Þau eru útbreiddustu tímarit í heimi og engin tímarit eru þýdd á jafn mörg tungumál. Þótt það sé í sjálfu sér heilmikið afrek ætti það ekki að koma okkur á óvart. Þessi tímarit hafa að geyma þann boðskap sem Jesús sagði að yrði boðaður um allan heim. – Matt. 24:14.

14 **Biblían.** Árið 1896 breyttu bróðir Russell og samstarfsmenn hans nafni útgáfufélagsins sem þeir ráku til að gefa út biblíutengd rit. Þeir bættu við orðinu Biblía, og félagið hét þá Biblíu- og smáritafélagið Varðturninn. Þetta var eðlileg breyting vegna þess að Biblían hefur alltaf verið helsta verkfærið til að útbreiða fagnaðarerindið um ríkið. (Lúk. 24:27) Í samræmi við heiti útgáfufélagsins hafa þjónar Guðs beitt sér mjög fyrir útbreiðslu Biblíunnar og biblíulestri. Sem dæmi má nefna að árið 1926 prentuðum við með okkar eigin prentvélum *The Emphatic Diaglott* sem er þýðing Benjamins Wilsons á Grísku ritningunum. Árið 1942 tókum við að prenta *King James*-biblíuna og dreifðum um 700.000 eintökum af henni. Aðeins tveim árum síðar tókum við að prenta *American Standard Version* en nafnið Jehóva stendur 6.823 sinnum í henni. Árið 1950 vorum við búin að dreifa meira en 250.000 eintökum.

15 *Nýheimsþýðing Grísku ritninganna* var gefin út árið 1950. *Nýheimsþýðing heilagrar ritningar* í heild sinni kom út í einu bindi árið 1961. Í þessari þýðingu er Jehóva sýndur sá heiddur að nafn hans stendur alls staðar þar sem það er að finna í hebreska frumtextanum. Nafn Guðs stendur einnig 237 sinnum í meginmáli Grísku ritninganna í *Nýheimsþýðingunni*. Hún hefur verið endurskoðuð nokkrum sinnum, síðast árið 2013, til að tryggja að hún sé eins nákvæm og auðlesin og hægt er. Árið 2013 var búið að prenta meira en 201 milljón eintaka af *Nýheimsþýðingunni* í heild eða að hluta á 121 tungumáli.

16 Hvernig bregðast margir við þegar þeir lesa *Nýheimsþýðinguna* á móðurmáli sínu? Nepalskur maður segir: „Margir áttu erfitt með að skilja gömlu nepölsku þýðinguna sem við höfðum, vegna þess að hún er á forneskjulegu máli. En nú getum við skilið Biblíuna miklu betur af því að hún er þýdd á daglegt mál.“ Kona í Mið-Afríkulyðveldinu brast í grát þegar hún fór að lesa þýðinguna á sangó. „Þetta er málið sem

ÞÝÐINGU BIBLÍUNNAR HRAÐAÐ


ÁRIÐ 1989 hafði *Nýheimsþýðingin* verið gefin út í heild eða að hluta á 11 tungumálum. Mikil þörf var á að þýða hana á fleiri tungumál. Til að fullnægja þessari þörf lét ritnefnd hins stjórnandi ráðs halda námskeið fyrir biblíuþýðendur til að auðvelda þeim að nálgast verkið á kerfisbundinn og skilvirkan hátt. Á MEPS-forritunar-deildinni var hannaður hugbúnaður fyrir biblíuþýðingar sem nefndur var Bible Translation System.^[4] Hugbúnaðurinn þýðir ekki biblíutextann en auðveldar þýðendum að skipuleggja störf sín og veitir þeim þægilegan aðgang að handbókum og heimildum. Reyndir þýðendur, leiðbeinendur og annað starfsfólk hefur lagt hart að sér til að þýða Biblíuna á hvert tungumálið á fætur öðru.

Fyrir vikið var *Nýheimsþýðingin* komin út á meira en 50 tungumálum árið 2004. Aðeins níu árum síðar, árið 2013, var hún komin út á 121 tungumáli, og unnið er að þýðingum á fleiri mál.

NEÐANMÁLSGREIN

[4] Bible Translation System er nú hluti af öðrum hugbúnaði sem kallast Watchtower Translation System. Þúsundir þýðenda um allan heim nota þennan hugbúnað til að þýða ritin okkar.

ÞÝÐING BIBLÍUNNAR



17. Hvernig geturðu sýnt að þú sért þakklátur fyrir hjálpargögnin og kennsluna sem þú færð, og hvaða áhrif hefur það?

18. Hvaða heiðurs njótum við?

snertir hjarta mitt," sagði hún. Líkt og þessi kona getum við öll leyft Jehóva að snerta hjarta okkar með því að lesa orð hans daglega. – Sálm. 1:2; Matt. 22:36, 37.

Þakklát fyrir hjálpargögn og kennslu

17 Ertu þakklátur fyrir hjálpargögnin og kennsluna sem konungurinn Jesús Kristur hefur veitt okkur jafnt og þétt? Gefurðu þér tíma til að lesa ritin sem söfnuður Guðs gefur út og notarðu þau til að hjálpa öðrum? Þá geturðu sett þig í spor systur Opal Betler sem lét skírast 4. október 1914. Hún sagði: „Við Edward [eiginmaður hennar] notuðum grammófóna og boðunarspjöld. Við vitnuðum hús úr húsi með hjálp bóka, bæklinga og tímarita. Við tókum þátt í boðunarherferðum, gengum með upplýsingaskilti og dreifðum yfirlýsingum á prenti. Síðar var okkur kennt að fara í endurheimsóknir og halda biblíunámskeið heima hjá þeim sem sýndu áhuga. Við höfum verið önnum kafin og átt ánægjulega ævi.“ Jesús lofaði að þegnar sínir myndu hafa nóg fyrir stafni. Þeir myndu sá, uppskera og eiga ánægjulega daga. Milljónir manna þekkja það af eigin reynslu og geta tekið undir með systur Opal. – **Lestu Jóhannes 4:35, 36.**

18 Margir sem eru ekki enn farnir að þjóna konunginum Kristi hugsa ef til vill sem svo að þjónar Guðs séu nú „ekki lærðir, heldur óbrottnir alþýðumenn“. (Post. 4:13) En hugsaðu þér. Konungurinn hefur gert þessa óbrottnu alþýðumenn að öflugum útgefendum. Þeir gefa út sum af útbreiddustu ritum í sögu mannkyns og þau sem eru þýdd á flest tungumál. En það er ekki síður mikilvægt að hann hefur kennt okkur og hvatt til að nota þessi hjálpargögn við að útbreiða fagnaðarerindið meðal allra þjóða. Það er ólýsanlegur heiður að mega vinna með Kristi að því að sá frækornum sannleikans og eiga þátt í uppskerunni í mynd nýrra lærisveina.

Hve raunverulegt er ríki Guðs í þínum augum?

- Hvernig er þýðingarstarfsemi okkar sönnun þess að konungurinn styðji okkur?
- Hvaða staðreyndir varðandi ritin okkar sanna fyrir þér að ríki Guðs sé raunverulegt?
- Hvernig geturðu sýnt að þú sért þakklátur fyrir hjálpargögnin sem konungurinn lætur í té?

Árangur boðunarinnar

Akrarnir eru „fullþroskaðir til uppskeru“

9

LÆRISVEINARNIR eru ekki alveg með á nótunum. Jesús er rétt búinn að segja við þá: „Lítið upp og horfið á akrana, þeir eru fullþroskaðir til uppskeru.“ Þeir horfa í áttina sem hann bendir en sjá aðeins græna akra með nýsprötnu bygg. „Hvaða uppskeru?“ hugsa þeir sennilega. „Það eru nokkrir mánuðir fram að uppskerunni.“ – Jóh. 4:35.

² En Jesús er ekki að tala um bókstaflega uppskeru. Hann er að kenna lærisveinunum tvö mikilvæg atriði varðandi táknræna uppskeru – það er að segja uppskeru af fólki. Hvað vill hann kenna þeim? Við skulum skoða frágönguna nánar til að leita svars við því.

Hvatning til starfa og loford um fögnuð

³ Það var undir lok ársins 30 sem Jesús átti þetta samtal við lærisveina sína í grennd við borgina Síkar í Samaríu. Lærisveinarnir höfðu haldið inn í borgina en Jesús orðið eftir við brunn þar sem hann ræddi um andleg sannindi við konu nokkra. Konan var fljót að átta sig á gildi þess sem hann kenndi henni. Þegar lærisveinarnir komu aftur flýtti konan sér til Síkar til að segja nágrönnum sínum frá þeim merkilegu sannindum sem hún hafði lært. Áhugi þeirra vaknaði og margir þeirra flýttu sér til fundar við Jesús við brunninn. Það var hugsanlega þá, þegar Jesús horfði yfir akrana og sá hóp Samverja nálgast, sem hann sagði: „Lítið upp og horfið á akrana, þeir eru fullþroskaðir til uppskeru.“^[1] Til að skýra fyrir lærisveinunum að hann væri ekki að tala um uppskeru í bókstaflegri merkingu bætti hann við: „Sá sem upp sker ... safnar ávexti til eilífs lífs.“ – Jóh. 4:5-30, 36.

⁴ Hvaða tvö mikilvægu atriði varðandi hina táknræna uppskeru kenndi Jesús lærisveinunum? Í fyrsta lagi að **það lægi mikið á**. Þegar hann sagði að „akrarnir væru fullþroskaðir til uppskeru“ var hann að hvetja fylgjendur sína til

Í ÞESSUM KAFLA

Jehóva hefur látið sáðkorn fagnaðarerindisins um ríkið vaxa.

1, 2. (a) Hvers vegna eru lærisveinarnir ekki með á nótunum? (b) Um hvers konar uppskeru er Jesús að tala?

3. (a) Hver var hugsanlega kveikjan að því að Jesús sagði að akrarnir væru „fullþroskaðir til uppskeru“? (Sjá neðanmálgrein.) (b) Hvernig skýrði Jesús orð sín?

4. (a) Hvaða tvö atriði varðandi uppskeruna kenndi Jesús lærisveinunum? (b) Hvaða spurningar verða ræddar í framhaldinu?

NEÐANMÁLSGREIN

[1] Samkvæmt frummálinu talaði Jesús um að akrarnir væru „hvítir til uppskeru“. Hugsanlegt er að Samverjarnir, sem Jesús sá nálgast, hafi klæðst hvítum skikkjum og hann hafi vísað óbeint til þess.

5. Hver fer með forystu í mesta uppskerustarfi sögunnar og hvernig ber sýn Jóhannesar með sér að mikið liggi á?

6. (a) Hvenær hófst kornskurðartíminn? (b) Hvenær hófust sjálf uppskerustörfin á jörð? Skýrðu svarið.

starfa. Til að leggja áherslu á hve verkið væri áriðandi bætti hann við: „Sá sem upp sker tekur þegar laun.“ Uppskeran var *hafin* og það mátti engan tíma missa. Í öðru lagi myndu **verkamennirnir fagna**. Þeir sem sá og þeir sem uppskera ‚samfagna‘ að sögn Jesú. (Jóh. 4:35b, 36) Jesús hlýtur að hafa fagnað þegar hann sá að „margir Samverjar ... trúðu á hann“, og lærisveinarnir myndu sömuleiðis fagna þegar þeir ynnu af heilum hug að uppskerunni. (Jóh. 4:39-42) Þessi frásaga frá fyrstu öld hefur mikla þýðingu fyrir okkur vegna þess að hún lýsir vel því sem gerist núna á mesta uppskerutíma mannkynssögunnar. Hvenær hófst uppskeran í nútímanum? Hverjir taka þátt í henni? Og hver hefur árangurinn orðið?

Konungurinn fer með forystu í mesta uppskerustarfi sögunnar

⁵ Í sýn, sem Jóhannes postuli sá, opinberar Jehóva að hann hafi falið Jesú forystuna í uppskerustarfi sem er á heimsmælikvarða. (**Lestu Opinberunarbókina 14:14-16.**) Í sýninni ber Jesús kórónu og heldur á sigð. Gullkórónan á höfði hans staðfestir að hann sé konungur. Beitta sigðin í hendi hans lýsir honum sem uppskerumanni. Engillinn segir að ‚kornið sé þroskað‘. Þannig leggur Jehóva áherslu á að **mikið liggi á**. Já, „uppskerutíminn“ er hafinn. Það má engan tíma missa. „Beittu sigð þinni,“ segir Jehóva og Jesús gerir það. Hann bregður sigðinni og sker upp á jörðinni til að safna saman fólki. Þessi hrífandi sýn minnir okkur enn og aftur á að akrarnir eru „fullþroskaðir til uppskeru“. Gerir sýnin okkur kleift að tímasetja hvenær þessi mikla uppskera hófst? Já.

⁶ Jesús ber kórónu í sýn Jóhannesar í 14. kafla Opinberunarbókarinnar (sjá 14. vers). Þegar hann hófst handa við uppskeruna var hann því búinn að taka við konungdómi en það gerðist árið 1914. (Dan. 7:13, 14) Honum er sagt að hefja uppskeruna einhvern tíma eftir það (sjá 15. vers). Jesús lýsir sömu atburðarás í dæmisögunni um hveitiuppskeruna en þar segir hann: „Kornskurðurinn er endir veraldar.“ Kornskurðartíminn og tímabilið, sem er nefnt endir veraldar, hefjast því samtímis, það er að segja árið 1914. Sjálf uppskerustörfin hefjast síðar á kornskurðartímanum. (Matt. 13:30, 39) Þegar við lítum um öxl sjáum við að uppskerustörfin hófust nokkrum árum eftir að Jesús tók völd sem konungur. Hann vann við að hreinsa andasmurða fylgjendur sína frá 1914 fram á fyrri hluta 1919. (Mal. 3:1-3; 1. Pét. 4:17) Uppskerustörfin hófust síðan á jörð árið 1919.

Án tafar fól Jesús hinum nýskipaða trúa þjóni að sjá til þess að bræður okkar og systur skildu hve áriðandi boðunin væri. Lítum nánar á málið.

7 Í júlí 1920 stóð í *Varðturninum*: „Rannsókn á Ritningunni leiðir í ljós að kirkjunni er veittur sá mikli heiður að flytja boðskap um ríki Guðs.“ Bræðurnir skildu til dæmis með hliðsjón af spádómsorðum Jesaja að það þurfti að boða fagnaðarerindið um ríkið út um allan heim. (Jes. 49:6; 52:7; 61:1-3) Þeir vissu ekki hvernig ætti að koma því til leiðar en treystu að Jehóva myndi gera þeim það kleift. **(Lestu Jesaja 59:1.)** Bræður okkar skildu nú betur hve áriðandi var að boða fagnaðarerindið og voru hvattir til að auka boðunina. Hvaða áhrif hafði það?

8 Í desember 1921 sagði í *Varðturninum*: „Þetta hefur verið besta ár í sögu okkar og fleiri hafa heyrt boðskap sannleikans árið 1921 en nokkru sinni fyrr.“ Síðan sagði: „Enn er margt ógert ... við skulum gera það með glöðu hjarta.“ Við tökum eftir að bræður okkar áttuðu sig á sömu tveim meginatriðum varðandi boðunina og Jesús sýndi postulunum fram á: Það er **áriðandi** að boða fagnaðarerindið og boðberarnir eru **gladdir**.

9 Boðunin jókst enn á fjórða áratugnum eftir að þjónar Guðs skildu að mikill múgur annarra sauða myndi taka við boðskapnum um ríkið. (Jes. 55:5; Jóh. 10:16; Opinb. 7:9) Það hafði þau áhrif að boðberum fagnaðarerindisins fjölgaði úr 41.000 árið 1934 í 500.000 árið 1953. Í *Varðturninum* 1. desember 1954 var réttilega dregin eftirfarandi ályktun: „Það er andi Jehóva og krafturinn í orði hans sem hefur skilað þessari miklu uppskeru út um allan heim.“^[2] – Sak. 4:6.

7. (a) Hvaða rannsókn sýndi bræðrum okkar fram á að það væri áriðandi að boða fagnaðarerindið?

(b) Hvað voru bræður okkar hvattir til að gera?

8. Hvaða tvö meginatriði varðandi boðunina skildu bræður okkar árið 1921?


9. (a) Hvað sagði um uppskerustarfið í *Varðturninum* árið 1954 og hvers vegna?

(b) Hvernig hefur boðberum fjölgað víða um lönd síðastliðin 50 ár? (Sjá yfirlitið „Fjölgun boðbera víða um heim“.)

NEÐANMÁLSGREIN

[2] Til að kynna þér betur þetta tímabil og næstu áratugi á eftir hvetjum við þig til að lesa bls. 425-520 í bókinni *Jehovah's Witnesses – Proclaimers of God's Kingdom*. Þar segir frá uppskerustarfinu sem unnið var á árunum 1919 til 1992.

FJÖLGUN BOÐBERA VÍÐA UM HEIM




10, 11. Hvað er dregið fram í dæmisögunni um mustarðskornið?

12. Hvernig á dæmisagan um mustarðskornið við um uppskeruna nú á dögum? (Sjá einnig súluritið „Biblíunámskeiðum fjölgar“.)

13. Hvað dregur dæmisagan um súrdeigið fram varðandi vöxtinn?

14. Hvernig lýsir dæmisagan um súrdeigið uppskeru nútímans?

BIBLÍUNÁMSKEIÐUM FJÖLGAR



Spáð um uppskeruna í dæmisögum

10 Jesús segir dæmisögur um ríkið til að lýsa uppskerunni með myndríku máli. Lítum á dæmisögurnar um mustarðskornið og um súrdeigið. Við beinum athyglinni sérstaklega að því hvernig þær hafa uppfyllt á endaloka tímanum.

11 **Dæmisagan um mustarðskornið.** Maður sáir mustarðskorni. Það vex og verður að tré þar sem fuglar leita skjóls. (**Lestu Matteus 13:31, 32.**) Hvað dregur dæmisagan fram varðandi fræið og það sem vex af því? (1) *Vöxturinn* er með ólíkindum. Mustarðskornið er „smærra hverju sáðkorni“ en það vex og verður að tré með „stórum greinum“. (Mark. 4:31, 32) (2) Það er *öruggt* að tréð vex. „Eftir að [sáðkorninu] er sáð tekur það að spretta.“ Jesús segir ekki að það spretti kannski heldur að það „taki að spretta“. Vöxturinn er óstöðvandi. (3) Vaxandi tréð laðar að sér fugla og veitir þeim *skjól*. „Fuglar himins koma og hreiðra sig í greinum þess.“ Hvernig á þetta þrennt við um uppskeruna nú á tímum?

12 (1) **Umfang:** Dæmisagan lýsir útbreiðslu boðskaparins um ríkið og vexti kristna safnaðarins. Síðan 1919 hefur kappsömum uppskerumönnum verið safnað inn í kristna söfnuðinn. Verkamennirnir voru fáir á þeim tíma en þeim fjölgaði hratt. Vöxturinn frá því snemma á síðustu öld fram á okkar daga hefur verið ótrúlegur. (Jes. 60:22) (2) **Öruggur vöxtur:** Vöxtur kristna safnaðarins hefur verið óstöðvandi. Þrátt fyrir harða andstöðu af hendi óvina Guðs hefur þetta örsmáa fræ vaxið og ýtt öllum hindrunum úr vegi. (Jes. 54:17) (3) **Skjól:** „Fuglar himins“, sem hreiðra sig í greinum trésins, tákna milljónir hjarta-hreinna manna í um það bil 240 löndum sem hafa tekið við boðskapnum um ríkið og sameinast kristna söfnuðinum. (Esek. 17:23) Þar fá þeir andlega fæðu, endurnæringu og vernd. – Jes. 32:1, 2; 54:13.

13 **Dæmisagan um súrdeigið.** Kona blandar súrdeigi í mjöl og það sýrir allt deigið. (**Lestu Matteus 13:33.**) Hvað dregur þessi dæmisaga fram varðandi vöxtinn? Við skulum líta á tvennt: (1) Vöxturinn veldur *breytingu*. Súrdeigið olli gerjun í deiginu „uns það sýrðist allt“. (2) Vöxturinn nær *út um allt*. Súrdeigið sýrði alla „þrjá mæla mjólsins“. Hvernig á þetta tvennt við um uppskeruna nú á tímum?

14 (1) **Breytingin:** Súrdeigið táknað boðskapinn um ríkið og mjölið táknað mannkynið. Boðskapurinn um ríki Guðs veldur breytingu í hjörtum einstaklinga eftir að þeir



Dæmisagan um mustarðskornið sýnir að þeir sem tilheyra kristna söfnuðinum njóta skjóls og verndar. (Sjá greinar 11, 12.)

taka við boðskapnum, rétt eins og súrdeig breytir mjölinu eftir að þessu tvennu er blandað saman. (Róm. 12:2) Súrdeigið (2) nær út um allt: Súrdeigið sýrir deigið og það lýsir útbreiðslu boðskaparins um ríkið. Súrdeigið vinnur á deiginu uns það hefur sýrt allt deigið eins og það leggur sig. Boðskapurinn um ríki Guðs hefur sömuleiðis náð „allt til endimarka jarðarinnar“. (Post. 1:8) Þessi þáttur dæmisögunnar ber með sér að boðskapurinn um ríkið breiðist út um allt. Það gerist jafnvel í löndum þar sem starf okkar er bannað, þó svo að það beri ekki mikið á boðun okkar í þessum heimshlutum.

¹⁵ Um 800 árum áður en Jesús sagði þessar dæmisögur sagði Jehóva fyrir á eftirminnilegan hátt hve umfangsmikil uppskera nútímans yrði og hvílíka gleði hún hefði í för með sér.^[3] Jehóva lýsir fyrir munn Jesaja að fólk komi „langt að“ og streymi til safnaðar hans. Hann beinir orðum

15. Hvernig hefur spádómurinn í Jesaja 60:5, 22 ræst? (Sjá einnig greinarnar „Jehóva opnaði leiðina“ á bls. 93 og „Hvernig ‚hinn minnsti‘ varð að ‚voldugri þjóð‘“ á bls. 96-97.)

NEÐANMÁLSGREIN

[3] Nánari upplýsingar um þennan myndræna spádóm er að finna í bókinni *Spádómur Jesaja – ljós handa öllu mannkyni*, 2. bindi, bls. 303-320.

16, 17. Nefndu eina ástæðu fyrir því að „sá sem sáir og sá sem upp sker“ fagna saman. (Sjá einnig greinina „Tvö smárit snertu hjörту tveggja manna á Amasonsvæðinu“.)

18. Hvaða ástæða til að gleðjast er nefnd í 1. Korintubrési 3:8?

19. (a) Hvernig stuðlar spádómur Jesú í Matteusi 24:14 að gleði okkar?
(b) Hvað ættum við að hafa hugfast jafnvel þó að okkur takist ekki sjálfum að gera einhvern að lærisveini?

sínum til konu nokkurrar en hinir andasmurðu á jörð eru fulltrúar hennar. Hann segir: „Við þá sýn muntu gleðjast, hjarta þitt mun slá hraðar og fyllast fögnuði því að til þín hverfur auður hafsins og auðæfi þjóða berast þér.“ (Jes. 60:1, 4, 5, 9) Þetta eru orð að sönnu. Gamalreyndir þjónar Jehóva víða um lönd fyllast fögnuði þegar þeir sjá hve boðberum Guðsríkis hefur fjölgað úr fáeinum upp í þúsundir.

Hvers vegna hafa allir þjónar Jehóva ástæðu til að fagna?

16 Eins og þú manst sagði Jesús við postula sína: „Sá sem upp sker ... safnar ávexti til eilífs lífs. Þá getur sá sem sáir samfagnað þeim sem upp sker.“ (Jóh. 4:36) Hvernig fögnum við *saman* þegar við vinnum að uppskerunni út um allan heim? Það er á nokkra vegu en hér skulum við líta á þrjá.

17 Í fyrsta lagi fögnum við að sjá þátt Jehóva í vextinum. Við sáum sáðkorni þegar við boðum boðskapinn um ríkið. (Matt. 13:18, 19) Við uppskerum þegar við hjálpum annarri manneskju að gerast lærisveinn Krists. Og við finnum öll fyrir djúpstæðri gleði þegar við fylgjumst með og däumst að hvernig Jehóva lætur sáðkorn ríkis síns „gróa og vaxa“. (Mark. 4:27, 28) Sum frækornin, sem við sáum, spíra og vaxa síðar og aðrir uppskera. Þú hefur kannski upplifað eitthvað svipað og Joan, bresk systir sem lét skírast fyrir 60 árum. Hún segir: „Ég hef hitt fólk sem sagði mér að ég hefði sáð frækorni í hjarta þess þegar ég boðaði því fagnaðarerindið fyrir mörgum árum. Aðrir vottar kenndu þeim síðar án þess að ég vissi af og hjálpuðu þeim að gerast þjónar Jehóva. Það gleður mig að frækornin, sem ég sáði, skuli hafa vaxið og gefið uppskeru.“ – **Lestu 1. Korintubríf 3:6, 7.**

18 Í öðru lagi erum við glaðir verkamenn ef við höfum í huga að „sérhver mun fá laun eftir *erfiði* sínu“, eins og Páll sagði. (1. Kor. 3:8) Launin fara eftir erfiðinu en ekki árangrinum. Það er hughreystandi fyrir þá sem boða fagnaðarerindið á svæðum þar sem fáir hlusta. Hver einasti vottur ber „mikinn ávöxt“ í augum Guðs ef hann tekur heilshugar þátt í sáningunni, og hann hefur þess vegna ástæðu til að gleðjast og fagna. – Jóh. 15:8; Matt. 13:23.

19 Í þriðja lagi fögnum við vegna þess að starf okkar er uppfylling á biblíuspádómi. Hverju svaraði Jesús þegar postularnir spurðu hann: „Hvernig sjáum við að þú sért að koma og veröldin að líða undir lok?“ Hann sagði þeim að

JEHÓVA OPNAÐI LEIÐINA

JESÚS sagði: „Það sem mönnum er um megn, það megnar Guð.“ (Lúk. 18:27) Mörg okkar hafa kynnst af eigin raun að það er hverju orði sannara. Jehóva hefur hjálpað okkur að boða fagnaðarerindið þrátt fyrir allar tilraunir manna til að stöðva það.



Zacharie Elegbe (66 ára, skírður 1963) minnst þess hvernig það hjálpaði bræðrum og systurum að starf Votta Jehóva skyldi vera bannað í **Benín**: „Árið 1976 voru 2.300 boðberar í landinu. Starf okkar var bannað það ár og ríkisstjórnin fyrirskipaði að bannið skyldi tilkynnt í útvarpi á öllum tungumálum í landinu. Þetta átti sér ekkert fordæmi. Í Benín eru töluð yfir 60 tungumál en á þeim tíma var yfirleitt útvarpað á aðeins fimm málum. Þúsundir manna á afskekktum stöðum í landinu heyrðu af okkur í fyrsta sinn þegar bannið var tilkynnt á *öllum* tungumálunum. Menn veltu fyrir sér hverjir Vottar Jehóva væru og hvers vegna starfsemi þeirra væri bönnuð. Þegar við fórum á þessi svæði eftir það voru margir fljótir að taka við sannleikanum.“ Núna eru rúmlega **11.500** vottar í Benín.

„Þetta er verk Jehóva. Enginn getur stöðvað það.“



María Zinich (74 ára, skírð 1957): „Ég var um 12 ára þegar öll fjölskyldan var send í útlegð frá Úkraínu til **Síberíu**. Okkur fjölgaði jafnt og þétt þrátt fyrir allar tilraunir stjórnvalda í Sovétríkjunum, sem þá voru, til að þagga niður í okkur. Þessi ótrúlegi vöxtur þrátt fyrir harða andstöðu sannfærði mig um að þetta væri verk Jehóva. Enginn getur stöðvað það.“ Önnur systir, sem heitir María (73 ára, skírð 1960), segir: „Með því að senda bræður og systur í útlegð til Síberíu gáfu stjórnvöld mörgum, sem bjuggu afskekkt þar um slóðir, tækifæri til að heyrna sannleikann.“



„Ekkert er ógerlegt þegar Jehóva stendur með okkur.“

Jesús Martín (77 ára, skírður 1955) segir: „Þegar ég kynntist sannleikanum voru 300 vottar hér á **Spáni**. Árið 1960 varð kúgunin mjög harkaleg. Ríkisstjórnin fyrirskipaði lögreglunni að berja niður starfsemi Votta Jehóva. Það var erfitt að ímynda sér á þeim tíma að við gætum nokkurn tíma boðað fagnaðarerindið út um allan Spán. Við virtumst hafa allt á móti okkur. En núna eru næstum **111.000** vottar á Spáni. Eftir að hafa séð þennan vöxt þrátt fyrir alla andstöðu er ég sannfærður um að ekkert sé ógerlegt þegar Jehóva stendur með okkur.“

TVÖ SMÁRIT SNERTU HJÖRTU TVEGGJA MANNA Á AMASONSVÆÐINU



Fyrsti söfnuðurinn í Amazonas-fylki í Brasilíu.



Antônio Simões

ANTÔNIO SIMÕES er 91 árs safnaðaröldungur. Hann minnst þess með hlýju hvernig faðir hans og mágur föður hans kynntust sannleikanum af tveim smáritum Votta Jehóva. „Á ég að segja ykkur frá því?“ spyr hann gestina. „Mjög gjarnan,“ svara þeir. Augu Antônios ljóma, hann brosir breitt og sest niður til að segja söguna.

„Zeno, faðir minn, var baptistapredikari. Árið 1931 heimsótti hann konu í söfnuðinum sem bjó á afskekktum stað í Amasonskóginum. Á heimili hennar rak hann augun í tvö biblú-tengd smárit. Hún hafði fundið þau í kirkjunni en vissi ekki hver hafði komið með þau. Annað smáritið fjallaði um helvíti, hitt um upprisuna. Faðir minn hreifst af því sem hann las. Honum varð hugsað til Guilherme, mágs síns, sem hafði oft sagt við hann: „Ég trúí ekki á helvíti. Það getur ekki verið að Guð kærleikans hafi skapað slíkan stað.“ Faðir minn vildi ólmur sýna Guilherme smáritin, stökk út í kanóinn sinn og réri í átta klukkutíma til

Manaquiri, stutt frá Manaus, þar sem Guilherme bjó.

Eftir að faðir minn og Guilherme höfðu lesið smáritin sögðu þeir báðir: „Þetta er sannleikurinn!“ Þeir skrifuðu deildarskrifstofunni í Brasilíu þegar í stað og báðu um að fá send rit. Faðir minn sagði af sér sem prestur og þeir Guilherme fóru að segja fólki á þessu afskekktu svæði frá boðskap Biblúnnar. Viðbrögðin voru svo góð að það var búið að mynda söfnuð í Manaquiri áður en ár var liðið. Það leið ekki á löngu áður en 70 þorpsbúar voru farnir að sækja samkomur og þetta var orðinn stærsti söfnuðurinn í Brasilíu.“ Antônio þagnar. Síðan segir hann: „Er ekki frábært hvernig boðskapurinn um ríkið barst til Amasonsvæðisins?“ Það er það vissulega. Tvö örmá frækorn – tvö biblútengd smárit – skutu rötum í hinum víðáttumikla Amasonskógi og uxu upp í blómlegan söfnuð. Og núna, 83 árum síðar, er söfnuðurinn í Manaquiri ekki eini söfnuðurinn í Amazonas-fylki í Brasilíu heldur einn af 143.

þeir myndu meðal annars sjá það af því að fagnaðarerindið yrði boðað um allan heim. Átti hann þá við að gera fólk að lærisveinum? Nei, hann sagði: „Fagnaðarerindið um ríkið verður *prédikað* um alla heimsbyggðina til þess að allar þjóðir fái að heyra það.“ (Matt. 24:3, 14) Boðunin – sjálf sáningin – var eitt af merkjunum sem hann spáði. Þegar við boðum fagnaðarerindið um ríkið höfum við því hugfast að við gefum fólk tækifæri til að „heyra“ fagnaðarerindið jafnvel þó að okkur takist ekki að gera einhvern að lærisveini.^[4] Óháð því hvernig fólk bregst við boðuninni tökum við þátt í að uppfylla spádóm Jesú og höfum þann heiður að vera „samverkamenn Guðs“. (1. Kor. 3:9) Það er sannarlega ástæða til að gleðjast og fagna.

„Frá sólarupprás til sólarlags“

20 Jesús sýndi postulum sínum á fyrstu öld fram á að það væri áriðandi að vinna að uppskerunni. Hið sama hefur verið uppi á teningnum síðan 1919. Jesús hefur líka hjálpað fylgjendum sínum á okkar tímum að átta sig á hve áriðandi boðunin er. Fyrir vikið hafa þjónar Guðs hert sig við boðunina. Uppskerustarfið hefur verið óstöðvandi. Eins og Malakí spámaður boðaði er unnið að uppskerunni núna „frá sólarupprás til sólarlags“. (Mal. 1:11) Þeir sem sá og þeir sem uppskera starfa saman og gleðjast saman frá sólarupprás til sólarlags, frá austri til vesturs hvar sem þeir eru staddir á jörðinni. Við störfum líka af kappi myrkranna á milli – frá sólarupprás til sólarlags.

21 Hjörtu okkar „slá hraðar og fyllast fögnuði“ þegar við horfum um öxl og sjáum hvernig sá fámenni hópur þjóna Guðs, sem var fyrir 100 árum, er orðinn að „voldugri þjóð“. (Jes. 60:5, 22) Megi þessi gleði og kærleikur okkar til Jehóva, „Drottins uppskerunnar“, vera hverju og einu okkar hvatning til að leggja okkar af mörkum við að ljúka mestu uppskeru sögunnar. – Lúk. 10:2.

20, 21. (a) Hvernig rætist Malakí 1:11? (b) Hvernig ætlar þú að leggja hönd á plóginn við uppskeruna og hvers vegna?

NEÐANMÁLSGREIN

[4] Biblíunemendurnir skildu þetta snemma. Í *Varðturni Sionar* 15. nóvember 1895 stóð: „Þótt ekki takist að safna nema litlu hveiti er að minnsta kosti hægt að vitna ríkulega um sannleikann ... Allir geta boðað fagnaðarerindið.“

Hve raunverulegt er ríki Guðs í þínum augum?

- Hverju hefur ríki Guðs áorkað við táknræna uppskeru?
- Hvernig eru dæmisögurnar um mustarðskornið og súrdeigið þér hvatning til að vera ötull við boðunina?
- Hvers vegna gefur boðunin þér ástæðu til að fagna?

HVERNIG „HINN MINNSTI“ VARÐ AÐ „VOLDUGRI ÞJÓÐ“

„HINN minnsti verður að þúsund, hinn lítilmótlegasti að völdugri þjóð.
Ég, Drottinn, mun hraða þessu þegar að því kemur.“ (Jes. 60:22)
Hvernig hefur þessi spádómur ræst? Hvaða áhrif hefur uppfylling hans
haft á gamalreynnda votta víða um lönd?



Börje Nilsson (84 ára, skírður 1943): „Ég man eftir andasmurðum bróður sem var farandbóksali á þriðja áratugnum. Þegar hann fékk það verkefni að boða fagn- aðararindið um næstum hálfu **Svíþjóð** hlýddi hann og tók til starfa. Það er óhætt að segja að hann og aðrir dyggir boðberar hafi fengið umbun erfiðis síns. Núna eru yfir **22.000** boðberar í Svíþjóð. Ég er kominn á efri ár en ég vil hlýða Jehóva og halda áfram að þjóna honum. Hver veit nema Jehóva lumi enn þá á einhverju óvæntu handa okkur.“



Etienne Esterhuyse (83 ára, skírður 1942): „Ég get ekki annað en undrast þegar ég hugsa til þess að þjónum Jehóva í **Suður-Afríku** hefur fjölgað úr 1.500 árið 1942 í meira en **94.000**. Það er ákaflega trústyrkjandi að tilheyra þessum gríðarstóra söfnuði.“



Keith Gaydon (82 ára, skírður 1948): „Ég hef séð boðberum í **Bretlandi** fjölga úr 13.700 árið 1948 í næstum **137.000**. Það segir mér að þetta sé verk Jehóva. Mannlegur máttur hefði ekki megnað þetta en Jehóva „vinnur máttarverk“.“
– 2. Mós. 15:11.

Ulrike Krolop (77 ára, skírð 1952): „Krafturinn í vottunum, sem stóðust ofsóknir nasista, var mikil lyftistöng fyrir söfnuðina í **Þýskalandi** eftir síðari heimsstyrjöldina. Fólk þurfti að fá hughreystingu og við gátum veitt hana hiklaust vegna þess að vottarnir höfðu ekki tekið þátt í þessu hræðilega stríði. Ég hef séð síðastliðin 60 ár hvernig Guð hefur leiðbeint þjónum sínum með heilögum anda. Núna eru vottarnir rúmlega **164.000**. Það er stórkostlegur árangur.“





María Brinetskaja (77 ára, skírð 1955): „Ég var skírð í skjóli náttmyrkurs til að forðast handtöku. Maðurinn minn var síðar sendur í vinnubúðir langt í burtu af því að hann var vottur. Ég hélt áfram að boða fagnaðarerindið með varúð í þorpinu mínu hér í **Rússlandi** og nokkrir nágrannar tóku við sannleikanum. Bræður og systur voru fá á þeim tíma. Það gleður mig að núna skuli vera meira en **168.000** vottar í Rússlandi.“



Kimiko Yamano (79 ára, skírð 1954): „Ég grét af gleði árið 1970 þegar ég frétti að boðberarnir í **Japan** væru orðnir 10.000. Ég lofaði Jehóva á nýjan leik: Ég ætla að vera þér trú alla ævi. Þið getið rétt ímyndað ykkur hve glöð ég er að boðberarnir skuli vera orðnir rúmlega **216.000** núna.“



Daniel Odogun (83 ára): „Þegar ég skírðist árið 1950 voru 8.000 boðberar í **Níg-eríu**. Núna eru þeir um **351.000**. Ég er djúpt snortinn þegar ég sækji mót og sé allan fjöldann. Mér verður þá hugsað til Haggái 2:7. Jehóva er svo sannarlega að hræra þjóðirnar og gersemarnar koma til hans. Ég reyni enn að boða fagnaðarerindið af fremsta megni því að þannig get ég sagt: „Takk fyrir, Jehóva.““



Carlos Silva (79 ára): „Það voru 5.000 vottar í **Brasilíu** árið 1952 þegar ég lét skírast. Það ár héldum við mót í íþróttahúsi í São Paulo. Það voru tveir bílar á bílastaðinu. Bróðir benti á Pacaembu-leikvanginn, sem er þar rétt hjá, og spurði mig: ‚Heldurðu að við getum einhvern tíma fyllt hann?‘ Það hvarflaði ekki að mér, en árið 1973 var leikvangurinn troðfullur með 94.586 viðstöddum. Núna eru meira en **767.000** bræður og systur í Brasilíu. Það er frábært að sjá þessa aukningu.“



Carlos Cázares (73 ára): „Árið 1954, þegar ég lét skírast, voru 10.500 boðberar í **Mexíkó**. Það var svo mikil þörf fyrir verkamenn að ég var skipaður farandhirðir 21 árs. Það er mikil blessun að hafa séð með eigin augum hvernig Jesaja 60:22 hefur ræst. Núna eru boðberarnir komnir yfir **806.000** og þeir halda meira en milljón biblíunámskeið. Það er með ólíkindum.“

Til vinstri:
Betelfjölskyldan
í Brooklyn hélt jól
í síðasta sinn
árið 1926.

Til hægri:
Fólk tekur eftir að
vottar Jehóva skera
sig úr fjöldanum.



3. HLUTI

LÖG OG GILDI GUÐSRÍKIS

Að leita réttlætis Guðs



ÞÚ VINKAR nágrannanum um leið og þú gengur fram hjá. Þú hefur tekið eftir að hann hefur verið að fylgjast með þér og fjölskyldunni upp á síðkastið. Hann vinkar á móti og gefur þér síðan bendingu um að koma. „Má ég spyrja þig um svolítið?“ spyr hann. „Af hverju eruð þið svona ólík öðrum?“ „Hvað áttu við?“ spyrð þú. „Þið eruð vottar Jehóva, er það ekki? Þið skerið ykkur úr fjöldanum. Þið eruð ekki eins og önnur trúfélög. Þið haldið ekki hátíðir og takið ekki þátt í stjórnámum eða styrjöldum. Þið reykið ekki. Og þið fjölskyldan

virðist leggja mikið upp úr góðu siðferði. Af hverju eruð þið ólík öðrum á svona marga vegu?“

Þú veist að svarið við spurningu nágrannans er í rauninni einfalt: Við erum þegnar Guðsríkis. Konungurinn Jesús er sífellt að fága okkur og bæta. Hann hjálpar okkur að feta í fótspor sín og þess vegna skerum við okkur úr í þessum illa heimi. Í þessum hluta bókarinnar skoðum við hvernig ríki Messíasar hefur fágað og hreinsað þjóna Guðs trúarlega, siðferðilega og skipulagslega, Jehóva til heiðurs.

10

Í ÞESUM KAFLA

Jesús hefur fágað og hreinsað fylgjendur sína trúarlega. Hvernig og hvers vegna?

1-3. Hvað gerði Jesús þegar hann horfði upp á spillinguna sem átti sér stað í musterinu?

4, 5. (a) Hvernig voru andasmurðir fylgjendur Jesú hreinsaðir og fágaðir frá 1914 fram á fyrri hluta árs 1919? (b) Var hreinsun þjóna Guðs og fágun þá lokið? Skýrðu svarið.

NEÐANMÁLSGREINAR

[1] Aðkomnir Gyðingar þurftu að nota ákveðinn gjaldmiðil til að greiða hið árlega musterisgjald og víxlararnir tóku þóknun fyrir að skipta peningunum. Gestir þurftu ef til vill einnig að kaupa dýr til að fórna. Jesús kallaði kaupmennina „ræningja“, líklega vegna þess að þeir okruðu á fólki.

[2] Þjónar Jehóva á jörð tilbiðja hann í jarðneskum forgörðum hins mikla andlega musteris.

Konungurinn hreinsar þjóna sína trúarlega

JESÚS bar mikla virðingu fyrir musterinu í Jerúsalem því að hann vissi hvaða hlutverki það þjónaði. Musterið hafði lengi verið miðstöð sannrar tilbeiðslu á jörð. En tilbeiðslan á hinum heilaga Guði Jehóva þurfti að vera hrein. Hugsadu þér hvernig Jesú hlýtur að hafa verið innanbrjósts þegar hann kom í musteríð hinn 10. nísan árið 33 og horfði upp á spillinguna sem átti sér stað. Hvað var um að vera? – **Lestu Matteus 21:12, 13.**

² Ágjarnir kaupmenn og víxlarar höfðu komið sér fyrir í forgarði heiðingjanna. Þeir misnotuðu sér aðstöðu sína og græddu á fólki sem kom til að færa Jehóva fórnir.^[1] Jesús „rak út alla sem voru að selja þar og kaupa“. Hann „hratt um borðum víxlaranna“ og fordæmdi þessa eigingjörnu menn fyrir að gera hús föður síns að „ræningjabæli“. (Sam-anber Nehemíabók 13:7-9.) Þannig sýndi Jesús virðingu fyrir musterinu og því hlutverki sem það þjónaði. Tilbeiðslan á föður hans varð að vera hrein.

³ Öldum síðar, eftir að Jesús tók völd sem konungur, hreinsaði hann musterí á nýjan leik. Allir sem vilja tilbiðja Jehóva á réttan hátt gera það í þessu musterí. Um hvaða musterí er að ræða?

Að hreinsa „syni Leví“

⁴ Eins og fram kom í 2. kafla þessarar bókar kom Jesús með föður sínum til að rannsaka *andlega* musteríð eftir að hann tók völd sem konungur árið 1914. Andlega musteríð er það fyrirkomulag sem Jehóva hefur gert til að við getum tilbeiðt hann á réttan hátt.^[2] Rannsóknin leiddi í ljós að hinir andasmurðu, „synir Leví“, þurftu að hreinsast. (Mal. 3:1-3) Jehóva leyfði að þjónar sínir gengju í gegnum ýmsar prófraunir og erfiðleika frá 1914 fram á fyrri hluta árs 1919 til að hreinsa þá og fága. Eldraunin hreinsaði hina

andasmurðu og þeir voru nú óðfúsir að styðja konunginn Messías.

⁵ Var þá búið að hreinsa og fága þjóna Guðs endanlega? Nei. Fyrir atbeina konungsins Messíasar hefur Jehóva hjálpað þjónum sínum jafnt og þétt að vera hreinir svo að þeir fengu að þjóna honum áfram í andlega musterinu. Í næstu tveim köflum skoðum við hvernig hann hefur hreinsað þá og fágað siðferðilega og skipulagslega allt frá því að síðustu dagar hófust. En fyrst skulum við ræða um *trúarlega* hreinsun þeirra. Það styrkir trúna að sjá hvað Jesús hefur gert, bæði með augljósum hætti og bak við tjöldin, til að hjálpa fylgjendum sínum að vera trúarlega hreinir.

„Hreinsið yður“

⁶ Hvað er trúarlegur hreinleiki? Til að svara því skulum við líta á það sem Jehóva sagði við útlæga Gyðinga sem voru í þann mund að yfirgefa Babýlon á sjöttu öld f.Kr. (**Lestu Jesaja 52:11.**) Útlagarnir sneru heim til Jerúsalem fyrst og fremst til að endurreisa musterið og sanna tilbeiðslu. (Esa. 1:2-4) Jehóva vildi ekki að þjónar sínir tækju með sér snefil af trúardýrkun Babýlonar. Fyrirmælin, sem hann gaf þeim, voru þrjúþætt: „Snertið ekkert óhreint, haldið burt frá borginni“ og „hreinsið yður“. Hin hreina tilbeiðsla á Jehóva má ekki vera smituð af falskri trúardýrkun. Hver er þá niðurstaðan? Að vera trúarlega hreinn er fólgið í því að vera laus við kenningar og siði falskra trúarbragða.

⁷ Skömmu eftir að Jesús tók völd sem konungur valdi hann augljósa boðleið sem hann hefur notað til að hjálpa fylgjendum sínum að vera trúarlega hreinir. Þessi boðleið er trúi og hyggni þjónninn sem Kristur skipaði til starfa árið 1919. (Matt. 24:45) Biblíunemendurnir voru þá búnir að losa sig við margar falstrúarkenningar. En þeir þurftu að hreinsast betur. Fyrir milligöngu trúa þjónsins hefur Kristur smám saman upplýst fylgjendur sína um ýmsar hátíðir og trúarsiði sem þeir þurftu að segja skilið við. (Orðskv. 4:18) Lítum á nokkur dæmi.

Eiga kristnir menn að halda jól?

⁸ Biblíunemendurnir vissu snemma að jólin voru heiðin að uppruna og að Jesús fæddist ekki 25. desember. Í desember 1881 stóð í *Varðturni Síonar*: „Milljónir manna komu inn í kirkjuna úr heiðni. En *breytingin* var aðallega að *nafninu* til því að heiðnir prestar urðu kristnir prestar og heiðnir hátíðir fengu kristin nöfn. Jólin voru ein þeirra.“ Árið 1883 birtist grein í *Varðturninum* sem hét: „Hvenær fæddist

6. Hvað er fólgið í því að vera trúarlega hreinn, samanber fyrirmæli Jehóva til útlægra Gyðinga?

7. Hvaða boðleið hefur Jesús notað til að hjálpa fylgjendum sínum að vera trúarlega hreinir?

8. Hvað vissu Biblíunemendurnir snemma varðandi jólin en á hverju áttuðu þeir sig ekki?



Jól voru haldin í síðasta sinn á Betel í Brooklyn árið 1926.

9. Að hvaða niðurstöðu komust Biblíunemendurnir varðandi jólin?

10. (a) Hvernig var jólahátíðin afhjúpuð rækilega í desember 1928? (Sjá einnig „Uppruni og tilgangur jólaanna“.) (b) Hvernig var þjónum Guðs bent á aðrar hátíðir og helgidaga sem þeir áttu að forðast? (Sjá „Aðrir helgidagar og hátíðahöld afhjúpuð“ á bls. 105.)

NEÐANMÁLSGREIN

[3] Í greininni var bent á að sú hugmynd að Jesús hafi fæðst um vetur „samræmist illa frásögninni af fjárhirðum sem voru með hjarðir úti í haga“.
– Lúk. 2:8.

Jesús?“ Þar voru færð rök fyrir því að Jesús hefði fæðst í byrjun október.^[3] En Biblíunemendurnir áttuðu sig ekki á því á þeim tíma að þeir þyrftu að hætta að halda jól. Betelfjölskyldan í Brooklyn hélt meira að segja áfram að halda jól. En það breyttist upp úr 1926. Hvers vegna?

9 Eftir að hafa rannsakað málið vandlega komust Biblíunemendurnir að þeirri niðurstöðu að jólin og jólahefðirnar köstuðu í rauninni rýrð á Guð. Í blaðinu *The Golden Age* 14. desember 1927 birtist grein sem hét „Uppruni jólaanna“. Þar kom fram að jólin væru heiðin hátíð, þau snerust um gleðskap og fælu í sér skurðgoðadýrkun. Tekið var fram í greininni að jólin væru ekki haldin að boði Krists, og henni lauk með þessum hnitmiðuðu orðum: „Staðreyndin er sú að heimurinn, holdið og djöfullinn eru fylgjandi því að halda þessa hátíð og viðhalda henni. Það eru eindregin og endanleg rök gegn því að þeir sem hafa helgað líf sitt Jehóva haldi jól.“ Það kemur ekki á óvart að Betelfjölskyldan hélt ekki jól í desember það ár – né nokkru sinni framur.

10 Árið eftir voru jólin afhjúpuð með enn skýrari hætti. Bróðir Richard H. Barber, sem starfaði við aðalstöðvarnar, flutti útvarpserindi hinn 12. desember 1928 þar sem sýnt var fram á óhreinan uppruna þessarar hátíðar. Hvernig brugðust þjónar Guðs við þessum skýru leiðbeiningum

„UPPRUNI OG TILGANGUR JÓLANNA“

Í DESEMBER 1928 flutti bróðir Richard H. Barber (merktur með hring til vinstri) kröftuga útvarpsræðu um jólin. Efni ræðunnar var birt í *The Golden Age* 12. desember 1928 undir fyrirsögninni „Uppruni og tilgangur jólananna“. Í ræðunni kom meðal annars fram eftirfarandi:

- „Satan ... hefur kennt fólki að leggja meira upp úr *fæðingu barnsins Jesú en dauða*

mannsins Jesú, í þeim tilgangi að draga athyglina frá mikilvægi lausnargjaldsins.“

- „Allir vita af þeirri léttúð, sukki, drykkjuskap og svalli sem á sér stað um jólaleytið ... Auðvitað er ekkert af þessu Jehóva Guði eða syni hans til heiðurs.“
- „Djöflinum hefur nú tekist að græða við kirkjuna falskar hátíðir sínar, veisludaga, föstur og helgidaga ... Djöflinum hefur tekist að fá fólk til að taka upp allt hið illa sem hann áformaði og kalla það kristið, til að hæðast að Jehóva, hinum mikla Guði.“

frá aðalstöðvunum? Bróðir Charles Brandlein rifjar upp hvernig var fyrir hann og fjölskyldu hans að hætta að halda jól: „Þótti okkur miður að hætta að halda þessa heiðnu siði? Alls ekki ... Það var eins og að fara úr óhreinni flík og henda henni.“ Bróðir Henry A. Cantwell, sem síðar var farandhirðir, tók í sama streng: „Við vorum ánægð að geta sagt skilið við svona lagað til að sanna að við elskuðum Jehóva.“ Dyggir fylgjendur Krists voru fúsir til að gera nauðsynlegar breytingar og koma ekki nálægt hátíð sem átti uppruna sinn í óhreinni guðsdýrkun.^[4] – Jóh. 15:19; 17:14.

¹¹ Þessir trúu biblúnemendur eru okkur góð fyrirmynd. Þegar við íhugum fordæmi þeirra ættum við að spyrja okkur: Hvernig lít ég á leiðbeiningarnar sem við fáum frá aðalstöðvunum? Er ég þakklátur fyrir þær og fer ég eftir þeim? Með því að hlýða fúslega styðjum við konunginn Messías en hann hefur falið hinum trúa þjóni að útbýta andlegri fæðu á réttum tíma. – Post. 16:4, 5.

Eiga kristnir menn að nota krossinn?

¹² Árum saman töldu Biblúnemendurnir að krossinn væri viðeigandi tákn kristninnar. Þeir hugsuðu auðvitað ekki sem svo að þeir ættu að dýrka krossinn því að þeir vissu að það var rangt að dýrka skurðgoð. (1. Kor. 10:14; 1. Jóh. 5:21) Árið 1883 stóð blátt áfram í *Varðturninum* að „Guð

11. Hvernig getum við sýnt að við styðjum konunginn Messías?

12. Hvernig litu Biblúnemendurnir á krossinn árum saman?

NEÐANMÁLSGREIN

[4] Bróðir Frederick W. Franz sagði í einkabréfi dagsettu 14. nóvember 1927: „Við höldum engin jól á þessu ári. Betelfjölskyldan hefur ákveðið að halda ekki jól héðan í frá.“ Fáeinum mánuðum síðar, í bréfi dagsettu 6. febrúar 1928, skrifaði bróðir Franz: „Drottinn er smám saman að hreinsa okkur af trúvillu Babylonar djöfulsins.“

13. Hvernig voru fylgjendur Krists upplýstir um krossinn og notkun hans? (Sjá einnig „Upplýstir smám saman um notkun krossins“ á bls. 105.)

14. Hvernig tóku þjónar Guðs þeim upplýsingum sem þeir fengu smám saman um krossinn?

15, 16. Hvernig getum við sýnt að við séum staðráðin í að halda jarðneskum forgörðum andlegs musteris Jehóva hreinum?



Kross- og kórónumerkið.
(Sjá greinar 12 og 13.)

hefði viðbjóð á allri skurðgoðadýrkun“. Í fyrstu sáu Biblíunemendurnir þó ekkert athugavert við að nota krossinn á viðeigandi hátt eins og þeir hugsuðu það. Þeir báru til dæmis nælu með krossi og kórónu og litu á hana sem nokkurs konar auðkenni. Þeir voru stoltir af því að bera hana og í hugum þeirra var hún tákn þess að þeir myndu hljóta kórónu lífsins ef þeir reyndust trúir allt til dauða. Árið 1891 var kross- og kórónumerki sett á forsiðu *Varðturnsins*.

13 Biblíunemendunum þótti vænt um kross- og kórónumerkið. En nokkru fyrir 1930 var farið að upplýsa fylgjendur Krists markvisst um krossinn og notkun hans. Bróðir Grant Suiter, sem sat síðar í hinu stjórnandi ráði, rifjar upp það sem kom fram á móti í Detroit í Michigan í Bandaríkjunum árið 1928: „Á mótinu var sýnt fram á að kross- og kórónumerkið væri ekki aðeins óþarft heldur beinlínis fráhrindandi.“ Á næstu árum var fjallað nánar um málið. Það var ljóst að krossinn átti alls ekki heima í hreinni guðsdýrkun.

14 Hvernig tóku þjónar Guðs þeim upplýsingum sem þeir fengu smám saman um krossinn? Héldu þeir áfram að nota kross- og kórónumerkið sem hafði verið þeim svo kært? „Við hættum fúslega að nota það þegar við skildum hvað það táknaði,“ sagði gamalreyndur þjónn Jehóva, Lela Roberts að nafni. Önnur trúföst systir, Ursula Serenco, talaði fyrir munn margra þegar hún sagði: „Við töldum einu sinni að krossinn táknaði dauða Drottins og kristna hollustu okkar en áttuðum okkur svo á að hann var í rauninni heiðið tákn. Við vorum þakklát fyrir að gata okkar varð sífellt bjartari, rétt eins og segir í Orðskviðunum 4:18.“ Dyggir fylgjendur Krists vildu ekki koma nálægt neinu sem var sótt í óhreina falstrú.

15 Við erum sama sinnis. Við vitum og viðurkennum að Kristur hefur notað skýra og greinilega boðleið – hinn trúa og hyggna þjón – til að hjálpa fylgjendum sínum að vera trúarlega hreinir. Þegar hinn trúi þjónn varar okkur við hátiðum, siðum eða venjum, sem eru smitaðar af falstrú, drögum við ekki að hlýða leiðbeiningunum. Við erum staðráðin í að halda jarðneskum forgörðum andlegs musteris Jehóva hreinum, rétt eins og bræður okkar og systur sem voru uppi snemma á nærverutíma Krists.

16 Kristur hefur einnig unnið bak við tjöldin núna á síðustu dögum til að vernda söfnuðina fyrir fólki sem gæti haft spillandi áhrif. Hvernig hefur hann gert það? Litum nánar á málið.

AÐRIR HELGIDAGAR OG HÁTÍÐAHÖLD AFHJÚPUÐ

KRISTUR hefur lengi hjálpað fylgjendum sínum að halda sér aðgreindum frá heiminum. Hér er vitnað í nokkrar af elstu greinunum þar sem þjónar Guðs voru varaðir við ýmsum helgidögum og hátíðahöldum sem sannkristnir menn forðast.

- **Páskar.** „Hin heiðna stórhátíð páskar var einnig yfirfærð og grædd á kristnu kirkjuna sem svo er kölluð.“ – *The Golden Age*, 12. desember 1928, bls. 168.
- **Valentínusardagur.** „Dagur heilags Valentínusar á sér ekki sérlega heilagan uppruna.“ – *The Golden Age*, 25. desember 1929, bls. 208.
- **Afmæli.** „Í Biblíunni er aðeins talað tvisvar um slík hátíðahöld, annars vegar hjá hinum heiðna faraó, konungi Egyptalands á dögum Jósefs, og hins vegar hjá [Heródesi] en afmæli hans kostaði Jóhannes skírara lífið. Í Biblíunni er ekkert dæmi um að nokkur þjónn Guðs hafi haldið upp á afmæli.“ – *The Golden Age*, 6. maí 1936, bls. 499.
- **Nýársdagur.** „Nýárshátíðin, með ærslum sínum og drykkjusvalli, er ekki kristin á nokkurn hátt, og gildir þá einu hvaða dag hún er haldin. Frumkristnir menn héldu hana ekki.“ – *Vaknið!* 22. desember 1946, bls. 24.



UPPLÝSTIR SMÁM SAMAN UM NOTKUN KROSSINS

- Kross- og kórónunælan er ekki aðeins óþörf heldur beinlínis fráhrindandi. – Mót í Detroit í Michigan í Bandaríkjunum árið 1928.
- Kross- og kórónunælan er skurðgoð. – *Preparation*, 1933, bls. 239.
- Krossinn er kominn úr heiðni. – *The Golden Age*, 28. febrúar 1934, bls. 336.
- Jesús dó á staur en ekki krossi. – *The Golden Age*, 4. nóvember 1936, bls. 72; *Auðæfi*, 1936, bls. 24.

Gríska orðið *stauros* er þytt „kross“ í mörgum biblíum. En tökum eftir hvað ýmis heimildarrit segja um merkingu þess:
„Gríska orðið [*stauros*] ... merkir aðeins staur.“ – *Cyclopedia of Biblical, Theological, and Ecclesiastical Literature*.

„Stólpi í víðasta skilningi. Það jafngildir ekki ‚krossi‘.“ – *Crucifixion in Antiquity*.

„Gildur staur eins og bændur reka niður í jörðina til að gera girðingar eða grindverk – hvorki meira né minna.“ – *History of the Cross*.

„Það merkir aldrei tvö tré lögð í kross undir einhverju horni heldur alltaf eitt tré.“ – *The Companion Bible*.

„Uppréttur rimill eða staur ... Það merkir aldrei tvö tré fest saman undir einhverju horni.“ – *A Critical Lexicon and Concordance*.



Netið táknað boðun
fagnaðarerindisins
og sjórinna táknað allt
mannkynið sem fær að
heyra boðskapinn.
(Sjá grein 18.)

Peir „skilja vonda menn frá réttlátum“

17 Konungurinn Jesús Kristur hefur vakandi auga með söfnuðum þjóna Guðs út um allan heim. Hann og englarnir hafa verið að aðgreina fólk þó að við skiljum ekki nema að takmörkuðu leyti hvernig það fer fram. Jesús lýsti þessu í dæmisögunni um netið. (**Lestu Matteus 13:47-50.**) Hvað merkir dæmisagan?

18 „*Net sem lagt er í sjó.*“ Netið táknað boðun fagnaðar-erindisins og sjórinn táknað allt mannkynið sem fær að heyra boðskapinn. Netið „*safnar alls kyns fiski*“. Fagnaðar-erindið laðar að alls konar fólk, bæði þá sem gera það sem þarf til að verða sannkristnir og einnig marga sem sýna einhvern áhuga í byrjun en taka aldrei eindregna afstöðu með hreinni tilbeiðslu.^[5] „*Safna þeim góðu í ker.*“ Þeim sem eru einlægir er safnað í ker sem tákna söfnuðina og þar geta þeir tilbeiðið Jehóva í hreinleika. „*Óætu*“ *fiskunum kastað burt.* Á síðustu dögum hafa Kristur og englarnir skilið „vonda menn frá réttlátum“.^[6] Þeir sem eru ekki einlægir, og vilja kannski ekki sleppa röngum trúarskoðunum eða síðum, hafa því ekki fengið að menga söfnuðina.^[7]

19 Er ekki traustvekjandi til þess að vita að konungurinn Jesús Kristur verndar þá sem hann hefur umsjón með? Og er það ekki hughreystandi að hann skuli hafa jafn brennandi áhuga á sannri tilbeiðslu – og sönnum tilbiðjendum – eins og hann hafði þegar hann hreinsaði musterið á fyrstu öld? Við erum innilega þakklát fyrir að Kristur skuli hafa gætt þess vel að þjónar Guðs séu hreinir og hin sanna tilbeiðsla sömuleiðis. Við getum sýnt að við styðjum konunginn og ríki hans með því að eiga engin tengsl við falstrú.

17, 18. Hvað táknað eftirfarandi í dæmisögunni um netið: (a) að leggja netið í sjó, (b) að safna alls konar fiski, (c) að safna góðu fiskunum í ker og (d) að kasta burt óætu fiskunum?

19. Hvað finnst þér um það sem Kristur hefur gert til að standa vörð um hreinleika þjóna Guðs og sannrar tilbeiðslu?

NEÐANMÁLSGREINAR

[5] Til hliðsjónar má nefna að árið 2013 voru boðberar flestir 7.965.954 en 19.241.252 sóttu hina árlegu minningarhátíð um dauða Krists.

[6] Að safna góðu fiskunum en henda þeim óætu er ekki það sama og að aðgreina sauðina og hafrana. (Matt. 25:31-46) Aðgreining sauðanna og hafranna, lokadómurinn yfir þeim, á sér stað í þrengingunni miklu sem er fram undan. Þangað til geta þeir sem óætu fiskarnir tákna snúið aftur til Jehóva og fengið að tilheyra einum af söfnuðunum sem kerin tákna. – Mal. 3:7.

[7] Að síðustu er þeim sem óætu fiskarnir tákna kastað í táknrænan eldsofn sem lýsir því að þeim verði eytt.

Hve raunverulegt er ríki Guðs í þínum augum?

- Hvað er trúarlegur hreinleiki og hvaða boðleið hefur Kristur notað til að hjálpa fylgjendum sínum að vera trúarlega hreinir?
- Hvernig lét Kristur trúa og hyggna þjóninn hjálpa fylgjendum sínum að hætta að halda jól og nota kross- og kórónumerkið?
- Hvað finnst þér um það sem Kristur hefur gert til að standa vörð um hreina tilbeiðslu?

11

Siðferðileg hreinsun endurspeglar heilagleika Guðs

Í ÞESSUM KAFLA

Konungurinn hefur kennt þegnum sínum að virða siðferðisreglur Guðs.

1. Hverju lýsti Esekíel sem vekur með okkur lotningu?
2. (a) Hvað tákna musteríð í sýn Esekíels? (Sjá einnig neðanmálsgrein.) (b) Á hvað minna forsalar musterisins, pálmaskreytingarnar og verðirnir?
3. Hvers vegna hafa fylgjendur Krists þurft að hreinsast jafnt og þétt?

NEÐANMÁLSGREIN


[1] Árið 1932 kom út 2. bindi bókarrinnar *Vindication*. Þar var í fyrsta sinn benti á að spádómar Biblíunnar þess efnis að þjóð Guðs fengi að snúa heim í land sitt hafi ræst nú á tímum á *andlegri* Ísraelsþjóð en ekki bókstaflegri. Þessir spádómar lýsa því að hrein tilbeiðsla sé endurreist. Í *Varðturninum* 1. apríl 1999 kemur fram að sýn Esekíels um musteríð sé endurreisnar-spádómur af þessu tagi, og hann uppfyllist því í andlegri merkingu núna á síðustu dögum.

SEGJUM að þú yrðir fyrir svipaðri lífsreynslu og Esekíel spámaður lýsti fyrir einum 25 öldum. Þú gengur í áttina að miklu og skínandi musteri. Voldugur engill bíður eftir þér til að sýna þér þessar miklu byggingar. Þú gengur upp sjö tröppur sem liggja að einu af hliðunum þrem sem opnast inn í musteríð. Forsalurinn er engin smásmíði! Þar er hátt til lofts – einir 30 metrar. Þú finnur til smæðar þinnar. Með framveggjunum eru stúkur þar sem verðir hafa aðsetur. Súlfurnar eru með skreytingu sem minnir á fögur pálmatré. – Esek. 40:1-4, 10, 14, 16, 22; 41:20.

² Esekíel sér þetta musteri í sýn, og hann lýsir því svo ítarlega að lýsingin nær yfir kafla 40 til 48 í spádómsbók hans. Þetta musteri tákna það fyrirkomulag sem Jehóva hefur á hreinni tilbeiðslu. Hvert smáatriði hefur ákveðna merkingu varðandi tilbeiðslu okkar núna á síðustu dögum.^[1] Hvað tákna þessir háreistu forsalar? Þeir minna á að þeir sem ganga táknrænt séð inn í musteri Jehóva verða að lifa eftir háleitum og réttlátum meginreglum hans. Pálmatrén, sem rist eru á veggina, merkja hið sama því að í Biblíunni eru pálmur stundum látnir tákna réttlæti. (Sálm. 92:13) Og hvað um stúkurnar þar sem verðirnir standa? Það er greinilegt að þeir sem virða ekki meginreglur Guðs fá ekki að ganga inn til hinnar fögru og hreinu tilbeiðslu sem er leiðin til lífsins. – Esek. 44:9.

³ Hvernig hefur spádómleg sýn Esekíels ræst? Eins og fram kom í 2. kafla þessarar bókar fékk Jehóva Kristi það verkefni að láta þjóna sína ganga í gegnum mikla hreinsun á árabílinu 1914 fram á fyrri hluta árs 1919. Var hreinsuninni þá lokið? Engan veginn. Alla síðustu öld hefur Kristur séð um að heilögum hegðunarreglum Jehóva væri framfylgt. Fylgjendur hans hafa þurft að hreinsast jafnt og þétt. Hvers vegna? Vegna þess að Kristur hefur safnað sér fylgjendum úr siðspilltum heimi og Satan er óþreytandi að reyna að draga

Sjáðu sjálfan þig fyrir þér ganga inn um hliðið að ytri forgarði hins mikla andlega mustæris Jehóva.



4, 5. Hvaða aðferð hefur Satan beitt lengi og með hvaða afleiðingum?

6. Hvaða heit var birt í *Varðturninum*, hvernig var það notað og hvers vegna var það að lokum aflagt? (Sjá einnig neðanmálsgrein.)

7. Á hvaða vandamáli var tekið í *Varðturninum* árið 1935 og hvaða siðferðisreglur voru ítrekaðar?

8. Af hverju hefur oft verið skýrt í *Varðturninum* hvað sé fólgið í gríska orðinu *porneía*?

NEÐANMÁLSGREIN

[2] Samkvæmt heitinu máttu karl og kona ekki vera ein saman í herbergi nema dyrnar væru galopnar – eða þau væru hjón eða náskyld. Um árabíl var farið með þetta heit daglega við tilbeiðslustund Betelfjölskyldunnar að morgni.

þá aftur út í spillingardíkið. (**Lestu 2. Pétursbréf 2:20-22.**) Við skulum líta á þrjú svið þar sem sannkristnir menn hafa verið hreinsaðir og fágaðir jafnt og þétt. Fyrst skoðum við nokkur dæmi um siðferðilega hreinsun, síðan hvað gert er til að halda söfnuðinum hreinum og að lokum ræðum við um fjölskylduna.

Siðferðileg hreinsun

4 Þjónar Jehóva hafa alltaf haft mikinn áhuga á að vera siðsamir og ráðvandir. Þeir hafa þess vegna tileinkað sér æ skýrari viðmið á þessu sviði. Lítum á fáein dæmi.

5 **Kynferðislegt siðleysi.** Jehóva ætlaðist til að kynlíf hjóna væri hreint og fagurt. Satan nýtur þess að spilla þessari gjöf Guðs, gera hana óhreina og nota hana til að freista þjóna Guðs með þeim afleiðingum að þeir glati velþóknun hans. Satan beitti þessari aðferð með sorglegum afleiðingum á dögum Bíleams, og hann hefur beitt henni af meiri krafti en nokkru sinni fyrr núna á síðustu dögum. – 4. Mós. 25:1-3, 9; Opinb. 2:14.

6 Til að sporna gegn þessum tilraunum Satans birtist í *Varðturninum* 15. júní 1908 heit þar sem sagði meðal annars: „Ég mun alltaf og alls staðar koma nákvæmlega eins fram við hitt kynið í einrúmi og ég geri í fjölmenni.“^[2] Það var engin skylda að vinna þetta heit en margir gerðu það samt og fengu nafn sitt birt í *Varðturni Síonar*. Mörgum árum síðar var ljóst að það var að breytast í hálfgerða siðvenju að fara með þetta heit, þó að það hafi verið mörgum til góðs á sínum tíma. Heitið var því aflagt sem slíkt. Hinar háleitu siðferðisreglur, sem það byggðist á, voru hins vegar alltaf í heiðri hafðar.

7 Árásir Satans hörðnuðu. Í *Varðturninum* 1. mars 1935 var rætt hreint og beint um vandamál sem fór vaxandi meðal þjóna Guðs. Sumir héldu greinilega að þeir væru einhvern veginn undanþegnir því að fylgja siðferðisreglum Jehóva í einkalífínu, svo framarlega sem þeir boðuðu fagnaðarerindið. Í *Varðturninum* sagði umbúðalaust: „Við verðum að hafa hugfast að það er meira krafist af okkur en að boða bara fagnaðarerindið. Vottar Jehóva eru fulltrúar hans og sú skylda hvílir á þeim að vera verðugir fulltrúar Jehóva og ríkis hans.“ Síðan gaf blaðið skýrar leiðbeiningar um hjónaband og kynferðismál. Það var þjónum Guðs hvatning til að forðast kynferðislegt siðleysi. – 1. Kor. 6:18.

8 Á síðustu áratugum hefur æ ofan í æ verið bent á það í *Varðturninum* hver sé merking orðsins *porneía* en það er notað í Grísku ritningunum um kynferðislegt siðleysi. Orðið lýsir margs konar siðlausum athöfnum, ekki aðeins samför-

um. Í meginatriðum nær orðið *pornei'a* yfir allar þær losta-
fullu athafnir sem eru stundaðar í vændishúsum. Fylgjend-
ur Krists hafa því verið verndaðir fyrir þeirri kynferðislegu
spillingu og óeðli sem hefur heltekið svo marga í heimi nú-
tímans. – **Lestu Efesusbréfið 4:17-19.**

9 Misnotkun áfengis. Í *Varðturninum* 1. mars 1935 var
bryddað upp á öðru máli af siðferðilegu tagi: „Borið hef-
ur á því að sumir taki þátt í boðunarstarfinu eða inni af
hendi aðrar skyldur í söfnuðinum undir áhrifum áfengis.
Við hvaða aðstæður er í lagi að neyta víns samkvæmt Biblí-
unni? Er við hæfi að neyta víns í þeim mæli að það hafi áhrif
á þjónustu manns í söfnuði Drottins?“

10 Í framhaldinu var rætt um afstöðu Biblíunnar til
áfengra drykkja. Hófleg notkun áfengis er ekki fordæmd í
Biblíunni. Ölvun og drykkjuskapur er hins vegar fordæmd-
ur harðlega. (Sálm. 104:14, 15; 1. Kor. 6:9, 10) Til að sýna
fram á að það sé ekki við hæfi að taka þátt í heilagri þjón-
ustu undir áhrifum áfengis hefur lengi verið bent á frásögu
Biblíunnar af sonum Arons en Guð tók þá af lífi eftir að þeir
báru fram óhreinan eld á altari hans. Rétt á eftir kemur fram
í sömu frásögu hvað hafi líklega orðið til þess að mennirn-
ir gerðu þetta. Þar segir að Guð hafi bannað með lögum að
prestar neyttu áfengis meðan þeir sinntu heilögum skyldu-
störfum. (3. Mós. 10:1, 2, 8-11) Fylgjendur Krists fara eftir
meginreglunni sem býr að baki og gæta þess að vera ekki
undir áhrifum áfengis meðan þeir inna heilaga þjónustu
sína af hendi.

11 Á síðustu áratugum hafa fylgjendur Krists fengið
gleggri skilning á alkóhólisma, það er að segja áfengisfíkn
samfara langvarandi misnotkun. Andleg fæða á réttum tíma
hefur hjálpað mörgum að takast á við þennan vanda og ná
tökum á lífi sínu. Enn fleiri hafa getað forðast vandann með
öllu. Enginn ætti að láta áfengi ræna sig sjálfsvirðingunni,
fjölskyldunni og síðast en ekki síst þeirri blessun að tilbiðja
Jehóva í hreinleika.

12 Tóbaksnotkun. Áður en síðustu dagar hófust voru
þjónar Krists farnir að letja fólk þess að nota tóbak. Rosk-
inn bróðir, Charles Capen að nafni, rifjaði upp fyrir mörg-
um árum fyrstu kynni sín af Charles Taze Russell síðla á
19. öld. Capen var þá 13 ára og stóð ásamt þrem bræðrum
sínum á tröppum Biblíuhússins í Allegheny í Pennsylvaníu.
Russell gekk fram hjá þeim og spurði í leiðinni: „Eruð þið að
reykja, drengir? Ég finn reykingalykt.“ Þeir fullvissuðu hann
um að þeir væru ekki að reykja. En þeir voru ekki í nein-
um vafa um afstöðu hans til tóbaksreykinga. Í *Varðturninum*

9, 10. (a) Hvaða siðferði-
lega mál var tekið fyrir
í *Varðturninum* árið 1935?
(b) Hvað kennir Biblían
varðandi áfengi?

11. Hvernig hefur gleggri
skilningur á alkóhólisma
verið þjónum Guðs til
blessunar?

12. Hvernig litu þjónar
Kristis á tóbaksnotkun jafn-
vel áður en síðustu dagar
hófust?

13. Hvaða hreinsun átti sér stað árið 1973?

14. Hvaða lög hefur Guð sett um blóð og hvernig urðu blóðgjafir algengar?

15, 16. (a) Hvaða afstöðu tóku Vottar Jehóva til blóðgjafa? (b) Hvað hefur verið gert til að auðvelda fylgjendum Krists að fá lækni meðferð án blóðgjafar og hvaða árangur hefur náðst?

„Við getum ekki ímyndað okkur Drottin anga af tóbaksreyk eða stinga upp í sig nokkru sem saurgar.“

– Charles T. Russell

NEÐANMÁLSGREIN

[3] Með notkun tóbaks er átt við að reykja það, tyggja, taka í nefið eða rækta til slíkra nota.

1. ágúst 1895 ræddi bróðir Russell um 2. Korintubríf 7:1 og sagði: „Ég fæ ekki séð að það geti verið Guði til lofs eða nokkrum kristnum manni til góðs að nota tóbak í nokkurri mynd ... Við getum ekki ímyndað okkur Drottin anga af tóbaksreyk eða stinga upp í sig nokkru sem saurgar.“

13 Tóbak var kallað „andstyggilegt illgresi“ í *Varðturninum* árið 1935, og bent var á að enginn fengi að tilheyra Betel-fjölskyldunni, vera brautryðjandi eða þjóna í farandstarfi sem fulltrúi safnaðar Guðs ef hann reykti eða tyggði tóbak. Árið 1973 átti sér stað enn meiri hreinsun á þessu sviði meðal þjóna Guðs. Í *Varðturninum* 1. júní það ár kom fram að enginn vottur Jehóva fengi að tilheyra söfnuðinum lengur ef hann héldi áfram þessum lífshættulega, óhreina og kærleikslausa ósið. Þeim sem vildu ekki hætta að nota tóbak yrði vikið úr söfnuðinum.^[3] Kristur hafði stigið enn eitt mikilvægt skref til að hreinsa fylgjendur sína.

14 **Misnotkun blóðs.** Guð tók fram á dögum Nóa að það væri rangt að borða blóð. Hann staðfesti þetta bann í lög málinu sem hann gaf Ísraelsmönnum. Kristni söfnuðurinn fékk sömuleiðis þau fyrirmæli að ‚halda sig frá blóði‘. (Post. 15:20, 29; 1. Mós. 9:4; 3. Mós. 7:26) Það kemur ekki á óvart að Satan skyldi finna leið á okkar dögum til að fá fólk til að óhlýðnast þessu banni Guðs. Læknar gerðu tilraunir með blóðgjafir á 19. öld, en eftir að menn uppgötvuðu blóðflokkanana urðu blóðgjafir algengari. Árið 1937 var farið að safna blóði og geyma í blóðbönkum, og í síðari heimsstyrjöldinni var farið að nota það í stórum stíl. Áður en langt um leið voru blóðgjafir orðnar algengar um allan heim.

15 Árið 1944 kom fram í *Varðturninum* að það væri í rauninni enginn munur á því að borða blóð og fá það í æð. Þessi biblíulega afstaða var skýrð árið eftir og hert var á henni. Árið 1951 var gefinn út listi með spurningum og svörum til að auðvelda þjónum Guðs að ræða málin við heilbrigðisstarfsmenn. Trúir fylgjendur Krists um allan heim sýndu mikið hugrekki og máttu oft þola fyrirlitningu, fjandskap eða jafnvel hreinar ofsóknir. En Kristur sá til þess að söfnuður hans veitti nauðsynlegan stuðning. Gefnir voru út bæklingar og birtar ítarlegar greinar byggðar á vönduðum rannsóknum.

16 Árið 1979 fóru nokkrir hópar öldunga að heimsækja spítala til að skýra fyrir læknum afstöðu okkar og biblíulegar ástæður hennar, og benda á aðferðir sem beita mætti í stað blóðgjafa. Árið 1980 fengu öldungar í 39 borgum í Bandaríkjunum sérhæfða kennslu til að sinna þessu verkefni. Síðar samþykkti hið stjórnanndi ráð að stofnað-



Æ fleiri spítalar bjóða beinlínis upp á meðferð án blóðgjafar og sumir telja hana jafnvel bestu læknismeðferð sem völ er á.

ar yrðu spítalasamskiptanefndir út um allan heim. Hefur þessi vinna skilað árangri? Tugþúsundir lækna, meðal annars skurðlæknar og svæfingalæknar, virða nú afstöðu sjúklinga sem eru vottar og veita þeim læknismeðferð án blóðgjafar. Æ fleiri spítalar bjóða beinlínis upp á meðferð án blóðgjafar og sumir telja hana jafnvel bestu læknismeðferð sem völ er á. Er ekki frábært hvernig Jesús hefur verndað fylgjendur sína þannig að Satan hefur ekki tekist að gera þá óhreina í augum Guðs? – **Lestu Efesusbréfið 5:25-27.**

17 Við ættum að spyrja okkur hvort við séum þakklát fyrir að Kristur skuli hafa hreinsað fylgjendur sína og kennt þeim að fara eftir háleitum siðferðisreglum Jehóva. Ef svo er skulum við hafa hugfast að Satan reynir linnulaust að rjúfa tengsl okkar við Jehóva og Jesú með því að grafa undan virðingu okkar fyrir siðferðisreglum Jehóva. Söfnuður Jehóva hjálpar okkur að standast áhrif Satans með því að vara okkur stöðugt við siðlausu háttalagi heimsins. Við skulum vera vakandi, móttækileg og hlýðin þessum góðu ráðum. – Orðskv. 19:20.

17. Hvernig getum við sýnt að við séum þakklát fyrir að Kristur skuli hafa hreinsað fylgjendur sína?

18. Hvaða skýra áminning er fólgin í sýn Esekíels varðandi þá sem gera uppreisn gegn lögum Guðs?

19, 20. (a) Hvernig hefur Kristur smám saman bætt aðferðir þjóna sinna til að taka á alvarlegum syndum? (b) Nefndu þrjár ástæður til að víkja syndurum, sem iðrast ekki, úr söfnuðinum.

21. Hvers vegna hefur það verið þjónum Guðs til blessunar að víkja syndurum úr söfnuðinum ef þeir iðrast ekki?

Að verja söfnuðinn gegn lasti

18 Til að söfnuðurinn gæti verið siðferðilega hreinn þurfti einnig að bæta aðferðir okkar til að halda honum hreinum. Sumir sem gangast undir siðferðisreglur Jehóva og vígjast honum standa því miður ekki við ákvörðun sína. Einstaka maður skiptir um skoðun þegar fram líða stundir og gerir uppreisn gegn lögum Jehóva. Hvað á þá að gera? Það má finna vísbindingu um það í sýn Esekíels um andlega musterið sem rætt var um í byrjun kaflans. Manstu eftir háreistum forsölunum? Í hverjum þeirra voru stúkur þar sem verðir höfðu aðsetur. Þeir gættu musterisins, eflaust til að tryggja að enginn fengi inngöngu nema hann væri „umskorinn á hjarta“. (Esek. 44:9) Þetta er skýr áminning um að einungis þeir sem leggja sig fram um að lifa eftir hreinum hegðunarreglum Jehóva hafa aðgang að hreinni tilbeiðslu. Það fá ekki heldur allir að eiga samneyti við sannkristna menn í tilbeiðslunni á Jehóva.

19 Árið 1892 sagði í *Varðturninum* að það væri „skylda okkar að víkja úr söfnuðinum þeim kristnu mönnum sem afneita því beint eða óbeint að Kristur hafi gefið sjálfan sig sem lausnargjald fyrir alla“. (**Lestu 2. Jóhannesarbréf 10.**) Árið 1904 var bent á það í bókinni *The New Creation* að það væri mikil hætta á að söfnuðurinn spilltist af völdum þeirra sem vildu ekki láta af rangri breytni. Á þeim árum tók allur söfnuðurinn þátt í að rannsaka mál þeirra sem gerðust sekir um alvarleg brot. Þetta var kallað „kirkjuleg réttarhöld“. Slík tilvik voru þó sjaldgæf. Árið 1944 var sýnt fram á það í *Varðturninum* að það væru aðeins bræður í ábyrgðarstöðum sem ættu að fjalla um slík mál. Árið 1952 var lýst í *Varðturninum* biblíulegri aðferð til að fjalla um dómsmál. Bent var á að aðalástæðan til að víkja þeim úr söfnuðinum sem iðruðust ekki væri að halda söfnuðinum hreinum.

20 Á þeim áratugum, sem liðnir eru síðan, hefur Kristur skýrt fyrir fylgjendum sínum hvernig taka eigi á alvarlegum syndum og bætt aðferðirnar. Öldungum safnaðanna er kennt að afgreiða dómnefndarmál eins og Jehóva vill að það sé gert, og finna jafnvægið milli réttlætis og miskunnar. Við sjáum nú greinilega að minnsta kosti þrjár ástæður til að víkja syndara, sem iðrast ekki, úr söfnuðinum: (1) til að nafn Jehóva verði ekki fyrir lasti, (2) til að vernda söfnuðinn og koma í veg fyrir að alvarlegar syndir spilli honum og (3) til að fá syndarann til að iðrast ef kostur er.

21 Gerirðu þér grein fyrir hvernig það hefur verið fylgjendum Krists til blessunar að víkja syndurum úr söfnuðinum ef þeir iðrast ekki? Brotamenn í Forn-Ísrael höfðu oft

spillandi áhrif á þjóðina, og voru stundum fleiri en hinir sem elskuðu Jehóva og reyndu að gera rétt. Þjóðin kastaði því oft rýrð á nafn Jehóva og missti velþóknun hans. (Jer. 7:23-28) Nú á dögum á Jehóva samskipti við samfélag andlega sinnaðra karla og kvenna. Þeim sem forherðast í rangri breytni er vikið úr söfnuðinum þannig að þeir fá ekki að verða vopn í hendi Satans til að valda söfnuðinum frekara tjóni og spilla hreinleika hans. Áhrifum þeirra er haldið í lágmarki. Þess vegna getum við treyst að Jehóva hafi velþóknun á okkur sem heild. Munum að Jehóva hefur lofað eftirfarandi: „Ekkert vopn, sem smíðað verður gegn þér, skal reynast sigursælt.“ (Jes. 54:17) Styðjum við öldungana dyggilega sem bera þá þungu byrði að taka fyrir dómsmál í söfnuðinum?

Að heiðra föðurinn sem hver fjölskylda fær nafn sitt af

22 Hjónaband og fjölskyldulíf er þriðja sviðið þar sem gerðar hafa verið stöðugar betrumbætur í söfnuðinum til góðs fyrir fylgjendur Krists. Höfum við fengið betri sýn á fjölskylduna í áranna rás? Já. Lítum á dæmi. Þegar við lesum um starf þjóna Guðs á fyrri hluta 20. aldar getum við ekki annað en dáðst að ótrúlegri förnfyssi þeirra. Við erum innilega þakklát fyrir að þeir skuli hafa látið þjónustuna við Jehóva ganga fyrir öllu öðru í lífinu. Það fer þó ekki fram hjá okkur að stundum hefði mátt gæta betra jafnvægis á þeim tíma. Hvernig þá?

23 Það var ekki óalgengt að bræður tækju að sér verkefni í boðuninni eða í farandstarfi sem hafði í för með sér að þeir voru langt að heiman mánuðum saman. Stundum var fólki ráðið frá því að ganga í hjónaband af heldur meiri ákafa en Biblían gefur tilefni til, en frekar lítið var rætt um að styrkja fjölskylduböndin. Er sama uppi á teningnum meðal fylgjenda Krists nú á dögum? Nei.

24 Núna er hugsað vel um að þau verkefni, sem við fáum í þjónustu Guðs, verði ekki til þess að við vanrækjum skyldur okkar gagnvart fjölskyldunni. (**Lestu 1. Tímóteusarbréf 5:8.**) Þar að auki hefur Kristur séð til þess að fylgjendur sínir á jörð fái jafnt og þétt góðar biblíulegar leiðbeiningar um hjónaband og fjölskyldulíf. (Ef. 3:14, 15) Árið 1978 kom út bókin *Fjölskyldulíf þitt gert hamingjuríkt*. Um 18 árum síðar kom önnur bók, *Farsælt fjölskyldulíf – hver er leyndardómurinn?* Í *Varðturninum* hefur enn fremur birst fjöldi greina sem eru samdar til að hjálpa hjónum að notfæra sér leiðbeiningar Biblíunnar.

25 Og hvað um börn og unglunga? Þörfum þeirra hefur verið sinnt æ betur með árunum. Trúr þjónn Krists hefur

22, 23. Hvers vegna erum við þakklát trússystkinum okkar snemma á 20. öld en hvað bendir til þess að ekki hafi gætt jafnvægis í viðhorfum til fjölskyldunnar?

24. Hvernig hefur Kristur hjálpað þjónum sínum að hlúa betur að hjónabandi sínu og fjölskyldulífi?

25-27. Hvernig hefur þörfum barna og unglunga verið sinnt æ betur með árunum?

Verkefni,
sem við fáum
í þjónustu Guðs,
mega ekki verða
til þess að við van-
rækjum skyldur
okkar gagnvart
fjölskyldunni.



Bæklingurinn *Bibliustundin mín* hlaut góðar viðtökur á þessu móti í Þýskalandi.

lengi séð börnum á ýmsum aldri fyrir andlegri fæðu, en það sem kom einu sinni í smáum skömmtum kemur nú í stríðum straumum. Til dæmis birtist greinaflokkurinn „Bibliúnám unga fólksins“ í *The Golden Age* á árabílinu 1919 til 1921. Bæklingurinn *Golden Age ABC* kom út árið 1920 og bókin *Börn* árið 1941. Á áttunda áratugnum voru gefnar út bækurnar *Hljóðum á kennarann mikla*, *Your Youth – Getting the Best out of It* og *Bibliúsögubókin mín*. Árið 1982 hóf greinaröðin „Ungt fólk spyr“ göngu sína í *Vaknið!* Hún var undanfari bókarinnar *Spurningar unga fólksins – svör sem duga* en hún var gefin út árið 1989.

²⁶ Bókin *Spurningar unga fólksins* er nú til í tveim bindum og greinaröðin „Ungt fólk spyr“ heldur göngu sinni áfram á vefsetri okkar, jw.org. Einnig hefur verið gefin út bókin *Lærum af kennaranum mikla*. Á vefsetri okkar er birt alls konar efni fyrir börn og unglinga, þar á meðal biblíuspil, biblíuverkefni handa börnum á ýmsum aldri, myndaprautir, myndbönd og biblíusögur í myndum. Þar birtist einnig

„Bíblíustundin mín“ sem er ætluð börnum þriggja ára og yngri. Ljóst er að Kristur hefur ekki breytt um afstöðu síðan á fyrstu öld þegar hann tók börnin í faðm sér. (Mark. 10:13-16) Hann vill að börnin á meðal okkar finni að þau séu elskuð og vel uppfraedd.

27 Jesú er líka mikið í mun að vernda börnin. Heimurinn sekkur æ dýpra í siðspillinguna og það verður sífellt algengara að börn séu beitt kynferðisofbeldi. Þess vegna hefur verið gefið út efni með skýrum og hnitmiðuðum leiðbeiningum til að hjálpa foreldrum að vernda börnin fyrir grófri misnotkun af þessu tagi.^[4]

28 Er ekki hrífandi að hugsa til þess hvernig Kristur hefur hreinsað fylgjendur sína jafnt og þétt, og kennt þeim að virða háleitarsíðferðisreglur Jehóva, lifa eftir þeim og njóta góðs af þeim? Rifjaðu upp sýnina um musterið sem Esekíel sá. Manstu eftir inngöngunum með háreistum forsölunum? Musterið er auðvitað ekki bókstaflegt heldur andlegt. En er það samt raunverulegt fyrir okkur? Við göngum ekki inn í það með því að sækja samkomu í ríkissal eða opna Bíblíuna eða hringja dyrabjöllu til að boða fagnaðarerindið. Þetta eru athafnir sem tengjast áþreifanlegum hlutum. Hræsnari getur gert allt þetta án þess að ganga nokkurn tíma inn í musteri Jehóva. En ef við gerum þetta og lifum jafnframt eftir háleitum síðferðisreglum Jehóva og tilbiðjum hann í hreinleika og með réttu hugarfari, þá höfum við gengið inn í háheilagt musterið – inn til hinnar hreinu tilbeiðslu á Jehóva Guði. Það er ólýsanlegur heiður að fá að þjóna honum þar. Við skulum sýna að það sé okkur mikils virði og gera okkar ýtrasta til að endurspeglar heilagleika Jehóva með því að fylgja réttlátum síðferðisreglum hans.

-
- 28.** (a) Hvað þurfum við að gera til að tilbiðja Jehóva í hreinleika, samanber sýn Esekíels um musterið?
(b) Hvað ætlar þú að gera?

NEÐANMÁLSGREIN

[4] Sjá til dæmis 32. kafla bókarinnar *Lærum af kennaranum mikla*, einnig *Vaknið!* október-desember 2007, bls. 3-11.

Hve raunverulegt er ríki Guðs í þínum augum?

- Hvernig hefur Kristur hreinsað fylgjendur sína síðferðilega?
- Hvernig hefur Kristur verndað þegna sína fyrir áhrifum þrjúskra syndara?
- Hvernig hefur söfnuður Jehóva gefið æ meiri gaum að þörfum hjóna og fjölskyldna?
- Hvers vegna ættum við að vera ákveðin í að fylgja þeim háleitu síðferðisreglum sem þarf til að tilbiðja Jehóva í hreinleika?

12

Skipulögð til að þjóna ,Guði friðarins‘

Í ÞESSUM KAFLA

Jehóva skipuleggur
þjóna sína stig af stigi.

1, 2. Hvaða breyting varð á *Varðturninum* í janúar 1895 og hvernig brugðust bræður við?

3, 4. Um hvaða erfiðleika var rætt í *Varðturninum* 15. nóvember 1895 og hvaða víðtæka breyting var boðuð?

KAPPSAMUR biblíunemandi, John A. Bohnet að nafni, var yfir sig hrifinn þegar hann fékk *Varðturninn* sinn í hendur í janúar 1895. Forsíðan var prýdd áberandi mynd af háreistum vita sem sendi ljósgeisla út í náttmyrkrið yfir úfinn sjóinn. Í blaðinu var tilkynning um þetta nýja útlit. Hún bar yfirskriftina: „Nýju fötin okkar.“

² Í hrifningu sinni sendi bróðir Bohnet bréf til Charles T. Russells. „Það gleður mig að sjá TURNINN svona prúðbúinn,“ sagði í bréfinu. „Hann lítur vel út.“ Annar dyggur biblíunemandi, John H. Brown, skrifaði eftirfarandi um forsíðuna: „Hún er áhrifamikil, að sjá turninn á traustum grunni standa af sér storma og brim.“ Þessi nýja forsíða var fyrsta breytingin sem bræður okkar og systur sáu það árið – en ekki sú síðasta. Í nóvember fréttu þau af annarri mikilvægri breytingu. Og það er athyglisvert að hún var líka sett í samband við ólgusjó.

³ Ítarleg grein birtist í *Varðturninum* 15. nóvember 1895 þar sem rætt var um ákveðið vandamál: Alvarlegir erfiðleikar steðjuðu að söfnuði Biblíunemendanna. Það stefndi í ófrið vegna þess að bræður deildu æ meir um það hver ætti að vera leiðtogi safnaðarins á hverjum stað. Til að sýna safnaðarmönnum fram á hvað þyrfti að gera til að kveða niður þennan samkeppnisanda var söfnuði Biblíunemendanna líkt við skip. Síðan viðurkenndi blaðið hreinskilnislega að þeir sem fóru með forystuna hefðu ekki búið söfnuðinn undir óveður og ólgusjó. Hvað var til ráða?

⁴ Í greininni kom fram að góður skipstjóri gæti þess að vera með björgunarbúnað um borð og að áhöfnin sé undir það búin að byrgja lestaropin áður en óveður skellur á. Þeir sem fóru með forystuna þurftu sömuleiðis að tryggja að allir söfnuðirnir væru búnir undir storma og stórsjó.

Til að stuðla að því tilkynnti blaðið að gerð yrði víðtæk breyting á skipulagi safnaðarins. Þaðan í frá átti að „kjósa öldunga í hverjum söfnuði til að hafa umsjón með hjörðinni“. – Post. 20:28.

5 Það fyrirkomulag að kjósa öldunga var tímabært framfaraskref sem átti sinn þátt í að skapa stöðugleika í söfnuðunum. Breytingin hjálpaði trússysteminum okkar að sigla gegnum stórsjóí fyrri heimsstyrjaldarinnar. Skipulag safnaðanna var bætt stig af stigi á næstu áratugum og þjónar Jehóva urðu smám saman betur í stakk búnir til að þjóna honum. Í hvaða biblíuspádómi var talað um þessa framvindu? Hvaða skipulagsbreytingar hefur þú séð? Hvernig hafa þær verið þér til góðs?

„Ég geri friðinn að yfirvaldi þínu“

6 Eins og fram kom í 9. kafla spáði Jesaja að Jehóva myndi fjölga þjónum sínum. (Jes. 60:22) En Jehóva lofaði að gera meira en það. Í sama spádómi segir hann: „Ég færi þér gull fyrir eir, silfur fyrir járn, eir fyrir við og járn fyrir grjót. Ég geri friðinn að yfirvaldi þínu og réttlætið að yfirboðara þínum.“ (Jes. 60:17) Hvað merkir þessi spádómur? Hvernig snertir hann okkur sem nú lifum?

7 Í spádómi Jesaja segir að eitt efni komi í stað annars. En við skulum taka eftir að það er ekki verið að breyta slæmu í gott heldur góðu í betra. Það er framför að fá gull í stað eirs og hið sama er að segja um hin efnin sem nefnd eru í spádóminum. Með þessu líkingamáli lýsir Jehóva hvernig staða þjóna hans breytist stig af stigi til hins betra. Hvers konar framförum er lýst í spádóminum? Jehóva nefnir ‚yfirvald‘ og ‚yfirboðara‘ og það gefur til kynna að umsjónin og skipulagið meðal þjóna hans verði smám saman betra og betra.

8 Hver kemur þessum skipulagsumbótum til leiðar? Jehóva segir: „Ég færi þér gull“ og „ég geri friðinn að yfirvaldi þínu“. Það er Jehóva sjálfur en ekki menn sem hafa bætt skipulag safnaðarins. Og síðan Jesús tók við konungsembætti hefur Jehóva falið honum að koma þessum umbótum til leiðar. Að hvaða leyti eru þær okkur til góðs? Í sama versni segir að umbætturnar hafi frið og réttlæti í för með sér. Þegar við förum eftir handleiðslu Jehóva og gerum þær breytingar sem hann vill ríkir friður á meðal okkar og réttlætisástin er okkur hvatning til að þjóna honum, ‚Guði friðarins‘ eins og Páll postuli kallaði hann. – Fil. 4:9.

5. (a) Hvers vegna var það tímabært framfaraskref að kjósa öldunga í söfnuðunum? (b) Um hvaða spurningar er rætt í framhaldinu?

6, 7. (a) Hvað merkir spádómurinn í Jesaja 60:17? (b) Hvað má álykta af því að talað er um ‚yfirvald‘ og ‚yfirboðara‘?

8. (a) Hver kemur umbótunum til leiðar sem eru nefndar í spádómi Jesaja? (b) Hvernig eru umbætturnar til góðs fyrir okkur? (Sjá einnig greinina ‚Auðmjúkur maður sem tók leiðréttingu‘.)

Það er ekki verið að breyta slæmu í gott heldur góðu í betra.

9. Á hverju byggist góð regla og eining í söfnuðinum og hvers vegna þarf hún að gera það?

10. (a) Hvaða breytingar urðu á skipulagi safnaðarins snemma í sögu hans? (Sjá yfirlitið „Hvernig umsjónin breyttist til batnaðar“.) (b) Hvaða spurningar skoðum við í framhaldinu?

11. (a) Hvað leiddi rannsókn á Biblíunni í ljós? (b) Hvað voru bræðurnir í hinu stjórnandi ráði staðráðnir í að gera?

12. (a) Hvaða breyting var gerð á hinu stjórnandi ráði? (b) Lýstu uppbyggingu og starfsemi hins stjórnandi ráðs. (Sjá greinina „Hvernig gætir hið stjórnandi ráð hagsmuna Guðsríkis á jörð?“ á bls. 130.)

9 Páll postuli skrifaði einnig um Jehóva: „Guð er Guð friðar, ekki truflunar,“ það er að segja óreiðu. (1. Kor. 14:33) Við skulum taka eftir að Páll er ekki að bera saman óreiðu og góða reglu heldur óreiðu og frið. Hvers vegna? Hugsaðu málið. Það er ekki sjálfgefið að góð regla stuðli að friði. Hermenn ganga fylktu liði til vígstöðvanna. En þó að þeir þrammi í skipulegri röð stuðla þeir ekki að friði heldur stríði. Við sem erum kristin viljum því hafa eitt mikilvægt atriði í huga: Ekkert mannlegt skipulag stendur til langframa ef það er ekki byggt á friði. Friður Guðs stuðlar hins vegar að góðri reglu sem endist. Við erum því innilega þakklát fyrir að „Guð friðarins“ skuli leiðbeina söfnuði okkar og bæta hann stig af stigi. (Róm. 15:33) Friður Guðs er grundvöllur þeirrar góðu reglu og hugheilu einingar sem við búum við í söfnuðum okkar út um allan heim og metum svo mikils. – Sálm. 29:11.

10 Í greininni „Hvernig umsjónin breyttist til batnaðar“ er yfirlit yfir þær góðu og gagnlegu breytingar sem urðu á skipulagi safnaðarins snemma í sögu hans. En hvaða breytingar hefur Jehóva falið konunginum að gera á síðustu áratugum sem líkja má við að færa okkur „gull fyrir eir“? Hvernig hafa þessar breytingar á umsjóninni aukið frið og einingu safnaðanna út um allan heim? Hvernig hjálpa þær þér að þjóna „Guði friðarins“?

Hvernig leiðir Kristur söfnuðinn?

11 Á árunum 1964 til 1971 stóð hið stjórnandi ráð fyrir víðtækum biblíurannsóknum, meðal annars á því hvernig kristni söfnuðurinn á fyrstu öld starfaði.^[1] Rannsóknin leiddi í ljós að á fyrstu öld var umsjónin með söfnuðunum í höndum öldungaráðs en ekki aðeins eins öldungs eða umsjónarmanns. **(Lestu Filippíbréfið 1:1; 1. Tímóteusarbréf 4:14.)** Þegar það lá fyrir gerði hið stjórnandi ráð sér grein fyrir að konungurinn Jesús hafði leiðbeint þeim þannig að hægt væri að betrumbæta skipulag safnaðanna. Bræðurnir í ráðinu voru staðráðnir í að fylgja handleiðslu konungsins. Þeir hófust handa þegar í stað við að laga söfnuðinn betur að því fyrirkomulagi sem var á skipan öldunga á fyrstu öld. Hvaða breytingar voru gerðar upp úr 1970?

12 Fyrst var gerð breyting sem sneri að hinu stjórnandi ráði sjálfu. Fram að þeim tíma hafði ráðið verið skipað sjö andasmurðum bræðrum sem mynduðu jafnframt stjórn Biblíu- og smáritafélagsins Varðturninn í Pennsylvaníu.

AUÐMJÚKUR MAÐUR SEM TÓK LEIÐRÉTTINGU

Í FINNSKRI útgáfu *Varðturnsins* 1. apríl 1916 birtist bréf frá bróður Russell sem var ætlað fáeinum bræðrum á Norðurlöndum. Kaarlo Harteva var einn þeirra. Í bréfi bróður Russells stóð: „Við hvetjum ykkur alla, kæru bræður í trúnni, til að snúa aftur til sannleikans og þess verks sem ber að vinna núna.“ Hvað bjó að baki þessari hvatningu bróður Russells?

Kaarlo Harteva fæddist árið 1882 og var einn af fyrstu biblúnemendum í Finnlandi. Hann skírðist í apríl 1910, og sumarið 1912 gaf bróðir Russell honum umboð til að gefa út *Varðturninn* á finnsku. Allt lék í lyndi uns fyrri heimstyrjöldin braust út. Bróðir Harteva sagði í *Varðturninum* 1. desember 1914: „Sökum þess hve efnahagsástandið er erfitt ... getum við ekki lofað að *Varðturninn* verði jafn margar blaðsíður eða komi út eins oft á þessu ári.“ Til að afla fjár stofnaði Harteva samvinnufélagið Ararat ásamt nokkrum öðrum árið 1915 og hóf það útgáfu tímarits undir sama nafni.

Bróðir Harteva beindi kröftum sínum að nýja félaginu og tímaritinu, og annar bróðir tók við sem ritstjóri *Varðturnsins* á finnsku. Í tímaritinu *Ararat* birtust greinar um biblíuleg efni en einnig var fjallað um mál eins og náttúrulækningar og tungumálið esperantó sem var þá fremur nýtt af nálinni. Ekki leið á löngu áður en nýja tímaritið dró athygli bræðra og systra frá skýrum kenningum sannleikans. Russell hafði áhyggjur af andlegri velferð þeirra og það var þá sem hann hvatti Harteva og aðra til að „snúa aftur til sannleikans“.

Hvernig brást Harteva við? Hann birti bréf bróður Russells í tímaritinu *Ararat* ásamt sínu eigin svari við því. Hann baðst afsökunar á gerðum sínum og sagði: „Ég vil gera það sem ég get til að leiðrétta mistök mín.“ Í síðasta tölublaði *Ararats*, sem kom út skömmu síðar,



Kaarlo Harteva

baðst bróðir Harteva enn og aftur afsökunar á því að hafa ruglað aðra í ríminu. Hann bætti við: „Ég ætla að reyna að vera varkárari varðandi alla þætti sannleikans eins og við þekkjum hann.“ Kaarlo Harteva var auðmjúkur maður og tók leiðréttingu, ólíkt sumum hinna stoltu öldunga sem höfðu verið kjörnir til starfa.

Síðar var bróðir Harteva skipaður ritstjóri *Varðturnsins* á finnsku á nýjan leik og einnig umsjónarmaður deildarskrifstofunnar. Hann gegndi þessum ábyrgðarstörfum fram til 1950. Hann lauk lífi sínu á jörð árið 1957, trúr Jehóva og sannleikanum. Þeir sem eru auðmjúkir og taka leiðréttingu konungsins Jesú fágast og hljóta blessun Jehóva.

13. (a) Hvernig var umsjón safnaðanna háttað um 40 ára skeið? (b) Hvað gerði hið stjórnandi ráð árið 1972?

14. (a) Hvaða nýja fyrirkomulag tók gildi 1. október 1972?

(b) Hvernig lýtur umsjónarmaður öldungaráðsins á sjálfan sig, samanber Filippibréfið 2:3?

Árið 1971 var hins vegar fjölgað úr 7 í 11 í hinu stjórnandi ráði. Ráðið og stjórn Félagsins voru ekki lengur eitt og hið sama. Bræðurnir í ráðinu litu á sig sem jafningja og þaðan í frá skiptust þeir á að gegna formennsku eitt ár í senn eftir stafrófsröð.

13 Síðan var gerð breyting sem snerti alla söfnuðina. Hvernig þá? Á árabílinu 1932 til 1972 var umsjónin með hverjum söfnuði að mestu leyti í höndum eins bróður. Fram til 1936 var þessi bróðir kallaður þjónustustjóri. Þá var heitinu breytt í félagsþjónn, síðan í safnaðarþjónn og loks í umsjónarmaður safnaðarins. Þessir útnefndu bræður sinntu andlegri velferð hjarðarinnar af mestu kostgæfni. Umsjónarmaður safnaðarins tók venjulega ákvarðanir um málefni safnaðarins án þess að ráðfæra sig við hina þjónana. En árið 1972 lagði hið stjórnandi ráð drög að sögulegri breytingu. Í hverju fólst hún?

14 Í stað þess að einn bróðir færi með umsjónina í hverjum söfnuði voru útnefndir fleiri bræður, sem uppfylltu hæfniskröfur Biblíunnar, til að þjóna sem safnaðaröldungar. Saman mynduðu þeir öldungaráð sem skyldi hafa umsjón með söfnuðinum á staðnum. Þetta nýja fyr-

HVERNIG UMSJÓNIN BREYTTIST TIL BATNAÐAR

„Við greiddum atkvæði með öldungunum með því að rétta upp hægi höndina. Bróðir gekk síðan milli sætaraðanna og taldi atkvæðin.“ – Systir Rose Swingle, Chicago í Illínois í Bandaríkjunum.



irkomulag tók gildi 1. október 1972. Umsjónarmaður öldungaráðsins, sem nú heitir svo, lítur ekki á sig sem fremstan meðal jafningja heldur „minnstan allra“. (Lúk. 9:48) Það er mikil blessun fyrir þjóna Guðs um allan heim að njóta stuðnings þessara auðmjúku bræðra. – Fil. 2:3.

15 Það var mikil framför að hópur öldunga deildi með sér ábyrgðarstörfum í söfnuðinum. Lítum á þrjá kosti sem fylgja því: Í fyrsta lagi hjálpar þetta öllum öldungunum að vera fyllilega meðvitaðir um að Jesús er höfuð safnaðarins – og gildir þá einu hve mikilli ábyrgð þeir gegna í söfnuðinum. (Ef. 5:23) Í öðru lagi ráðgast öldungarnir hver við annan um velferð safnaðarins og hugleiða tillögur hver annars, og það hjálpar þeim að taka ákvarðanir í samræmi við meginreglur Biblíunnar. (Orðskv. 27:17) „Séu ráðgjafar margir getur allt farið vel,“ segir í Orðskviðunum 11:14. Jehóva blessar slíkar ákvarðanir og þær eru öllum til góðs. Í þriðja lagi hefur verið hægt að sinna hinni vaxandi þörf fyrir umsjón og hjarðgæslu innan safnaðarins með því að skipa fleiri hæfa bræður sem öldunga. (Jes. 60:3-5) Hugsaðu þér: Söfnuðunum í heiminum fjölgaði úr rúmlega 27.000 árið 1971 í röklega 113.000

15. (a) Hvers vegna var það mikil framför að skipa öldungaráð í söfnuðunum? (b) Hvernig reyndist konungurinn forsjáll?

Konungurinn hefur greinilega verið forsjáll og séð fylgjendum sínum fyrir nægri umsjón á réttum tíma.

1881 – Bróðir Russell biður biblíunemendur, sem halda samkomur reglulega, að tilkynna skrifstofu Varðturnsins hvar þeir safnist saman. Þetta er gert til að koma þeim sem búa á sama svæði í samband hver við annan.

1895 – Allir söfnuðir fá fyrir-mæli um að velja sér bræður til að þjóna sem öldungar.

1919 – Deildarskrifstofan útnefnir þjónustustjóra í hverjum söfnuði. Hann hefur meðal annars það verkefni að skipuleggja boðunina og hvetja til þátttöku í henni. Sumir safnaðaröldungar styðja ekki það fyrirkomulag að hafa þjónustustjóra í söfnuðinum.

1932 – Hætt er að velja öldunga með árlegri kosningu í söfnuðinum. Þess í stað kys söfnuðurinn sér starfsnefnd skipaða bræðrum sem boða fagnaðarerindið af kappi. Þeir þurfa að rísa undir nafninu *vottar* Jehóva sem hafði þá nýlega verið tekið upp. Söfnuðurinn tilnefnir einn þeirra sem þjónustustjóra og Félagið eða deildarskrifstofan skipar hann til starfa.

1937 – Bræður af múginum mikla mega sitja í starfsnefndum ásamt andasmurðum bræðrum sínum.

1938 – Söfnuðirnir samþykka yfirlýsingu þar sem óskað er eftir að allir þjónar í söfnuðinum séu útnefndir í samræmi við meginreglur Biblíunnar. Þar með eru lýðræðislegar kosningar aflagðar í söfnuðunum.

Finna má nánari upplýsingar um skipulagsbreytingar í sögu safnaðarins í bókinni *Jehovah's Witnesses – Proclaimers of God's Kingdom*, bls. 204-235.

16. (a) Hvaða skylda hvílir á öldungum? (b) Hvernig litu Biblínemendurnir á hvatningu Jesú þess efnis að „vera hirðar sauðanna“?

17. Hvaða hjálp hafa umsjónarmenn fengið til að verða góðir hirðar hjarðarinnar?

árið 2013. Konungurinn hefur greinilega verið forsjáll og séð fylgjendum sínum fyrir nægri umsjón á réttum tíma.
– Míka 5:4.

Verið „fyrirmynd hjarðarinnar“

16 Öldungar meðal Biblínemendanna áttuðu sig snemma á því að það væri skylda þeirra að hjálpa trússystkinum sínum að halda áfram að þjóna Guði. (**Lestu Galatabréfið 6:10.**) Árið 1908 var rætt í *Varðturninum* um hvatningu Jesú: „Ver hirðir sauða minna.“ (Jóh. 21:15-17) Í greininni var öldungum sagt: „Það er afar mikilvægt að fyrirmæli meistarans varðandi hjörðina skipi háan sess í hjörtum okkar, að við lítum á það sem mikinn heiður að mega næra fylgjendur Drottins og annast þá.“ Árið 1925 var aftur lögð áhersla á það í *Varðturninum* að öldungar gættu hjarðarinnar. Þar voru þeir minntir á eftirfarandi: „Kirkja Guðs tilheyrir honum ... og hann gerir alla ábyrga fyrir verkefni þeirra að þjóna bræðrunum.“

17 Hvernig hefur hinn trúi og hyggni þjónn hjálpað safnaðaröldungum að verða færari að gæta hjarðarinnar, veitt þeim „silfur fyrir járn“ eins og Jesaja orðaði það? Hann hefur menntað þá. Árið 1959 var Ríkisþjónustuskólinn fyrir umsjónarmenn haldinn í fyrsta sinn. Í einni kennslustundinni var fjallað um hvernig ætti að sinna þörfum einstakra boðbera. Umsjónarmennirnir voru hvattir til að „gera sér áætlun um að heimsækja boðbera“. Í kennslustundinni var bent á ýmsar leiðir til að gera heimsóknirnar uppbyggilegar. Frá 1966 var skólinn haldinn með breyttu sniði. Einn af dagskrárliðunum nefnd-

Ríkisþjónustuskólinn á Filippseyjum árið 1966.



„ÞETTA VAR ÓTRÚLEGT“

HJÓN, sem voru trúboðar í Asíulandi, voru send til safnaðar þar sem engin fjölgun hafði orðið árum saman. Bræður og systur í söfnuðinum voru kærleiksrík en trúboðarnir tóku eftir að söfnuðurinn starfaði ekki eftir leiðbeiningum deildarskrifstofunnar. Eftir að hjónin höfðu byggt upp vináttusamband við boðberana hófst bróðirinn handa við að færa starfsaðferðir safnaðarins skref fyrir skref til samræmis við

aðferðir þjóna Jehóva um allan heim. Hvaða áhrif hafði það? Á tveim árum tvöfaldaðist samkomusóknin, nýir fóru að taka þátt í boðuninni og rúmlega 20 létu skírast. „Þetta var ótrúlegt,“ segja hjónin. „Jehóva blessaði okkur framar öllum vonum. Það hefur glatt alla í söfnuðinum að sjá hvaða áhrif það hefur að fara eftir leiðbeiningum deildarskrifstofunnar og hins trúa og hyggna þjóns.“

ist: „Mikilvægi hjarðgæslunnar.“ Hver var kjarni þessarar kennslustundar? Þeir sem fóru með forystuna „ættu að annast hjörð Guðs ástúðlega án þess þó að vanrækja fjölskyldu sína og boðunina“. Á síðustu árum hafa verið haldin fleiri námskeið fyrir öldunga. Hvaða árangri hefur þessi kennsla skilað? Í kristna söfnuðinum eru nú þúsundir bræðra sem eru hæfir til að annast hjörðina.

18 Það er ráðstöfun Jehóva að skipa safnaðaröldunga fyrir milligöngu konungsins Jesú til að sinna mikilvægu verkefni. Hvaða verkefni? Að leiða sauði Guðs gegnum hættulegustu tíma mannkynssögunnar. (Ef. 4:11, 12; 2. Tím. 3:1) Jehóva og Jesú þykir ákaflega vænt um dugmikla öldunga vegna þess að þeir gera eins og hvatt er til í Biblíunni: „Verið hirðar þeirrar hjarðar sem Guð hefur falið ykkur. Gætið hennar ... af fúsu geði ... Þið skuluð ... vera fyrirmynd hjarðarinnar.“ (1. Pét. 5:2, 3) Við skulum líta á tvö svið af mörgum þar sem safnaðaröldungar eru fyrirmynd hjarðarinnar og eiga drjúgan þátt í friði og gleði safnaðarins.

Hvernig gæta öldungarnir hjarðar Guðs?

19 Í fyrsta lagi starfa öldungarnir með boðberunum í söfnuðinum. Guðspjallaritarinn Lúkas sagði: „Eftir þetta fór Jesús um, borg úr borg og þorp úr þorpi, prédikaði og flutti fagnaðarerindið um Guðs ríki. Með honum voru þeir tólf.“ (Lúk. 8:1) Öldungarnir eru til fyrirmyndar með því að boða fagnaðarerindið með trússysteminum, rétt eins og Jesús með postulum sínum. Þeir vita að þannig stuðla þeir

18. (a) Hvaða mikilvæga verkefni er öldungunum trúað fyrir? (b) Hvers vegna þykir Jehóva og Jesú vænt um dugmikla öldunga?

19. Hvað finnst okkur um öldunga sem boða fagnaðarerindið með okkur?



Öldungarnir reyna að
finna þá sem hafa misst
sambandið við söfnuðinn,
rétt eins og fjárhirðir leitar
að týndum sauð.

að góðu andrúmslofti í söfnuðinum. Hvernig hugsa safnaðarmenn um slíka öldunga? Jeannine er næstum nírað systir. Hún segir: „Þegar ég fer í boðunarstarfið með öldungi hef ég gott tækifæri til að spjalla við hann og kynnst honum betur.“ Steven er um 35 ára gamall bróðir. Hann segir: „Þegar öldungur starfar með mér hús úr húsi finn ég að hann langar til að hjálpa mér. Það er mjög ánægjulegt að fá slíka aðstoð.“

20 Í öðru lagi hefur hinn trúi og hyggni þjónn kennt öldungum að sýna þeim umhyggju sem hafa misst sambandið við söfnuðinn. (Hebr. 12:12) Hvers vegna ættu öldungar að hjálpa þeim sem eru veikir í trúnni og hvernig á að gera það? Því er svarað í dæmisögu sem Jesús sagði um fjárhirði og týndan sauð. (**Lestu Lúkas 15:4-7.**) Þegar fjárhirðirinn í dæmisögunni uppgötvar að einn sauðurinn er týndur leitar hann að honum eins og þetta sé eini sauðurinn sem hann á. Hvernig líkja safnaðaröldungar eftir þessum fjárhirði? Þeir sem hafa misst sambandið við söfnuðinn eru dýrmætir í augum öldunganna, rétt eins og týndi sauðurinn í augum fjárhirðisins. Þeim finnst það ekki vera tímasóun að leita uppi og reyna að hjálpa þeim sem hafa villst frá söfnuðinum. Öldungarnir eiga frumkvæðið að því að finna þá sem eru veikir í trúnni og liðsinna þeim, rétt eins og fjárhirðirinn „fer eftir þeim sem týndur er þar til hann finnur hann“.

21 Hvað gerir fjárhirðirinn í dæmisögunni þegar hann finnur sauðinn? Hann lyftir honum varlega upp, leggur hann á herðar sér og ber hann aftur til hjarðarinnar. Umhyggja og hlýleg orð öldungs geta sömuleiðis verið uppörvandi fyrir einstakling sem er veikur í trúnni og hjálpað honum að snúa aftur til safnaðarins. Victor, bróðir í Afríku, er dæmi um það en hann hafði hætt að sækja samkomur. Hann segir svo frá: „Öldungarnir reyndu að hjálpa mér þau átta ár sem ég var óvirkur.“ Hvað hafði sérstaklega áhrif á hann? Hann segir: „Dag nokkurn kom John í heimsókn til mín en hann er öldungur sem ég hafði verið með í brautryðjendaskólanum. Hann sýndi mér myndir sem hann hafði tekið af okkur meðan við vorum í skólanum. Þær vöktu svo margar góðar minningar að mig langaði til að finna aftur fyrir þeirri gleði sem ég naut meðan ég þjónaði Jehóva.“ Victor sneri aftur til safnaðarins skömmu eftir að John heimsótti hann. Hann er nú orðinn brautryðjandi á nýjan leik. Umhyggjusamir öldungar stuðla sannarlega að gleði okkar. – 2. Kor. 1:24.^[2]

20, 21. Hvernig geta öldungar líkt eftir fjárhirðinum í dæmisögu Jesús? Nefndu dæmi. (Sjá einnig greinina „Vikulegar heimsóknir báru árangur“.)

NEÐANMÁLSGREIN

[2] Sjá greinina „Safnaðaröldungar – samverkamenn að gleði okkar“ í *Varðtunninum* 15. janúar 2013, bls. 27-31.



VIKULEGAR HEIMSÓKNIR BÁRU ÁRANGUR

ÖLDUNGA í söfnuði nokkrum í Bandaríkjunum langaði til að hjálpa týndum sauðum og veltu fyrir sér hvað hægt væri að gera til að liðsinna þeim sem höfðu misst tengslin við söfnuðinn. Þeir komust að raun um að enn byggju á starfssvæði safnaðarins um 30 manns sem hefðu hætt að þjóna Jehóva áratugum áður. Flestir þeirra voru komnir á efri æviár.

Alfredo, einn af öldungunum, fékk lista með nöfnum þeirra og tók að heimsækja þá. „Á hverjum föstudagsmorgni banka ég upp á hjá einhverjum óvirkum,“ segir hann. Þegar hinn óvirki opnar dyrnar reynir Alfredo að spjalla við hann í rólegheitum og tjá honum umhyggju sína. Hann segir bróðurnum eða systurinni að söfnuðurinn hafi ekki gleymt góðu verki þeirra í þágu ríkis Jehóva. Alfredo segir: „Óvirkur aldraður bróðir táraðist þegar ég sagði honum hve marga tíma hann

hefði prédikað og hve mörgum blöðum hann hefði dreift síðasta mánuðinn sem hann skilaði skýrslu árið 1976.“ Alfredo les einnig Lúkas 15:4-7, 10 með þeim sem hann heimsækir og spyr síðan: „Hvað gerist þegar týndur sauður snýr aftur til safnaðarins? Jehóva, Jesús og englarnir gleðjast – hugsaðu þér!“

Alfredo hefur reynt að ná til óvirkra síðastliðin tvö ár. Hvaða árangri hefur það skilað? Hann hefur orðið þeirrar gleði aðnjótandi að hjálpa tveim bræðrum að snúa aftur til safnaðarins. Þeir sækja nú samkomur að staðaldri á sunnudögum. „Þegar þeir gengu inn í ríkissalinn var komið að mér að tárast,“ segir hann brosandi. „Þó að þessir óvirku bræður séu farnir að sækja samkomur held ég áfram að heimsækja þá á föstudögum. Þeir segja mér að þeir hlakki til þessara vikulegu heimsókna. Ég geri það líka.“

Betri umsjón styrkir eininguna meðal þjóna Guðs

22 Eins og áður hefur komið fram sagði Jehóva að réttlæti og friður myndi vaxa jafnt og þétt meðal þjóna hans. (Jes. 60:17) Hvort tveggja styrkir einingu safnaðanna. Á hvaða hátt? „Guð vor, Drottinn er *einn*.“ Hann er sjálfum sér samkvæmur. (5. Mós. 6:4) Réttlátur mælikvarði hans er ekki breytilegur milli safnaða frá einu landi til annars. Mælikvarði hans á rétt og rangt er *einn*. Hann er einn og hinn sami „í öllum söfnuðum hinna heilögu“. (1. Kor. 14:33) Þess vegna getur söfnuður aðeins dafnað ef mælikvarða Guðs er fylgt. Konungurinn vill ekki aðeins að við búum við frið í söfnuðinum heldur eigum við líka að vera „friðflytjendur“. (Matt. 5:9) Við „keppum þess vegna eftir því sem til friðar heyrir“. Við tókum frumkvæðið til að jafna ágreining sem getur stundum orðið á meðal okkar. (Róm. 14:19) Þannig stuðlum við bæði að friði og einingu í söfnuðinum okkar. – Jes. 60:18.

23 Þegar tilkynnt var í *Varðturninum* í nóvember 1895 að kjósa ætti öldunga í söfnuðunum lýstu bræðurnir, sem fóru með forystuna, einnig innilegri löngun sem þeir báru í brjósti. Hver var hún? Það var ósk þeirra og bæn að þetta nýja fyrirkomulag myndi hjálpa þjónum Guðs að „verða fljótt *einhuga* í trúnni“. Við erum þakklát þegar við lítum um öxl og sjáum hvernig Jehóva hefur falið konungi okkar að bæta umsjónina stig af stigi og hvernig það hefur styrkt einingu okkar. (Sálm. 99:4) Þjónar Jehóva um allan heim fagna því að ganga fram „í einum og sama anda“, feta í „sömu fótsporin“ og þjóna Guði friðarins „*einhuga*“. – 2. Kor. 12:18; **lestu Sefanía 3:9**.

22. Hvernig styrkja réttlæti og friður einingu kristna safnaðarins? (Sjá einnig greinina „Þetta var ótrúlegt“.)

23. Hverju fagna þjónar Jehóva?

Hve raunverulegt er ríki Guðs í þínum augum?

- Hvaða skipulagsbreytingum hefur ríki Guðs komið á?
- Hvernig hafa breytingar á umsjón safnaðanna hjálpað þér að þjóna „Guði friðarins“?
- Hvað hefur öldungur sagt eða gert sem hefur glatt þig?
- Hvernig getur þú stuðlað að friði og einingu safnaðarins?



HVERNIG GÆTIR HIÐ STJÓRNANDI RÁÐ HAGSMUNA GUÐSRÍKIS Á JÖRÐ?

Frá vinstri:

Gerrit Lösch, Geoffrey Jackson,
Samuel Herd, Guy Pierce,
Mark Sanderson, David Splane,
Anthony Morris III, Stephen Lett.

STJÓRNANDI RÁÐ Votta Jehóva er skipað bræðrum sem eru andasmurðir þjónar Jehóva Guðs. Sem hópur eru þeir hinn „trúi og hyggni þjónn“. Þeir hafa það verkefni að sjá fyrir andlegri fæðu og veita forstöðu boðun fagnaðarerindisins um ríkið út um allan heim. – Matt. 24:14, 45-47.

Hið stjórnandi ráð fundar vikulega, yfirleitt á miðvikudögum. Það gerir bræðrunum í ráðinu kleift að vinna saman sem ein heild. (Sálm. 133:1) Ráðinu er auk þess skipt í nokkrar nefndir. Hver nefnd gætir hagsmuna Guðsríkis á ákveðnu sviði. Hér fer á eftir yfirlit yfir nefndirnar og starfssvið þeirra.



Ritaranefnd

Bræðurnir, sem sitja í þessari nefnd, hafa umsjón með lögfræðilegum málum og því að nýta fjölmiðla til að gefa rétta mynd af trú okkar þegar það er talið nauðsynlegt. Þeir bregðast við þegar neyðarástand skapast, svo sem náttúruhamfarir, ofsóknir og aðrar aðkallandi aðstæður sem snerta trússystkini okkar einhvers staðar í heiminum.



Starfsmannanefnd

Þessi nefnd hefur umsjón með andlegri og líkamlegri velferð þeirra sem tilheyra Betelfjölskyldum um heim allan og þeirri aðstoð sem þeir þurfa að fá. Þegar nýju fólki er boðið til starfa á Betelheimilum er það gert undir umsjón þessarar nefndar, og hún sér einnig um að svara spurningum um störf þess.



Útgáfunefnd

Bræðurnir í þessari nefnd hafa umsjón með prentun og dreifingu biblíutengdra rita um heim allan. Þeir hafa umsjón með prentsmiðjum og eignum hinna ýmsu félaga sem Vottar Jehóva starfrækja, svo og með öllum byggingarframkvæmdum í heiminum, þar á meðal byggingu ríkissala. Þeir beita sér fyrir því að fjárframlög, sem eru gefin til starfseminnar, nýtist sem best.



Þjónustunefnd

Bræðurnir, sem skipa þessa nefnd, hafa umsjón með boðuninni á öllum sviðum, svo og öllu sem varðar söfnuði, boðbera, brautryðjendur, öldunga, farandumsjónarmenn og trúboða. Þeir bera einnig ábyrgð á starfi spítalasamskiptanefnda og mörgu öðru.



Fræðslunefnd

Þessi nefnd hefur umsjón með allri fræðslu á svæðismótum, umdæmismótum og safnaðarsamkomum. Gíleaðskólinn, Skólinn fyrir boðbera Guðsríkis, Brautryðjendaskólinn og aðrir skólar eru einnig undir umsjón þessarar nefndar. Hún hefur umsjón með útgáfu ritsins *Líf okkar og boðun – vinnubók fyrir samkomur*. Hið sama er að segja um gerð myndbanda og hljóðritaðs efnis.



Ritnefnd

Andleg fæða handa trússystkinum og almenningi, bæði á prenti og í rafrænu formi, er samin undir umsjón þessarar nefndar. Hún sér einnig um vefsetur safnaðarins og þýðingar út um allan heim. Nefndin svarar spurningum um merkingu biblíuversna og efnis sem birtist í ritunum.



Til vinstri:
Bróðir handtekinn
fyrir að boða
fagnaðarerindið
í Eindhoven í
Hollandi árið 1945.

Til hægri:
Er rétturinn
til að boða trúna
lögvarinn þar sem
þú býrð?

4. HLUTI

SIGRAR GUÐSRÍKIS

Að verja fagnaðarerindið
með lögum



ÞÚ ERT að boða fagnaðarerindið hús úr húsi þegar þú heyrir sírenuvæl í fjarska. Hljóðið verður sífellt hærra. Þú byrjar að ræða við húsráðandann en athygli boðberans, sem er með þér, beinist að lögreglubíl sem staðnæmist við gangstéttarbrúnina. Lögregluþjónn stígur út úr bílnum. „Eruð það þið sem eruð að ganga í hús og tala um Biblíuna?“ spyr hann. „Við höfum fengið kvartanir.“ Þið svarið kurteislega og segið að þið séuð vottar Jehóva. Hvað gerist svo?

Það er að miklu leyti komið undir sögu liðinna ára og áratuga. Hvernig hafa stjórnvöld í land-

inu, þar sem þú býrð, farið með votta Jehóva? Býrð þú við trúfrelsi? Ef svo er má líklega rekja það að töluverðu leyti til þess sem trússystemi þín hafa gert til að „verja fagnaðarerindið og staðfesta það“. (Fil. 1:7, *Biblían 1981*) Óháð því hvar þú býrð getur verið mjög styrkjandi fyrir trúna að kynna sér hvernig vottar Jehóva hafa náð rétti sínum fyrir dómstólum. Í þessum hluta bókarinnar lítum við nánar á þennan merkilega þátt í sögu þjóna Jehóva. Þeir sigrar, sem hafa unnist á þessum vettvangi, sanna að ríki Guðs er við völd því að við hefðum aldrei getað áorkað svona miklu í eigin krafti.

13

Boðberar Guðsríkis verja rétt sinn fyrir dómstólum

Í ÞESSUM KAFLA

Yfirvöld hafa beitt sér gegn boðun fagnaðarerindisins eins og Jesús spáði.


1, 2. (a) Hvaða afstöðu tóku trúarleiðtogarnir gagnvart boðun fagnaðarerindisins en hvernig brugðust postularnir við? (b) Hvers vegna neituðu postularnir að hlíta boðunarbanninu?

3, 4. (a) Hvaða aðferð hefur Satan notað lengi til að beita sér gegn þjónum Guðs? (b) Um hvað er fjallað í þessum kafla og næstu tveim?

VIÐ erum stödd í Jerúsalem skömmu eftir hvítasunnu árið 33. Kristni söfnuðurinn þar í borg er bara nokkurra vikna gamall. Satan er greinilega á því að nú sé rétti tíminn til að gera árás. Hann ætlar sér að tortíma söfnuðinum áður en honum vex fiskur um hrygg. Í snatri býr hann svo um hnútana að trúarleiðtogarnir banna boðun fagnaðarerindisins. En postularnir eru óhræddir. Þeir halda boðuninni áfram og fjöldi karla og kvenna tekur ‚trú á Drottin‘. – Post. 4:18, 33; 5:14.

² Andstæðingarnir eru fokvondir og leggja til atlögu á ný – og í þetta sinn varpa þeir öllum postulunum í fangelsi. En engill Jehóva opnar dyr fangelsisins um nóttina og í dögun eru postularnir teknir að boða fagnaðarerindið á nýjan leik. Þeir eru handteknir aftur, leiddir fyrir valdhafana og sakaðir um að brjóta boðunarbannið. Postularnir svara hugrakkir: „Framar ber að hlýða Guði en mönnum.“ Valdhafarnir fyllast bræði og ætla sér að taka þá af lífi. En á þessari ögurstund lætur hinn virti lögmálskennari Gamalíel í sér heyra. Hann varar ráðamennina við þessu og segir: „Athugið vel hvað þið gerið ... Látið þessa menn eiga sig og sleppið þeim.“ Þótt ótrúlegt sé fara valdhafarnir að ráðum hans og sleppa postulunum. Hvað gera þessir þjónar Guðs? Þeir halda ótrauðir áfram að „kenna ... og boða fagnaðarerindið um að Jesús sé Kristur“. – Post. 5:17-21, 27-42; Orðskv. 21:1, 30.

³ Þetta dómsmál árið 33 er fyrsta dæmið um andstöðu yfirvalda gegn kristna söfnuðinum, en sannarlega ekki það síðasta. (Post. 4:5-8; 16:20; 17:6, 7) Á okkar tímum hefur Satan einnig fengið andstæðinga sannrar tilbeiðslu til að þrýsta á yfirvöld og reyna að fá þau til að banna boðunina. Andstæðingarnir hafa sakað þjóna Guðs um ýmislegt. Ein ásökunin er sú að við röskum almannafríði – séum friðarspillar. Önnur er á þann veg að við förum með uppreisnaráróður



Postularnir voru „gláðir yfir því að þeir höfðu verið virtir þess að þola háðung vegna nafns Jesú“.

5. Hvers vegna voru boðberar handteknir í hundraðatali skömmu fyrir 1940 og hvað hugleiddu þeir sem fóru með forystuna?

6, 7. Hvað gerðist hjá Cantwell-fjölskyldunni?

gegn yfirvöldum, og sú þriðja að við séum ekkert annað en sölumenn – farandsalar. Bræður okkar hafa farið dómstólaleiðina til að afsanna slíkar fullyrðingar þegar það hefur átt við. Hvernig hafa þessi dómsmál farið? Hvaða áhrif hafa dómur, sem féllu fyrir nokkrum áratugum, á okkur núna? Við skulum líta á nokkur dómsmál til að kanna hvernig þau hafa átt þátt í að „verja fagnaðarerindið og staðfesta það“.
– Fil. 1:7, *Biblían* 1981.

4 Í þessum kafla beinum við athyglinni að því hvernig við höfum varið frelsi okkar til að boða fagnaðarerindið. Í næstu tveim köflum er síðan fjallað um baráttuna fyrir þeim rétti okkar að tilheyra ekki heiminum og réttinum til að lifa í samræmi við lög Guðsríkis.

Friðarspillar – eða trúir talsmenn Guðsríkis?

5 Nokkru fyrir 1940 reyndu yfirvöld í borgum og ríkjum um öll **Bandaríki Norður-Ameríku** að þvinga votta Jehóva til að fá einhvers konar opinbert leyfi til að boða fagnaðarerindið. En bræður okkar og systur sóttu ekki um slík leyfi. Það er hægt að afturkalla leyfi, og trússystemi okkar töldu að yfirvöld hefðu ekki umboð til að aftra fylgjendum Krists á nokkurn hátt frá að boða boðskapinn um ríkið í samræmi við fyrirmæli hans. (Mark. 13:10) Boðberar Guðsríkis voru því handteknir hundruðum saman. Þeir sem fóru með forystuna í söfnuðinum hugleiddu alvarlega að leita á náðir dómstóla. Þeir vonuðust til að geta sýnt fram á að ríkið hefði reynt að tálma með ólögætum hætti að vottarnir gætu iðkað trú sína að vild. Og árið 1938 átti sér stað atburður sem varð kveikjan að dómsmáli sem átti eftir að hafa fordæmisgildi. Hvað gerðist?

6 Þriðjudagsmorguninn 26. apríl 1938 lagði Newton Cantwell af stað ásamt fjölskyldu sinni til að boða fagnaðarerindið í borginni New Haven í Connecticut. Newton, sem var sextugur, Esther eiginkona hans og synirnir Henry, Russell og Jesse voru öll sérbrautryðjendur. Þau ætluðu sér að nota daginn til að boða trúna en voru reyndar undir það búin að vera lengur að heiman. Hvers vegna? Þau höfðu verið handtekin nokkrum sinnum og vissu að það gæti gerst aftur. En það dró ekki úr löngun Cantwell-fjölskyldunnar til að boða boðskapinn um ríkið. Þau fóru til New Haven á tveim bílum. Newton ók fjölskyldubílnum fullum af biblíutengdum ritum og grammófónum en Henry, sem var 22 ára, ók hátalarabíl. Og eins og þau höfðu búist við leið ekki á löngu áður en lögreglan stöðvaði þau.

7 Russell, sem var 18 ára, var handtekinn fyrstur og þau Newton og Esther strax á eftir. Jesse, 16 ára, horfði á úr

nokkurri fjarlægð þegar lögreglan leiddi bróður hans og foreldra burt. Henry var að boða trúna í öðrum borgarhluta þannig að Jesse var einn eftir. Hann gafst þó ekki upp heldur tók grammófóninn sinn og hélt boðuninni áfram. Tveir kaþólskir menn leyfðu Jesse að spila plötu með ræðu bróður Rutherfords. Ræðan hét „Óvinir“. Mennirnir reiddust heiftarlega þegar þeir hlustuðu á ræðuna og við lá að þeir berðu Jesse. Hann labbaði rólegur burt en stuttu seinna stöðvaði lögregluþjónn för hans. Hann var því líka hnepptur í varðhald. Newton og synirnir voru ákærðir en Esther ekki. Þeir voru þó látnir lausir gegn tryggingu síðar um daginn.

8 Nokkrum mánuðum síðar, í september 1938, voru Newton og synirnir leiddir fyrir rétt í New Haven. Þeir Newton, Russell og Jesse voru fundnir sekir um fjársöfnun án leyfis og brot á almannafriði. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar Connecticut. Hann sýknaði Newton og Russell um brot á almannafriði en staðfesti dóminn yfir Jesse. Hvers vegna? Vegna þess að kaþólsku mennirnir tveir, sem höfðu hlustað á ræðu Rutherfords, báru vitni fyrir réttinum og sögðu fyrirlesturinn hafa verið ögrandi og móðgun við trú þeirra. Forystumenn safnaðarins áfrýjuðu dómnum


8. Hvers vegna var Jesse Cantwell fundinn sekur um að brjóta á almannafriði?

Hayden Covington (fremst fyrir miðju), Glen How (til vinstri) og fleiri ganga út úr dómshúsi eftir að hafa unnið mál.



9, 10. (a) Hvernig var dómur Hæstaréttar Bandaríkjanna í Cantwell-málinu? (b) Hvernig njóta þjónar Guðs enn þá góðs af þessum dómi?

11. Fyrir hvaða dreifingarátaki stóðu bræður okkar í Kanada og hvers vegna?



Smáritið um hatur Quebec-manna á Guði, Kristi og frelsi.

NEÐANMÁLSGREIN

[1] Þetta mál, *Cantwell gegn Connecticut-ríki*, var fyrsta málið af 43 sem Hayden Covington flutti fyrir Hæstarétti Bandaríkjanna fyrir hönd bræðra og systra. Hann lést árið 1978. Dorothy, eiginkona hans, þjónaði Jehóva dyggilega til dauðadags. Hún lést árið 2015, 92 ára að aldri.

til Hæstaréttar Bandaríkjanna sem er æðsta dómstig þar í landi.

9 Málflutningur fyrir Hæstarétti hófst 29. mars 1940. Charles E. Hughes, forseti réttarins, og átta hæstaréttardóm-arar hlýddu á málflutning broður Haydens Covingtons sem var lögmaður Votta Jehóva.^[1] Þegar lögmaður Connecticut-ríkis flutti mál sitt til að sýna fram á að vottarnir brytu á almannafriði spurði einn af dómurinum: „Er það ekki rétt að boðskapurinn, sem Kristur Jesús boðaði, hafi verið óvinsæll á sínum tíma?“ Lögmaðurinn svaraði: „Hann var það, og ef ég man rétt segir líka í Biblíunni hvernig fór fyrir Jesú vegna þess að hann boðaði þennan boðskap.“ Þetta var athyglisverð yfirlýsing. Án þess að ætla sér það setti lögmaðurinn vottana í flokk með Jesú og ríkið með þeim sem sakfelldu hann. Hinn 20. maí 1940 dæmdi Hæstiréttur einróma vottunum í vil.

10 Hvaða þýðingu hafði dómur Hæstaréttar? Hann útvíkkaði lögvarinn rétt fólks til að iðka trú sína þannig að hvorki alríkisstjórnin, stjórnir einstakra ríkja né sveitarstjórnir gátu takmarkað hann á lögmatan hátt. Rétturinn komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að framferði Jesse hefði „á engan hátt ógnað almannafriði og reglu“. Dómurinn staðfesti því með óyggjandi hætti að vottar Jehóva rösk-uðu ekki almannafriði. Þetta var mikilvægur réttarsigur fyrir þjóna Guðs og þeir njóta góðs af honum enn þann dag í dag. Lögfræðingur, sem er vottur, segir: „Rétturinn til að iðka trú sína að vild, án þess að þurfa að óttast ósanngjarnar hömlur, gerir okkur, sem erum vottar hans núna, kleift að flytja fólki vonarboðskap í því samfélagi þar sem við búum.“

Áróðursmenn – eða boðberar sannleikans?

11 Vottar Jehóva í Kanada mættu heiftarlegri andstöðu á fimmta áratugnum. Bræður okkar þar gerðu því átak árið 1946 til að vekja athygli á því hvernig ríkið braut á trúfrelsi í landinu. Á 16 daga tímabili var dreift smáriti sem hét *Quebec's Burning Hate for God and Christ and Freedom Is the Shame of All Canada* (Hatur Quebec-manna á Guði, Kristi og frelsi er öllum Kanadabúum til skammar). Í þessu fjögurra blaðsíðna smáriti var greint ítarlega frá uppþotum sem prestar stóðu fyrir, hrottaskap lögreglu og ofbeldisfullum skrílslátum sem trússystemi okkar urðu fyrir í Quebec-fylki. „Haldið er áfram að handtaka votta Jehóva með löglausum hætti,“ sagði í smáritinu. „Það hafa hlaðist upp einar 800 ákærur á hendur vottum Jehóva í Montreal og nágrenni.“

12 Maurice Duplessis var forsætisráðherra Quebec á þeim tíma og átti náð samstarf við Villeneuve, kardínala rómversk-kaþólsku kirkjunnar. Viðbrögð hans við smáritinu voru þau að lýsa yfir „miskunnarlausu stríði“ á hendur vottunum. Ákærum fjölgaði á skömmum tíma úr 800 í 1.600. „Lögreglan handtók okkur svo oft að við hættum að telja,“ sagði brautryðjandasystir. Vottar, sem voru staðnir að því að dreifa smáritinu, voru ákærðir fyrir þann glæp að dreifa „uppreisnaráróðri og ærumeiðingum“.^[2]

13 Bróðir Aimé Boucher og dætur hans, þær Gisèle, 18 ára, og Lucille, 11 ára, voru fyrstu vottarnir sem voru leiddir fyrir rétt ákærðir fyrir uppreisnaráróður. Það var árið 1947. Þau höfðu dreift smáritinu um hatur Quebec-manna í grennd við bæinn sinn á hæðunum suður af Quebec-borg. En það var erfitt að ímynda sér að þau væru lögbrijótar og röskuðu almannafríði. Bróðir Boucher var högvær og hæglatúr maður sem bjó á litlum bóndabæ og fór stundum bæjarleið á hestvagni. Fjölskyldan hafði þó mátt þola sumt af því ranglæti sem nefnt var í smáritinu. Dómarinn hataði vottana og neitaði að taka til greina gögn sem sönnuðu að feðginin væru saklaus. Hann studdi þá afstöðu ákæruvaldsins að smáritið ýtti undir mótspyrnu og að feðginin skyldu sakfelld. Afstaða dómarsins var því í hnotskurn sú að það væri glæpur að segja sannleikann. Aimé og Gisèle voru fundin sek um uppreisnaráróður og ærumeiðingar, og Lucille litla eyddi meira að segja tveim dögum í fangelsi. Bræðurnir áfrýjuðu málinu til Hæstaréttar Kanada, æðsta dómstóls í landinu, og rétturinn féllst á að taka málið fyrir.

14 Hugrakkir þjónar Jehóva í Quebec héldu áfram að boða boðskapinn um ríkið með einstökum árangri, þrátt fyrir linnulausar og ofbeldisfullar árásir. Á fjórum árum frá því að gert var átak til að dreifa smáritinu árið 1946 fjölgaði vottunum í Quebec úr 300 í 1.000.^[3]

15 Hæstiréttur Kanada tók fyrir mál Aimés Bouchers í júní árið 1950. Dómurinn var fullskipaður níu dómurum. Hálfu ári síðar, 18. desember 1950, dæmdi rétturinn okkur í vil. Hvers vegna? Bróðir Glen How var lögmaður vottanna. Hann sagði að Hæstiréttur hefði fallist á þau rök verjenda að ekki væri um að ræða „uppreisnaráróður“ nema hvatt væri til ofbeldis eða uppreisnar gegn stjórnvöldum. Í smáritinu var „engin hvatning í þá átt og efni þess féll því undir lögmætt málfrelsi“. Bróðir How bætti við: „Ég sá með eigin augum hvernig Jehóva veitti okkur sigur.“^[4]

16 Dómur Hæstaréttar var mikill sigur fyrir ríki Guðs. Þegar hann féll voru 122 mál sem biðu dóms í Quebec þar sem vottar voru ákærðir fyrir uppreisnaráróður og ærumeiðingar.

12. (a) Hvernig brugðust andstæðingar við dreifingu smáritsins? (b) Fyrir hvaða glæp voru trústykki okkar ákærð? (Sjá einnig neðanmálgrein.)

13. Hverjir voru fyrstu vottarnir sem voru leiddir fyrir rétt, sakaðir um uppreisnaráróður, og hvernig féll dómurinn?

14. Hvað gerðu bræður og systur í Quebec þrátt fyrir linnulausar ofsóknir?

15, 16. (a) Hvernig dæmdi Hæstiréttur Kanada í máli Aimés Bouchers? (b) Hvaða áhrif hafði þessi sigur á trústykki okkar og aðra?

NEÐANMÁLSGREINAR

[2] Ákæran var byggð á lögum sem sett voru árið 1606. Þau heimiluðu kvíddómi að lýsa mann sekan ef talið var að hann hefði með orðum sínum ýtt undir mótspyrnu – jafnvel þó að hann hefði farið með rétt mál.

[3] Árið 1950 störfuðu 164 boðberar í fullu starfi í Quebec, þar á meðal 63 sem höfðu setið Gríleaðskólann en fallist á að starfa þar þrátt fyrir þá hatrómmu andstöðu sem beið þeirra.

[4] Bróðir W. Glen How var hugrakkur og fær lögmaður sem flutti hundruð mála fyrir votta Jehóva í Kanada og víðar á árabílinu 1943 til 2003.

17. Hvernig reyna stjórnvöld í sumum löndum að setja hömlur á boðun okkar?

18, 19. Hvernig reyndu dönsk yfirvöld að setja hömlur á boðunina?

20. Hver var dómur Hæstaréttar Danmerkur og hvernig brugðust bræður og systur við?

21, 22. Hvernig dæmdi Hæstiréttur Bandaríkjanna í máli bróður Murdock's?

Með dómi Hæstaréttar voru forsendur brostnar fyrir öllum þessum málum. Dómurinn þýddi einnig að ríkisborgarar Kanada og Breska samveldisins höfðu nú frelsi til að tjá áhyggjur sínar af stjórnvaldsaðgerðum. Þessi sigur varð til þess að kirkja og ríki hættu að berjast gegn frelsi votta Jehóva í Quebec til að iðka trú sína.^[5]

Farandsalar – eða kappsamir sendiboðar Guðsríkis?

17 Frumkristnir menn „prönguðu ekki með Guðs orð“ og þjónar Jehóva nú á dögum gera það ekki heldur. (**Lestu 2. Korintubrэф 2:17.**) Stjórnvöld í sumum löndum reyna engu að síður að beita lögum um verslun og viðskipti til að setja hömlur á boðun okkar. Við skulum líta á tvo dóma þar sem tekist var á um hvort vottar Jehóva væru farandsalar eða boðberar fagnaðarerindisins.

18 **Danmörk.** Hinn 1. október 1932 gengu í gildi lög sem bönnuðu sölu prentaðs máls án leyfis til farandsölu. En trússystemi okkar sóttu ekki um slík leyfi. Fimm boðberar notuðu næsta dag til að boða fagnaðarerindið í Hróarskeldu sem er um 30 kílómetra vestur af Kaupmannahöfn. Um kvöldið vantaði einn boðberann, August Lehmann. Hann hafði verið handtekinn fyrir að selja varning án leyfis.

19 August Lehmann kom fyrir rétt 19. desember 1932. Hann viðurkenndi að hafa heimsótt fólk og boðið biblíutengd rit en neitaði að hafa stundað farandsölu. Rétturinn féllst á rök hans. Í dómsorðinu segir: „Ákærði ... er fær um að sjá fyrir sér sjálfur og hefur hvorki hagnast á starfsemi sinni né ætlað sér að gera það. Þvert á móti hefur hann tapað fjárhagslega á starfsemi sinni.“ Rétturinn tók afstöðu með vottunum og úrskurðaði að starfsemi Lehmanns gæti ekki „flokkast sem verslun“. En andstæðingar þjóna Guðs voru staðráðnir í að setja hömlur á boðunina í Danmörku. (Sálm. 94:20) Saksóknari áfrýjaði dómnum alla leið til Hæstaréttar. Hvernig brugðust trússystemi okkar við?

20 Vottarnir í Danmörku boðuðu fagnaðarerindið af miklu kappi í vikunni áður en Hæstiréttur tók málið fyrir. Rétturinn kvað upp dóm sinn þriðjudaginn 3. október 1933. Hann staðfesti dóm undirréttar þess efnis að August Lehmann hefði ekki brotið lög. Dómurinn þýddi að vottarnir gátu haldið áfram að boða trúna að vild. Til að þakka Jehóva fyrir þennan lagalega sigur hleyptu bræður og systur í Danmörku enn meiri krafti í boðunina. Allar götur síðan hafa þjónar Guðs þar í landi getað boðað trúna án afskipta stjórnvalda.

21 **Bandaríkin.** Sunnudaginn 25. febrúar 1940 var brautryðjandinn Robert Murdock, Jr., handtekinn ásamt sjö öðrum vottum en þeir höfðu verið að boða trúna í bænum

NEÐANMÁLSGREIN

[5] Nánari upplýsingar um þetta mál er að finna í greininni „The Battle Is Not Yours, but God's“ í *Vaknið!* (enskrri útgáfu) 22. apríl 2000, bls. 18-24.



Jeannette í grennd við Pittsburgh í Pennsylvaníu. Þeir voru fundnir sekir um að hafa ekki keypt leyfi til að bjóða fólki rit. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar Bandaríkjanna sem féllst á að taka það fyrir.

22 Hæstiréttur kvað upp dóm sinn 3. maí 1943 og var hann vottunum í vil. Rétturinn féllst ekki á að skylt væri að fá leyfi því að þar með væri „lagt gjald á fólk fyrir að njóta réttinda sem væru tryggð samkvæmt stjórnarskrá Bandaríkjanna“. Rétturinn ógilti tilskipun bæjarfélagsins og kallaði hana „skerðingu á prentfrelsi og hömlur á að fólk gæti iðkað trú sína að vild“. William O. Douglas dómari flutti úrskurð meirihluta Hæstaréttar og sagði um starfsemi Votta Jehóva: „Hún er meira en boðun, hún er meira en dreifing trúarlegra rita. Hún er sambland beggja.“ Hann bætti við: „Trúarleg starfsemi af þessu tagi nýtur sömu réttinda ... og tilbeiðsla og prédikun í kirkjum.“

23 Þessi dómur Hæstaréttar Bandaríkjanna var meiri háttar sigur fyrir þjóna Guðs. Hann staðfesti að við værum kristnir boðberar en ekki sölumenn. Þennan minnisverða dag árið 1943 unnu Vottar Jehóva 12 mál af 13 sem voru fyrir Hæstarétti. Murdock-málið var eitt þeirra. Þessir dómsúrskurðir hafa

Hugrakkir vottar í Danmörku upp úr 1930.

23. Hvers vegna eru dómsmálin, sem unnust árið 1943, mikilvæg fyrir okkur núna?

24. Hvað gerum við þegar ríkisstjórn bannar okkur að boða ríki Guðs?

25, 26. Hvaða mál var tekið fyrir í Hæstarétti Níkaragva, hver var aðdragandi þess og hvernig fór það?

reynst mikilvæg fordæmi í dómsmálum á síðari árum þar sem andstæðingar okkar hafa enn og aftur véfengt rétt okkar til að boða boðskapinn um ríkið opinberlega og með því að ganga í hús.

„Framar ber að hlýða Guði en mönnum“

24 Við erum ákaflega þakklát stjórnvöldum sem veita okkur lagalegan rétt til að boða ríki Guðs að vild. En þegar einhver ríkisstjórn bannar boðunina breytum við bara um aðferðir og höldum boðuninni áfram með þeim aðferðum sem hægt er að beita. Við vitum, rétt eins og postularnir, að „framar ber að hlýða Guði en mönnum“. (Post. 5:29; Matt. 28:19, 20) En jafnframt reynum við að fá slíkum bönnum aflétt með því að leita til dómstóla. Við skulum líta á tvö dæmi.

25 **Níkaragva.** Hinn 19. nóvember 1952 gekk Donovan Munsterman, trúboði og umsjónarmaður deildarskrifstofunnar, inn á skrifstofu Útlendingastofnunar í höfuðborginni Managva. Hann hafði fengið boð um að hitta Arnoldo García sem var yfirmaður stofnunarinnar. García sagði Donovan að Vottum Jehóva í Níkaragva væri „bannað að boða kennisetningar sínar og stunda trúarlega starfsemi“. Spurdur um ástæðuna svaraði García að Vottarnir hefðu ekki leyfi ráðherra til að stunda trúboð og væru sakaðir um að vera kommúnistar. Og hverjir skyldu hafa sakað okkur um það? Prestar rómversk-kaþólsku kirkjunnar.

26 Donovan skaut málinu þegar í stað til ráðuneytis stjórnar og trúmála og einnig til Anastasios Somoza García forseta,

Bræður og systur í Níkaragva meðan bannið var í gildi.



en án árangurs. Vottarnir breyttu því um starfsaðferðir. Þeir lokuðu ríkissalnum, héldu samkomur í fámennum hópum og hættu að vitna á götum úti. Þeir héldu samt áfram að boða fagnaðarerindið. Þeir lögðu inn beiðni til Hæstaréttar Níkaragva um að ógilda bannið. Mikið var fjallað um bannið í dagblöðum og um beiðni safnaðarins til Hæstaréttar. Rétturinn féllst á að taka málið fyrir. Hvernig fór? Hæstiréttur birti einróma úrskurð sinn 19. júní 1953 og hann var Vottunum í vil. Í úrskurði Hæstaréttar kom fram að bannið bryti gegn ákvæðum stjórnarskrár um tjáningar-, samvisku- og trúfrelsi. Þar sagði einnig að samband stjórnar Níkaragva og Votta Jehóva skyldi vera með sama hætti og verið hafði fyrir bannið.

27 Íbúar Níkaragva voru furðu lostnir að Hæstiréttur skyldi taka afstöðu með Vottum Jehóva. Fram að þeim tíma höfðu prestar haft það sterk ítök í landinu að Hæstiréttur forðaðist að lenda upp á kant við þá. Stjórn mála- og embættismenn voru líka svo valdamiklir að Hæstiréttur sjaaldan afstöðu gegn ákvörðunum þeirra. Bræður okkar og systur voru sannfærð um að þau hefðu haft sigur í þessu máli vegna þess að þau höfðu haldið boðuninni áfram og notið verndar konungs síns. – Post. 1:8.

28 Saír. Um 1985 voru um það bil 35.000 vottar í Saír sem nú heitir Austur-Kongó. Ný deildarskrifstofa var í smíðum til að anna vaxandi starfsemi safnaðarins. Í desember 1985 var haldið alþjóðamót í höfuðborginni Kinshasa og 32.000 gestir víða að úr heiminum fylltu leikvang borgarinnar. En skömmu síðar breyttust aðstæður þjóna Jehóva í landinu. Hvað gerðist?

29 Bróðir Marcel Filteau var trúboði í Saír á þeim tíma en hann hafði mátt þola ofsóknir í Quebec í Kanada í valdatíð Duplessis. Hann segir frá því sem gerðist: „Hinn 12. mars 1986 var bræðrunum, sem fóru með forystuna, afhent bréf þar sem lýst var yfir að söfnuður Votta Jehóva í Saír væri bannaður.“ Bannið var undirritað af forseta landsins, Mobutu Sese Seko.

30 Daginn eftir var tilkynnt í ríkisútvarpi Saír: „Við eigum aldrei framar eftir að heyra minnst á Votta Jehóva í [Saír].“ Ofsóknir skullu á þegar í stað. Ríkissalir voru eyðilagðir og bræður og systur rænd, handtekin, hneppt í fangelsi og þeim misþyrmt. Börn votta voru meira að segja fangelsuð. Hinn 12. október 1988 lögðu stjórnvöld hald á eignir safnaðarins og þjóðvarðliðið, sem var deild í hernum, lagði undir sig deildarskrifstofuna. Forystumenn safnaðarins sendu Mobutu forseta beiðni um að afturkalla bannið en henni var ekki svarað. Þegar þar var komið sögu þurfti deildarnefndin

27. Hvers vegna kom dómur Hæstaréttar íbúum Níkaragva á óvart og hvernig litu trússystemin okkar á sigurinn?

28, 29. Hvaða óvænti atburður átti sér stað í Saír árið 1986?

30. Hvaða ákvörðun þurfti deildarnefndin að taka og hver var niðurstaðan?

„Meðan mála-
reksturinn stóð
yfir sáum við
hvernig Jehóva
getur breytt
gangi mála.“

31, 32. Hvaða ótrúlega úrskurð felldi Hæstiréttur Saír og hvaða áhrif hafði hann á bræður og systur?

Vottar Jehóva í Austur-Kongó fagna því að hafa frelsi til að tilbiðja Jehóva.

í landinu að taka alvarlega ákvörðun: „Eigum við að skjóta málinu til Hæstaréttar eða eigum við að biða átekt?“ Timothy Holmes var trúboði og ritari deildarnefndarinnar á þeim tíma. Hann segir: „Við leituðum leiðsagnar Jehóva og báðum hann að gefa okkur vísu.“ Eftir að hafa beðið til Jehóva og hugleitt málið komst deildarnefndin að þeirri niðurstöðu að það væri ekki tímabært að fara dómstólaleiðina. Þeir beindu því kröftum sínum að því að annast söfnuðinn og leita leiða til að halda boðuninni áfram.

31 Nokkur ár liðu. Það dró úr ofsóknum á hendur vottunum í Saír og virðing fyrir mannréttindum fór vaxandi. Deildarnefndin taldi að nú væri tímabært að mótmæla banninu og reyna að fá Hæstarétt landsins til að hnekkja því. Svo ótrúlegt sem það var féllst Hæstiréttur á að taka málið fyrir. Hinn 8. janúar 1993, næstum sjö árum eftir að forseti Saír hafði bannað söfnuðinn, felldi Hæstiréttur þann úrskurð að aðgerðir stjórnvalda gegn Vottum Jehóva hefðu verið ólöglegar og banninu var aflétt. Hugsaðu þér hvað þetta þýddi. Dómararnir settu sig í lífshættu með því að ógilda ákvörðun forseta landsins. Timothy Holmes segir: „Meðan málareksturinn stóð yfir sáum við hvernig Jehóva getur breytt gangi mála.“ (Dan. 2:21) Sigurinn styrkti trú bræðra og systra. Þau fundu fyrir því að konungurinn Jesús hafði leiðbeint þjónum sínum þannig að þeir vissu hvað þeir ættu að gera og hvenær.

32 Eftir að banninu var aflétt fékk deildarskrifstofan leyfi til að fá trúboða til landsins, reisa nýtt húsnæði undir starf-



semi sína og flytja inn biblíutengd rit.^[6] Það er einstaklega ánægjulegt fyrir þjóna Jehóva um allan heim að sjá hvernig hann vakir yfir velferð þeirra. – Jes. 52:10.

Jehóva er hjálpari okkar

33 Yfirferð okkar yfir nokkra af þeim sigrum, sem við höfum unnið fyrir rétti, sýnir og sannar að Jesús hefur staðið við loforð sitt: „Ég mun gefa yður orð og visku sem engir mótstöðumenn yðar fá staðið í gegn né hrakið.“ (**Lestu Lúkas 21:12-15.**) Greinilegt er að Jehóva hefur stundum vakið upp menn á borð við Gamalíel til að vernda þjóna sína, eða fengið hugrakka dómara og lögmenn til að verja rétt þeirra. Jehóva hefur gert vopn andstæðinganna bitlaus. (**Lestu Jesaja 54:17.**) Þeir geta ekki stöðvað það verk sem Guð hefur falið þjónum sínum að vinna.

34 Hvað er svona merkilegt við það að við skulum hafa gengið með sigur af hólmi í mörgum dómsmálum? Hugsaðu málið. Vottar Jehóva eru hvorki áhrifamiklir né hátt skrifaðir í samfélaginu. Við kjósum ekki, styðjum ekki kosninga-baráttu flokka eða frambjóðenda og reynum ekki að beita stjórnámamenn þrýstingi. Og þau okkar sem hafa komið fyrir hæstarétt hafa upp til hópa talist vera „óbrotnir alþýðumenn“. (Post. 4:13) Frá mannlegum bæjardyrum séð hafa dómstólar ósköp litla ástæðu til að koma okkur til hjálpar og standa gegn völdugum andstæðingum okkar á sviði stjórn mála og trúmála. Samt sem áður hafa dómstólar æ ofan í æ dæmt okkur í vil. Þeir sigrar, sem við höfum unnið fyrir dómstólum, sanna að við störfum „frammi fyrir augliti Guðs“ og erum í „samfélagi við Krist“. (2. Kor. 2:17) Við tökum því undir með Páli postula og segjum: „Drottinn er minn hjálpari, eigi mun ég óttast.“ – Hebr. 13:6.

33. Hvað sýnir þessi stutta yfirferð yfir nokkur dómsmál sem við höfum unnið?

34. Hvers vegna er merkilegt að við skulum hafa unnið mörg dómsmál og hvað sannar það? (Sjá einnig greinina „Markverðir hæstaréttardómar sem voru boðuninni til eflingar“.)

NEÐANMÁLSGREIN

[6] Þjóðvarðliðið rýmdi að lokum fyrrverandi deildarskrifstofu en nýja húsnæðið var byggt annars staðar.

Hve raunverulegt er ríki Guðs í þínum augum?

- Hvernig hafa dómstólar staðfest að við séum hvorki friðarspillar, áróðursmenn né sölumenn heldur boðberar fagnaðarerindisins?
- Hvernig njótum við góðs af sigrum sem hafa unnist fyrir dómstólum?
- Hvað gerum við þegar okkur er bannað að boða fagnaðarerindið?
- Hvers vegna er það merkilegt frá mannlegum bæjardyrum séð að þjónar Jehóva skuli svona oft hafa unnið mikilvæga sigra fyrir dómstólum?
- Hvernig hefur þetta yfirlit yfir baráttu okkar fyrir dómstólum styrkt trú þína?

MARKVERÐIR HÆSTARÉTTARDÓMAR SEM VORU BOÐUNINNI TIL EFLINGAR

Stara Pazova, Serbía.



DÓMUR FÉLL 11. nóvember 1927

LAND Sviss

MÁL Trúfrelsi.

MÁLSATVIK Lögregluþjónn stöðvar bróður Adolf Huber sem er að boða fagnaðarerindið, sakar hann um að spilla trúarfriði og gerir biblútengd dreifirit upptæk.

ÚRSKURÐUR Bróðir Huber mótmælir aðgerðum lögreglunnar fyrir Hæstarétti. Rétturinn úrskurðar að það brjóti gegn trúfrelsi að gera trúarleg dreifirit upptæk.

ÁHRIF Með dómnum hættir lögreglan að skipta sér af boðun Biblíunemendanna.

DÓMUR FÉLL 9. júlí 1935

LAND Rúmenía

MÁL Tjáningarfrelsi.

MÁLSATVIK Sex vottar eru handteknir fyrir að dreifa bókum sem stríða „*gegn almannafríði og öryggi ríkisins*“. Þeir eru dæmdir til 15 daga fangavistar.

ÚRSKURÐUR Hæstiréttur landsins úrskurðar að vottarnir stundi starfsemi sína friðsamlega, að almannafríði stafi engin hætta af ritum þeirra og þeir hafi þann rétt að segja frá skoðunum sínum.

ÁHRIF Þessi dómur og fleiri af þeim 530 málum votta Jehóva, sem dómstóllinn tók fyrir

á árunum 1933 til 1939, tryggir stjórnarskrárbundinn rétt trústykina okkar til að boða trúna. Núna eru engar hömlur lagðar á boðunina.

DÓMUR FÉLL 17. mars 1953

LAND Holland

MÁL Tjáningar- og prentfrelsi.

MÁLSATVIK Bróðir Pieter Havenaar er handtekinn fyrir að brjóta reglugerð sem bannar að ritum sé dreift nema á þriðjudögum og miðvikudögum milli klukkan 9 og 11 að morgni.

ÚRSKURÐUR Hæstiréttur úrskurðar að reglugerðin sé of víðtæk.

ÁHRIF Úrskurðurinn ógildir allar reglugerðir sem takmarka svo rétt manna til að dreifa prentuðu máli að dreifing sé nánast ógerleg.

DÓMUR FÉLL 6. október 1953

LAND Kanada

MÁL Trú- og tjáningarfrelsi.

MÁLSATVIK Lögreglusamþykkt Quebecborgar bannar að ritum sé dreift án leyfis lögreglu. Bróðir Laurier Saumur, sem er farandhirðir, situr þrjá mánuði í fangelsi fyrir að brjóta samþykktina.

ÚRSKURÐUR Hæstiréttur kemst að þeirri niðurstöðu að það brjóti gegn lögum að heimfæra lögreglusamþykktina á votta Jehóva. Dómstóllinn staðfestir að það sé þáttur í tilbeiðslu votta Jehóva að dreifa biblíutengdum ritum meðal almennings, og samkvæmt stjórnarskrá megi ekki ritskoða slíkt efni.

ÁHRIF Með þessum dómi falla niður meira en 1.600 ákærur um brot á lögreglusamþykkt í Quebec-fylki.

DÓMUR FÉLL 13. júlí 1983

LAND Serbía

MÁL Tjáningar- og prentfrelsi.

MÁLSATVIK Tvær systur eru handteknar fyrir að dreifa biblíutengdum ritum. Þær eru ákærðar fyrir „brot á allsherjarreglu og friði“ og sitja í fangelsi í fimm daga.

ÚRSKURÐUR Hæstiréttur úrskurðar að systurnar hafi ekki brotið lög og það sé engin forsenda fyrir þeirri ákæru að þær raski friði.

ÁHRIF Eftir þennan sigur fækkar handtökum og rit eru sjaldnar gerð upptæk.

DÓMUR FÉLL 26. maí 1986

LAND Tyrkland

MÁL Trúfrelsi.

MÁLSATVIK Þrjár vottafjölskyldur sækja um að skrá sig sem votta Jehóva. Í framhaldi af því eru 23 bræður og systur fangelsuð fyrir þá sök að reyna að breyta þjóðfélags- eða stjórnmalaskipan.

ÚRSKURÐUR Hæstiréttur ógildir dómana og staðfestir trúfrelsi votta Jehóva. Vottarnir 23 eru sýknir saka.

ÁHRIF Með þessum dómi er hætt að handtaka votta fyrir trúarlega starfsemi, og trúfrelsi allra tyrkneskra borgara eykst.

DÓMUR FÉLL 25. maí 1993

LAND Grikkland

MÁL Frelsi til að tjá trú sína.

MÁLSATVIK Árið 1986 er bróðir Minos Kokkinakis fundinn sekur um trúboð í 18. sinn. Frá 1938 til 1992 voru vottar handteknir meira en 19.000 sinnum fyrir að brjóta grísk lög sem bönnuðu trúboð.

ÚRSKURÐUR Mannréttindadómstóll Evrópu úrskurðar að Grikkland hafi brotið gegn hugsana-, samvisku- og trúfrelsi. Hann nefnir tilefnislaus afskipti af frelsi fólks til að tjá trú sína og staðfestir að Vottar Jehóva séu „þekkt trúfélag“.

ÁHRIF Grísk stjórnvöld fyrirskipa öllum dómstólum að brjóta ekki gegn úrskurðinum í máli Kokkinakis. Þar með er hætt að sakfella fólk fyrir trúboð.

DÓMUR FÉLL 17. júní 2002

LAND Bandaríkin

MÁL Tjáningarfrelsi.

MÁLSATVIK Porpið Stratton í Ohio gefur út reglugerð þess efnis að allir sem gangi í hús í einhverjum tilgangi þurfi að fá tilskilið leyfi. Undirréttur og áfrýjunarréttur úrskurða að reglugerðin standist stjórnarskrá.

ÚRSKURÐUR Hæstiréttur ógildir reglugerðina á þeim forsendum að hún standist ekki stjórnarskrá, og staðfestir enn og aftur tjáningarfrelsi fólks og réttinn til að iðka trú sína að vild. Rétturinn bendir á að vottarnir telji „Biblíuna veita sér umboð til að boða fagnaðarerindið“.

ÁHRIF Hundruð bæjarfélaga hætta við að beita sambærilegum reglugerðum gegn starfi votta Jehóva.

14

Þeir styðja stjórn Guðs og enga aðra

Í ÞESSUM KAFLA

Þjónar Guðs sýna
ríki hans hollustu.
Þess vegna tilheyra
þeir ekki heiminum.

1, 2. (a) Hvaða meginreglu hafa fylgjendur Jesú haft að leiðarljósi allt fram á þennan dag? (b) Hvernig hafa óvinir reynt að sigra okkur og hvernig hefur þeim tekist til?

3, 4. (a) Hvað gerðist um það leyti sem ríki Guðs tók til starfa? (b) Hafa þjónar Guðs alltaf skilið til fulls hvað felst í hlutleysi? Skýrðu svarið.

JESÚS stóð frammi fyrir Pílatusi, völdugasta dómara Gyðingabjórðarinnar í veraldlegum málum. Þar setti hann fram meginreglu sem sannir fylgjendur hans hafa haft að leiðarljósi æ síðan. „Mitt ríki er ekki af þessum heimi,“ sagði hann. „Væri mitt ríki af þessum heimi hefðu þjónar mínir barist svo ég yrði ekki framseldur Gyðingum. En nú er ríki mitt ekki þaðan.“ (Jóh. 18:36) Pílatus lét taka Jesú af lífi en sigurinn var skammvinnur því að Jesús var reistur upp frá dauðum. Keisarar hins völduga Rómaveldis reyndu að útrýma fylgjendum hans en höfðu ekki erindi sem erfiði. Kristnir menn breiddu boðskapinn um ríkið út um heim fornaldar. – Kól. 1:23.

² Eftir að ríki Guðs var stofnsett árið 1914 reyndu sum völdugustu herveldi sögunnar að útrýma þjónum Guðs. En engum hefur tekist að sigra okkur. Margar ríkisstjórnir og pólitískar hreyfingar hafa reynt að þvinga okkur til að styðja sig í átökum. En þeim hefur ekki tekist að sundra okkur. Þegnar ríkis Guðs búa nánast meðal allra þjóða heims. Engu að síður erum við sameinuð og myndum ósvikið bræðralag sem er óháð landamærum. Við erum algerlega hlutlaus í stjórn málum heimsins. Eining okkar sannar svo ekki verður um villst að ríki Guðs er við völd og að konungurinn Jesús Kristur leiðir þegna sína, fágar þá og verndar. Hvernig hefur hann gert það? Við skulum kynna okkur nokkra af þeim sigrum sem hann hefur veitt okkur á vettvangi laga og réttar og kanna hvernig hann hefur hjálpað okkur að tilheyra ekki heiminum. – Jóh. 17:14.

Það reynir á afstöðu okkar í mikilvægu máli

³ Eftir að ríki Guðs tók til starfa braust út stríð á himni og Satan var kastað niður til jarðar. (**Lestu Opinberunarbókina 12:7-10, 12.**) Stríð geisaði einnig á jörð og það

reyndi á staðfestu þjóna Guðs. Þeir voru ákveðnir í að líkja eftir Jesú og tilheyra ekki heiminum. En í fyrstu skildu þeir ekki fyllilega hvað það úrheimti af þeim að halda sig utan við stjórnsmál að öllu leyti.

4 Sem dæmi má nefna sjötta bindið í bókaröðinni *Millennial Dawn*^[1] sem kom út árið 1904. Þar voru kristnir menn hvattir til að taka ekki þátt í stríði. Hins vegar voru leidd rök að því að ef kristinn maður væri kallaður í herinn ætti hann að reyna að fá að vinna einhver störf þar sem hann þyrfti ekki að bera vopn. Ef það tækist ekki og hann væri sendur í bardaga ætti hann að gæta þess vel að fremja ekki morð. Herbert Senior bjó í Bretlandi og lét skírast árið 1905. Hann lýsti ástandinu á þeim tíma og sagði: „Bræður voru ráðvilltir og það voru engar skýrar leiðbeiningar gefnar um það hvort það væri í lagi að ganga í herinn að því tilskildu að maður bæri ekki vopn.“

5 Í *Varðturninum* 1. september 1915 var byrjað að varpa skýrara ljósi á þetta mál. Um leiðbeiningarnar, sem gefnar voru í *Studies in the Scriptures*, sagði: „Okkur er spurn hvort þessi stefna sé ekki tilslökun frá meginreglum kristninnar.“ En hvað nú ef kristnum manni væri hótáð að hann yrði skotinn ef hann neitaði að klæðast hermannaþúningi og gegna herþjónustu? Í greininni sagði: „Væri nokkuð verra að vera skotinn fyrir að vera trúr Friðarhöfðingjann og fyrir að neita að óhlýðnast skipun hans, en að vera skotinn í þjónustu þessara jarðnesku konunga og virðast hafa stutt þá, eða virðast að minnsta kosti hafa farið á svig við kenningar konungsins á himnum? Af þessu tvennu myndum við kjósa fyrri kostinn – að deyja vegna þess að við vorum trú konungi okkar á himnum.“ Þrátt fyrir þessi beinskeyttu orð sagði að lokum í greininni: „Við erum ekki að hvetja til þessa. Þetta er aðeins tillaga.“

6 Sumir af bræðrunum sáu málið í skýru ljósi og tóku ákveðna afstöðu. Herbert Senior, sem áður er vitnað til, sagði: „Ég sá engan grundvallarmun á því að skipa upp skoðingum [gegna herþjónustu en bera ekki vopn] og hlaða byssu með skoðingunum til að skjóta þeim.“ (Lúk. 16:10) Herberti var varpað í fangelsi fyrir að neita af samviskuástæðum að gegna herþjónustu. Hann og 4 aðrir bræður tilheyrðu hópi 16 samviskufanga sem sátu um tíma í Richmond-fangelsinu í Bretlandi. Þeir tilheyrðu ýmsum trúfélögum og urðu síðar þekktir sem fangarnir sextán í Richmond. Einu sinni voru Herbert og fleiri í hópnum sendir með leynd til víglínunnar í Frakklandi. Þar voru þeir dæmdir til dauða og stillt upp frammi fyrir aftökusveit.

5. Hvernig var byrjað að varpa skýrara ljósi á hlutleysi í *Varðturninum* 1. september 1915?

6. Hvað má læra af bróður Herbert Senior?



„Ég skildi að þjónar Guðs áttu að stunda frið við alla, jafnvel þegar stríð væri yfirvofandi.“

– Simon Kraker
(Sjá grein 7.)

NEÐANMÁLSGREIN

[1] Bókin er einnig þekkt undir heitinu *The New Creation*. Bókaröðin *Millennial Dawn* var síðar kölluð *Studies in the Scriptures*.

7. Hver var staðan hjá þjónum Guðs við upphaf síðari heimsstyrjaldar?

8, 9. Hvernig rættist spádómur Jóhannesar postula?

Þeir voru þó ekki skotnir heldur var dómnum breytt í tíu ára fangelsi.

7 Um það leyti sem síðari heimsstyrjöldin braust út höfðu þjónar Jehóva sem heild fengið mun skýrari mynd af því hvað það þýddi að vera hlutlaus og hvað þeir þurftu að gera til að líkja eftir Jesú. (Matt. 26:51-53; Jóh. 17:14-16; 1. Pét. 2:21) Í *Varðturninum* 1. nóvember 1939 birtist til dæmis tímamótagein sem hét „Hlutleysi“. Þar sagði: „Sáttmálaþjóð Jehóva þarf nú að fylgja þeirri reglu að vera algerlega hlutlaus gagnvart þjóðunum sem eiga í stríði.“ Simon Kraker, sem starfaði síðar við aðalstöðvarnar í Brooklyn í New York, sagði um þessa grein: „Ég skildi að þjónar Guðs áttu að stunda frið við alla, jafnvel þegar stríð væri yfirvofandi.“ Þessi andlega fæða kom á réttum tíma. Það átti eftir að reyna meira en nokkru sinni fyrir á hollustu þjóna Guðs við ríki hans, og greinin bjó þá undir það.

Flóðbylgja ofsókna

8 Jóhannes postuli spáði að drekinn, Satan djöfullinn, myndi reyna að útrýma stuðningsmönnum Guðsríkis eft-

„HANN DÓ GUÐI TIL HEIÐURS“

VOTTAR JEHÓVA voru lítill minnihlutahópur í Þýskalandi á árum síðari heimsstyrjaldarinnar. Sagnfræðingurinn Detlef Garbe segir að þrátt fyrir það hafi „flestir þeirra sem voru dæmdir við herdómstóla í Þriðja ríkinu fyrir að vilja ekki gegna herþjónustu af samviskuástæðum ... verið vottar Jehóva“.

Gerhard Steinacher í Austurríki var einn þeirra en hann var 19 ára. Nasistar handtóku hann fyrir að neita að ganga í þýska herinn fáeinum dögum eftir að síðari heimsstyrjöldin braust út.

Gerhard var dæmdur til dauða í nóvember 1939. Hann sagði í bréfi sem hann skrifaði í fangelsinu í þeim mánuði: „Ég óska einskis annars en að heiðra Guð, halda boðorð hans og biðja hann að taka við okkur í ríki sínu þar sem eilíft líf og friður ríkir.“

Gerhard kveður foreldra sína með þessum orðum 29. mars 1940, daginn fyrir aftökuna: „Ég er enn þá barn. Því aðeins get ég staðist að Drottinn veiti mér styrk, og þess bið ég.“ Gerhard var tekinn af lífi um sexleytið morguninn eftir, líklega með fallöxi. Á legsteini hans stendur: „Hann dó Guði til heiðurs.“



ir að það tæki til starfa árið 1914. Hann myndi spúa úr munni sér táknaðu flóði, samkvæmt spádómi Jóhannesar.^[2] (**Lestu Opinberunarbókina 12:9, 15.**) Hvernig réttist spádómurinn? Upp úr 1920 hófust miklar ofsóknir á hendur þjónum Guðs. Simoni Kraker var varpað í fangelsi vegna hollustu sinnar við ríki Guðs, rétt eins og fjöldi annarra bræðra í Norður-Ameríku á dögum síðari heimsstyrjaldarinnar. Á stríðsárunum voru vottar Jehóva meira en tveir þriðju allra fanga sem sátu í alríkisfangelsum í Bandaríkjunum vegna trúarlegrar afstöðu til stríðsins.

⁹ Satan og handbendi hans ætluðu sér að þvinga þegna Guðsríkis til að láta undan, hvar í heimi sem þeir byggju. Í Afríku, Evrópu og Bandaríkjunum voru þeir leiddir fyrir dómstóla og úrskurðarnefndir um reynslulausn. En hlutleysi þeirra varð ekki haggð og fyrir vikið máttu þeir sæta fangavist, barsmíðum og misþyrmingum. Í Þýskalandi voru þjónar Guðs beittir gríðarlegri hörku af því að þeir neituðu að heilsa með hitlerskveðju og leggja stríðinu lið. Talið er að 6.000 vottar hafi verið í haldi í fangabúðum á valdatíma nasista og meira en 1.600 vottar af þýsku þjóðerni og öðrum þjóðernum hafi dáið fyrir hendi kvalara sinna. Satan tókst þó ekki að vinna þjónum Guðs varanlegt tjón. – Mark. 8:34, 35.

„Jörðin svelgir vatnsflóðið“

¹⁰ Í spádómi Jóhannesar postula kemur fram að „jörðin“ svelgi „vatnsflóðið“. Það merkir að sanngjarnar valdastofnanir þessa heims komi þjónum Guðs til hjálpar og létti á ofsóknunum. Hvernig hefur þessi hluti spádómsins ræst? Á þeim áratugum, sem eru liðnir frá síðari heimsstyrjöldinni, hefur „jörðin“ oft komið dyggum stuðningsmönnum Guðsríkis til varnar. (**Lestu Opinberunarbókina 12:16.**) Áhrifamiklir dómstólar hafa til dæmis varið rétt votta Jehóva til að gegna ekki herþjónustu og til að taka ekki þátt í þjóðernislegum athöfnum. Lítum fyrst á nokkra mikilvæga sigra sem Jehóva hefur veitt þjónum sínum í deilunni um herþjónustu. – Sálm. 68:21.

¹¹ **Bandaríkin.** Anthony Sicurella ólst upp sem vottur Jehóva ásamt systkinum sínum fimm. Hann lét skírast 15 ára. Þegar hann varð 21 árs lét hann skrá sig hjá herkvaðningarstofnunni sem trúboða. Tveim árum síðar, árið 1950, sótti hann um að breyta skráningunni þannig að það væri af samviskuástæðum sem hann gegndi ekki herþjónustu. Dómsmálaráðuneytið synjaði umsókn hans þó að ekkert athugasvert kæmi fram í skýrslu Alríkislögreglunnar.

10. Hvað tákna „jörðin“ og hvernig hefur hún komið þjónum Guðs til varnar?

11, 12. Lýstu málum þeirra Sicurella og Plimmenosar og lokaúrskurðinum fyrir dómi.

NEÐANMÁLSGREIN

[2] Nánari umfjöllun um þennan spádóm er að finna í bókinni *Revelation – Its Grand Climax At Hand!*, 27. kafla, bls. 184-186.

13, 14. Hvaða lærdóm finnst þér mega draga af málum Ivailos Stefanovs og Vahans Bayatyans?



„Ég bað innilega til Jehóva áður en ég gekk inn í réttarsalinn og fann hvernig hann gaf mér innri ró.“

– Ivailo Stefanov
(Sjá grein 13.)

NEÐANMÁLSGREINAR

[3] Sáttin fól einnig í sér að búlgörsk stjórnvöld gæfu öllum sem neituðu að gegna borgaralegri þjónustu af samviskuástæðum kost á að gegna borgaralegri þjónustu undir stjórn borgaralegra yfirvalda.

[4] Ítarlegri frásögn af málinu er að finna í *Varðturninum* (enskri útgáfu) 1. nóvember 2012, bls. 29-31.

Eftir að mál Anthonys hafði farið gegnum nokkur dómstig kom það fyrir Hæstarétt Bandaríkjanna. Hæstiréttur dæmdi honum í vil og sneri við dómi undirréttar. Þessi dómur gaf fordæmi fyrir aðra bandaríska borgara sem neituðu að gegna herþjónustu af samviskuástæðum.

12 Grikkland. Árið 1983 var Jakovos Dlimmenos fundinn sekur um mótþróa við yfirvöld þar sem hann neitaði að klæðast hermennabúningi. Hann var dæmdur til fangelsisvistar. Eftir að honum var sleppt úr haldi sótti hann um starf sem bókhaldari en var hafnað þar sem hann var á sakaskrá. Hann fór með málið fyrir dóm en eftir að hafa tapað því fyrir grískum dómstólum sótti hann um að Mannréttindadómstóll Evrópu tæki mál hans fyrir. Árið 2000 úrskurðaði yfirnefnd dómstólsins honum í vil en í henni sitja 17 dómáramur. Dómurinn hafði fordæmisgildi varðandi mismunun. Áður en hann féll voru meira en 3.500 bræður í Grikklandi á sakaskrá þar sem þeir höfðu setið í fangelsi vegna hlutleysis. Eftir þennan hagstæða dóm voru sett lög í Grikklandi þess efnis að umræddir bræður skyldu vera með hreina sakaskrá. Sett höfðu verið lög fáeinum árum áður sem veittu öllum grískum borgurum rétt til að gegna borgaralegri þjónustu í stað herþjónustu. Þessi lög voru áréttuð þegar stjórnaskrá Grikklands var endurskoðuð.

13 Búlgaría. Ivailo Stefanov var kallaður í herinn árið 1994, þá 19 ára gamall. Hann neitaði að ganga í herinn og að gegna nokkrum störfum undir stjórn hersins. Hann var dæmdur til 18 mánaða fangavistar en áfrýjaði dómnum á þeirri forsendu að hann ætti rétt á að neita af samviskuástæðum. Máli hans var að lokum skotið til Mannréttindadómstóls Evrópu. Árið 2001, áður en málið var tekið fyrir, var gerð sátt milli yfirvalda og Stefanovs. Búlgörsk stjórnvöld gáfu honum upp sakir en sáttin náði jafnframt til allra búlgarskra þegna sem voru fúsir til að gegna borgaralegri þjónustu.^[3]

14 Armenía. Vahan Bayatyan var kallaður í herinn árið 2001.^[4] Hann neitaði af samviskuástæðum að gegna herskyldu, var leiddur fyrir rétt en tapaði málinu á öllum dómstigum í landinu. Í september 2002 tók hann að afplána tveggja og hálfis árs dóm en var sleppt eftir tíu og hálfan mánuð. Á því tímabili skaut hann máli sínu til Mannréttindadómstóls Evrópu sem samþykkti að taka mál hans fyrir. Hinn 27. október 2009 dæmdi dómstóllinn honum í óhag. Þetta var mikið áfall fyrir bræðurna í Armeníu



Bræðrum í Armeníu var sleppt úr fangelsi eftir að Mannréttindadómstóllinn dæmdi þeim í hag.

sem stóðu í svipuðum sporum og Vahan Bayatyan. Yfirnefnd Mannréttindadómstólsins endurskoðaði hins vegar úrskurðinn. Hinn 7. júlí 2011 dæmdi yfirnefndin Vahan Bayatyan í vil. Þetta var í fyrsta sinn sem Mannréttindadómstóllinn viðurkenndi að réttur manna til hugsana-, samvisku- og trúfrelsis næði til þeirra sem neituðu að gegna herþjónustu af samviskuástæðum vegna trúarskoðana sinna. Úrskurðurinn verndar ekki aðeins réttindi votta Jehóva heldur einnig hundraða milljóna manna í þeim ríkjum sem eiga aðild að Evrópuráðinu.^[5]

Þátttaka í þjóðernislegum athöfnum

15 Þjónar Jehóva sýna ríki Messíasar ekki aðeins hollustu með því að neita að gegna herþjónustu heldur einnig með því að biðjast undan að taka þátt í þjóðernislegum athöfnum. Þjóðernishyggja færðist mjög í aukana eftir að

15. Hvers vegna taka þjónar Jehóva ekki þátt í þjóðernislegum athöfnum?

NEÐANMÁLSGREIN

[5] Á 20 árum höfðu stjórnvöld í Armeníu hneppt meira en 450 unga votta í fangelsi. Í nóvember 2013 var sá síðasti úr þeim hópi leystur úr haldi.

16, 17. Frammi fyrir hverju stóðu Lillian og William Gobitas og hvað má læra af máli þeirra?

18, 19. Hvað segir Pablo Barros að hafi veitt sér styrk og hvernig geta aðrir þjónar Jehóva líkt eftir honum?

síðari heimsstyrjöldin braust út. Þegar margra landa hafa verið krafðir um að heita landi sínu hollustu með því að syngja þjóðsönginn, hylla fánann eða fara með hollustueið. En við sýnum Jehóva óskipta hollustu. (2. Mós. 20:4, 5) Fyrir vikið hefur gengið yfir okkur flóðbylgja ofsókna. En Jehóva hefur látið „jörðina“ svelgja þessa andstöðu að hluta til. Við skulum nefna nokkra markverða sigra sem Jehóva hefur veitt okkur á þessu sviði fyrir atbeina Krists. – Sálms. 3:9.

16 Bandaríkin. Árið 1940 féll dómur í Hæstarétti Bandaríkjanna í máli sem kallað er *Minersville School District gegn Gobitis*. Átta dómarmen af níu dæmdu vottum Jehóva í óhag í þessu máli. Lillian Gobitas,^[6] 12 ára, og bróðir hennar William, 10 ára, vildu sýna Jehóva hollustu og neituðu því að hylla fánann og fara með hollustueiðinn. Þeim var vikið úr skóla. Málið kom fyrir Hæstarétt sem komst að þeirri niðurstöðu að aðgerðir skólans væru í þágu „þjóðareiningar“ og samræmdust því stjórnarskrá. Dómurinn hleypti af stað mikilli ofsóknaröldu. Fleiri vottabörnum var vikið úr skóla, fullorðnir vottar misstu vinnuna og margir vottar urðu fyrir grimmilegum skrilsárásum. Í bókinni *The Lustre of Our Country* segir að „ofsóknir á hendur vottunum frá 1941 til 1943 hafi verið mestu trúarofsóknir í Bandaríkjunum á 20. öld“.

17 Sigur óvina Guðs var skammlífur. Árið 1943 tók Hæstiréttur fyrir annað mál af svipuðum toga og *Gobitis*-málið. Það er kallað *West Virginia State Board of Education gegn Barnette*. Í þetta sinn studdi Hæstiréttur málstað votta Jehóva. Rétturinn hafði aldrei fyrr í sögu Bandaríkjanna breytt um afstöðu á svona skömmum tíma. Eftir þennan úrskurð dró verulega úr beinum ofsóknum á hendur þjónum Jehóva í Bandaríkjunum. Og dómurinn jók réttindi allra bandarískra þegna.

18 Argentína. Þeim Pablo og Hugo Barros, sem voru sjö og átta ára gamlir, var vikið úr skóla árið 1976 fyrir að taka ekki þátt í fánaathöfn. Skólastýran hrinti Pablo einu sinni og sló hann í höfuðið. Hún lét báða drengina sitja eftir í klukkustund og reyndi að neyða þá til að taka þátt í þjóðernislegum athöfnum. Pablo segir um þessa þrekaun þegar hann horfir um öxl: „Ég hefði ekki getað staðist álagið og verið Jehóva trúr nema með hjálp hans.“

19 Málið kom fyrir rétt en dómurinn studdi þá ákvörðun skólans að víkja þeim Pablo og Hugo úr skóla. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar Argentínu. Dómur féll árið 1979

NEÐANMÁLSGREIN

[6] Eftirnafnið var misritað í dómskjöllum.



og Hæstiréttur sneri við dómi undirréttar. Í dómsorðinu segir: „Umrædd refsing [brottvísun úr skóla] stangast á við stjórnarskrárbundinn rétt til náms (14. grein) og skyldu ríkisins til að tryggja grunnmenntun (5. grein).“ Þessi sigur kom um það bil 1.000 vottabörnum til góða. Hætt var við að víkja sumum úr skóla og aðrir, til dæmis Pablo og Hugo, fengu að snúa aftur í skólana sína.

20 Filippseyjar. Árið 1990 var þeim Roel Embralinag,^[7] 9 ára, og systur hans Emily, sem var 10 ára, vikið úr skóla ásamt rúmlega 65 öðrum vottabörnum fyrir að hylla ekki fánann. Leonardo, faðir Roels og Emilyjar, reyndi árangurslaust að ræða málin við skólayfirvöld. Að lokum óskaði hann eftir að Hæstiréttur fjallaði um málið. Leonardo var ekki með lögfræðing til að reka málið fyrir sig og hafði ekki heldur efni á því. Fjölskyldan bað Jehóva innilega um að leiðbeina sér. Meðan á þessu stóð máttu börnin þola

Margir ungir vottar hafa verið trúfastir í prófraunum.

20, 21. Hvernig styrkir frásagan af Roel og Emily Embralinag trú þína?

NEÐANMÁLSGREIN

[7] Eftirnafn fjölskyldunnar var misritað Ebralinag í dómsskjölunum.

22, 23. (a) Hvers vegna höfum við unnið svona mörg mikilvæg mál fyrir dómstólum? (b) Hvað sannar það að til skuli vera friðsamt bræðralag fólks út um allan heim?

háð og spott. Leonardo bjóst ekki við að hann ætti nokkurn möguleika á að vinna málið því að hann var ekki lög-lærður.

21 Það fór þó svo að fjölskyldan fékk lögfræðing að nafni Felino Ganál til að flytja málið. Hann hafði áður starfað hjá einni virtustu lögfræðistofu landsins en var nú orðinn vottur Jehóva og hættur störfum hjá lögfræðistofunni. Úrskurður Hæstaréttar var einróma vottum Jehóva í vil og brottvísunin var felld úr gildi. Enn á ný mistókst að þvinga þjóna Guðs til að vera honum ótrúir.

Hlutleysi skapar einingu

22 Hvers vegna hafa þjónar Jehóva unnið svona mörg mikilvæg mál fyrir dómstólum? Við höfum engin pólitísk áhrif. Þrátt fyrir það hafa sanngjarnir dómáramur í fjölda landa og við fjölda dómstóla varið okkur fyrir árásum óbilgjarnra andstæðinga, og í leiðinni hafa þeir gefið fordæmi á sviði stjórnarskrárbundinna réttinda. Það leikur enginn vafi á að Kristur hefur stutt okkur þannig að við höfum fengið sigur í þessum málum. **(Lestu Opinberunarbókina 6:2.)** Hvers vegna förum við með slík mál fyrir dómstóla? Markmið okkar er ekki að vinna að réttarbótum heldur að tryggja að við getum haldið áfram að þjóna konungi okkar, Jesú Kristi, án hindrunar. – Post. 4:29.

23 Pólitísk átök og djúpstætt hatr hafa sundrað heiminum og brenglað viðhorf margra. Konungurinn Jesús Kristur hefur hins vegar blessað fylgjendur sína um allan heim fyrir að varðveita hlutleysi sitt. Satan hefur reynt að sundra okkur og sigra en beðið ósigur. Ríki Guðs hefur safnað til sín milljónum manna sem neita að „temja sér hernað frammar“. Það er hreint kraftaverk að til skuli vera friðsamt bræðralag fólks út um allan heim, og það sannar svo ekki verður um villst að ríki Guðs er við völd. – Jes. 2:4.

Hve raunverulegt er ríki Guðs í þínum augum?

- Hvers vegna eru þjónar Jehóva hlutlausir í stjórnámálum?
- Hvað lærum við um ríki Guðs af þeim sigrum sem hafa unnist fyrir dómstólum?
- Hvernig geturðu sýnt að þú styðjir stjórn Guðs og enga aðra?

Baráttan fyrir trúfrelsi

ERTU ríkisborgari Guðsríkis? Þú ert það vissulega ef þú ert vottur Jehóva. Og hvaða sönnun hefurðu fyrir þegnrétti þínum? Ekki er það vegabréf eða eitthvert skjal gefið út af stjórnvöldum. Sönnunin er fölginn í því hvernig þú tilbiður Jehóva Guð. Sönn tilbeiðsla er annað og meira en trúarskoðanir. Hún er fölginn í því sem þú gerir – að þú hlýðir lögum Guðsríkis. Tilbeiðsla okkar snertir öll svið lífsins, meðal annars uppeldi barnanna og afstöðu okkar til læknismeðferðar.

2 En heimurinn, sem við búum í, virðir ekki alltaf þegnréttinn sem er okkur svo kær né þær kröfur sem hann gerir til okkar. Stjórnvöld sumra landa hafa reynt að takmarka frelsi okkar til að tilbiðja Guð eða afnema það með öllu. Þegnar Krists hafa stundum þurft að berjast fyrir frelsi sínu til að lifa eftir lögum konungsins Messíasar. Kemur það á óvart? Nei. Þjónar Jehóva á biblútímanum þurftu oft að berjast fyrir frelsi sínu til að tilbiðja hann.

3 Tökum dæmi. Á dögum Esterar drottningar þurfti þjóð Guðs að berjast fyrir tilveru sinni. Hvers vegna? Vegna þess að illmennidd Haman, sem var forsætisráðherra Persa, lagði til við Ahasverus konung (öðru nafni Xerxes) að allir Gyðingar í ríkinu yrðu drepnir því að „lög þessarar þjóðar eru frábrugðin lögum allra annarra þjóða“, eins og hann orðaði það. (Est. 3:8, 9, 13) Sneri Jehóva baki við þjónum sínum? Nei, hann blessaði Ester og Mordekaí þegar þau báðu Persakonung að vernda þjóð Guðs. – Est. 9:20-22.

4 Hvað um okkar tíma? Eins og fram kom í kaflanum á undan hafa veraldleg yfirvöld stundum verið andsnúin vottum Jehóva. Í þessum kafla ræðum við hvernig þau hafa reynt að takmarka frelsi okkar til að tilbiðja Guð. Við beinum athygli okkar að þrem sviðum: (1) tilverurétti okkar sem safnaðar og réttinum til að tilbiðja eins og við viljum, (2) frelsinu til að velja læknismeðferð sem samræmist

Í ÞESSUM KAFLA

Kristur hefur hjálpað fylgjendum sínum að berjast fyrir lagalegri viðurkenningu og réttinum til að hlýða lögum Guðs.

1, 2. (a) Hvað sannar að þú sért ríkisborgari Guðsríkis? (b) Hvers vegna hafa Vottar Jehóva stundum þurft að berjast fyrir trúfrelsi?

3. Hverju stóð þjóð Guðs frammi fyrir á dögum Esterar drottningar?

4. Hvað ræðum við í þessum kafla?

5. Hvaða kostir fylgja því fyrir okkur að vera lögskráð trúfélag?

6. Í hvaða aðstöðu voru vottar Jehóva í Ástralíu upp úr 1940?

7, 8. Lýstu hvernig þjónar Guðs hafa þurft að berjast fyrir trúfrelsi sínu í Rússlandi.

meginreglum Biblíunnar og (3) rétti foreldra til að ala börnin upp í samræmi við leiðbeiningar Jehóva. Við könnum svo hvernig dyggir þegnar ríkis Messíasar hafa barist hetjulega til að verja dýrmætan þegnrétt sinn og hvernig barátta þeirra hefur blessast.

Baráttan fyrir lagalegri viðurkenningu og grundvallarréttindum

5 Þurfum við lagalega viðurkenningu yfirvalda til að tilbiðja Jehóva? Nei, en hún auðveldar okkur tilbeiðsluna – til dæmis að halda samkomur og mót að vild í okkar eigin ríkissölum og mótshöllum, að prenta og flytja inn biblútengd rit og segja fólki frá fagnaðarerindinu án hindrunar. Vottar Jehóva eru lögskráð trúfélag í fjölda landa og njóta sama trúfrelsis og þeir sem tilheyra öðrum lögskráðum trúfélögum. En hvað hefur gerst þegar stjórnvöld hafa synjað okkur um lagalega viðurkenningu eða reynt að takmarka grundvallarréttindi okkar?

6 **Ástralía.** Árið 1941 úrskurðaði landstjóri Ástralíu að trúarskoðanir okkar væru „skaðlegar“ stríðsrekstrinum. Starfsemi safnaðarins var bönnuð. Vottar Jehóva gátu hvorki haldið samkomur né boðað trúna fyrir opnum tjöldum. Öllum deildum á Betel var lokað og hald var lagt á ríkissalina. Það var meira að segja bannað að eiga biblíuskýringarritin okkar. Vottarnir í Ástralíu störfuðu með leynd í rúmlega tvö ár en banninu var aflétt með dómi Hæstaréttar Ástralíu 14. júní 1943.

7 **Rússland.** Starf votta Jehóva var bannað áratugum saman í valdatíð kommúnista en söfnuðurinn var loks skráður sem trúfélag í Sovétríkjunum árið 1991. Við hlutum skráningu í Rússneska ríkjasambandinu árið 1992, eftir að Sovétríkin liðuðust í sundur. Andstæðingum okkar, ekki síst hópi sem tengdist rússnesku rétttrúnaðarkirkjunni, var brugðið að sjá hve hratt fjölgaði í söfnuðinum. Andstæðingarnir kærðu söfnuðinn fimm sinnum fyrir glæpsamlegt athæfi á árabílinu 1995 til 1998 en í engu tilfelli fann saksóknari nokkrar vísbendingar um lögbrot. Andstæðingarnir létu ekki deigan síga og höfðuðu einkamál árið 1998. Vottarnir unnu málið á fyrsta dómstigi en andstæðingarnir áfrýjuðu og söfnuðurinn tapaði fyrir yfirrétti í maí 2001. Málið var tekið fyrir að nýju í október það ár og árið 2004 var úrskurðað að lögskráð félag vottanna í Moskvu skyldi lagt niður og starfsemi þess bönnuð.

8 Ofsóknaralda fylgdi í kjölfarið. (**Lestu 2. Tímóteusarbréf 3:12.**) Vottar máttu þola áreitni og árásir. Trúarleg rit voru gerð upptæk og mjög erfitt reyndist að reisa eða leigja

húsnæði til samkomuhalds. Hugsaðu þér hvernig bræðrum okkar og systur hlýtur að hafa liðið í þessum erfiðleikum. Árið 2001 höfðu vottarnir sótt um að Mannréttindadómstóll Evrópu tæki málið fyrir og árið 2004 létu þeir dómstólnum í té nánari upplýsingar. Mannréttindadómstóllinn dæmdi í málinu árið 2010. Rétturinn var ekki í nokkrum vafa um að trúarfordómar byggju að baki banninu á hendur vottunum í Rússlandi. Í úrskurðinum sagði að það væri engin ástæða til að staðfesta dóm undirréttar því að það væru engar vísbendingar um að nokkur vottur hefði gerst brotlegur við lög. Í dómsorðinu sagði enn fremur að bannið hefði það markmið að svipta vottana lagalegum réttindum sínum. Mannréttindadómstóllinn staðfesti að vottar Jehóva ættu að njóta trúfrelsis. Sigrar af þessu tagi eru mjög hvetjandi fyrir þjóna Guðs í Rússlandi, þó svo að yfirvöld þar í landi hafi ekki farið eftir úrskurði Mannréttindadómstólsins.

9 Grikkland. Árið 1983 leigði Titos Manoussakis herbergi í borginni Heraklion á Krít til þess að lítill hópur votta Jehóva gæti haldið þar samkomur. (Hebr. 10:24, 25) En það leið ekki á löngu áður en prestur í rétttrúnaðarkirkjunni kærði vottana fyrir að nota herbergið til að halda trúarsamkomur. Á hvaða forsendum? Einfaldlega þeim að trúarskoðanir vottanna styngru í stúf við skoðanir rétttrúnaðarkirkjunnar. Yfirvöld höfðuðu mál á hendur Titosi Manoussakis og þrem öðrum vottum í bænum. Þeir voru sektaðir og dæmdir til tveggja mánaða fangelsisvistar. Vottarnir eru trúir þegnar Guðsríkis og litu svo á að dómurinn bryti gegn rétti þeirra til að njóta trúfrelsis. Þeir áfrýjuðu því málinu til æðri dómstiga heima fyrir og að síðustu til Mannréttindadómstóls Evrópu.

10 Árið 1996 var loks dæmt í málinu en dómurinn var mikið áfall fyrir andstæðinga sannrar tilbeiðslu. Í niðurstöðu Mannréttindadómstólsins segir að „Vottar Jehóva falli undir skilgreininguna „þekkt trúfélag“ eins og gert er ráð fyrir í grískum lögum“ og að úrskurður á lægri dómstigum hafi haft „bein áhrif á frelsi kæranda til að iðka trú sína“. Dómstóllinn úrskurðaði einnig að það væri ekki á valdi stjórnar Grikklands að „ákvarða hvort trúarskoðanir eða þær leiðir, sem eru farnar til að tjá slíkar trúarskoðanir, séu lögmæt“. Dómunum yfir vottunum var snúið við og frelsi þeirra til trúariðkana staðfest.

11 Varð þessi sigur til þess að binda enda á allan mála- rekstur í Grikklandi? Nei, því miður. Árið 2012 var loksins útkljáð hliðstætt mál í bænum Kassandreia eftir næstum

9-11. Hvernig hafa þjónar Jehóva barist fyrir því í Grikklandi að fá að halda samkomur og með hvaða árangri?



Titos Manoussakis.
(Sjá grein 9.)

12, 13. Hvernig hafa andstæðingar í Frakklandi reynt að ‚misnota lögin‘ til að valda erfiðleikum og með hvaða árangri?

14. Hvernig getur þú orðið að liði í baráttunni fyrir trúfrelsi?

Þú getur beðið reglulega fyrir trússysteminum þínum sem þjást og líða vegna ranglætis af hendi yfirvalda.

12 ára baráttu fyrir dómstólum. Í þessu tilviki var það einn af biskupum rétttrúnaðarkirkjunnar sem hleypti málinu af stað. Ríkisráðið, sem er æðsti stjórnlagadómstóll Grikklands, dæmdi í málinu og féll dómurinn þjónum Guðs í vil. Í niðurstöðu dómsins er vísað til þess að í stjórnarskrá Grikklands sé kveðið á um trúfrelsi og hrakin sú margendurtekna ásökun að Vottar Jehóva séu ekki þekkt trúfélag. Í dómsorðinu segir: „Kenningar ‚Votta Jehóva‘ eru ekkert leyndarmál og þar af leiðandi játa þeir þekkt trú.“ Vottarnir í litla söfnuðinum í Kassandreia fagna því að geta nú haldið samkomur í sínum eigin ríkissal.

12 Frakkland. Sumir andstæðingar þjóna Guðs hafa beitt þeirri aðferð að ‚misnota lögin‘ til að valda erfiðleikum. (**Lestu Sálm 94:20.**) Sem dæmi má nefna að um 1995 tóku skattayfirvöld í Frakklandi að rannsaka fjármál *Association Les Témoins de Jehovah* (ATJ) en það er eitt af þeim lögskráðu félögum sem Vottar Jehóva starfrækja í Frakklandi. Fjárlagaráðherra landsins ljóstraði upp raunverulegu markmiði rannsóknarinnar þegar hann sagði: „Rannsóknin gæti leitt til gjaldþrotaskipta eða málshöfðunar ... sem myndi líklega setja starfsemi félagsins úr skorðum eða neyða það til að hætta starfsemi á yfirráðasvæði okkar.“ Ekkert misferli kom í ljós við rannsóknina en þrátt fyrir það lögðu yfirvöld mjög háan skatt á félagið. Ef álagningin hefði verið staðfest hefðu bræður okkar varla átt um annað að velja en að loka deildarskrifstofunni og selja fasteignirnar til að greiða þennan gríðarlega háa skatt. Þetta var mikið áfall en þjónar Guðs gáfust ekki upp. Þeir mótmæltu af krafti þessari ranglátu meðferð og skutu máli sínu að lokum til Mannréttindadómstóls Evrópu árið 2005.

13 Dómur féll í málinu 30. júní 2011. Í úrskurðinum kemur fram að rétturinn til trúfrelsis eigi að hindra að ríkið leggi mat á hvort trúarskoðanir séu lögmæt og séu iðkaðar með lögmætum hætti. Ríkið eigi ekki að gera það nema í ytrustu neyð. Síðan segir í dómsorðinu: „Skattlagningin ... hafði þau áhrif að loka fyrir nauðsynlegt fjármagn til félagsins og kom síðan í veg fyrir að félagið gæti tryggt að áhangendur þess fengju að iðka trú sína að vild.“ Dómurinn var einróma og Vottum Jehóva í vil. Þjónum Jehóva til mikillar ánægju skiluðu frönsk stjórnvöld að lokum skattinum, sem hafði verið lagður á ATJ, auk vaxta. Í samræmi við úrskurð Mannréttindadómstólsins var sömuleiðis aflétt lögveðinu sem hafði verið tekið í fasteignum deildarskrifstofunnar.

14 Þjónar Jehóva nú á dögum berjast fyrir frelsinu til að tilbiðja hann á þann hátt sem hann hefur fyrirskipað, rétt

eins og þau Ester og Mordekaí gerðu forðum daga. (Est. 4:13-16) Getur þú lagt lóð á vogarskálarnar? Já. Þú getur beðið reglulega fyrir trússysteminum þínum sem þjást og líða vegna ranglætis af hendi yfirvalda. Bætur þínar geta verið bræðrum og systurum okkar mikil hjálp í þrengingum og ofsóknum. (**Lestu Jakobsbréfið 5:16.**) Svarar Jehóva slíkum bænum? Þeir sigrar, sem við höfum unnið fyrir dómstólum, benda eindregið til þess. – Hebr. 13:18, 19.

Frelsi til að velja lækni meðferð í samræmi við trúarskoðanir okkar

15 Eins og rætt var í 11. kafla hafa þegnar Guðsríkis fengið skýrar leiðbeiningar í Biblíunni um að misnota ekki blóð en það er harla algengt nú á tímum. (1. Mós. 9:5, 6; 3. Mós. 17:11; **lestu Postulasöguna 15:28, 29.**) Þó að við þiggjum ekki blóðgjöf viljum við fá bestu lækni meðferð sem kostur er á handa sjálfum okkur og ástvinum okkar, svo framarlega sem hún stangast ekki á við lög Guðs. Æðstu dómstólar margra þjóða hafa staðfest að fólk á þann rétt að þiggja eða hafna lækni meðferð í samræmi við samvisku sína og trúarskoðanir. Í sumum löndum hefur þó reynt verulega á þjóna Guðs að þessu leyti. Lítum á nokkur dæmi.

16 **Japan.** Misae Takeda, 63 ára húsmóðir í Japan, þurfti að gangast undir stóra skurðaðgerð. Sem dyggur þegn Guðsríkis gerði hún læknum sínum grein fyrir því að hún vildi ekki fá blóðgjöf. Nokkrum mánuðum síðar uppgötvaði hún sér til skelfingar að henni hafði verið gefið blóð í framhaldi af aðgerðinni. Henni fannst hún hafa verið blekkt og svívirt og höfðaði mál á hendur læknum og spítala í júní 1993. Þessi hógværa og hægláta kona bjó yfir óhagganlegri trú. Hún bar djarfmannlega vitni fyrir fullum réttarsal og sat í vitna-stúkunni í meira en klukkustund þótt hún væri mjög veikburða. Hún kom fyrir réttinn í síðasta sinn aðeins mánuði áður en hún dó. Trú hennar og hugrekki er aðdáunarvert. Misae sagðist hafa beðið Jehóva stöðugt um að blessa baráttu sína. Hún treysti að hún yrði bænheyrð. Var hún það?

17 Þrem árum eftir að Misae Takeda lést dæmdi Hæstiréttur Japans henni í vil og féllst á að það hefði verið rangt að gefa henni blóð gegn ótvíræðum óskum hennar. Í dómnum, sem féll 29. febrúar 2000, sagði að virða beri „ákvörðunarréttinn“ í slíkum tilvikum sem „persónuleg réttindi“. Misae Takeda var ákveðin í að berjast fyrir rétti sínum til að fá lækni meðferð í samræmi við biblíufrædda samvisku sína. Vottar Jehóva í Japan geta nú fengið lækni meðferð án þess að eiga á hættu að þeim sé gefið blóð gegn vilja sínum, þökk sé baráttu hennar.

15. Hvaða afstöðu taka þjónar Guðs til blóðgjafa og hvers vegna?

16, 17. Hvað uppgötvaði systir í Japan eftir að hún gekkst undir skurðaðgerð og hvernig var bænum hennar svarað?



Pablo Albarracini.
(Sjá greinar 18 til 20.)

18-20. (a) Hvernig leit Hæstiréttur Argentínu á yfirlýsingu sjúklings um að hann hafnaði blóðgjöf? (b) Hvaða ráðstöfun getum við gert til að sýna að við séum undirgefin Kristi þegar læknismeðferð á í hlut?

21-24. (a) Hvernig bar það til að Hæstiréttur Kanada tók merka ákvörðun varðandi ungmenni undir lögræðisaldri? (b) Hvernig getur þetta mál verið ungu þjónum Jehóva til hvatningar?



April Cadoreth.
(Sjá greinar 21 til 24.)

18 **Argentína.** Hvernig geta þegar Guðsríkis verið undir það búinir að taka þurfi ákvörðun um læknismeðferð ef þeir eru meðvitundarlausir? Við getum borið á okkur fullgilda yfirlýsingu sem talar máli okkar. Pablo Albarracini gerði það. Í maí 2012 varð hann vitni að ránstílaun og varð fyrir nokkrum byssuskotum. Hann var meðvitundarlaus þegar á spítalann kom og gat því ekki skýrt frá afstöðu sinni til blóðgjafar. Hins vegar bar hann á sér vottfesta yfirlýsingu um læknismeðferð sem hann hafði undirritað rúmlega fjórum árum áður. Ástand hans var alvarlegt og sumir af læknunum töldu að það þyrfti að gefa honum blóð til að bjarga lífi hans. Læknarnir vildu samt virða óskir hans. Faðir Pablos, sem var ekki vottur, fékk hins vegar réttartilskipun þess efnis að ekki bæri að virða óskir sonarins.

19 Lögmaður eiginkonu Pablos áfrýjaði úrskurðinum þegar í stað. Áfrýjunardómstóllinn sneri við ákvörðun undirréttar skömmu síðar og úrskurðaði að virða ætti óskir sjúklingsins sem fram kæmu í yfirlýsingu hans um læknismeðferð. Faðir Pablos áfrýjaði til Hæstaréttar Argentínu. En Hæstiréttur taldi „enga ástæðu til að véfengja“ að yfirlýsing Pablos um að hafna blóðgjöf væri „gefin af yfirvegum, ásetningi og án nauðungar“. Í dómsorði Hæstaréttar sagði: „Sérhver fullveðja einstaklingur með óskerta dómgreind er fær um að gefa fyrirmæli fyrir fram um læknismeðferð og getur þegið eða hafnað ákveðinni meðferð ... Lækni, sem ber ábyrgð á sjúklingi, ber að virða þessi fyrirmæli.“

20 Pablo Albarracini hefur náð sér að fullu. Þau hjónin eru ánægð með að hann skyldi ganga frá yfirlýsingu um læknismeðferð. Með því að gera þessa einföldu en mikilvægu ráðstöfun sýndi Pablo að hann væri undirgefinn Kristi, konungi Guðsríkis. Hefur þú og fjölskylda þín gert svipaðar ráðstafanir?

21 **Kanada.** Dómstólar virða yfirleitt rétt foreldra til að velja bestu læknismeðferð handa börnum sínum. Stundum hafa dómstólar jafnvel úrskurðað að virða beri óskir þroskaðra ungmenna undir lögræðisaldri um læknismeðferð. April Cadoreth er eitt þessara ungmenna. April var lögð inn á spítala með alvarlegar innvortis blæðingar þegar hún var 14 ára. Fáeinum mánuðum áður hafði hún útfyllt yfirlýsingu um læknismeðferð með skriflegum fyrirmælum þess efnis að hún þægi ekki blóðgjöf, jafnvel í neyðartilfalli. Læknirinn, sem annaðist hana, ákvað að virða ekki skýrar óskir hennar og fékk réttartilskipun þess efnis að það mætti gefa henni blóð. Henni voru síðan gefnar þrjár einingar af rauðkornaþykkni með valdi. Síðar líkti April þessari aðgerð við nauðgun.



22 April og foreldrar hennar leituðu til dómstóla til að ná rétti sínum. Tveim árum síðar var málið tekið fyrir hjá Hæstarétti Kanada. April tapaði málinu tæknilega séð í þeim skilningi að lögin, sem beitt var í hennar tilfalli, voru ekki talin stangast á við stjórnarskrá. Rétturinn dæmdi hins vegar að henni skyldi greiddur málskostnaður og dæmdi henni í vil og öðrum þroskuðum ungmennum sem vilja beita rétti sínum til að ákveða sjálf hvaða læknismeðferð þau fá. Í úrskurði réttarins segir: „Þegar læknismeðferð er annars vegar ætti að leyfa ungu fólki undir 16 ára aldri að reyna að sýna fram á að afstaða þess til ákveðinnar læknismeðferðar endurspeglar að nægilegu marki sjálfstæða hugsun og þroska.“

23 Þetta mál er mikilvægt að því leyti að Hæstiréttur fjallaði um stjórnarskrárbundin réttindi þroskaðra ungmenna undir lögræðisaldri. Áður en þessi dómur féll gátu dómstólar í Kanada heimilað læknismeðferð barns yngra en 16 ára ef rétturinn taldi að meðferðin væri barninu fyrir bestu.

Hefurðu útfyllt yfirlýsingu um læknismeðferð?

25, 26. Hvað gerist stundum í kjölfar skilnaðar?

27, 28. Hvernig brást Hæstiréttur Ohio við þeirri staðhæfingu að það væri skaðlegt fyrir barn að alast upp sem vottur Jehóva?

„Það hefur glatt mig mjög að vita að ég átti örlítinn þátt í að reyna að upphefja nafn Guðs og sanna að Satan sé lygari.“

En eftir þennan dóm geta dómstólar ekki heimilað nokkra lækni meðferð gegn vilja barna yngri en 16 ára án þess að gefa þeim fyrst tækifæri til að sýna fram á að þau séu nógu þroskuð til að taka sínar eigin ákvarðanir.

24 Var þessi þriggja ára barátta erfiðisins virði? „Já,“ svarar April. Hún er brautryðjandi núna og við góða heilsu. Hún segir: „Það hefur glatt mig mjög að vita að ég átti örlítinn þátt í að reyna að upphefja nafn Guðs og sanna að Satan sé lygari.“ Saga Aprilar segir okkur að unga fólkið í söfnuðinum getur tekið djarfmannlega afstöðu og sýnt að það sé sannir þegnar Guðsríkis. – Matt. 21:16.

Frelsi til að ala börnin upp samkvæmt leiðbeiningum Jehóva

25 Jehóva hefur falið foreldrum það verkefni að ala börnin upp í samræmi við leiðbeiningar hans. (5. Mós. 6:6-8; Ef. 6:4) Þetta er krefjandi verkefni en það getur reynt enn meira á það ef foreldrarnir skilja. Sé annað foreldrið vottur en hitt ekki geta þau orðið mjög ósammála um uppeldi barnanna. Votturinn er eindregið þeirrar skoðunar að það eigi að ala barnið upp í samræmi við kristnar meginreglur en hitt foreldrið, sem er ekki vottur, er ef til vill á öðru máli. Votturinn ætti auðvitað að hafa hugfast að tengsl foreldra og barns breytast ekki þó að hjónabandinu sé slitið.

26 Það foreldrið, sem er ekki vottur, fer ef til vill fram á forræði yfir barninu eða börnunum til að geta ráðið trúaruppeldi þess. Sumir halda því fram að það sé skaðlegt fyrir börnin að alast upp sem vottar Jehóva. Rökin eru ef til vill þau að börnin fái ekki að halda upp á afmæli, missi af hátíðahöldum og fái ekki „lífsnauðsynlega“ blóðgjöf í neyðartilfalli. Sem betur fer bera flestir dómstólar hag barnanna fyrir brjósti í stað þess að úrskurða um það hvort þeir telji trú annars foreldrisins skaðlega. Lítum á nokkur dæmi.

27 Bandaríkin. Árið 1992 tók Hæstiréttur Ohio fyrir forræðismál af þessu tagi. Faðirinn, sem var ekki vottur, hélt því fram að það væri skaðlegt fyrir ungan son sinn að alast upp sem vottur Jehóva. Undirréttur hafði tekið undir sjónarmið föðurins og veitt honum forræðið. Móðirin, Jennifer Pater, fékk umgengnisrétt við drenginn en mátti ekki „kenna barninu trúarskoðanir Votta Jehóva eða láta það verða fyrir áhrifum af þeim í nokkurri mynd“. Þessi fyrir-mæli undirréttar voru svo almennt orðuð að það var hægt að túlka þau þannig að Jennifer mætti ekki einu sinni ræða við Bobby, son sinn, um Biblíuna eða siðferðisreglur hennar. Við getum rétt ímyndað okkur hvernig henni var innan-

brjósts. Jennifer var miður sín en segist hafa lært að vera þolinmóð og bíða þess að Jehóva skarist í leikinn. „Jehóva var alltaf með mér,“ segir hún. Lögmaður hennar áfrýjaði málinu til Hæstaréttar Ohio með aðstoð deildarskrifstofu Votta Jehóva.

28 Hæstiréttur var á öðru máli en undirréttur. Í úrskurði hans sagði að „foreldrar hafi þau grundvallarréttindi að fræða börn sín, þar á meðal þann rétt að miðla þeim siðferðis- og trúargildum sínum“. Í dómsorðinu sagði að dómstóllinn hefði engan rétt til að takmarka forræðisréttindi á grundvelli trúar, nema sýnt væri fram á að trúargildi Votta Jehóva væru skaðleg líkamlegri og andlegri velferð barnsins. Rétturinn taldi engin rök fyrir því að trúarskoðanir Vottanna hefðu neikvæð áhrif á andlegt eða líkamlegt heilbrigði barnsins.

29 Danmörk. Anita Hansen stóð í svipuðum sporum þegar fyrrverandi eiginmaður hennar höfðaði mál og fór fram á forræði yfir Amöndu, sjö ára dóttur þeirra. Héraðsdómur veitti Anitu forræðið árið 2000 en faðir Amöndu áfrýjaði til yfirréttar sem sneri við dómi héraðsdóms og veitti honum forræðið. Yfirréttur taldi að þar sem foreldrarir hefðu ólíkar lífsskoðanir vegna trúar sinnar væri

29-31. Hvers vegna missti dönsk systir forræðið yfir dóttur sinni en hvernig úrskurðaði Hæstiréttur Danmerkur í málinu?

Margir dómstólar hafa dæmt kristnum foreldrum í vil í forræðisdeilum.



32. Hvernig hefur Mannréttindadómstóll Evrópu varið foreldra, sem eru vottar, gegn misrétti?

33. Hvernig geta foreldrar, sem eru vottar, fylgt meginreglunni í Filippíbréfinu 4:5?

34. Hvað geta kristnir foreldrar lært af Gyðingum á dögum Nehemía?

faðirinn í betri aðstöðu til að taka á ágreiningi þeirra. Í reyndinni missti Anita forræði yfir Amöndu vegna þess að hún var vottur Jehóva.

30 Meðan Anita gekk gegnum þessa eldraun var hún stundum svo örvilnuð að hún vissi ekki um hvað hún átti að biðja í bænnum sínum. „En Rómverjabréfið 8:26 og 27 var mjög hughreystandi fyrir mig,“ segir hún. „Ég fann alltaf að Jehóva skildi hvað ég meinti. Hann vakti yfir mér og studdi mig.“ – **Lestu Sálm 32:8; Jesaja 41:10.**

31 Anita Hansen áfrýjaði málinu til Hæstaréttar Danmerkur. Rétturinn sagði í úrskurði sínum: „Úrskurður í forræðisdeilu þarf að byggjast á hlutlægu mati á því hvað sé barninu fyrir bestu.“ Enn fremur kom fram í dómsorðinu að úrskurður um forræði þurfi að byggjast á því hvernig foreldrarnir, hvor um sig, taki á ágreiningi en ekki á „trúarkeningum og afstöðu“ Votta Jehóva. Anitu til mikils léttis viðurkenndi Hæstiréttur að hún væri hæf móðir og veitti henni forræðið yfir Amöndu á nýjan leik.

32 Ýmis Evrópulönd. Í einstaka tilfellum hefur forræðisdeilum verið áfrýjað til alþjóðlegra dómstóla eftir að dómur hefur fallið á æðsta dómstigi heima fyrir. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur einnig fjallað um mál af þessu tagi. Í tveim tilvikum komst Mannréttindadómstóllinn að þeirri niðurstöðu að dómstólar í heimalandinu hefðu gert foreldrum mishátt undir höfði eftir því hvort þeir voru vottar eða ekki. Mannréttindadómstóllinn kallar það mismunun og hefur úrskurðað að „það sé óviðunandi að gera greinarmun á fólki byggðan í meginatriðum á ólíkri trú“. Móðir nokkur, sem er vottur og fékk slíkan úrskurð hjá Mannréttindadómstólnum, lýsti hvílíkur léttir það væri fyrir sig og sagði: „Það særði mig ákaflega að vera sökuð um að skaða börnin mín því að ég var aðeins að reyna að veita þeim það sem ég taldi vera þeim fyrir bestu – kristilegt uppeldi.“

33 Vottar, sem þurfa að berjast fyrir rétti sínum til að kenna börnunum biblíuleg gildi, reyna auðvitað að sýna sanngirni. (**Lestu Filippíbréfið 4:5.**) Þeir eru þakklátir fyrir að eiga rétt á að ala börn sín upp sem þjóna Guðs en viðurkenna jafnframt rétt hins foreldrisins, sem er ekki vottur, til að taka þátt í uppeldinu ef það vill axla þá ábyrgð. Hve alvarlega taka vottar þá ábyrgð að ala börnin sín upp?

34 Það má draga lærdóm af afstöðu Gyðinga á dögum Nehemía. Þeir lögðu hart að sér við að lagfæra og endurreisa múra Jerúsalem. Þeir vissu að múrarnir myndu vernda þá og fjölskyldur þeirra gegn óvinaþjóðunum umhverfis. Nehemía hvatti þá þar af leiðandi til að „berjast fyrir bræð-

ur sína, syni, dætur, eiginkonur og ættir. (Neh. 4:8) Gyðingar voru tilbúnir til að gera hvað sem er til að berjast fyrir öryggi fjölskyldunnar. Nútímaforeldrar, sem eru vottar Jehóva, leggja sömuleiðis hart að sér við að ala börnin sín upp í trúnni. Þeir vita að óheilnæm áhrif dynja á börnunum, bæði í skólanum og hverfinu þar sem þau búa. Þessi áhrif geta meira að segja smeygt sér inn á heimilið með fjölmíðlunum. Foreldrar, gleymið ekki að það er mikils virði að berjast fyrir syni ykkar og dætur til að tryggja að þau búi við öruggar aðstæður þar sem þau geta dafnað sem þjónar Guðs.

Treystu að Jehóva styðji sanna tilbeiðslu

35 Jehóva hefur blessað baráttu safnaðar síns fyrir tilbeiðslu- og trúfrelsi. Með baráttu sinni fyrir þessum lagalegu réttindum hafa þjónar Guðs oft getað vitnað rækilega fyrir dómstólum og almenningi í heild. (Róm. 1:8) Með því að vinna mörg dómsmál af þessu tagi hafa þeir jafnframt styrkt borgaraleg réttindi fólks almennt. En við sem erum þjónar Guðs erum ekki að berjast fyrir þjóðfélagsumbótum og ekki heldur að reyna að réttlæta sjálf okkur. Vottar Jehóva hafa fyrst og fremst barist fyrir lagalegum réttindum sínum fyrir dómstólum til að efla sanna tilbeiðslu og festa hana í sessi. – **Lestu Filippíbréfið 1:7.**

36 Við skulum vera þakklát þeim sem hafa barist fyrir frelsinu til að tilbiðja Jehóva og draga lærdóm af trú þeirra. Við skulum líka vera trúföst og treysta að Jehóva styðji starf okkar og haldi áfram að styrkja okkur svo að við getum gert vilja hans. – Jes. 54:17.

35, 36. Hvernig hefur baráttan fyrir lagalegum réttindum orðið okkur til góðs og hvað ætlar þú að gera?

Hve raunverulegt er ríki Guðs í þínum augum?

- Hvernig hafa stjórnvöld sumra landa reynt að takmarka grundvallarréttindi kristinna manna og með hvaða árangri?
- Hvernig hafa vottar Jehóva barist fyrir réttinum til að hafna blóðgjöf og hvernig hefur Jehóva blessað baráttu þeirra?
- Hvað hafa andstæðingar stundum reynt að gera varðandi börn votta Jehóva í kjölfar hjónaskilnaðar?
- Hvers vegna trúir þú að ríki Guðs standi að baki þeim sigrum sem við höfum unnið fyrir dómstólum?



Til vinstri:
Samkoma haldin
undir berum himni
í Lundúnum
árið 1945.

Til hægri:
Sérstakur mótsdagur
í Malaví í Afríku
árið 2012.

5. HLUTI

MENNTUN Á VEGUM GUÐSRÍKIS

Þjónar konungsins fá kennslu
og þjálfun



ÞÚ BROSIR hvetjandi til ræðumannsins sem stendur á sviðinu. Þetta er ungur bróðir úr söfnuðinum þínum og hann er að flytja fyrstu ræðuna sína á svæðismóti. Þú hlustar með ánægju á þrýðilega ræðu og verður hugsað til þess hve frábæra menntun þjónar Guðs fá. Þú manst vel eftir unga manningum þegar hann steig upp á svið í ríkissalnum í fyrsta sinn. Hann hefur aldeilis tekið framförum! Hann hefur sótt Brautryðjendaskólann, og fyrir stuttu sóttu þau hjónin Skólann fyrir boðbera Guðsríkis. Hann lýkur ræðunni, og meðan þú klappar fyrir honum lítur þú í kring-

um þig og leiðir hugann að allri kennslunni sem þjónar Guð fá.

Í Biblíunni er spádómur um þann tíma þegar allir þjónar Jehóva yrðu „lærissveinar“ hans og myndu hljóta menntun hjá honum. (Jes. 54:13) Við lifum á þeim tíma. Við fáum bæði fræðslu í ritum okkar, á samkomum og mótum en einnig í ýmsum skólum sem hafa það hlutverk að búa okkur undir sérstök verkefni í söfnuði Jehóva. Í þessum hluta skoðum við hvernig öll þessi menntun er óyggjandi sönnun þess að ríki Guðs sé við völd núna.

16

Í ÞESSUM KAFLA

Samkomurnar eru okkur mikilvægar. Hér er rakið hvernig þær hafa þróast.

1. Hvaða hjálp fengu lærisveinarnir þegar þeir söfnuðust saman og hvers vegna þurftu þeir á henni að halda?

2. (a) Hvernig styrkir Jehóva okkur og hvers vegna þurfum við á því að halda? (b) Hvers vegna er tilbeiðslustund fjölskyldunnar mikilvæg? (Sjá neðanmálgrein og greinina „Tilbeiðslustund fjölskyldunnar“, bls. 175.)

3, 4. Hvaða kröfu gerir Jehóva til þjóna sinna? Nefndu dæmi.

NEÐANMÁLSGREIN

[1] Auk þess að sækja safnaðarsamkomur í hverri viku eru fjölskyldur og einstaklingar hvött til að gefa sér tíma til sameiginlegs náms eða sjálfsnáms.

Við söfnumst saman til að tilbiðja Guð

LÆRISVEINARNIR söfnuðust saman skömmu eftir upp-risu Jesú til að uppörva hver annan. Þeir læstu þó að sér af því að þeir óttuðust óvini sína. Mikið hlýtur þeim að hafa létt þegar Jesús birtist mitt á meðal þeirra og sagði: „Með-takið heilagan anda.“ (**Lestu Jóhannes 20:19-22.**) Nokkru síðar komu lærisveinarnir saman á nýjan leik og Jehóva úthellti heilögum anda yfir þá. Það styrkti þá ekki lítið fyrir boðunina sem þeir áttu fyrir höndum. – Post. 2:1-7.

² Við stöndum að sumu leyti í svipuðum sporum og trússystemum okkar á fyrstu öld. (1. Pét. 5:9) Stundum erum við kannski hrædd við menn. Og til að halda ótrauð áfram að boða fagnaðarerindið þurfum við að fá styrk frá Jehóva. (Ef. 6:10) Við fáum þennan styrk að miklu leyti á samkomum. Sem stendur getum við sótt tvær fræðandi samkomur í viku. Þetta eru opinberi fyrirlesturinn og Varðturnsnámið og svo samkoma um miðja vikuna sem nefnist Líf okkar og boðun.^[1] Auk þess sækjum við á hverju ári umdæmismót, tvö svæðismót og minningarhátíðina um dauða Krists. Hvers vegna er mikilvægt að sækja allar þessar samkomur? Hvernig tóku samkomurnar á sig þá mynd sem við þekkjum núna? Hvernig lítum við á samkomurnar og hvað segir það um okkur?

Hvers vegna höldum við samkomur?

³ Jehóva hefur lengi gert þá kröfu til þjóna sinna að þeir safnist saman til að tilbiðja hann. Árið 1513 f.Kr. gaf hann Ísraelsmönnum lögmálið, og þar var ákvæði um vikulegan hvíldardag. Fjölskyldur áttu að nota daginn til að tilbiðja hann og fræðast um lögmál hans. (5. Mós. 5:12; 6:4-9) Þegar þjóðin hlýddi þessu ákvæði styrkti það fjölskyldurnar, þjóðin í heild var hrein í augum Guðs og sterk í trúnni. Ísraelsmenn misstu hins vegar velþóknun Jehóva

Þegar þeir fóru ekki eftir lögmálinu, svo sem ákvæðinu um að safnast reglulega saman til að tilbiðja hann. – 3. Mós. 10:11; 26:31-35; 2. Kron. 36:20, 21.

4 Við getum líka dregið lærdóm af Jesú. Hann var vanur að fara í samkunduhúsið á hvíldardeginum í hverri viku. (Lúk. 4:16) Eftir að Jesús var dáinn og upprisinn héldu læriveinar hans áfram þeirri venju að safnast saman reglulega þó að hvíldardagslögin væru fallin úr gildi. (Post. 1:6, 12-14; 2:1-4; Rómv. 14:5; Kól. 2:13, 14) Kristnir menn á fyrstu öld fengu fræðslu og uppörvun á þessum samkomum, og jafnframt því færðu þeir Guði lofgerðarfórnir með söng, bænum og tilsvörum sínum. – Kól. 3:16; Hebr. 13:15.

5 Þegar við sækjum samkomur í hverri viku og mótin þrisvar á ári fáum við líka styrk heilags anda, hvetjum hvert annað með því að tjá trú okkar og sýnum að við styðjum ríki Guðs. Við fáum tækifæri til að tilbiðja Jehóva með bænum okkar, svörum og söng, og það er ekki síður mikilvægt. Samkomurnar eru ekki endilega með sama sniði og var hjá Ísraelsmönnum og hjá kristnum mönnum á fyrstu öld, en þær eru jafn mikilvægar. Hvernig tóku samkomurnar á sig þá mynd sem við þekkjum núna?

Vikulegar samkomur sem hvetja til „kærleika og góðra verka“

6 Þegar bróðir Charles Taze Russell tók að leita að sannleikanum í orði Guðs gerði hann sér grein fyrir að

5. Hvers vegna sækjum við samkomur í hverri viku og mót þrisvar á ári? (Sjá einnig greinina „Árleg mót sem sameina þjóna Guðs“, bls. 176.)

6, 7. (a) Hvaða markmiði þjóna samkomurnar?
(b) Hvernig voru samkomur skipulagðar með ólíkum hætti frá einum hópi til annars?

Læriveinar Jesú söfnuðust saman til að styrkja og uppörva hver annan.



8. Um hvaða mál var meðal annars fjallað í ræðum snemma í sögu safnaðarins?

9. Hvernig hafa opinberu fyrirlestrarnir breyst með árunum og hvað geturðu gert til að sem flestir hafi gagn af þeim?

hann þyrfti að hitta aðra sem höfðu sama markmið. Hann skrifaði árið 1879: „Ásamt fleirum í Pittsburgh skipulagði ég og hélt utan um leshóp til að rannsaka Biblíuna. Við hittumst á hverjum sunnudegi.“ Lesendur *Varðturns Sónar* voru hvattir til að hittast, og árið 1881 voru haldnar samkomur í Pittsburgh í Pennsylvaníu alla sunnudaga og miðvikudaga. Í nóvember 1895 sagði í *Varðturninum* að markmiðið með samkomunum væri að efla „kristinn félagsskap, kærleika og samfélag“ og gefa viðstöddum tækifæri til að uppörva hver annan. – **Lestu Hebreabréfið 10:24, 25.**

⁷ Árum saman voru samkomurnar haldnar misoft frá einum hópi biblíunemenda til annars, og voru með misjöfnu sniði. Sem dæmi má nefna að í bréfi frá hópi í Bandaríkjunum, sem var birt árið 1911, sagði: „Við höldum að minnsta kosti fimm samkomur í viku.“ Þær voru haldnar á mánudögum, miðvikudögum, föstudögum og tvisvar á sunnudögum. Árið 1914 var birt bréf frá hópi í Afríku. Þar sagði: „Við höldum samkomur tvisvar í mánuði. Þær hefjast á föstudegi og standa fram á sunnudag.“ Með tíð og tíma tóku samkomurnar þó á sig þá mynd sem við þekkjum núna. Við skulum fara í stuttu máli yfir sögu hverrar samkomu fyrir sig.

⁸ **Opinber fyrirlestur.** Árið 1880, árið eftir að bróðir Russell hóf útgáfu *Varðturns Sónar*, lagði hann upp í boðunarferð að fyrirmynd Jesú. (Lúk. 4:43) Á ferð sinni gaf hann fyrirmyndina að opinbera fyrirlestrinum eins og við þekkjum hann. Þegar tilkynnt var um ferð Russells í *Varðturninum* sagði að hann „myndi fúslega flytja ræður á almennum samkomum um *mál sem varða ríki Guðs*“. Árið 1911, eftir að stofnaðir höfðu verið söfnuðir í allmörgum löndum, voru þeir hvattir til að senda út góða ræðumenn til nærliggjandi svæða og flytja sex ræður sem fjölluðu um efni á borð við dóm Guðs og lausnargjaldið. Í lok hverrar ræðu var tilkynnt hver myndi flytja ræðu í vikunni á eftir og hvað hún hét.

⁹ Árið 1945 var tilkynnt í *Varðturninum* að gert yrði átak til að flytja opinbera fyrirlestra um allan heim. Fyrirlestrarnir voru átta og fjölluðu um „aðkallandi vandamál samtímans“. Áratugum saman fluttu ræðumenn ekki aðeins fyrirlestra byggða á efni sem hinn trúi þjónn lét í té heldur einnig um efni að eigin vali. En árið 1981 voru allir ræðumenn beðnir að byggja ræður sínar á uppköstum sem söfnuðirnir fengu send.^[2] Fram að 1990 var gert ráð fyrir



þátttöku áheyrenda eða sýnikennslu í sumum opinberum fyrirlestrum, en það ár voru gefnar nýjar leiðbeiningar og þaðan í frá átti að flytja þá eingöngu sem ræður. Í janúar 2008 varð sú breyting að ræðurnar voru styttrar úr 45 mínútum í hálf tíma. Vel undirbúnir fyrirlestrar styrkja enn þá trúna á orð Guðs og fræða okkur um margt sem varðar ríki hans, þó svo að þeir hafi breyst á ýmsan hátt með árunum. (1. Tím. 4:13, 16) Ertu duglegur að bjóða öðrum, þar á meðal þeim sem þú heimsækir og sýna áhuga, að hlusta á þessa mikilvægu, biblíutengdu fyrirlestra?

10 Varðturnsnám. Árið 1922 hvöttu svonefndir pílgrímar til þess að haldnar væru samkomur reglulega til að fara yfir efni í *Varðturninum*, en pílgrímarnir voru bræður sem Varðturnsfélagið sendi til safnaðanna til að flytja fyrirlestra og fara með forystu í boðuninni. Söfnuðirnir gerðu eins og hvatt var til og í fyrstu fór Varðturnsnámið fram annaðhvort í miðri viku eða á sunnudögum.

11 Í *Varðturninum* 15. júní 1932 voru gefnar nánari leiðbeiningar um þessa samkomu. Yfirferðin, sem fram fór á Betelheimilínu, var höfð til fyrirmyndar. Í greininni sagði að bróðir ætti að stjórna samkomunni. Þrír bræður gátu setið fremst í salnum og skipst á að lesa efnisgreinarnar. Á þeim tíma voru ekki birtar námsspurningar í blaðinu og stjórnandinn átti að biðja áheyrendur að varpa fram spurningum um efnið. Fólk fékk síðan tækifæri til að svara spurningunum. Ef nánari skýringa var þörf var stjórnandanum bent á að gefa „stutta og hnitmiðaða“ skýringu.

Varðturnsnám í Gana
árið 1931.

10-12. (a) Hvaða breytingar hafa orðið á Varðturnsnáminu? (b) Hvaða spurninga ættirðu að spyrja þig?

13, 14. (a) Lýstu sögu safnaðarbíblíunámsins. (b) Hvað finnst þér ánægjulegt við þessa samkomu?

12 Í fyrstu mátti hver söfnuður velja það tölublað sem flestir vildu fara yfir. Hinn 15. apríl 1933 var hins vegar lagt til í *Varðturninum* að allir söfnuðir notuðu nýjsta tölublaðið. Árið 1937 kom fram að námið skyldi fara fram á sunnudögum. Samkoman tók svo á sig núverandi mynd með leiðbeiningum sem birtust í blaðinu 1. október 1942. Tilkynnt var að spurningar yrðu birtar með námsgreinunum neðst á hverri síðu og þær ætti að nota þegar farið væri yfir efnið. Síðan sagði að samkoman ætti að taka eina klukkustund. Viðstaddir voru hvattir til að tjá sig „með eigin orðum“ en ekki lesa svarið beint upp úr greininni. Varðturnsnámið er enn þann dag í dag sú samkoma sem hinn trúí þjónn notar fyrst og fremst til að gefa okkur andlega fæðu á réttum tíma. (Matt. 24:45) Þýrðu þig undir Varðturnsnámið í hverri viku? Og reynirðu að taka þátt í umræðunum ef kostur er?

13 **Safnaðarbíblíunám.** Upp úr 1890 var búið að gefa út nokkur bindi í bókaröðinni *Millennial Dawn* (Dögum þúsundarárarkisins). Bróðir H. N. Rahn var bíblíunemandi sem bjó í borginni Baltimore í Maryland í Bandaríkjunum. Hann lagði til að stofnaðir væru bíblíunámshópar sem hann kallaði „dögunarhópa“. Hóparnir hittust gjarnan á einkaheimilum og þessar samkomur voru nokkurs konar tilraun í fyrstu. Í september 1895 var búið að stofna dögunarhópa í mörgum borgum Bandaríkjanna. Í *Varðturninum* þann mánuð var lagt til að allir bíblíunemendur héldu slíkar samkomur. Í blaðinu sagði að námsstjórinn ætti að vera góður lesari. Hann átti að lesa eina málsgrein og biða síðan eftir að viðstaddir tjáðu sig um hana. Eftir að hafa lesið og rætt heila efnisgrein, málsgrein fyrir málsgrein, átti hann að fletta upp í Bíblíunni og lesa versin sem vísað var til. Í lok hvers kafla áttu allir viðstaddir að gefa stutt yfirlit yfir efnið.

14 Samkoman hefur breytt um nafn nokkrum sinnum. Einu sinni var hópurinn kallaður Bereuhópur til bíblíunáms og vísaði það til Berojumanna á fyrstu öld sem rannsökuðu ritningarnar vandlega. (Post. 17:11) Síðar breyttist nafnið í safnaðarbóknám. Nú nefnist það safnaðarbíblíunám og er haldið fyrir allan söfnuðinn í ríkissalnum en ekki í smærri hópum á einkaheimilum. Á liðnum áratugum hefur námsefnið verið sótt í ýmsar bækur, bæklinga og meira að segja greinar í *Varðturninum*. Allt frá upphafi hafa allir viðstaddir verið hvattir til að taka þátt í umræðunum. Þessi samkoma hefur hjálpað okkur mikið

TILBEIÐSLUSTUND FJÖLSKYLDUNNAR

ALLAR fjölskyldur í söfnuðinum þurfa að vera með eigin áætlun um biblíunám. Hinn trúi og hyggni þjónn hefur lagt aukna áherslu á það eftir því sem liðið hefur á hina síðustu daga. (2. Tím. 3:1) Til dæmis stóð blátt áfram í bæklingnum *Home and Happiness* sem kom út árið 1932: „Hver fjölskylda ætti að hefja biblíunám á heimilinu þegar í stað.“ Í *Varðturninum* 15. maí 1956 voru allar kristnar fjölskyldur hvattar til að stunda „reglulegt biblíunám á heimilinu til góðs fyrir alla fjölskylduna“. Síðan var spurt: „Farið þið fjölskyldan saman yfir *Varðturninn* fyrir samkomuna eitthvert kvöldið í vikunni?“ Biblíunám fjölskyldunnar fékk aukid vægi árið 2009 þegar breyting var gerð á samkomunum sem haldnar eru á virkum kvöldum. Þaðan í frá átti safnaðarbíblíunámið að fara fram sama kvöld og Boðunarskólinn og þjónustusamkoman. Í *Ríkisþjónustu okkar* í janúar 2011 stóð: „Ein ástæða fyrir þessari breytingu var að gefa fjölskyldum meiri tíma til að styrkjast í trúnni með því að taka frá kvöld í hverri viku fyrir fjölskyldubíblíunám.“ Síðan sagði að „þannig gæfist tími fyrir afslappaðar biblíusamræður og nám sem væri sérsniðið að þörfum fjölskyldunnar“.^[1]

Hvers vegna er tilbeiðslustund fjölskyldunnar ákaflega mikilvæg? Hvers vegna má hana ekki vanta? Vegna þess að hún hefur ekki aðeins

áhrif á trúarstyrk fjölskyldunnar heldur líka alls safnaðarins. Lýsum því með dæmi: Það má líkja söfnuðinum við múrsteinshús. (Lestu *Hebraebréfið 3:4-6*.)^[2] Það er tvennt sem ræður því hve traust slíkt hús er, grunnurinn sem það stendur á og ending múrsteinanna sem það er hlaðið úr. Húsið hrynur ef grunnurinn er ótraustur. En þó að húsið standi á traustum grunni er það veikbyggt ef múrsteinarnir molna. Kristni söfnuðurinn stendur á sterkasta grunni sem til er – kenningum Krists. (Lestu *1. Korintubríf 3:10-15*.)^[3] Einstaklingar og fjölskyldur í söfnuði eru eins og múrsteinarnir. Tilbeiðslustundir fjölskyldunnar bjóða upp á einstakt tækifæri fyrir hvern og einn og fyrir heilar fjölskyldur til að byggja upp með sér sterka og eldtrausta trú. Og sterkir einstaklingar og fjölskyldur skapa sterkbyggðan söfnuð. Ertu með ákveðna tilbeiðslustund fyrir fjölskylduna á dagskrá í hverri viku?

NEÐANMÁLSGREINAR

[1] Í *Ríkisþjónustu okkar* í janúar 2011 er að finna nokkrar tillögur um efni sem hægt væri að fara yfir í tilbeiðslustund fjölskyldunnar.

[2] Páll beinir orðum sínum til þeirra sem hafa „köllun til himinsins“. (Hebr. 3:1) Meginreglan að baki þeim á þó við alla kristna menn.

[3] Nánari umfjöllun um þessi vers er að finna í *Varðturninum* 1. september 1999, bls. 11-13, greinum 15-20. Væri ekki þjóðráð að lesa þetta efni og íhuga hvernig það tengist tilbeiðslustund fjölskyldunnar?

Ertu með ákveðna tilbeiðslustund fyrir fjölskylduna á dagskrá í hverri viku?



15. Hvert var hlutverk
Boðunarskólans?

að bæta við biblíuþekkingu okkar. Þýrðu þig að jafnaði undir þessa samkomu og tekurðu þátt í henni eftir bestu getu?

15 Boðunarskóli. „Mánudagskvöldið 16. febrúar 1942 var öllum bræðrum í Betelfjölskyldunni í Brooklyn boðið að skrá sig á námskeið sem var síðar kallað Boðunarskólinn.“ Carey Barber, sem starfaði við aðalstöðvarnar í New York á þeim tíma, sagði frá þessu en hann sat löngu síðar í hinu stjórnandi ráði. Hann sagði að skólinn væri „eitt-hvað það besta sem Jehóva hefur gert fyrir þjóna sína á síðari tímum“. Námskeiðið heppnaðist mjög vel. Bræðurnir tóku þvítíkum framförum í boðunar- og kennslutækni að frá 1943 var bæklingi, sem nefndist *Course in Theocratic Ministry*, dreift smám saman til safnaðanna. Hinn 1. júní 1943 stóð í *Varðturninum* að Boðunarskólinn hefði það hlutverk

ÁRLEG MÓT SEM SAMEINA ÞJÓNA GUÐS



JEHÓVA sagði öllum karlmönnum í Ísrael að safnast saman í Jerúsalem þrisvar á ári. (2. Mós. 23:14-17; 3. Mós. 23:34-36) Jósef, fósturfaðir Jesú, fór með alla fjölskylduna til Jerúsalem til að halda þessar hátíðir. Líklegt er að margir karlmenn í Ísrael hafi gert það. Þjónar Guðs nú á dögum halda líka mót þrisvar á ári. Sum þessara móta hafa markað tímamót í sögu hins jarðneska hluta alheimssafnaðar Guðs. Lítum á fáein af þessum mótum og það sem gerði þau eftirminnileg.

1919: Cedar Point, Ohio, Bandaríkjunum

Þetta var fyrsta stórmótið sem haldið var eftir fyrri heimsstyrjöldina.

Blásið var nýju lífi í boðunina.

Tilkynnt var að tímaritið *The Golden Age* (nú nefnt *Vaknið!*) hæfi göngu sína.

1922: Cedar Point, Ohio

Mikil áhersla var lögð á boðunarstarfið í ræðunni „Ríki Guðs“. Áheyrendur fengu sterka hvatningu til að „kunngera, kunngera, kunngera konunginn og ríki hans“.

að kenna þjónum Guðs svo að þeir yrðu „betri boðberar og vottar Guðsríkis“. – 2. Tím. 2:15.

16 Fyrir marga var það hreint kvalræði í fyrstu að tala frammi fyrir fjölmennum hópi. Clayton Woodworth, Jr., rifjar upp hvernig honum leið þegar hann gekk í skólann árið 1943, en faðir hans var einn þeirra sem voru fangelsaðir á röngum forsendum með bróður Rutherford árið 1918. „Ég átti afar erfitt með að flytja ræður,“ segir hann. „Tungan virtist stækka, ég varð skraufþurr í munninum og var ýmist öskrandi eða skrækróma.“ En Clayton tók framförum og átti eftir að halda margar opinberar ræður. Hann lærði þó ekki aðeins tæknileg atriði í skólanum. Hann lærði líka hve mikilvægt væri að vera auðmjúkur og reiða sig á Jehóva. „Ég áttaði mig á að ræðumaðurinn sjálfur skiptir ekki máli,“ sagði hann. „En ef hann undirbýr sig

16, 17. Lærði fólk aðeins ræðu- og kennslutækni í Boðunarskólanum? Skýrðu svarið.

1931: Columbus, Ohio

Við tókum okkur nafnið Vottar Jehóva.

1935: Washington, D.C.

Við skildum í fyrsta sinn að „múgurinn mikli“, sem er nefndur í Opinberunarbókinni 7:9, eigi að lifa að eilífu á jörð.

1942: Mótið „Nýi heimurinn“ haldið í 85 borgum víða um lönd

Í ræðunni „Friður – verður hann varanlegur?“ var gefin innsýn í spádóminn í 17. kafla Opinberunarbókarinnar. Fram kom að eftir síðari heimsstyrjöldina yrði tækifæri til að safna saman mörgum þegnum Guðsríkis til viðbótar.

1950: Mótið „Vöxtur guðveldisins“

Nýheimsþýðing Grísku ritninganna gefin út.

1958: Alþjóðamótið „Vilji Guðs“

Þetta var fjölmennasta alþjóðamót sem haldið hafði verið í einni borg. Yfir 250.000 manns frá 123 löndum komu saman í New York.

1961: Mótið „Sameinuð í tilbeiðslu“

Nýheimsþýðing heilagrar ritningar gefin út í heild í einu bindi.

1992: Mótið „Ljósberar“

Þetta var fyrsta alþjóðamótið sem Vottar Jehóva héldu í fyrrverandi Sovétríkjunum. Það var haldið í Sankti Pétursborg í Rússlandi.

1993: Mótið „Kennsla Guðs“, Kíev, Úkraínu

Þar fór fram fjölmennasta skírn þjóna Guðs sem sögur fara af á einu móti – 7.402 létu skírast.

2011: Mótið „Til komi þitt ríki“

Við fengum nánari skilning á hinu spádómlega líkneski sem talað er um í 2. kafla Daníelsbókar. Við skildum nú að fætarnir, sem eru úr leirblönduðu járn, tákna ensk-ameríska heimsveldið. Það verður enn við völd þegar ríki Guðs mölvar hið táknræna líkneski eins og það leggur sig.

2014: Mótið „Leitið fyrst ríkis Guðs“

Hundraðasta árið sem ríki Krists á himnum er við völd.



„AÐ SYNGJA UM SANNLEIKANN“

ÞJÓNAR Jehóva hafa yndi af því að lofa hann og tjá honum tryggð sína með því að syngja *um* hann og *fyrir* hann. Þegar Jehóva bjargaði Ísraelsmönnum undan Egyptum við Rauðahaf tjáði þjóðin honum þakklæti sitt og aðdáun í áhrifamiklum söng. (2. Mós. 15:1-21) Söngur var síðar óaðskiljanlegur þáttur í tilbeiðslunni á Jehóva í musterinu. (1. Kron. 23:4, 5; 25:7) Jesús og lærisveinar hans á fyrstu öld tjáðu Jehóva tilfinningar sínar í lofsöng. – Matt. 26:30; Ef. 5:19.

Við höfum farið að dæmi þeirra og notað ýmis ljóðasöfn við tilbeiðslu okkar á Jehóva á þeim árum sem eru liðin síðan bróðir Russell og félagar hans tóku að leita sannleikans. Í *Varðturninum* 15. febrúar 1896 var talað um að söngur gegndi mikilvægu hlutverki. Þar sagði: „Það er gott að syngja um sannleikann til að festa hann í hugum og hjörtum þeirra sem þjóna Guði.“



1879



1890



1896



1900



1905




1925



1928



1944




1950



1966



1984



NÚVERANDI BÓK

vel og reiðir sig algerlega á Jehóva hlusta menn á hann með ánægju og læra eitthvað.“

17 Árið 1959 var systurum boðið að skrá sig í skólann. Systir Edna Bauer rifjar upp hvernig það var að heyra tilkynningu um það á móti sem hún sótti. „Ég man hve spenntar systurnar voru,“ segir hún. „Núna opnuðust þeim fleiri tækifæri.“ Hefur þú, hvort sem þú ert bróðir eða systir, gripið þetta tækifæri og skráð þig í Boðunarskólann til að fá kennslu frá Jehóva? – **Lestu Jesaja 54:13.**

18 Þjónustusamkoma. Árið 1919 var byrjað að halda samkomur til að skipuleggja boðunarstarfið. Á þeim tíma sóttu ekki allir í söfnuðinum þessar samkomur heldur aðeins þeir sem tóku beinan þátt í að dreifa ritum. Árið 1923 var byrjað að halda þjónustusamkomu einu sinni í mánuði og hún var ætluð öllum í söfnuðinum. Árið 1928 voru söfnuðir hvattir til að halda þjónustusamkomu í hverri viku, og árið 1935 hvatti *Varðturninn* alla söfnuðina til að byggja þjónustusamkomuna á upplýsingum sem birtar voru í ritinu *Director* (síðar kallað *Informant* og enn síðar *Ríkisþjónusta okkar*). Þessi samkoma varð fljótlega fastur liður á dagskrá allra safnaða.

19 Núna fáum við gagnlegar leiðbeiningar um boðunina á samkomu sem haldin er um miðja vikuna. (Matt. 10:5-13) Færð þú eintak af vinnubókinni? Lestu hana þá vandlega og nýtir þér tillögur hennar þegar þú boðar fagnaðararindið?

Mikilvægasta samkoma ársins

20 Jesús sagði fylgjendum sínum að minnst dauða síns þangað til hann kæmi. Minningarhátíðin um dauða Krists er haldin einu sinni á ári rétt eins og páskahátíðin var. (1. Kor. 11:23-26) Milljónir manna sækja samkomuna ár hvert. Hún minnir hina andasmurðu á þann heiður að vera samerfingjar Krists að ríki hans. (Róm. 8:17) Og hún vekur djúpa virðingu annarra sauða fyrir konungi Guðsríkis og styrkir hollustu þeirra við hann. – Jóh. 10:16.

21 Bróðir Russell og samstarfsmenn hans gerðu sér grein fyrir að það væri mikilvægt að halda kvöldmáltíð Drottins hátíðlega og þeir vissu að það ætti aðeins að gera það einu sinni á ári. Í apríl 1880 stóð í *Varðturninum*: „Mörg okkar hér í Pittsburgh hafa haft það fyrir venju ... að halda páska [minningarhátíðina] og neyta brauðsins og vínsins sem tákna líkama og blóð Drottins.“ Fljótlega var farið að halda mót í tengslum við minningarhátíðina.

18, 19. (a) Eftir hvaða fyrirmynd var þjónustusamkoman sniðin? (b) Hvers vegna syngjum við á samkomum? (Sjá greinina „Að syngja um sannleikann“.)

20-22. (a) Hvers vegna minnumst við dauða Jesú? (b) Hvaða gagn hefurðu af því að sækja minningarhátíðina ár hvert?



Kristnir menn safnast saman
árlega til að halda minningar-
hátíðina um dauða Krists,
líkt og gert var á fyrstu öld.
(Sjá grein 20.)

Elstu tölur um slíka samkomu eru frá 1889 en þá voru 225 viðstaddir og 22 létu skírást.

22 Við höldum ekki lengur mót í tengslum við minningarhátíðina. Hins vegar bjóðum við öllum í byggðarlaginu, hvar sem við búum, að sækja samkomuna með okkur í ríkissalnum eða í húsnæði sem er leigt til hátíðarinnar. Árið 2013 minntust rúmlega 19 milljónir manna dauða Jesú. Það er mjög ánægjulegt að geta sótt minningarhátíðina og geta líka boðið öðrum að vera með okkur þetta háheilaga kvöld. Ertu duglegur að bjóða eins mörgum og þú getur að vera viðstaddir minningarhátíðina á hverju ári?

Hvað leiðir hugarfar okkar í ljós?

23 Dyggir þjónar Jehóva líta ekki á það sem kvöð að sækja samkomur. (Hebr. 10:24, 25; 1. Jóh. 5:3) Davíð konungur hafði yndi af því að koma í helgidóminn þar sem Jehóva var tilbeðinn. (Sálm. 27:4) Hann hafði sérstaka ánægju af því að vera þar með öðrum sem elskuðu Guð. (Sálm. 35:18) Jesús hugsaði líkt og Davíð. Sem drengur hafði hann sterka löngun til að vera í helgidóminum þar sem faðir hans var tilbeðinn. – Lúk. 2:41-49.

24 Þegar við sækjum samkomur sýnum við að við elskum Jehóva og að okkur langi til að uppbyggja trússystemi okkar. Við látum einnig í ljós að okkur langi til að læra að vera þegnar Guðsríkis því að það er fyrst og fremst á samkomum og mótum sem við lærum það. Auk þess er það á samkomunum sem við lærum að vinna eitt mikilvægasta verkið sem ríki Guðs stendur fyrir núna – að kenna fólki og gera það að lærisveinum konungsins Jesú Krists. Þar fáum við líka kraft til að halda verkinu áfram. **(Lestu Matteus 28:19, 20.)** Það leikur enginn vafi á að löngunin til að sækja samkomur leiðir í ljós hve raunverulegt ríki Guðs er í augum okkar. Við skulum alltaf hafa miklar mætur á samkomunum.

23. Hvað finnst þér um að sækja samkomur?

24. Hvaða tækifæri fáum við þegar við sækjum samkomur?

Löngunin til að sækja samkomur leiðir í ljós hve raunverulegt ríki Guðs er í augum okkar.

Hve raunverulegt er ríki Guðs í þínum augum?

- Hvers vegna sækjum við samkomur?
- Hvað finnst þér um hinar ýmsu samkomur?
- Hvað látum við í ljós þegar okkur langar til að sækja samkomur? Skýrðu svarið.

17

Menntun handa þjónum Guðsríkis

Í ÞESSUM KAFLA

Skólar á vegum safnaðarins búa þjóna Guðsríkis undir að gera verkefnum sínum skil.

1-3. Hvernig færði Jesús út kvíarnar og hvaða spurningar vakna?

4. Hvar og hvenær fékk Jesús kennslu hjá föður sínum?

5. Hvað kenndi faðirinn syni sínum um starfið sem hann átti að vinna á jörð?

JESÚS er búinn að boða fagnaðarerindið víðs vegar um Galíleu í tvö ár. (**Lestu Matteus 9:35-38.**) Hann hefur heimsótt þorp og bæi, kennt í samkunduhúsum og boðað fagnaðarerindið um ríkið. Fólk hópast að honum hvert sem hann kemur. „Uppskeran er mikil,“ segir hann og bætir við að það vanti fleiri verkamenn.

² Jesús færði út kvíarnar. Hvernig? Hann sendi postulana 12 að „boða Guðs ríki“. (Lúk. 9:1, 2) Vera má að postularnir hafi haft ýmsar spurningar um þetta verkefni. Áður en Jesús sendi þá af stað gerði hann hið sama fyrir þá eins og faðir hans hafði gert fyrir hann – hann kenndi þeim og leiðbeindi.

³ Það koma ýmsar spurningar upp í hugann: Hvaða kennslu fékk Jesús hjá föður sínum? Hvernig kenndi hann postulunum? Hvað um okkar tíma – hefur konungurinn Messías kennt fylgjendum sínum að gera verkefnum sínum skil? Og hvernig hefur hann þá kennt þeim?

„Ég tala það eitt sem faðirinn hefur kennt mér“

⁴ Jesús sagðist hafa fengið kennslu hjá föður sínum. „Ég tala það eitt sem faðirinn hefur kennt mér,“ sagði hann meðan hann þjónaði hér á jörð. (Jóh. 8:28) Hvar og hvenær fékk Jesús þessa kennslu? Hún hófst greinilega eftir að hann, frumburður Guðs, var skapaður. (Kól. 1:15) Hann hlustaði á kennara sinn á himnum og fylgdist með honum um óralangan tíma. (Jes. 30:20) Þannig fékk hann óviðjafnanlega menntun og kynntist náð eiginleikum föður síns, verkum og vilja.

⁵ Þegar fram liðu stundir fræddi Jehóva son sinn um starfið sem hann átti að vinna á jörð. Lítum á spádóm sem lýsir sambandi kennarans mikla, Jehóva, og frumgetins sonar hans. (**Lestu Jesaja 50:4, 5.**) Jehóva vakti son

sinn „á hverjum morgni“, segir í spádóminum. Þarna er dregin upp mynd af kennara sem vekur nemanda sinn snemma morguns til að kenna honum. Í biblíuhandbók segir: „Það er eins og Jehóva ... fari með nemandann í skólann og kenni honum hvað hann eigi að boða og hvernig.“ Í þessum himneska „skóla“ kenndi Jehóva syni sínum „hvað hann ætti að segja og hvað hann ætti að tala“. (Jóh. 12:49) Faðirinn fræddi soninn einnig um kennslu-aðferðir.^[1] Jesús notaði þekkingu sína vel meðan hann var á jörð, ekki aðeins þegar *hann* boðaði fagnaðarerindið heldur einnig þegar hann kenndi fylgjendum sínum hvernig *þeir* ættu að fara að.

6 Í byrjun kaflans kom fram að Jesús hafi kennt postulunum. Hvað kenndi hann þeim? Samkvæmt 10. kafla Matteusarguðspjalls gaf hann þeim skýrar leiðbeiningar um boðunina, meðal annars eftirfarandi: hvar þeir áttu að boða (vers 5 og 6), hvaða boðskap þeir áttu að boða (vers 7), að þeir þyrftu að treysta Jehóva (vers 9 og 10), hvernig þeir ættu að taka fólk tali (vers 11-13), hvernig þeir ættu að bregðast við höfnun (vers 14 og 15) og viðbrögð við ofsóknum (vers 16-23).^[2] Með markvissri kennslu sinni bjó hann postulana undir að fara með forystu í boðun fagnaðarerindisins á fyrstu öld.

7 Hvað um okkar daga? Jesús, konungur Guðsríkis, hefur falið fylgjendum sínum mikilvægasta verkefni sem hugsast getur, það er að segja að boða „fagnaðarerindið um ríkið ... um alla heimsbyggðina til þess að allar þjóðir fái að heyra það“. (Matt. 24:14) Hefur konungurinn kennt okkur að vinna þetta þýðingarmikla verk? Svo sannarlega. Af himni ofan hefur hann séð til þess að fylgjendur sínir fái kennslu og þjálfun í að boða fagnaðarerindið meðal almennings og rækja ýmsar skyldur innan safnaðarins.

Þjónunum kennt að boða fagnaðarerindið

8 Söfnuður Jehóva hefur lengi notað mót og safnaðarsamkomur, svo sem þjónustusamkomuna, sem vettvang til að kenna þjónum hans að boða fagnaðarerindið og þjálf þá. En upp úr 1940 settu bræðurnir, sem fóru með forystu við aðalstöðvarnar, á laggirnar skóla til að veita frekari menntun. Og skólunum hefur fjölgað með tím-anum.

9 **Boðunarskólinn.** Eins og fram kom í kaflanum á undan tók þessi skóli til starfa árið 1943. Var markmið

6, 7. (a) Hvað kenndi Jesús postulunum og undir hvað bjó hann þá? (b) Hvers konar kennslu hefur Jesús veitt fylgjendum sínum á okkar dögum?

8, 9. (a) Hvert var meginmarkmið Boðunarskólans? (b) Hvernig hefur samkom-an í miðri viku auðveldað þér að gera boðuninni betri skil?

NEÐANMÁLSGREINAR

[1] Hvernig vitum við að faðirinn fræddi soninn um kennslu-aðferðir? Jesús notaði dæmisögur og líkingar ríkulega þegar hann kenndi, og uppfyllti þar með spádóm sem var skráður öldum áður en hann fæddist. (Sálm. 78:2; Matt. 13:34, 35) Jehóva, höfundur þessa spádóms, ákvað greinilega löngu fyrir fram að sonur hans skyldi kenna með dæmisögum og líkingum. – 2. Tím. 3:16, 17.

[2] Nokkrum mánuðum síðar kvaddi Jesús til 70 til viðbótar og „sendi þá á undan sér, tvo og tvo,“ til að boða fagnaðarerindið. Hann kenndi þeim einnig áður en hann sendi þá af stað. – Lúk. 10:1-16.

10, 11. Hverjum er Gíleaðskólinn ætlaður núna og hvaða markmiði þjónar námsskráin?

12, 13. Hvaða áhrif hefur Gíleaðskólinn haft á boðunina í heiminum? Nefndu dæmi.

14. Hvað sannar tilvist þeirra skóla sem söfnuðurinn starfrækir? (Sjá einnig yfirlitsgreinina „Skólar handa þjónum Guðsríkis“, bls. 188.)

hans aðeins að þjálfar nemendur í að flytja ræður á safnaðarsamkomum? Nei. Meginmarkmið skólans var að þjálfar þjóna Jehóva í að nota tunguna til að lofa hann í boðunarstarfinu. (Sálm. 150:6) Allir bræður og systur, sem voru skráð í skólann, urðu færari boðberar fagnaðarerindisins. Núna er þessi þjálfun veitt á samkomunni í miðri viku.

10 Biblíuskólinn Gíleað. Biblíuskólinn Gíleað, sem nú heitir svo, tók til starfa mánudaginn 1. febrúar 1943. Skólinn hafði upphaflega það hlutverk að mennta brautryðjendur og aðra þjóna Guðs í fullu starfi til að vera trúboðar einhvers staðar í heiminum. Síðan í október 2011 hefur hann hins vegar aðeins verið ætlaður sérbrautryðjendum, farandumsjónarmönnum og eiginkonum þeirra, Betelítum og trúboðum sem hafa ekki enn sótt skólann.

11 Hvaða markmiði þjónar námsskrá Gíleaðskólans? Gamalreyndur leiðbeinandi við skólann segir: „Að styrkja trú nemenda með rækilegu biblíunámi, og hjálpa þeim að þroska með sér þá eiginleika sem þarf til að ráða við þær áskoranir sem fylgja verkefnum þeirra. Annað meginmarkmið námsskrárinnar er að vekja enn sterkari löngun með nemendum til að boða fagnaðarerindið.“ – Ef. 4:11.

12 Hvaða áhrif hefur Gíleaðskólinn haft á boðunina í heiminum? Síðan 1943 hafa rúmlega 8.500 vottar setið skólann^[3] og trúboðar frá Gíleað hafa starfað í meira en 170 löndum víða um heim. Trúboðarnir nota menntun sína vel. Þeir eru ötulir við boðunina og kenna öðrum að gera slíkt hið sama. Í mörgum tilvikum hafa þeir rutt brautina á svæðum þar sem voru fáir ef nokkrir boðberar Guðsríkis.

13 Tökum Japan sem dæmi. Skipuleg boðun meðal almennings stöðvaðist næstum því í síðari heimsstyrjöldinni. Í ágúst 1949 voru innan við tíu innfæddir boðberar í Japan. En í árslok voru 13 trúboðar frá Gíleað önnum kafnir að boða fagnaðarerindið þar. Margir trúboðar fylgdu í kjölfarið. Í fyrstu einbeittu þeir sér að því að starfa í stærstu borgunum en fluttu sig síðar til annarra borga. Þeir hvöttu nemendur sína og aðra eindregið til að gerast brautryðjendur. Brennandi áhugi trúboðanna skiladi sér. Núna eru yfir 216.000 boðberar í Japan og næstum 40 prósent þeirra eru brautryðjendur.^[4]

14 Aðrir skólar á vegum safnaðarins. Brautryðjendaskólinn, Biblíuskólinn fyrir hjón og Biblíuskólinn fyrir

NEÐANMÁLSGREINAR

[3] Sumir hafa setið Gíleaðskólann oftast en einu sinni.

[4] Nánari upplýsingar um áhrif trúboða frá Gíleað á starfið í heiminum er að finna í 23. kafla bókarinnar *Jehovah's Witnesses – Proclaimers of God's Kingdom*.



einhleypa bræður hafa hjálpað nemendum að styrkja sinn andlega mann og taka góða forystu í boðun fagnaðararindisins.^[5] Allir þessir skólar eru eindregin sönnun þess að konungurinn hafi menntað fylgjendur sína svo að þeir geti gert boðuninni góð skil. – 2. Tím. 4:5.

Bræður fá kennslu til að sinna sérstökum verkefnum

¹⁵ Víkjum aftur að spádómi Jesaja þar sem talað er um að Jesús hafi fengið kennslu hjá Jehóva. Í þessum himneska „skóla“ lærði sonurinn að „styrkja hinn þreytta með orðum“. (Jes. 50:4) Jesús gerði eins og honum hafði verið kennt. Meðan hann var á jörð endurnærði hann þá sem ‚erfiðuðu og þunga voru hlaðnir‘. (Matt. 11:28-30) Þeir sem gegna ábyrgðarstörfum í söfnuðinum líkja eftir Jesú og reyna að endurnæra bræður sína og systur. Ýmsir skólar hafa verið settir á laggirnar til að hjálpa hæfum bræðrum að þjóna trússysteminum sínum enn betur.

Broðir Lloyd Barry kennir í Ríkisþjónustuskólanum í Japan árið 1970.

15. Hvernig vilja bræður, sem gegna ábyrgðarstörfum, líkja eftir Jesú?

NEÐANMÁLSGREIN

[5] Skólinn fyrir boðbera Guðsríkis er kominn í stað tveggja síðastnefndu skólanna.



Fyrsti nemendahópur
í Þjónustubjálfunarskólanum
í Malaví árið 2007.

16, 17. Hvert er markmiðið
með Ríkisþjónustuskólanum?
(Sjá einnig neðanmáls-
grein.)

NEÐANMÁLSGREIN

[6] Ríkisþjónustuskólinn er haldinn á nokkurra ára fresti og námskeiðin eru mislöng. Allir öldungar sitja skólann og síðan 1984 hafa safnaðarþjónar einnig notið góðs af honum.

16 Ríkisþjónustuskóli. Þessi skóli tók til starfa 9. mars 1959 í South Lansing í New York. Farandumsjónarmönnum og safnaðarþjónum (sem nú kallast umsjónarmaður öldungaráðsins) var boðið að sitja mánaðarlangt námskeið þar. Síðar var námskeiðið þýtt úr ensku á önnur tungumál og smám saman fengu bræður út um allan heim tækifæri til að sitja það.^[6]

17 Í árbók Votta Jehóva 1962 segir um markmið Ríkisþjónustuskólans: „Í öllu annriki þessa heims þarf umsjónarmaður í söfnuði Votta Jehóva að geta skipulagt líf sitt þannig að hann geti sýnt öllum í söfnuðinum viðeigandi umhyggju og verið þeim til blessunar. En hann má ekki vanrækja fjölskyldu sína til að sinna söfnuðinum. Hann þarf að hafa góða dómgreind. Safnaðarþjónar um heim allan hafa fengið prýðistækifæri til að safnast saman í Ríkisþjónustuskólanum. Þar fá þeir menntun sem hjálpar þeim að gera það sem Biblían segir að um-

sjónarmaður eigi að geta áorkað.“ – 1. Tím. 3:1-7; Tít. 1:5-9.

18 Allir þjónar Guðs hafa notið góðs af Ríkisþjónustuskólanum. Hvernig þá? Þegar öldungar og safnaðarþjónar fara eftir því sem þeir læra í skólanum endurnæra þeir trússystemi sínu, rétt eins og Jesús gerði. Kannstu ekki að meta hlýleg orð, einhvern sem ljáir þér eyra eða uppörvandi heimsókn öldungs eða safnaðarþjóns sem lætur sér annað um þig? (1. Þess. 5:11) Þessir bræður eru söfnuðinum til mikillar blessunar.

19 **Aðrir skólar á vegum safnaðarins.** Fræðslunefnd hins stjórnandi ráðs hefur umsjón með öðrum skólum sem eru ætlaðir bræðrum í ábyrgðarstöðum í söfnuðinum. Þessir skólar hafa það markmið að auðvelda safnaðaröldungum, farandumsjónarmönnum og bræðrum í deildarnefndum að rækja skyldur sínar sem best. Námskeiðin eru bræðrunum hvatning til að rækta sinn andlega mann og fylgja meginreglum Biblíunnar í samskiptum við hina dýrmætu sauði sem Jehóva hefur trúað þeim fyrir. – 1. Pét. 5:1-3.

20 Konungurinn Messías hefur greinilega menntað fylgjendur sína vel. Öll þessi menntun kemur ofan frá: Jehóva menntaði son sinn og sonurinn fylgjendur sína. Þess vegna gat Jesús sagt: „Guð mun kenna þeim öllum.“ (Jóh. 6:45; Jes. 54:13) Við skulum vera staðráðin í að notfæra okkur sem best kennsluna sem konungurinn hefur látið okkur í té. Og höfum hugfast að meginmarkmið allrar þessarar menntunar er að styrkja okkar andlega mann þannig að við getum gert boðuninni full skil.

18. Hvernig njóta allir þjónar Guðs góðs af Ríkisþjónustuskólanum?

19. Hvaða öðrum skólum hefur fræðslunefndin umsjón með og hvaða hlutverki gegna þeir?

20. Hvers vegna gat Jesús sagt: „Guð mun kenna þeim öllum,“ og hvað ætlar þú að gera?

Hve raunverulegt er ríki Guðs í þínum augum?

- Hvaða menntun fékk Jesús hjá föður sínum?
- Hvernig hefur konungurinn kennt fylgjendum sínum og þjálfað þá í að boða fagnaðarerindið?
- Hvernig hafa bræður í ábyrgðarstöðum fengið menntun til að geta sinnt störfum sínum sem best?
- Hvernig geturðu sýnt að þú kunnir að meta menntunina sem konungurinn hefur látið í té?

SKÓLAR HANDA ÞJÓNUM GUÐSRÍKIS



LÍF OKKAR OG BOÐUN

Markmið: Að þjálfá boðbera fagnaðarerindisins í boðun og kennslu.

Lengd: Ótakmörkuð.

Staður: Ríkissalur safnaðarins.

Skráning: Allir geta skráð sig sem sækja samkomur reglulega, eru sammála kenningum Biblíunnar og fara eftir meginreglum hennar. Talaðu við umsjónarmann samkomunnar Líf okkar og boðun til að skrá þig.

Gagn: Sharon er skráð í skólann þótt hún sé lömuð vegna blandaðrar hreyfitaugunga-hrörnunar (ALS). Hún segir að á samkomunni um miðja vikuna hafi hún „lært að gera efnisleit og koma upplýsingum rökrétt á framfæri. Ég hef líka lært að hlusta á aðra og hugsa um andlegar þarfir þeirra, ekki bara mínar eigin.“

Arnie hefur verið í farandstarfi um árabíl. Hann segir: „Á uppvaxtarárunum stamaði ég og

átti erfitt með að horfa framan í fólk. Í þessum skóla hef ég fengið meira sjálfstraust. Jehóva hefur veitt mér þjálfun þannig að ég lærði rétta öndun og einbeitingu. Ég er mjög þakklátur fyrir að geta lofað Guð í söfnuðinum og í boðunarstarfinu.“

SKÓLI FYRIR SAFNAÐARÖLDUNGA ^[1]

Markmið: Að hjálpa öldungum að sinna ábyrgðarstörfum í söfnuðinum og skilja betur hvað sé fólgið í því að tilbiðja Jehóva.

Lengd: Fimm dagar.

Staður: Ákveðinn af deildarskrifstofunni. Venjulega í nálægum ríkissal eða mótshöll.

Skráning: Öldungar fá boð frá deildarskrifstofunni.

NEÐANMÁLSGREIN

[1] Þessi skóli er ekki starfræktur enn þá í öllum löndum heims.

Gagn: Bræður í 92. hópnum, sem sótti skólann í Patterson í New York í Bandaríkjunum, segja:

„Skólinn hefur nýst mér mjög vel. Hann hefur hjálpað mér að líta í eigin barm og sjá hvernig ég get annast sauði Jehóva.“

„Þessi þjálfun á eftir að gagnast mér alla ævi.“

BRAUTRYÐJENDASKÓLINN

Markmið: Að auðvelda brautryðjendum að fullna þjónustu sína. – 2. Tím. 4:5.

Lengd: Sex dagar.

Staður: Deildarnefndin ákveður stað, yfirleitt í nálægum ríkissal.

Skráning: Þeir sem hafa verið brautryðjendur í að minnsta kosti ár eru skráðir sjálfkrafa og fá boð frá farandhirðinum. Sumum sem hafa verið brautryðjendur lengi kann að vera boðið ef þeir hafa ekki setið skólann síðastliðin fimm ár.

Gagn: „Í skólanum lærði ég að takast á við erfiðleika sem tengjast boðuninni og öðrum sviðum lífsins,“ segir Lily. „Ég hef tekið miklum framförum í sjálfsnámi og í að kenna og nota Biblíuna. Ég er betur í stakk búin til að hjálpa öðrum, styðja starf öldunganna og stuðla að vexti safnaðarins.“

Brenda, sem hefur sótt skólann tvisvar, segir: „Ég fékk tækifæri til að vera algerlega upptekin af andlegum málum, styrkja samvisskuna og einbeita mér að því að hjálpa öðrum. Jehóva er sannarlega örlátur.“

SKÓLI FYRIR NÝLIÐA Á BETEL

Markmið: Að stuðla að því að nýliðar á Betel verði farsælir í starfi.

Lengd: 45 mínútur á viku í 16 vikur.

Staður: Betel.

Skráning: Þeir sem tilheyra Betelfjölskyldunni eða starfa tímabundið á Betel í að minnsta kosti ár eru skráðir sjálfkrafa.

Gagn: Demetrius sat skólann upp úr 1980. Hann segir: „Í þessum skóla lærði ég betri náms-

venjur og hann bjó mig undir framtíðarstarf á Betel. Kennararnir, námskráin og hagnýt ráð sannfærðu mig um að Jehóva væri annst um mig og vildi hjálpa mér að vera farsæll í þjónustunni á Betel.“

SKÓLI FYRIR

BOÐBERA GUÐSRÍKIS ^[1]

Markmið: Að veita þeim sem þjóna Guði í fullu starfi (hjónum og einhleypum bræðrum og systur) sérhæfða þjálfun til að geta komið að meira gagni í þjónustunni við Jehóva og söfnuð hans. Margir sem sitja þennan skóla eru sendir til að starfa þar sem þörfin er meiri innanlands. Þeir sem eru yngri en 50 ára gætu verið beðnir að starfa tímabundið sem sérbrautryðjendur til að hefja eða efla boðun á einangruðum svæðum.

Lengd: Tveir mánuðir.

Staður: Ákveðinn af deildarskrifstofunni. Yfirleitt í ríkissal eða mótshöll.

Skráning: Ætlaður þeim sem þjóna Guði í fullu starfi og eru á aldrinum 23 til 65 ára. Þeir þurfa að vera við góða heilsu, vera í aðstöðu til að flytja þangað sem þörf er á fleiri boðberum og hafa hugarfarir: „Hér er ég. Send þú mig.“ (Jes. 6:8) Allir sem sækja skólann, bæði hjón og einhleypir bræður og systur, þurfa að hafa verið í fullu starfi samfelldt í að minnsta kosti tvö ár. Hjón þurfa að hafa verið gift í minnst tvö ár. Bræður þurfa að hafa verið annaðhvort öldungar eða safnaðarþjónar samfelldt í að minnsta kosti tvö ár. Ef skólinn er starfræktur á umsjónarsvæði deildarskrifstofunnar er haldinn fundur á umdæmismótinu til að veita þeim upplýsingar sem hafa áhuga á að sækja skólann.

Gagn: Margir hafa tjáð sig um gagnið af því að sækja Biblíuskólann fyrir einhleypa bræður og Biblíuskólann fyrir hjón. Árið 2013 ákvað hið stjórnandi ráð að sameina þessa tvo skóla og heitir hann Skóli fyrir boðbera Guðsríkis. Margir dyggir brautryðjendur til viðbótar eiga eftir að njóta góðs af þessu námskeiði, þeirra á meðal einhleypar systur.



Kennslustund í Gíleaðskólanum í Patterson í New York.

BIBLÍUSKÓLINN GÍLEAÐ

Markmið: Að þjálfna nemendur fyrir farand-, trúboðs- eða Betelstarf. Menntunin hjálpar þeim að byggja upp og styrkja starfið á svæðinu og deildarskrifstofunni.

Lengd: Fimm mánuðir.

Staður: Fræðslumiðstöð Varðturnsins í Patterson í New York.

Skráning: Deildarnefndin getur boðið hjónum og einhlepum bræðrum og systurum, sem eru sérbrautryðjendur, eru trúboðar en hafa ekki sótt skólann áður, eru í farandstarfi eða starfa á Betel, að sækja skólann. Umsækjendur verða að tala og skrifa ensku.

Gagn: Hjónin Lade og Monique frá Bandaríkjunum hafa starfað á trúboðssvæði sínu um árabíl.

Lade segir: „Gíleaðskólinn bjó okkur undir að fara hvert sem er í heiminum, bretta upp ermarnar og vinna með okkar kærnu trústykkinum.“

Monique bætir við: „Ég nota það sem ég hef lært af orði Guðs og hef mikla ánægju af starfi mínu.“

Mér finnst þessi ánægja og gleði vera sönnun fyrir því að Jehóva elskar okkur.“

RÍKISÞJÓNUSTUSKÓLINN

Markmið: Að þjálfna farandumsjónarmenn, öldunga og safnaðarþjóna í að sinna umsjónar- og ábyrgðarstörfum innan safnaðarins. (Post. 20:28) Rætt er um algengar aðstæður fólks, ríkjandi stefnur og aðkallandi þarfir safnaðanna. Skólinn er haldinn á nokkurra ára fresti að ákvörðun hins stjórnandi ráðs.

Lengd: Á undanförunum árum hefur skólinn verið mislangur.

Staður: Yfirleitt í nálægum ríkissal eða mótshöll.

Skráning: Öldungar og safnaðarþjónar fá boð frá farandhirðinum. Deildarnefndin býður farandumsjónarmönnum að sækja skólann.

Gagn: „Þó að námsefnið sé kjarnmikið og hnitmiðað endurnærir það öldunga svo að þeir viðhaldi gleðinni og geti verið hugðjarfir í þjónustunni við Jehóva. Hvort sem öldungar hafa þjónað um skamman eða langan tíma læra þeir að vera góðir hirðar og vinna saman einhuga.“ – Quinn.

„Það var gott jafnvægi á kennslunni. Við vorum hvattir til að meta andleg verðmæti, varaðir við hættem og fengum góðar tillögur um hvernig við getum annast hjörðina.“ – Michael.

SKÓLI FYRIR FARANDHIRÐA OG EIGINKONUR ÞEIRRA ^[1]

Markmið: Að stuðla að árangursríkara starfi farandhirða í söfnuðunum og hvetja þá til að gæta hjarðarinnar vel og „leggja hart að sér við boðun og fræðslu“. – 1. Tím. 5:17; 1. Pét. 5:2, 3.

Lengd: Einn mánuður.

Staður: Ákveðinn af deildarskrifstofunni.

Skráning: Farandhirðar og eiginkonur þeirra fá boð frá deildarskrifstofunni.

Gagn: „Við gerðum okkur enn betur grein fyrir hvernig Jesús stýrir söfnuðinum. Við skildum líka hve mikilvægt er að uppörva trússystemi sem við þjónum og styrkja eininguna innan safnaðanna. Í skólanum var okkur innprentað að þegar farand-umsjónarmaður veitir ráð eða jafnvel leiðréttir trússystemi er aðalmarkmiðið að sýna þeim fram á að Jehóva elskar þau.“ – Joel og Connie sem voru í fyrsta nemendahópi skólans árið 1999.

SKÓLI FYRIR BRÆÐUR Í DEILDARNEFNDUM OG EIGINKONUR ÞEIRRA

Markmið: Að fræða þá sem sitja í deildarnefndum til að sinna betur umsjónarstörfum á Betelheimilum, sinna málum sem varða söfnuðina og hafa umsjón með farandsvæðum. – Lúk. 12:48b.

Lengd: Tveir mánuðir.

Staður: Fræðslumiðstöð Varðturnsins í Patterson í New York.

Skráning: Þjónustunefnd hins stjórnandi ráðs býður bræðrum í deildar- og landsnefndum ásamt eiginkonum þeirra.

Gagn: Lowell og Cara voru í 25. nemendahópi skólans. Pau starfa í Nígeríu.

„Ég var minntur á að óháð því hve mikið er að gera og hvaða verki ég þarf að sinna er nauðsynlegt að vinna í samræmi við vilja Jehóva til að geta þóknast honum,“ segir Lowell.

Cara minnst á eitt sem hún lærði í skólanum: „Ef ég get ekki útskýrt eitthvað í einföldu máli þarf ég að rannsaka það betur áður en ég reyni að kenna öðrum það.“

Bræður og systur njóta góðs af kennslu sem veitt er á vegum safnaðarins.



Til vinstri:
Hjálpargögn
send frá Sviss til
trúsystkina okkar
í Þýskalandi
árið 1946.

Til hægri:
Ríkissalur
endurbyggður
í Japan eftir
hamfaraflóðbylgju
árið 2011.



6. HLUTI

STUÐNINGUR OKKAR VIÐ RÍKI GUÐS

Að byggja samkomuhús
og veita neyðaraðstoð



ÞÚ GENGUR inn í ríkissalinn en hann er næstum óþekktanlegur. Þú hefur alltaf verið stoltur af þessu húsi. Þú átt kannski góðar minningar frá þeim tíma þegar þú lagðir hönd á plóginn við að byggja það fyrir mörgum árum. En þú ert enn stoltari núna því að það er búið að breyta ríkissalnum tímabundið í miðstöð fyrir neyðaraðstoð. Mikið óveður er nýgengið yfir með tilheyrandi flóðum, og deildarnefndin gerði tafarlaust ráðstafanir til að sjá þeim sem urðu illa úti af völdum hamfaranna fyrir mat, fatnaði, drykkjarvatni og öðrum nauðsynjum.

Hjálpargögnunum, sem fólk hefur gefið, er snýrtillega komið fyrir. Bræður og systur standa í röð til að fá það sem þau vantar, og þú sérð marga þurrka gleðitárin af augum sér.

Jesús sagði að fylgjendur sínir myndu öðru fremur þekkjast á því að þeir elskuðu hver annan. (Jóh. 13:34, 35) Í þessum hluta könnunum við hvernig kristinn kærleikur birtist í byggingarframkvæmdum og hjálparstarfi sem Vottar Jehóva standa fyrir. Þessi kærleikur er skýrt merki þess að við störfum undir stjórn ríkisins sem Jesús er konungur yfir.

18

Hvernig er starfsemi Guðsríkis fjármögnuð?

Í ÞESSUM KAFLA

Hvers vegna styðja Þjónar Jehóva starfsemi ríkis hans með fjárframlögum og hvernig?

1, 2. (a) Hvernig svaraði bróðir Russell presti sem langaði til að vita hvernig starfsemi Biblíunemendanna væri háttað? (b) Um hvað er fjallað í þessum kafla?

3, 4. (a) Hvaða traust ber Jehóva til þeirra sem tilbiðja hann? (b) Hvernig studdu Ísraelsmenn gerð tjaldbúðarinnar?

EINHVERJU sinni kom prestur Siðbótarkirkjunnar að máli við bróður Charles T. Russell og spurði hann hvernig starfsemi Biblíunemendanna væri háttað.

„Við leitum aldrei samskota,“ svaraði bróðir Russell.

„Hvaðan fáið þið þá peninga?“ spurði presturinn.

„Þú átt varla eftir að trúá því ef ég segi þér sannleikann eins og hann er,“ svaraði Russell. „Þegar fólk sækir samkomur hjá okkur er aldrei stungið samskotabauk að því. En það veit að við erum með útgjöld. Það hugsar með sér: Þessi salur kostar eitthvað ... Hvernig get ég lagt eitthvað smávegis af mörkum?“

Presturinn horfði vantrúaður á bróður Russell.

„Ég er einfaldlega að segja þér sannleikann,“ hélt Russell áfram. „Fólk spyr mig beinlínis: ‚Hvernig get ég lagt eitthvað smávegis af mörkum?‘ Þegar einhver nýtur blessunar og getur látið eitthvað af hendi rakna vill hann nota það í þágu Drottins. Ef hann á ekkert hvers vegna ættum við þá að fara fram á það við hann?“^[1]

² Bróðir Russell var ‚einfaldlega að segja sannleikann‘. Þjónar Guðs hafa lengi stutt sanna tilbeiðslu með frjáls-um framlögum. Í þessum kafla lítum við á nokkur dæmi um það í Biblíunni og úr sögu okkar á síðari tímum. Þegar við skoðum hvernig starfsemi Guðsríkis er fjármögnuð nú á tímum ættum við öll að spyrja okkur hvernig við getum lagt okkar af mörkum.

„Sérhver skal færa Drottni gjöf eftir því sem hjarta hans býður“

³ Jehóva ber traust til þeirra sem tilbiðja hann. Hann veit að þeir sýna honum ást sína og hollustu með fúsum framlögum sínum eftir því sem þeir fá tækifæri til. Lítum á tvö dæmi úr sögu Ísraels.

NEÐANMÁLSGREIN

[1] *Varðturninn*, 15. júlí 1915, bls. 218-219.

4 Eftir að Jehóva hafði leitt Ísraelsmenn út úr Egyptalandi sagði hann þeim að gera sér færanlega tjaldbúð þar sem átti að tilbiðja hann. Það þurfti töluverða fjármuni til að gera tjaldbúðina með öllu tilheyrandi. Jehóva sagði Móse að gefa fólkinu tækifæri til að styðja verkfnið með fjármunum sínum. „Sérhver skal færa Drottni gjöf eftir því sem hjarta hans býður honum,“ sagði hann. (2. Mós. 35:5) Hvernig brást þjóðin við sem hafði skömmu áður verið þjökuð vægðarlaust með miklum þrældómi? (2. Mós. 1:14) Hún studdi verkið skilyrðislaust. Fólkið gaf fúslega gull, silfur og önnur verðmæti sem það hafði líklega fengið að mestu leyti hjá Egyptum, fyrrverandi hús-bændum sínum. (2. Mós. 12:35, 36) Ísraelsmenn gáfu meira en nóg svo að það þurfti að lokum að biðja þá að hætta að koma með gjafir. – 2. Mós. 36:4-7.

5 Um 475 árum síðar gaf Davíð af „einkaeign“ sinni til að kosta byggingu musterisins en það var fyrsta varanlega miðstöð sannrar tilbeiðslu á jörð. Síðan gaf hann samlöndum sínum tækifæri til að leggja sitt af mörkum og spurði: „Hver er nú reiðubúinn að færa Drottni gjöf?“ Þjóðin færði Jehóva gjafir sínar „fúslega og af heilum hug“. (1. Kron. 29:3-9) Davíð vissi vel hvaðan þessar gjafir voru upphaflega komnar og sagði í bæn til Jehóva: „Allt er frá þér og vér höfum fært þér það sem vér höfum þegið úr hendi þér.“ – 1. Kron. 29:14.

6 Hvorki Móse né Davíð þurftu að beita þrýstingi til að fá þjóðina til að gefa. Fólkið gaf fjármuni fúslega og af heilum hug. Hvað um okkar daga? Við vitum mætavel að starfsemin, sem ríki Guðs stendur fyrir, kostar sitt. Það þarf töluvert fé til að gefa út Biblíuna og biblíutengd rit og dreifa þeim, byggja samkomuhús og deildarskrifstofur og veita trússysteminum neyðaraðstoð þegar náttúruhamfarir verða. Það er því eðlilegt að spyrja hvernig við öflum nauðsynlegra fjármuna. Þarf að ýta við fylgjendum konungsins svo að þeir gefi fé?

Við munum „aldrei betla eða biðja menn um stuðning“

7 Bróðir Russell og félagar hans vildu ekki nota þær fjáröflunarleiðir sem tíðkuðust í kirkjum kristna heimsins. Russell sagði í öðru tölublaði *Varðturnsins* undir yfirskriftinni „Vilt þú ‚Varðturn Síonar‘?“. „Við trúum að JEHÓVA styðji við bakið á ‚Varðturni Síonar‘ og meðan svo er mun blaðið aldrei *betla* eða *biðja* menn um stuðning. Þegar hann sem segir: „Allt gull og silfur fjallanna er

5. Hvernig brugðust Ísraelsmenn við þegar Davíð gaf þeim tækifæri til að leggja fram fjármuni til að reisa musteríð?

6. Hvaða kostnaði þarf ríki Guðs að standa undir og hvaða spurningar vakna?

7, 8. Hvers vegna afla þjónar Jehóva ekki fjár með því að betla eða biðja um framlög?

9, 10. Nefndu eina ástæðu fyrir því að við gefum fúslega.

11. Hvað er okkur hvatning til að gefa Jehóva það besta sem við getum?

mitt,‘ hættir að sjá fyrir nægu fé munum við skilja það svo að kominn sé tími til að hætta útgáfu blaðsins.“ (Hag. 2:7-9) Þetta var fyrir meira en 130 árum og *Varðturninn* og söfnuðurinn, sem gefur hann út, eru enn í fullu fjöri.

8 Þjónar Jehóva betla ekki né biðja um fé. Þeir láta ekki samskotabauka ganga milli manna og senda ekki út bréf til að falast eftir fé. Þeir halda ekki bingó, basara eða tombólur til að afla fjár. Þeir halda sig við það sem sagði í *Varðturninum* endur fyrir löngu: „Við höfum aldrei talið við hæfi að falast eftir fé til að styðja málstað Drottins eins og algengt er ... Við teljum að það sé móðgandi og ótækt í augum Drottins að afla fjár með ýmiss konar betli í nafni hans, og hann blessi hvorki gefendurna né verkið sem er unnið fyrir féð.“^[2]

„Sérhver gefi eins og hann hefur ásett sér í hjarta sínu“

9 Það þarf ekki að þvinga þegna Guðsríkis til að gefa. Þvert á móti fögnum við því að nota fjármuni okkar og eignir til að styðja starfsemi Guðsríkis. Hvers vegna erum við svona fús til að láta eitthvað af hendi rakna? Lítum á þrjár ástæður fyrir því.

10 Í fyrsta lagi gefum við fúslega vegna þess að við elskum Jehóva og okkur langar til að gera „það sem honum er þóknanlegt“. (1. Jóh. 3:22) Jehóva er ánægður þegar þjónar hans gefa af fúsu geði. Lítum á það sem Páll postuli skrifaði um gjafmildi kristinna manna. (**Lestu 2. Korintubríf 9:7.**) Það þarf ekki að þvinga sannkristinn mann til að gefa og hann gefur ekki með ólund. Hann gefur vegna þess að hann hefur „ásett sér í hjarta sínu“ að gera það.^[3] Hann gefur eftir að hafa velt fyrir sér ákveðinni þörf og íhugað hvernig hann geti lagt sitt af mörkum. Jehóva þykir vænt um slíkan þjón sinn því að hann „elskar glaðan gjafara“. Í annarri biblíuþýðingu segir: „Guð elskar fólk sem hefur yndi af að gefa.“

11 Í öðru lagi getum við gefið til að þakka Jehóva alla þá blessun sem hann hefur veitt okkur. Lítum á meginreglu í Mósælögnum sem ætti að vera okkur hvatning til að skoða hjarta okkar. (**Lestu 5. Mósebók 16:16, 17.**) Þegar karlmenn í Ísrael sóttu hátíðirnar þrjár á hverju ári átti hver og einn að koma með gjöf „í samræmi við þá blessun“ sem Jehóva hafði veitt honum. Áður en hátíð hófst átti hver karlmaður að velta fyrir sér hvernig Jehóva hefði blessað hann, skoða hug sinn og ákveða síðan hver væri besta gjöfin sem hann gæti fært honum. Þegar við íhugum á hve

NEÐANMÁLSGREINAR

[2] *Varðturninn*, 1. ágúst 1899, bls. 201.

[3] Fræðimaður segir að gríska orðið, sem er þýtt „ásett sér“, feli í sér þá hugmynd að „vera fyrir fram ákveðinn“. Hann bætir við: „Þó að það gleðji mann ósjálfrátt að gefa ætti að gera það reglubundið og skipulega.“
– 1. Kor. 16:2.



Börnin í Mósambík hafa líka ánægju af því að gefa.

marga vegu Jehóva hefur blessað okkur finnum við líka löngun hjá okkur til að gefa honum eins góða gjöf og við getum. Þegar við gefum af heilum hug, meðal annars af fjármunum okkar, látum við í ljós hve mikils við metum blessunina sem Jehóva hefur veitt okkur. – 2. Kor. 8:12-15.

12 Í þriðja lagi sýnum við að við elskum konunginn Jesú Krist með því að gefa fúslega. Hvernig þá? Mundu hvað Jesús sagði lærisveinunum síðasta kvöldið sem hann var maður á jörð. (**Lestu Jóhannes 14:23.**) „Sá sem elskar mig varðveitir mitt orð,“ sagði hann. „Orð“ Jesú er meðal annars þau fyrirmæli hans að boða fagnaðarerindið um ríkið út um allan heim. (Matt. 24:14; 28:19, 20) Við varðveitum þetta „orð“ með því að gera allt sem í okkar valdi stendur til að styðja boðun fagnaðarerindisins, og nota tíma okkar, krafta og fjármuni til þess. Þannig sýnum við að við elskum konung okkar og Messías.

12, 13. Hvernig vitna fram-
lög okkar um að við elskum
konunginn og hve mikið
gefur hver og einn?

14. Hvað fóru vottar Jehóva fram á áratugum saman þegar þeir dreifðu ritum?

15, 16. (a) Hvaða breytingu fór hið stjórnandi ráð af stað með árið 1990? (b) Hvernig er hægt að gefa frjáls framlög? (Sjá einnig yfirlitið „Hvernig eru framlögin notuð?“)

17-19. Hvernig eru framlög notuð (a) til stuðnings alþjóðastarfinu, (b) til að byggja ríkissali um heim allan og (c) til að standa straum af útgjöldum heimasafnaðarins?

13 Við erum dyggir þegnar Guðsríkis og þráum af öllu hjarta að veita því stuðning okkar með fjárframlögum. Hve mikið leggjum við af mörkum? Það ákveðum við sjálf. Hver og einn gefur eins og hann hefur tök á. En mörg af trússystkinum okkar hafa lítið handa á milli. (Matt. 19:23, 24; Jak. 2:5) Það er hughreystandi fyrir þau að vita að Jehóva og sonur hans kunna að meta smá framlög sem eru gefin af heilum hug og hjarta. – Mark. 12:41-44.

Hvernig berst féð?

14 Áratugum saman dreifðu vottar Jehóva biblútengdum ritum gegn framlagi. Upphæðin, sem óskað var eftir, var höfð eins lág og hægt var til að jafnvel þeir sem hefðu lítil fjárráð gætu fengið rit í hendur. Ef húsráðandi virtist hafa áhuga en hafði ekki efni á að láta neitt af hendi rakna voru boðberar auðvitað meira en fúsir til að skilja ritin eftir án endurgjalds. Þeir vildu umfram allt koma þeim í hendur einlægs fólks sem gat lesið þau og haft gagn af.

15 Árið 1990 hófst hið stjórnandi ráð handa við að breyta þessu fyrirkomulagi. Í Bandaríkjunum var farið að bjóða öll rit gegn frjálsu framlagi það ár. Í bréfi til allra safnaða þar í landi stóð: „Boðberar og fólk almennt, sem sýnir áhuga, getur fengið tímarit og önnur rit án þess að óskað sé eftir ákveðnu framlagi eða það sé einu sinni gefið í skyn að það sé skilyrði fyrir því að fá rit í hendur ... Þeir sem vilja gefa framlag til að taka þátt í kostnaðinum við fræðslustarf okkar mega gera það, en þeir geta fengið rit frá okkur hvort sem þeir gefa framlag eða ekki.“ Með þessu fyrirkomulagi var lögð áhersla á að starfsemi okkar væri trúarlegs eðlis og unnin í sjálfböðavinnu, og einnig að við „þrönguðum ekki með orð Guðs“. (2. Kor. 2:17) Þegar fram liðu stundir var þessu kerfi komið á hjá deildarskrifstofum út um allan heim.

16 Hvernig er hægt að gefa frjáls framlög? Í ríkissölum Votta Jehóva er að finna látlausa bauka undir framlög. Hver og einn getur lagt framlag sitt í þessa bauka eða sent það beint til einhvers af þeim lögaðilum sem Vottar Jehóva starfrækja. Ár hvert birtist grein í *Varðturninum* þar sem útlistað er hvernig hægt sé að gefa frjáls framlög.

Hvernig er féð notað?

17 **Alþjóðastarfið.** Fjármagn er notað til að standa undir boðun fagnaðarerindisins út um allan heim. Það kostar

sitt að gefa út rit sem er dreift um heim allan, að byggja deildarskrifstofur og Betelheimili og viðhalda þeim, og starfrækja ýmsa skóla á vegum safnaðarins. Auk þess er séð fyrir trúboðum, farandumsjónarmönnum og sérbrautryðjendum. Framlög okkar eru einnig notuð til að veita trússysteminum neyðaraðstoð eftir náttúruhamfarir.^[4]

18 Bygging ríkissala um heim allan. Söfnuðir geta fengið fjárhagslega aðstoð til að reisa nýjan ríkissal eða gera upp eldra húsnæði. Eftir því sem framlög berast er hægt að veita fé til að aðstoða aðra söfnuði.^[5]

19 Útgjöld heimasafnaðarins. Framlög til safnaðarins eru notuð til að standa straum af rekstri og viðhaldi ríkissalarins. Öldungarnir geta mælt með að framlag sé sent til deildarskrifstofunnar til stuðnings alþjóðastarfinu. Ef svo er leggja öldungarnir tillögu um það fyrir söfnuðinn. Framlagið er síðan sent ef tillagan er samþykkt. Bróðirinn, sem sér um bókhald safnaðarins, gerir skýrslu um fjármálin í hverjum mánuði og hún er lesin fyrir söfnuðinn.

20 Okkur langar til að „tigna Jehóva með eigum okkar“ þegar við hugsum til alls sem gert er til að boða fagnaðarerindið um ríkið um allan heim og gera fólk að lærisveinum. (Orðskv. 3:9, 10) Eigur okkar eru meðal annars trúin sem við berum í brjósti, ásamt andlegu og líkamlegu atgervi okkar. Við viljum auðvitað nota það sem við búum yfir eins vel og við getum í þjónustu Guðsríkis. En munum að við getum líka notað efnislegar eigur okkar til að tigna Jehóva. Við skulum vera ákveðin í að gefa það sem við getum þegar við getum. Þegar við gefum af fúsu geði heiðrum við Jehóva og sýnum að við styðjum ríki Messíasar.

20. Hvernig geturðu „tignað Jehóva með eigum þínum“?

NEÐANMÁLSGREINAR

[4] Nánari upplýsingar um hjálparstarf er að finna í 20. kafla.

[5] Nánari upplýsingar um byggingu ríkissala er að finna í 19. kafla.

Hve raunverulegt er ríki Guðs í þínum augum?

- Hvað má læra af þeim sem gáfu fé til að gera tjaldbúðina og reisa musteríð?
- Hvers vegna eru þegnar Guðsríkis meira en fúsir til að nota eigur sínar og fjármuni til að styðja starfsemi Guðsríkis?
- Hvernig geturðu sýnt að þú styðjir starfsemi Guðsríki á öllum sviðum?

HVERNIG ERU FRAMLÖGIN NOTUÐ?

FRAMLÖGIN ERU EINGÖNGU
NOTUÐ TIL AÐ STYÐJA
STARFSEMI GUDSRÍKIS



1 ÚTGÁFA

Útgáfa og dreifing rita í prentuðu og rafrænu formi.



2 SÖFNUÐIR

Rekstrarkostnaður, viðhald ríkissala og samþykktir safnaðarins.^[6]



NEÐANMÁLSGREIN

[6] Hægt er að gefa frjáls framlög alls staðar þar sem vottar Jehóva halda samkomur en viðtökuformið getur verið örlítið breytilegt eftir löndum.

3 BYGGING RÍKISSALA

Frá 1999 til 2013 hafa verið byggðir meira en 24.500 ríkissalir í löndum með takmörkuð fjárráð.



4 NEYÐARABSTOÐ

(Sjá yfirlit á bls. 214-215.)



5 ÞJÓNAR Í FULLU STARFI

Meðal annars nauðsynjar eins og húsnæði, fæði og læknistofur.



Farand-
umsjónarmenn



Sérbraut-
ryðjendur



Trúboðar



Peir sem vinna við
byggingarstörf á
alþjóðavettvangi og
byggingu ríkissala



Betelítar

6 DEILDARSKRIFSTOFUR OG ÞÝÐINGASTOFUR



7 MÓT



8 SKÓLAR Á VEGUM SAFNAÐARINS



LEIÐIR TIL AÐ GEFA FRAMLÖG



BAUKAR FYRIR
FRAMLÖG



BEIN FRAMLÖG
(í reiðufé eða rafrænt í heimabanka
eða á jw.org)



FASTEIGNIR/
LAUSAFJÁRMUNIR



ERFDASKRÁR OG
LÍFTRYGGINGAR

19

Byggingarstörf sem eru Jehóva til heiðurs

Í ÞESSUM KAFLA

Byggingarstörf á alþjóðavettvangi þjóna hagsmunum Guðsríkis.

1, 2. (a) Hvað hefur löngum veitt þjónum Jehóva ánægju? (b) Hvað metur Jehóva mest?

3. Um hvað er rætt í þessum kafla?

4. (a) Hvers vegna þurfum við fleiri samkomuhús? (b) Hvers vegna hafa allmargar deildarskrifstofur verið sameinaðar? (Sjá greinina „Deildarskrifstofur byggðar – viðbrögð við breytilegum þörfum“.)

DYGGIR þjónar Jehóva hafa löngum haft ánægju af því að byggja, honum og nafni hans til heiðurs. Til dæmis lögðu Ísraelsmenn sig alla fram við að gera tjaldbúðina og gáfu efniviðinn í hana af miklu örlæti. – 2. Mós. 35:30-35; 36:1, 4-7.

² Í augum Jehóva eru það ekki fyrst og fremst byggingarefni sem heiðra hann. Það er annað sem er miklu verðmætara í augum hans. (Matt. 23:16, 17) Það sem Jehóva metur mest, sú gjöf sem er honum til heiðurs umfram allt annað, er tilbeiðsla þjóna hans, þar á meðal fúsleiki þeirra og kostgæfni. (2. Mós. 35:21; Mark. 12:41-44; 1. Tím. 6:17-19) Það skiptir miklu máli. Hvers vegna? Vegna þess að byggingar koma og fara. Tjaldbúðin og musterið eru löngu horfin. En þó að byggingarnar séu horfnar hefur Jehóva ekki gleymt örlæti og erfiði dyggra þjóna sinna sem studdu gerð þeirra. – **Lestu 1. Korintubrэф 15:58; Hebraebréfið 6:10.**

³ Þjónar Jehóva á okkar dögum hafa líka lagt hart að sér við að byggja hús til tilbeiðslu. Og það er ekki lítið sem við höfum áorkað undir handleiðslu konungsins Jesú Krists. Jehóva hefur greinilega blessað erfiði okkar. (Sálm. 127:1) Í þessum kafla ræðum við um örlítið brot af því sem gert hefur verið og skoðum hvernig það hefur verið Jehóva til heiðurs. Við kynnumst líka nokkrum þjónum hans sem hafa tekið þátt í þessu verki.

Bygging ríkissala

⁴ Eins og rætt var í 16. kafla ætlast Jehóva til þess að við söfnumst saman til að tilbiðja hann. (Hebr. 10:25) Samkomurnar styrkja bæði trú okkar og glæða áhugann á boðuninni. Jehóva heldur áfram að hraða boðuninni eftir því sem líður á síðustu daga. Það hefur þau áhrif að hundruð

þúsunda manna streyma til safnaðar hans á hverju ári. (Jes. 60:22) Eftir því sem þegnum Guðsríkis fjölgar þarf að stöðu til að prenta meira af biblíutengdum ritum. Okkur vantar líka fleiri samkomustaði.

⁵ Biblíunemendurnir áttuðu sig snemma á því að þeir þyrftu að eiga húsnæði til að halda samkomur. Eitt af fyrstu samkomuhúsunum virðist hafa verið byggt í Vestur-Virginíu í Bandaríkjunum árið 1890. Um 1930 voru þjónar Jehóva búnir að byggja eða gera upp allmarga samkomusali en þeim hafði ekki verið gefið neitt ákveðið nafn. Árið 1935 kom bróðir Rutherford til Hawaii. Þar var verið að byggja samkomuhús áfast nýrri deildarskrifstofu. Rutherford var spurður hvað ætti að kalla húsið og hann svaraði: „Finnst ykkur ekki að við eigum að kalla það ‚ríkissal‘ því að það er það sem við gerum, að boða fagnaðarerindið um ríkið?“ (Matt. 24:14) Þetta nafn var vel við hæfi, og

5. Hvers vegna er heitið ríkissalur viðeigandi? (Sjá einnig greinina „Kirkja nýja ljóssins“.)

KIRKJA NÝJA LJÓSSINS

MARGIR úr söfnuði baptista í Mount Lookout í Vestur-Virginíu gerðust biblíunemendur skömmu fyrir 1890. Um tíma deildu þeir baptistakirkjunni með baptistum. Sá hópur, sem varð fyrri til að koma á staðinn, virðist hafa fengið að nota húsnæðið. Árið 1890 voru bræður og systur hins vegar hætt að halda samkom-

ur í baptistakirkjunni og höfðu reist sitt eigið húsnæði. Þetta hús virðist hafa verið eitt fyrsta samkomuhúsið sem Biblíunemendurnir byggðu. Það var kallað Kirkja nýja ljóssins vegna þess að fólk leit svo á að varpað væri nýju ljósi á Biblíuna með þeim sannindum sem Biblíunemendurnir kenndu. Þetta hús

var notað fram yfir 1920. Bróðir A. H. Macmillan og fleiri farandræðumenn, sem voru kallaðir pílgrímar, fluttu fyrirlestra í þessu húsi, og það var notað til að sýna „Sköpunarsöguna í myndum“.

Hópur biblíunemenda fyrir framan Kirkju nýja ljóssins.



6, 7. Hvaða áhrif hefur það haft á fólk að sjá votta Jehóva reisa ríkissali á fáeinum dögum?

NEÐANMÁLSGREIN

[1] Árið 2013 höfðu rúmlega 230.000 sjálfboðaliðar leyfi til að starfa með 132 svæðisbyggingarnefndum í Bandaríkjunum. Þar í landi sáu nefndirnar um byggingu hér um bil 75 nýrra ríkissala á ári og aðstoðuðu við að gera upp eða lagfæra um 900 ríkissali.

í framhaldinu voru flestir samkomustaðir, sem söfnuðir þjóna Jehóva notuðu út um allan heim, nefndir þessu nafni.

6 Um 1970 var ört vaxandi þörf fyrir fleiri ríkissali. Bræður í Bandaríkjunum tóku þá að þróa aðferð til að byggja smekklega og hentuga ríkissali á örfáum dögum. Árið 1983 var búið að reisa um 200 ríkissali af því tagi í Bandaríkjunum og Kanada. Til að greiða fyrir þessum framkvæmdum tóku bræðurnir að mynda svæðisbyggingarnefndir. Þessi skipan mála reyndist svo vel að árið 1986 ákvað hið stjórnandi ráð að festa hana í sessi. Árið 1987 voru starfandi 60 slíkar nefndir í Bandaríkjunum.^[1] Árið 1992 var einnig búið að skipa svæðisbyggingarnefndir víða um lönd, meðal annars í Argentínu, Ástralíu, Brasilíu, Frakklandi, Japan, Mexíkó, Noregi, Suður-Afríku, Svíþjóð, Spáni og Þýskalandi. Bræður okkar og systur, sem leggja mikið á sig við að byggja ríkissali og mótshallir, eiga stuðning okkar skilinn því að starf þeirra er heilög þjónusta.

7 Margir hafa fylgst með vottum Jehóva byggja ríkissali á nokkrum dögum og fengið mjög jákvæða mynd af söfnuðinum. Sem dæmi má nefna að dagblað á Spáni birti frétt með fyrirsögninni „Trú flytur fjöll“. Blaðið greindi frá byggingu slíks ríkissalar í bænum Martos og sagði: „Við búum í heimi sem byggist á eigingirni. Hvernig stendur þá

DEILDARSKRIFSTOFUR BYGGÐAR – VIÐBRÖGÐ VIÐ BREYTILEGUM ÞÖRFUM



ÞEGAR farið var að boða fagnaðarerindið víða um lönd voru opnaðar deildarskrifstofur í einu landi á fætur öðru. Sú fyrsta var opnuð í Bretlandi árið 1900, önnur í Þýskalandi árið 1903 og sú þriðja í Ástralíu árið 1904. Eftirspurnin eftir ritum jókst líka hratt og þess vegna þurfti að reisa prentsmiðjur. Ein sú fyrsta var átta hæða bygging sem var reist í Brooklyn í New York árið 1927. Árið 2013 voru prentaðar biblúr, bækur eða tímarit við 15 deildarskrifstofur.

Ein af fyrstu prentsmiðjum okkar var byggð í Brooklyn árið 1927.

á því að sjálfbóðaliðar frá ýmsum héruðum [Spánar] skuli sýna þá óeigingirni að ferðast til Martos til að reisa hús sem slær öll met hvað varðar byggingarhraða, vandvirkni og skipulagningu?“ Blaðið svaraði spurningunni með því að vitna í orð eins af sjálfbóðaliðunum: „Þetta er hægt vegna þess að við erum fólk sem Jehóva kennir.“

Byggt í löndum með takmörkuð fjárráð

8 Undir lok 20. aldar streymdi fólk inn í söfnuð Jehóva í löndum þar sem bræður og systur hafa takmörkuð fjárráð. Söfnuðirnir í þessum löndum gerðu það sem þeir gátu til að byggja sér samkomuhús. En sums staðar var hæðst að þeim og þeir sættu fordómum vegna þess að ríkissalirnir voru ósköp frumstæðir í samanburði við húsakost annarra trúfélaga. Árið 1999 samþykkti hið stjórnandi ráð áætlun um að hraða byggingu ríkissala í þróunarlöndunum. Efnaðri lönd létu í té fjármagn þannig að „jöfnuður“ gæti orðið. **(Lestu 2. Korintubríf 8:13-15.)** Bræður og systur frá öðrum löndum buðu einnig fram krafta sína til að hjálpa við framkvæmdirnar.


9 Í fyrstu virtist þetta næstum óvinnandi vegur. Í greinargerð frá 2001 kemur fram að þá hafi vantað 18.300 ríkissali í 88 þróunarlöndum. En ekkert er ógerlegt þar sem andi Guðs og stuðningur konungsins Jesú Krists er að verki. (Matt. 19:26) Á 15 árum, frá 1999 til 2013, voru

8. Hvaða áætlun setti hið stjórnandi ráð af stað árið 1999 og hvers vegna?

9. Hvað virtist næstum óvinnandi vegur en hvað tókst samt að gera?

Frá miðjum áttunda áratugnum fram í byrjun þess tíunda voru byggðar nýjar deildarskrifstofur í um það bil 60 löndum. Að auki var byggt við deildarskrifstofur í 30 löndum til viðbótar. Á síðustu árum hafa allmargar deildarskrifstofur verið sameinaðar. Bent er á nokkrar af ástæðunum í árbók Votta Jehóva 2013. Þar segir: „Framfarir í fjarskipta- og prenttækni hafa dregið úr þörfinni fyrir mannafla við stóru deildarskrifstofurnar. Þegar starfsfólki var fækkað þar var hægt að hýsa suma af þeim sem störfuðu við smærri deildarskrifstofur í öðrum löndum. Hópar votta með mikla starfsreynslu hafa nú umsjón með biblíufræðslunni frá miðlægum deildarskrifstofum.“

Nýjar Betelbyggingar voru vígðar í Papúa Nýju-Gíneu árið 2010.



10-12. Hvernig hefur bygging ríkissala verið nafni Jehóva til heiðurs?

13, 14. (a) Hvað getum við lært af viðbrögðum hjóna sem fylgdust með byggingu ríkissalar? (b) Hvernig geturðu tryggt að húsið, þar sem þú tilbiður Jehóva, sé nafni hans til heiðurs?

þjónar Guðs búnir að byggja 26.849 ríkissali samkvæmt þessari áætlun.^[2] Jehóva hefur blessað boðunina þannig að árið 2013 vantaði enn um 6.500 ríkissali í þessum löndum, og á hverju ári skapast þörf fyrir hundruð ríkissala til viðbótar.

10 Hvernig hefur bygging þessara nýju ríkissala verið nafni Jehóva til heiðurs? Í greinargerð frá deildarskrifstofunni í Simbabve segir: „Aðsóknin að samkomum tvöfaldast yfirleitt á einum mánuði eftir að nýr ríkissalur er byggður.“ Víða um lönd virðist fólk vera tregt til að sækja samkomur þangað til við höfum yfir að ráða viðeigandi húsnæði til að tilbiðja Guð. En eftir að ríkissalur hefur verið reistur er hann fljótur að fyllast og þá vantar annan ríkissal í viðbót. Það er þó ekki bara húsið sjálft sem laðar fólk að Jehóva. Ósvikinn kærleikur þeirra sem reisa húsin hefur líka áhrif á afstöðu fólks til safnaðarins. Lítum á nokkur dæmi.

11 Indónesía. Maður nokkur hafði verið að horfa á hóp votta byggja ríkissal. Þegar hann komst að raun um að allir voru sjálfboðaliðar sagði hann: „Þið eruð alveg ótrúleg! Ég sé að þið vinnið öll af heilum hug og hafið ánægju af, jafnvel þó að þið fáið ekkert borgað. Ég held að það sé ekki til neinn söfnuður sem líkist ykkur.“

12 Úkraína. Kona hafði gengið daglega fram hjá ríkissal sem var í byggingu. Hún komst að þeirri niðurstöðu að byggingarmennirnir hlytu að vera vottar Jehóva og það væri verið að reisa ríkissal. Hún sagði: „Systir mín, sem er orðin vottur Jehóva, sagði mér frá söfnuðinum. Þegar ég horfði á ykkur byggja ákvað ég að ég vildi líka tilheyra þessari andlegu fjölskyldu. Ég hef séð kærleikann í verki.“ Konan þáði biblúnámskeið og lét skírast árið 2010.

13 Argentína. Hjón nokkur komu að máli við bróður sem hafði umsjón með byggingu ríkissalar. Maðurinn sagði: „Við höfum fylgst mjög náið með byggingarstörfum ykkar og ... við höfum ákveðið að við viljum fá að fræðast um Guð í þessu húsi.“ Síðan spurði hann: „Hvað þurfum við að gera til að fá að sækja samkomur hérna?“ Hjónin þáðu biblúnámskeið en með því skilyrði að öll fjölskyldan mætti vera viðstödd. Bræðurnir féllust fúslega á það skilyrði.

14 Það er ekki víst að þú hafir haft tækifæri til að aðstoða við að byggja ríkissalinn þar sem þú sækir samkomur. Þú getur samt sem áður lagt þitt af mörkum til að húsið, þar sem þú tilbiður Jehóva, sé nafni hans til heiðurs. Þú getur til dæmis verið duglegur að bjóða biblúnemendum



Það fylgja því sérstakar áskoranir að byggja ríkissali í löndum með takmörkuð fjárráð.

þínum, áhugasömum á starfssvæðinu og öðrum að sækja samkomur með þér. Þú hefur líka tækifæri til að taka þátt í ræstingu og viðhaldi ríkissalarins. Með því að vera útsjónarsamur geturðu ef til vill lagt eitthvað af mörkum til að standa straum af rekstri ríkissalarins eða til að kosta byggingu ríkissala annars staðar í heiminum. **(Lestu 1. Korintubrэф 16:2.)** Allt sem við gerum á þessu sviði er nafni Jehóva til vegsemdar.

Verkamenn sem ‚koma fúslega‘

15 Heimamenn leggja af mörkum stóran hluta vinnunnar sem fer í að byggja ríkissali, mótshallir og deildarskrifstofur. En oft njóta þeir aðstoðar bræðra og systra frá öðrum löndum sem hafa reynslu af byggingarframkvæmdum. Sumir þessara sjálfboðaliða hafa hagað málum sínum þannig að þeir geti unnið við alþjóðleg verkefni um nokkurra vikna skeið. Aðrir hafa boðið sig fram til að vinna að slíkum verkefnum árum saman, og flytja sig þá milli staða eftir því sem óskað er.

16 Það fylgja því ýmsar áskoranir að vinna við byggingarstörf á alþjóðavettvangi en það er líka mjög gefandi. Timo og Lina hafa ferðast til landa í Asíu, Evrópu og Suður-Ameríku til að byggja ríkissali, mótshallir og deildarskrifstofur. „Ég hef að meðaltali fengið nýtt verkefni á tveggja ára fresti síðastliðin 30 ár,“ segir Timo. Þau Lina giftust fyrir 25 árum. Hún segir: „Ég hef starfað með Timo í tíu löndum. Það kostar töluverðan tíma og orku að laga sig að nýju mataræði, nýju loftslagi og nýju tungumáli, og

15-17. (a) Hverjir vinna stóran hluta byggingarvinnunnar? (b) Hvað má læra af ummælum hjónanna sem hafa unnið við alþjóðlegar byggingarframkvæmdir?

18. Hvernig er spádómurinn í Sálmi 110:1-3 að rætast?



Timo og Lina Lappalainen.
(Sjá grein 16.)

NEÐANMÁLSGREIN

[3] Alþjóðlegir byggingarstarfsmenn og sjálfboðaliðar nota krafta sína að mestu leyti á byggingarsvæðinu en styðja líka söfnuðina á staðnum við boðunina um helgar eða á kvöldin.

að aðlagast nýju boðunarsvæði og eignast nýja vini.“^[3] Hefur það verið erfiðisins virði? „Þó að þetta hafi reynt á höfum við hlotið ríkulega blessun fyrir,“ segir Lina. „Við höfum notið kærleika og gestrisni trússystkina og fundið fyrir kærleika og umhyggju Jehóva. Við höfum séð loforð Jesú rætast sem hann gaf lærisveinum í Markúsi 10:29, 30. Við höfum eignast bræður, systur og mæður í trúnni hundraðfalt.“ Timo bætir við: „Við höfum ómælda ánægju af því að nota kunnáttu okkar í göfugasta tilgangi sem hægt er, því að eiga þátt í að bæta við eignir konungsins.“

17 Darren og Sarah hafa aðstoðað við byggingarframkvæmdir í Afríku, Asíu, Evrópu, Mið- og Suður-Ameríku og á Suður-Kyrrahafi. Þeim finnst þau hafa fengið meira til baka en þau hafa gefið. Þrátt fyrir margs konar áskoranir segir Darren: „Það hefur verið sérlega ánægjulegt að vinna með bræðrum úr ýmsum heimshornum. Ég hef séð að kærleikur okkar til Jehóva er eins og þráður sem tengir okkur öll saman hvar sem við búum á jörðinni.“ Sarah segir: „Ég hef lært ósköpin öll af bræðrum og systurum í ólíkum menningarheimum. Þegar ég sé hvaða fórnir þau færa til að þjóna Jehóva langar mig til að halda áfram að gefa það besta sem ég get.“

18 Davíð konungur spáði að þegnar Guðsríkis myndu bjóða sig fúslega fram til að þjóna hagsmunum þess þrátt fyrir ýmsar áskoranir. (**Lestu Sálmi 110:1-3.**) Allir sem styðja ríki Guðs með störfum sínum eiga þátt í að uppfylla þessi spádómlegu orð. (1. Kor. 3:9) Tugir deildarskrifstofa, hundruð mótshalla og tugþúsundir ríkissala um heim allan eru áþreifanleg sönnun þess að ríki Guðs sé raunverulegt og sé við völd. Það er mikill heiður að mega þjóna konunginum Jesú Kristi með því að taka þátt í verki sem er Jehóva til vegsemdar. Og það er vegsemd sem hann verðskuldar ríkulega.

Hve raunverulegt er ríki Guðs í þínum augum?

- Hvers vegna byggjum við samkomuhús og deildarskrifstofur?
- Hvernig heiðrum við Jehóva með byggingarstörfum okkar?
- Hvað geturðu gert til að styðja byggingu og viðhald ríkissala og mótshalla?

Hjálparstarf sem er Jehóva til heiðurs

20

HUNGURSNEYÐ varð í Júdeu um árið 46 e.Kr. Korn er af skornum skammti og verðið hefur rokið upp úr öllu valdi. Lærisveinar Krists í Júdeu, sem eru Gyðingar, hafa ekki efni á að kaupa sér til matar. Þeir svelta heilu hungri. En þeir eiga eftir að finna fyrir verndarhendi Jehóva með nýjum og öðrum hætti en lærisveinar Krists hafa þekkt hingað til. Hvað gerist?

² Kristna menn í Antíókkíu í Sýrlandi, bæði af gyðinglegum uppruna og öðrum, langar til að liðsinna bágstöddum kristnum Gyðingum í Jerúsalem og Júdeu. Þeir safna fé þeim til hjálpar og velja síðan tvo ábyrga bræður úr hópnum, þá Barnabas og Sál, til að færa öldungum safnaðarins í Jerúsalem féð. **(Lestu Postulasöguna 11:27-30; 12:25.)** Þú getur rétt ímyndað þér hve snortin þurfandi bræður og systur í Júdeu hafa verið af þessu kærleiksverki trússystkina sinna í Antíókkíu.

³ Þetta hjálparstarf, sem átti sér stað á fyrstu öld, er elsta þekkt dæmið um að kristnir menn í einum heimshluta hafi sent trússystkinum annars staðar í heiminum hjálpargögn. Við tökum okkur bræður og systur í Antíókkíu til fyrirmyndar. Þegar við fréttum að trússystkini okkar annars staðar hafi orðið illa úti af völdum náttúruhamfara eða annarra orsaka komum við þeim til hjálpar.^[1] Til að átta okkur á hvernig hjálparstarf okkar tengist annarri starfsemi sem við höfum með höndum skulum við leita svara við þrem spurningum: Hvers vegna lítum við á hjálparstarf sem þátt í þjónustu okkar við Guð? Hvaða markmið höfum við með hjálparstarfi okkar? Hvernig er hjálparstarfið sjálfum okkur til góðs?

Hjálparstarf er heilög þjónusta

⁴ Í síðara bréfinu til safnaðarins í Korintu sýnir Páll fram á að kristnir menn hafi tvíþætta þjónustu með höndum. Þó

Í ÞESSUM KAFLA

Kristinn kærleikur að verki á neyðarstund.

1, 2. (a) Í hvaða þrengingum lentu kristnir menn í Júdeu? (b) Hvernig sýndu trússystkini annars staðar þeim kærleika?

3. (a) Hvernig líkja þjónar Guðs á okkar dögum eftir frumkristnum mönnum í Antíókkíu? Nefndu dæmi. (Sjá einnig greinina „Fyrsta meiri háttar neyðaraðstoð okkar á síðari tímum“.) (b) Við hvaða spurningum er leitað svara í þessum kafla?

4. Hvað sagði Páll söfnuðinum í Korintu um þjónustu kristinna manna?

NEÐANMÁLSGREIN

[1] Í þessum kafla er rætt um hjálparstarf í þágu trússystkina okkar. Oft og tíðum njóta þó fleiri góðs af hjálparstarfi okkar. – Gal. 6:10.

5. Hvaða þýðingu hefur það að Páll skuli tala um hjálparstarf sem þjónustu?

6. (a) Hvernig rökstyður Páll að hjálparstarf sé þáttur í tilbeiðslu okkar?
(b) Lýstu hvernig hjálparstarfi okkar í heiminum er háttað. (Sjá yfirlitið „Þegar neyðarástand skapast“ á bls. 214.)

7, 8. Hvert er fyrsta markmiðið með hjálparstarfi okkar? Skýrðu svarið.

að bréfið hafi verið ætlað hinum andasmurðu eiga orð Páls einnig við „aðra sauði“ Krists nú á dögum. (Jóh. 10:16) Annar þáttur þjónustunnar er „þjónusta sáttargerðarinnar“, það er að segja boðunin og kennslan. (2. Kor. 5:18-20; 1. Tím. 2:3-6) Hinn þátturinn er þjónusta sem við veitum trússystkinum. Páll nefnir sérstaklega „samskot til hinna heilögu“ eða þjónustu í þágu þeirra eins og það er orðað í frummálinu. (2. Kor. 8:4) Þegar talað er um „þjónustu sáttargerðarinnar“ og þjónustu í þágu hinna heilögu er í báðum tilvikum notuð beygingarmynd gríska orðsins *diakonía*. Hvaða þýðingu hefur það?

⁵ Með því að nota sama gríska orðið til að lýsa þessu tvennu flokkar Páll hjálparstarf með annarri þjónustu sem fram fór í kristna söfnuðinum. Hann hafði áður sagt: „Mismunur er á þjónustustörfum en Drottinn hinn *sami*. Mismunur er á framkvæmdum ... Öllu þessu kemur eini og *sami* andinn til leiðar.“ (1. Kor. 12:4-6, 11) Páll talar um að hin ýmsu þjónustustörf í söfnuðinum séu þáttur í guðsdýrkun okkar og heilagri þjónustu.^[2] (Róm. 12:1, 6-8) Það er ósköp eðlilegt að hann skyldi telja það viðeigandi að nota tíma sinn að hluta til til að „færa hjálp hinum heilögu“. – Róm. 15:25, 26.

⁶ Páll sýndi kristnum mönnum í Korintu fram á hvers vegna hjálparstarf væri þáttur í þjónustu þeirra og tilbeiðslu á Jehóva. Hann rökstyður það þannig: Kristnir menn, sem vinna að hjálparstarfi, gera það vegna þess að þeir „fara eftir fagnaðarerindi Krists“. (2. Kor. 9:13) Þeir hjálpa trússystkinum vegna þess að þá langar til að breyta í samræmi við kenningar Krists. Páll segir að góðverk þeirra í þágu trússystkina sinna séu í rauninni merki þess „hve ríkulega Guð hefur veitt [þeim] náð sína“. (2. Kor. 9:14; 1. Pét. 4:10) Í *Varðturninum* 1. desember 1975 var rætt um aðstoð við nauðstödd trússystkini en hún er meðal annars fólgin í hjálparstarfi. Þar sagði réttilega: „Við skulum aldrei efast um að þess konar þjónusta er afar mikilvæg í augum Jehóva Guðs og sonar hans, Jesú Krists.“ Já, hjálparstarf er mikilvægur þáttur heilagrar þjónustu. – Róm. 12:1, 7; 2. Kor. 8:7; Hebr. 13:16.

Hjálparstarf með skýr markmið

⁷ Hvaða markmið höfum við með hjálparstarfi okkar? Páll ræðir um það í síðara bréfinu til safnaðarins í Korintu. (**Lestu 2. Korintubrэф 9:11-15.**) Í þessum versum bendir hann á þrjú meginmarkmið sem við náum með þeirri þjónustu sem við innum af hendi, það er að segja hjálparstarfinu. Skoðum þessi markmið hvert um sig.

NEÐANMÁLSGREIN

[2] Páll notar fleirtölumynd orðsins *diákonos* (þjónn) þegar hann talar um „safnaðarþjóna“. – 1. Tím. 3:12, *New World Translation*.

FYRSTA MEIRI HÁTTAR NEYÐARAÐSTOÐ OKKAR Á SÍÐARI TÍMUM

Í SEPTEMBER 1945, örfáum mánuðum eftir að átökum síðari heimsstyrjaldar lauk í Evrópu, tilkynnti bróðir Knorr að gert yrði meiri háttar átak til að senda „hjálpargögn til þurfandi trússystkina í Mið-Evrópu“.

Skömmu eftir að þessi tilkynning var gefin út tóku vottar í Kanada, Bandaríkjunum og víðar að flokka og pakka fötum og safna matvælum. Í janúar 1946 var byrjað að senda hjálpargögn til trússystkina í Austurríki, Belgíu, Búlgaríu, Danmörku, Englandi, Filippseyjum, Finnlandi, Frakklandi, Grikklandi, Hollandi, Ítalíu, Kína, Noregi, Póllandi, Rúmeníu, Tékkóslóvakíu, Ungverjalandi og Þýskalandi.

Þetta var ekki bara stutt átak heldur var haldið áfram að senda hjálpargögn í tvö og hálf t.ár.

Á þessu tímabili sendu um 85.000 bræður og systur hér um bil 300 tonn af matvælum, 450 tonn af fatnaði og rúmlega 124.000 pör af skóm til bræðra og systra í löndunum þar sem stríðið hafði geisað. Þessu mikla átaki lauk í ágúst 1948. „Þau hafa sannarlega sýnt hvert öðru kærleika í verki,“ sagði í *Varðturninum* árið 1949. „Við vitum að bræður og systur gerðu þetta öll til að heiðra Drottin. Þau höfðu í huga að gjafir þeirra gætu hjálpað sumum að halda áfram að þjóna Guði, og þau álitu það mikinn heiður að geta þjónað trússystkinum sínum á þennan hátt.“ Þetta hjálparstarf var Jehóva til lofs, trússystkinum okkar til hjálpar og styrkti einingarböndin milli bræðra og systra um allan heim.



9. Hvernig getur hjálparstarf okkar breytt afstöðu fólks? Nefndu dæmi.

10, 11. (a) Hvaða dæmi sýna að við náum öðru markmiðinu með hjálparstarfi okkar? (b) Hvaða rit auðveldar hjálparstarfsmönnum verkið? (Sjá greinina „Hjálpargagn handa hjálparstarfsmönnum“.)

8 **Í fyrsta lagi er hjálparstarf okkar Jehóva til lofs.** Taktu eftir hve oft Páll vekur athygli trússystkina sinna á Jehóva Guði í þessum fimm versum sem vitnað er í hér að ofan. Hann minnir þá tvívegis á að „margir þakki Guði“. (Vers 11, 12) Hann nefnir að hjálparstarfið verði til þess að kristnir menn „lofi Guð“ og „sjái hve ríkulega Guð hafi veitt þeim náð sína“. (Vers 13, 14) Og hann lýkur máli sínu um hjálparstarfið með orðunum: „Þökk sé Guði.“ – Vers 15; 1. Pét. 4:11.

9 Þjónar Jehóva nú á tímum líta á hjálparstarf sem tækifæri til að heiðra Jehóva og prýða kenningu hans, rétt eins og Páll gerði. (1. Kor. 10:31; Tít. 2:10) Hjálparstarf á oft töluverðan þátt í að eyða neikvæðni gagnvart Jehóva og vottum hans. Nefnum dæmi: Á svæði þar sem fellibylur hafði gengið yfir bjó kona sem hafði sett miða á hurðina hjá sér til að afþakka heimsóknir votta Jehóva. Dag nokkurn sá hún hjálparstarfsmenn vera að lagfæra hús handan götunnar. Dögum saman fylgdist hún með þessu vingjarnlega fólki og ákvað loks að spyrja hverjir þetta væru. Hún var steinhissa þegar hún uppgötvaði að sjálfboðaliðarnir voru vottar Jehóva. „Ég hef haft ykkur fyrir rangri sök,“ sagði hún. Þetta varð til þess að hún tók miðann af hurðinni.

10 **Í öðru lagi, bætum við úr skorti trússystkina okkar.** (2. Kor. 9:12a) Okkur langar til að fullnægja brýnustu þörfum bræðra okkar og systra og lina þjáningar þeirra eftir bestu getu. Hvers vegna? Vegna þess að þeir sem tilheyra kristna söfnuðinum mynda „einn líkama“ og ef „einn limur þjáist, þá þjást allir limirnir með honum“. (1. Kor. 12:20, 26) Slík er bróðurástin og umhyggjan að fjöldi bræðra og systra er reiðubúinn að henda öllu frá sér fyrirvaralaust, sækja verkfærin sín og hraða sér á hamfarasvæði til að liðsinna trússystkinum. (Jak. 2:15, 16) Skjálftaflóðbylgja skall á Japan árið 2011. Í framhaldi af því sendi deildarskrifstofan í Bandaríkjunum bréf til svæðisbyggingarnefnda þar í landi og spurði hvort „fáeinir færir vottar“ væru tiltækir til að aðstoða við að endurbyggja ríkissali í Japan. Hver voru viðbrögðin? Á fáeinum vikum sóttu næstum 600 sjálfboðaliðar um að fá að hjálpa og lýstu sig reiðubúna að fljúga til Japans á eigin kostnað. „Viðbrögðin eru framar öllum vonum,“ segir í bréfi frá deildarskrifstofunni í Bandaríkjunum. Þegar bróðir í Japan spurði hjálparstarfsmann hvers vegna hann hefði komið frá útlöndum til að hjálpa var svarið: „Trússystkini okkar í Japan eru hluti af líkama okkar“. Við finnum fyrir sársauka þeirra og þjáningum.“ Hjálparstarfsmenn hafa stundum sett sig í lífshættu til að aðstoða trússystkini sín. Það er förnfús kærleikur sem býr að baki.^[3] – 1. Jóh. 3:16.

NEÐANMÁLSGREIN

[3] Sjá greinina „Aiding Our Family of Believers in Bosnia“ (Hjálp handa trússystkinum okkar í Bosníu) í *Varðturninum* 1. nóvember 1994, bls. 23-27.

11 Fólk utan safnaðarins hefur líka farið jákvæðum orðum um hjálparstarf okkar. Í kjölfar náttúruhamfara í Arkansas í Bandaríkjunum árið 2013 sagði dagblað nokkurt um skjót viðbrögð sjálfboðaliða Votta Jehóva: „Sjálfböðasveitir Votta Jehóva eru listilega vel skipulagðar og geta brugðist fljótt og fagmannlega við þegar náttúruhamfarir verða.“ Eins og Páll postuli komst að orði leggjum við okkur vel fram við að „bæta úr skorti“ trússystem okkar.

12 **Í þriðja lagi hjálpum við nauðstöddum að koma reglu á þjónustuna við Jehóva.** Hvers vegna er það mikilvægt? Páll segir að þeir sem fá neyðaraðstoð finni hjá sér sterka löngun til að „þakka Guði“. (2. Kor. 9:12b) Er hægt að hugsa sér betri leið fyrir nauðstadda til að þakka Jehóva en að koma reglu á þjónustuna við hann eins fljótt og hægt er? (Fil. 1:10) Árið 1945 stóð eftirfarandi í *Varðturninum*: „Páll samþykkti ... að safnað væri framlögum vegna þess að þau létu undir með ... þurfandi trússysteminum þeirra svo að þau höfðu meira svigrúm og krafta til að vitna um Jehóva.“ Markmið okkar er enn hið sama. Trússystem okkar styrkja bæði bágstadda nággranna sína og sjálfa sig með því að komast aftur í boðunarstarfið. – **Lestu 2. Korintubrэф 1:3, 4.**

13 Hvað segja þeir sem hafa notið góðs af neyðaraðstoð, byrjað að boða fagnaðarerindið á ný og fengið styrk af því? „Það var fjölskyldunni til blessunar að fara í boðunarstarfið,“ segir bróðir. „Þegar við reyndum að hughreysta aðra fengum við stundarfrið fyrir okkar eigin áhyggjum.“ Systir sagði: „Ég hætti að hugsa um eyðilegginguna í kringum mig meðan ég einbeitti mér að boðuninni. Það veitti mér vissa öryggiskennd.“ Önnur systir sagði eftirfarandi: „Það var margt sem við fengum engu um ráðið en boðunin veitti okkur fjölskyldunni ákveðna stefnu í tilverunni. Með því að segja fólki frá voninni um nýja heiminn styrktum við sannfæringu sjálfra okkar um að Guð geri alla hluti nýja.“

14 Það er einnig mikilvægt fyrir bræður og systur á hamfarasvæðum að byrja að sækja samkomur aftur sem allra fyrst. Kiyoko var tæplega sextug þegar hún missti allar eitur sínar í skjálftaflóðbylgju. Hún átti ekkert nema ilskóna og fötin sem hún stóð í og hafði ekki hugmynd um hvað tæki við. Öldungur sagði henni þá að þau myndu halda samkomu í bílnum hans. „Við vorum tvær systur í bílnum ásamt öldungi og konunni hans,“ segir Kiyoko. „Samkomun var einföld en eins og fyrir kraftaverk gleymdi ég flóðbylgjunni. Ég fann fyrir innri ró. Þetta sýndi mér fram á hve samkomurnar eru áhrifamiklar.“ Önnur systir sagði um

12-14. (a) Hvers vegna er mjög mikilvægt að ná þriðja markmiði hjálparstarfsins? (b) Hvaða ummæli sýna fram á mikilvægi þess að halda áfram að boða fagnaðarerindið og sækja samkomur?

ÞEGAR NEYÐARÁSTAND SKAPAST

1

Safnaðaröldungar hafa samband við alla boðbera.



2

Öldungar gefa umsjónarmanni öldungaráðsins skýrslu.



3

Umsjónarmenn öldungaráða gefa farandumsjónarmönnum skýrslu og öðrum bræðrum sem fara með ábyrgð og eru í sambandi við deildarskrifstofuna.

4

Séð er fyrir mat, vatni, húsaskjóli og lækniástoð eins fljótt og hægt er, svo og andlegum og tilfinningalegum stuðningi.



5

Deildarskrifstofan greinir ritarnefnd hins stjórnandi ráðs frá ástandi og þörfum.



6

Hjálparstarfsnefnd skipuleggur neyðaraðstoð og hjálpar bræðrum og systurum að ná sér á strik til lengri tíma litið.



Ritararnefndin metur þarfirnar og ákvarðar hvort þörf sé á aðstoð sjálfboðaliða frá útlöndum.

7

HJÁLPARGAGN HANDA HJÁLPARSTARFSMÖNNUM



Í JÚNÍ 2013 var gefinn út bæklingur sem nefnist *Jehovah's Witnesses and Disaster Relief* (Vottar Jehóva og hjálparstarf). Hann er sérstaklega ætlaður opinberum starfsmönnum í Bandaríkjunum sem hafa umsjón með neyðaraðstoð. Í bæklingnum er gefið ágrip af því hjálparstarfi sem við höfum staðið fyrir frá 1945. Þar er einnig kort sem gefur yfirlit yfir neyðaraðstoð sem við höfum veitt víða

um heim. „Bræður, sem starfa í hjálparstarfsnefndum, nota þennan bækling til að mynda tengsl við helstu aðila á svæðum þar sem hætt er við náttúruhamförum,“ segir öldungur sem tekur þátt í að skipuleggja neyðaraðstoð. „Þegar þessir aðilar vita af hjálparstarfi okkar eigum við auðveldara með að fá leyfi frá þeim til að fara inn á svæði þar sem hamfarir hafa orðið.“

ÞAÐ MÓTAÐI LÍFSSTEFNU HANS

HVAÐA áhrif getur það haft á ungt fólk að taka þátt í hjálparstarfi? Peter Johnson gerði það í fyrsta sinn þegar hann var 18 ára. Hann segir: „Þakklæti bræðra og systra og gleðin, sem fylgir því að gefa, hafði djúpstæð áhrif á mig. Það styrkti löngun mína til að nota líf mitt sem allra best til að þjóna Jehóva.“ Peter gerðist brautryðjandi í kjölfarið. Hann vann einnig á Betel og starfaði síðar í svæðisbyggingarnefnd. „Hjálparstarfið, sem ég tók þátt í árið 1974, mótaði lífsstefnu mína,“ segir Peter. Ertu ungur að árum? Gætirðu líkt eftir Peter? Hver veit nema þátttaka í hjálparstarfi geti mótað lífsstefnu þína í þjónustu Jehóva.



15, 16. (a) Hvaða áhrif hafði það á kristna menn í Korintu og annars staðar að styðja hjálparstarf? (b) Hvaða jákvæðu áhrif hefur hjálparstarf nú á dögum?

samkomur sem hún sótti eftir að náttúruhamfarir höfðu gengið yfir: „Þær voru haldreipi mitt.“ – Róm. 1:11, 12; 12:12.

Hjálparstarf hefur varanleg áhrif

15 Þegar Páll ræðir um hjálparstarfið skýrir hann einnig fyrir söfnuðinum í Korintu hve jákvæð áhrif það hafi á þá og aðra þjóna Guðs að taka þátt í því. Hann segir: „Þeir [kristnir Gyðingar í Jerúsalem sem fengu aðstoðina] munu *biðja fyrir ykkur og þrjá ykkur* vegna þess að þeir sjá hve ríkulega Guð hefur veitt ykkur náð sína.“ (2. Kor. 9:14) Örlæti kristinna manna í Korintu, sem voru sumir af heiðnum uppruna, varð til þess að kristnir Gyðingar í Jerúsalem báðu fyrir þeim og það styrkti kærleiksböndin milli þeirra.

16 Í *Varðturninum* 1. desember 1945 var rætt um það sem Páll skrifaði um hjálparstarf og bent á þau jákvæðu áhrif sem það hefði. Þar stóð: „Við getum rétt ímyndað okkur hvernig það styrkir eininguna þegar einn hópur vígðra þjóna Guðs lætur eitthvað af hendi rakna til að fullnægja þörfum annars hóps.“ Hjálparstarfsmenn finna greinilega fyrir því. „Mér fannst ég verða nánari trússysteminum mínum en nokkru sinni fyrr,“ segir öldungur sem aðstoðaði við hjálparstarf í kjölfar flóða. Þakklát systir, sem fékk aðstoð, orðaði það þannig: „Bræðralag okkar er það næsta sem við komumst paradís á jörð.“ – **Lestu Orðskviðina 17:17.**

17 Þegar hjálparstarfsmenn koma á hamfarasvæði kynnast nauðstödd trússystkini okkar á sérstakan hátt hvernig Jehóva stendur við loforð sitt: „Ég, Drottinn, er Guð þinn, ég held í hægri hönd þína og segi við þig: „Óttast eigi, ég bjarga þér.““ (Jes. 41:13) Systir nokkur sagði eftir náttúruhamfarir: „Ég fylltist vonleysi þegar ég horfði upp á eyðilegginguna en Jehóva rétti út hönd sína. Hjálpin, sem ég fékk frá bræðrunum, er ólýsanleg.“ Tveir öldungar töluðu fyrir munn safnaða á svæðinu þar sem þeir starfa en það varð illa úti í jarðskjálfta: „Skjálftinn olli miklum þjáningum en við fundum fyrir hjálpinni sem Jehóva veitir fyrir milligöngu bræðra okkar. Við höfðum lesið um hjálparstarf en nú sáum við það í verki með eigin augum.“

Getur þú lagt hönd á plóginn?

18 Langar þig til að kynnast gleðinni sem fylgir hjálparstarfi? Ef svo er skaltu hafa í huga að hjálparstarfsmenn eru oft valdir úr hópi þeirra sem vinna við byggingu ríkissala. Láttu öldungana í söfnuðinum þínum vita að þig langi til að fylla út umsókn. Öldungur með mikla reynslu af hjálparstarfi bendir á eftirfarandi: „Farðu ekki á hamfarasvæðið fyrr en þú hefur fengið formlegt boð um það frá hjálparstarfsnefndinni.“ Það stuðlar að því að hjálparstarf okkar gangi skipulega fyrir sig.

19 Hjálparstarf er einstök leið til að sýna að við elskum hvert annað eins og Kristur sagði okkur að gera. Slíkur kærleikur er merki þess að við séum í raun og sannleika lærisveinar Krists. (Jóh. 13:34, 35) Það er mikil blessun að eiga að ótal fúsa verkamenn sem heiðra Jehóva með því að veita dyggum þegnum ríkis hans neyðaraðstoð þegar þörf krefur.

17. (a) Hvernig má heimfæra Jesaja 41:13 upp á hjálparstarf? (b) Nefndu dæmi sem sýna að hjálparstarf er Jehóva til heiðurs og styrkir einingu okkar. (Sjá einnig greinina „Sjálfbæðaliðar um heim allan veita neyðaraðstoð“.)

18. Hvað geturðu gert ef þig langar til að taka þátt í hjálparstarfi? (Sjá einnig greinina „Það mótaði lífsstefnu hans“.)

19. Hvernig eiga hjálparstarfsmenn þátt í að sýna fram á að við séum lærisveinar Krists í raun og sannleika?

Hve raunverulegt er ríki Guðs í þínum augum?

- Hvernig vitum við að hjálparstarf er þáttur í heilagri þjónustu okkar við Jehóva?
- Hver eru þrjú helstu markmið hjálparstarfs okkar?
- Hvaða varanlegu áhrif hefur hjálparstarf?
- Hvernig tengist hjálparstarf okkar fyrirmælum Jesú í Jóhannesi 13:34?

SJÁLFBODALIÐAR UM HEIM ALLAN VEITA NEYÐARADSTOÐ

MIÐ- OG VESTUR-AFRÍKA

Árið 1994 voru að minnsta kosti 800.000 manns myrt í þjóðarmorðum í Rúanda. Í kjölfarið varð talsverð ólga í öðrum löndum í Mið-Afríku og flóttamannabúðir troðfylltust. Vottar Jehóva í Belgíu, Frakklandi og Sviss komu nauðstöddum trússystkinum sínum til hjálpar og fluttu um 300 tonn af fatnaði, lyfjum, tjöldum, matvælum og öðrum hjálpargögnum flugleiðis á svæðið. Áður en langt um leið voru hjálpargögnin komin í hendur þurfaði bræðra og systra.

Í Afríku starfar teymi votta sem í eru tíu lækna og hjúkrunarfræðingar frá Frakklandi. Þau reyna að liðsinna bræðrum og systurum sem þjást af völdum borgarastríðs, hung-

ursneyðar og sjúkdóma. Á síðastliðnum tveim árum hefur teymið sinnt meira en 10.000 sjúkratífellum. Starf þessara votta er Jehóva og söfnuði hans til heiðurs. Einn af hjúkrunarfræðingunum segir: „Þegar við komum á svæði til að liðsinna bræðrum okkar og systurum segir fólk með augljósi virðingu: „Þetta eru vottar Jehóva. Þau eru komin til að hjálpa trússystkinum sínum.““ Trússystir sagði eftir að hjúkrunarfræðingur hafði liðsinnt henni: „Takk fyrir, systir mín. Takk fyrir, Jehóva.“

Stundum getur verið þörf á hjálparstarfi eftir alvarleg slys. Árið 2012 létust 13 vottar í umferðarslysi í Nígeríu en þeir tilheyrðu allir einum litlum söfnuði. Auk þess voru 54 alvarlega slasaðir. Hjálpar-

starfsnefnd sá til þess að hver einasti þeirra fengi umönnun allan sólarhringinn. Þegar kona, sem lá á spítalanum, sá hve vel var hugsað um þessa slösuðu votta hringdi hún í prestinn sinn og sagði: „Enginn frá kirkjunni okkar hefur heimsótt mig. Komdu á spítalann og sjáðu votta Jehóva sýna kærleika í verki.“

Þó að missir bræðra og systra í þessum litla söfnuði væri sár var kærleikur og umhyggja trússystkina þeim til mikillar huggunar. Sú umönnun, sem hjálparstarfsmennirnir veittu, hafði sterk áhrif á þau og var sumum í söfnuðinum hvatning til að boða fagnaðarerindið af enn meira kappi en áður. Fyrir slysið voru 35 boðberar í söfnuðinum. Á einu ári fjölgaði þeim upp í 60.

ÁSTRALÍA

Sjötíu vottar þurftu að yfirgefa heimili sín þegar flóð urðu á strandsvæði Queensland árið 2013. Mark og Rhonda urðu að forða sér ásamt dóttur sinni og leituðu til fjöldahjálparstöðvar sem komið hafði verið upp. Þar var troðfullt af fólki. „Það var eiginlega hvergi hægt að setjast,“ segir Rhonda. Þyrlur voru að koma og fara og ærandi hávaðinn jók á spennuna sem lá í loftinu. „Hvað eigum við að gera?“ spurði hún kvíðin. Mark bað heitt og innilega til Jehóva. „Um hálf tíma síðar stoppaði bíll við hjálparmiðstöðina og þrír bræður

stigu út,“ segir Rhonda. „Þegar við hittumst sögðu þeir: „Þið komið með okkur. Þið fáið að gista hjá bróður í söfnuðinum.““ Rhonda bættir við: „Það er erfitt að lýsa tilfinningum okkar á þessu augnabliki þegar við upplifðum ást og umhyggju safnaðar Jehóva.“

Meira en 250 sjálfbodaliðar hröðuðu sér á flóðasvæðið til að hjálpa trússystkinum sínum. Roskinn bróðir segir: „Hópur votta birtist bara allt í einu og vann hörðum höndum við að hreinsa hjá mér hátt og lágt. Við hjónin eigum aldrei eftir að gleyma hvernig þeir komu okkur til hjálpar.“

BRASILÍA

Árið 2008 þurftu um 80.000 manns að flyja heimili sín vegna flóða og aurskriðna í Santa Catarina-ríki. Haft var eftir íbúa á svæðinu að þetta hefði verið eins og „flóðbylgja af leir, leðju og trjám“. Allmargir vottar leituðu hælís í mótshöll. „Þeir voru ekki með neitt annað en aurug fötin sem þeir stóðu í,“ segir Márcio, umsjónarmaður mótshallarinnar. „Húsið okkar hrundi,“ segir systir nokkur. „Það var sárt að sjá það hverfa á augabragði en ég gleymi aldrei hvernig bræður og systur hughreystu okkur. Það voru svo margir sem sýndu okkur ást og umhyggju. Þessi lífsreynsla kenndi mér hve viturlagt það er að safna andlegum fjársjóðum.“

Aurskriður hafa lagt heilu hverfin í rúst í fjallshlíðum í grennd við borgina Rio de Janeiro. Stofnaðar hafa verið fastar hjálparstarfsnefndir til að geta brugðist fljótt og vel við

tíðum hamförum af þessu tagi. Eftirlitsmenn (valdir bræður sem búa á svæðinu) gera nefndinni viðvart þegar hætta er talin á aurskriðum. Innan skamms eru sjálfbóðaliðar komnir á svæðið á bílum sem eru merktir „Vottar Jehóva – hjálparstarf“. Hjálparveitirnar eru vel búnar og allir hafa fyrir fram ákveðin verkefni. Hjálparstarfsmennirnir klæðast vestum sem eru greinilega merkt Vottum Jehóva. Þeir aðstoða slasaða bræður og systur í samstarfi við bræður í spítalasamskiptanefndinni. Hjálparstarfsmenn hafa meðferðis matvæli, vatn, sjúkravörur, fatnað og hreinsiefni. Það er gríðarleg vinna að hreinsa hús eftir aurskriðu. Sem dæmi má nefna að ekki alls fyrir löngu fjarlægðu 60 sjálfbóðaliðar fjögur vörubílshlöss af aur af aðeins einu heimili.

Hjálparmiðstöð var sett upp í mótshöll í Santa Catarina í Brasilíu árið 2009. Á gólfinu eru vistir sem gefnar voru.



Þráirðu að sjá
loforð Guðs
rætast?



7. HLUTI

LOFORÐ SEM RÍKI GUÐS UPPFYLLIR

Að gera alla hluti nýja



ÞÚ TÍNIR þroskað epli af trjágreininni. Þú finnur ilminn af því áður en þú leggur það í körfuna með hinum eplunum. Þú ert búin að vinna í nokkra klukkutíma en þér líður prýðilega og ert tilbúin til að halda áfram dálítið lengur. Mamma þín er að tína af öðru tré rétt hjá. Hún spjallar glaðlega við vini og ættingja sem eru að hjálpa henni við uppskerustörfin. Hún er svo ungleg – alveg eins og þú manst eftir henni þegar þú varst barn endur fyrir löngu. Það er erfitt að ímynda sér að þú skulir hafa séð hana verða ellinni að bráð í gamla heiminum sem er nú löngu horfinn. Þú horfðir upp á það hvernig sjúkdómur dró hana til dauða, þú hélst í hönd

hennar þegar hún dró andann í síðasta sinn og þú grést við gröf hennar. En þarna er hún heil og hraust í góðra vina hópi.

Við vitum að sú stund kemur að lífið verði svona. Við vitum það vegna þess að loforð Guðs rætast alltaf. Í þessum hluta bókarinnar könnum við hvernig ríki Guðs uppfyllir ýmis fyrirheit í náinni framtíð sem er undanfari þess að stríðið við Harmagedón skelli á. Við rifjum líka upp nokkur af hinum hrífandi fyrirheitum sem ríki Guðs uppfyllir í framhaldi af því. Það verður unaðslegt að lifa þann tíma þegar ríki Guðs stjórnar allri jörðinni og gerir alla hluti nýja.

21

Ríki Guðs ryður óvinum sínum úr vegi

Í ÞESSUM KAFLA

Atburðir sem eru undanfari stríðsins við Harmagedón.

1, 2. (a) Hvað sýnir og sannar að konungur okkar hefur verið við völd síðan 1914? (b) Um hvað er rætt í þessum kafla?

3. Hver er fyrsti atburðurinn sem við bíðum eftir?

ÞAÐ hefur styrkt trú okkar að skoða það sem ríki Guðs hefur afrekað meðan óvinir þess eru enn við völd. (Sálm. 110:2) Konungurinn hefur vakið upp heilan her fúsra boðbera. Hann hefur hreinsað og fágað fylgjendur sína trúarlega og siðferðilega. Og við erum sameinuð út um allan heim þó að óvinir okkar hafi hamast við að reyna að sundra okkur. Þessi afrek Guðsríkis og mörg önnur, sem við höfum rætt um, eru óyggjandi rök fyrir því að konungur okkar hafi ríkt meðal óvina ríkis síns síðan 1914.

² Ríki Guðs á eftir að vinna enn meiri afrek í náinni framtíð. Það mun „koma“ til að „eyða óvinum sínum og gera þá að engu“. (Matt. 6:10; Dan. 2:44) En áður en það verður gerast aðrir markverðir atburðir. Hvaða atburðir eru það? Það kemur fram í ýmsum biblíuspádómum. Við skulum líta á nokkra af þessum spádómum og kanna hvað gerist í náinni framtíð.

Undanfari „snöggleggar tortímingar“

³ **Yfirlýsing um frið.** Páll postuli lýsir fyrsta atburðinum, sem við bíðum eftir, í bréfi til safnaðarins í Þessaloníku. (**Lestu 1. Þessaloníkubríf 5:2, 3.**) Í bréfinu nefnir Páll „dag Drottins“ Jehóva sem hefst með árásinni á „Babýlon hina miklu“. (Opinb. 17:5) En rétt áður en dagur Jehóva rennur upp lýsa þjóðirnar yfir „friði og engri hættu“. Hér getur verið átt við eina mikla yfirlýsingu eða röð yfirlýsinga. Ætli leiðtogar trúarbragðanna eigi hlutdeild í henni? Þeir tilheyra heiminum þannig að það má vel vera að þeir taki undir með þjóðunum og lýsi yfir „heill“ og friði. (Jer. 6:14; 23:16, 17; Opinb. 17:1, 2) Þessi yfirlýsing um frið og enga hættu verður merki þess að dagur Jehóva sé að renna upp. Óvinir Guðsríkis „munu alls ekki undan komast“.

4 Hvernig er það til góðs fyrir okkur að skilja þennan spádóm? Páll segir: „Þið ... eruð ekki í myrkri svo að dagurinn geti komið yfir ykkur sem þjófur.“ (1. Þess. 5:3, 4) Ólíkt fólki almennt skiljum við í hvað stefnir. Hvernig rætist spádómurinn um frið og enga hættu? Við vitum ekki í smáatriðum hvernig það gerist heldur verðum við að biðja og sjá hvernig heims málin þróast. Við skulum því „vaka og vera allsgáð“. – 1. Þess. 5:6; Sef. 3:8.

Þrengingin mikla hefst

5 **Árás á trúarbrögðin.** Eins og þú manst skrifaði Páll: „Þegar menn segja: ‚Friður og engin hættu,‘ þá kemur *snögglega* tortíming yfir þá.“ Rétt eftir að eldingu slær niður heyrir þruma. Eins er það með yfirlýsinguna um ‚frið og enga hættu‘. Það fylgir ‚snöggleg tortíming‘ strax í kjölfar hennar. Hvað tortímist? Fyrst er það „Babýlon hin mikla“, heimsveldi falskra trúarbragða, sem er einnig kölluð „skækjan“. (Opinb. 17:5, 6, 15) Þrengingin mikla hefst með því að kirkjufélögum kristna heimsins og öðrum falstrúarbrögðum verður útrýmt. (Matt. 24:21; 2. Þess. 2:8) Þessi atburður kemur mörgum í opna skjöldu. Hvers vegna? Vegna þess að fram að þeim tíma telur „skækjan“ að hún sé „drottning“ og heldur að ‚sorg muni hún aldrei sjá‘. En hún uppgötvar óvænt að það var sjálfsblekking. Hún verður afmáð skyndilega, eins og væri „á einum degi“. – Opinb. 18:7, 8.

6 Hver eða hvað ræðst á ‚Babýlon hina miklu‘? Í Opinberunarbókinni segir að það sé ‚dýr með tíu horn‘. Af spádóminum má ráða að þetta dýr tákni Sameinuðu þjóðirnar. Hornin tíu tákna öll núverandi ríki sem styðja þetta ‚skarlatsrauða dýr‘. (Opinb. 17:3, 5, 11, 12) Hve mikilli eyðileggingu veldur dýrið með árás sinni? Aðildarríki Sameinuðu þjóðanna láta greipar sópa um auðæfi skækjunnar, rífa hana í sig og „brenna hana í eldi“. – **Lestu Opinberunarbókina 17:16.**^[1]

7 **Dagarnir styttnir.** Konungurinn opinberaði hvað gerist þessu næst í þrengingunni miklu. Hann sagði: „Vegna hinna útvöldu verða þeir dagar styttnir.“ (**Lestu Matteus 24:21, 22.**) Orð Jesú rættust í smáum mæli árið 66 þegar Jehóva ‚styttni‘ árás rómverska hersins á Jerúsalem. (Mark. 13:20) Kristnir menn í Jerúsalem og Júdeu komust þar af leiðandi af. Hvað gerist þá á heims mælikvarða í þrengingunni miklu? Fyrir atbeina konungsins ‚styttnir‘ Jehóva árás Sameinuðu þjóðanna á trúarbrögðin til að sönn trú

4. Hvernig er það til góðs fyrir okkur að skilja spádóm Páls um að lýst verði yfir friði og engri hættu?

5. Með hverju hefst ‚þrengingin mikla‘?

6. Hver eða hvað ræðst á ‚Babýlon hina miklu‘?

7. Hvernig rættust orð Jesú í Matteusi 24:21, 22 á fyrstu öld og hvernig rættast þau í framtíðinni?

NEÐANMÁLSGREIN

[1] Það vírdist rökrétt að eyðing ‚Babýlonar hinnar miklu‘ sé fyrst og fremst fólgin í því að eyða trúarlegum stofnunum en ekki að trúarlega sinnuðu fólki verði útrýmt í stórum stíl. Flestir sem studdu Babýlon halda lífi þegar henni er tortímt, og líklegt er að þeir reyni þá, að minnsta kosti í orði kveðnu, að afneita tengslum við trúarbrögðin eins og ráða má af Sakaríá 13:4-6.

ÞAÐ SEM GERIST Í NÁNNI FRAMTÍÐ

Nokkrir mikilvægir atburðir eiga sér stað áður en ríki Guðs kemur og ryður óvinum sínum úr vegi. Í Biblíunni er því lýst sem er fram undan. (Sjá grein 2.)

Jehóva sendir konunginn til að verja alla dygga þjóna sína. (Esek. 38:18) (Sjá greinar 13, 16-18.)

TÍMABIL AF ÓÞEKKTRI LENGD HEFST

Undanfari þrengingarinnar miklu



Lýst yfir friði og engri hættu. (1. Þess. 5:2, 3) (Sjá greinar 3, 4.)

Þeir sem eftir eru af andasmurðum kristnum mönnum á jörð fá lokainnsigli. (Opinb. 7:1-3) (Sjá grein 15.)

Þrengingin mikla hefst



Árás á trúarbrögðin. (Opinb. 17:16) (Sjá greinar 5, 6.)

Árásin stytt. (Matt. 24:21, 22) (Sjá grein 7.)

Aðdragandi Harmagedón



Fyrirbæri á himni. (Matt. 24:29) (Sjá grein 9.)



Dómur yfir sauðum og höfrum. (Matt. 25:31-33) (Sjá grein 10.)



Árás Gógs í Magóg. (Esek. 38:2, 11, 15) (Sjá greinar 12-14.)



Þeir sem eftir eru af hinum andasmurðu kallaðir til himna. (Matt. 24:31) (Sjá grein 15.)

Lokaþáttur þrengingarinnar miklu

HARMAGEDÓN

(Matt. 25:46; Opinb. 16:16)

(Sjá greinar 16, 17.)

8, 9. Hvers konar fyrirbæri kann Jesús að hafa átt við og hvernig bregst fólk við þeim?

10. Hvaða dóm fellir Jesús og hvernig bregðast stuðningsmenn og andstæðingar Guðsríkis við?

11. Hvað ættum við að hafa hugfast þegar við kynnum okkur komandi atburði?

tortímist ekki ásamt falstrúnni. Hin eina sanna trú stendur því eftir þegar öllum fólkskum trúarbrögðum er rutt úr vegi. (Sálm. 96:5) Við skulum nú athuga hvað gerist eftir að þessi hluti þrengingarinnar miklu er liðinn hjá.

Aðdragandi Harmagedón

8 Í spádómi Jesú um síðustu daga kemur fram að nokkrir mikilvægir atburðir eigi sér stað á þessu tímabili áður en Harmagedón brestur á. Fyrstu tveir atburðirnir, sem við skoðum, eru báðir nefndir í guðspjöllum Matteusar, Markúsar og Lúkasar. – **Lestu Matteus 24:29-31;** Mark. 13:23-27; Lúk. 21:25-28.

9 **Fyrirbæri á himni.** Í spádómi Jesú segir: „Sólin [mun] sortna og tunglið hætta að skína. Stjörnurnar munu hrapa af himni.“ Ekki leita menn til trúarleiðtogaanna því að það er ekki lengur litið á þá sem leiðarljós. Er Jesús einnig að lýsa yfirnáttúrlegum fyrirbærum á himni? Það er hugsanlegt. (Jes. 13:9-11; Jóel 2:1; 3:3, 4) Hvernig bregst fólk við því sem fyrir augu ber? Menn verða „angistarfullir og ráðalausir“. (Lúk. 21:25; Sef. 1:17) Óvinir Guðsríkis, jafnt konungar sem þrælur, „falla í öngvit af ótta og kvíða fyrir því er koma mun“ og hlaupa í skjól. En þeir finna hvergi nógu gott skjól til að komast undan reiði konungsins. – Lúk. 21:26; 23:30; Opínb. 6:15-17.

10 **Dómur felldur.** Allir óvinir Guðsríkis neyðast þá til að horfa upp á atburð sem eykur enn á angst þeirra. Jesús segir: „Þá munu menn sjá Mannssoninn koma í skýjum með miklum mætti og dýrð.“ (Mark. 13:26) Jesús sýnir mátt sinn með yfirnáttúrlegum hætti og það er merki þess að hann sé kominn til að fella dóm. Annars staðar í sama spádómi um síðustu daga gefur Jesús nánari upplýsingar um dóminn sem verður felldur á þeim tíma. Þær er að finna í dæmisögunni um sauðina og hafrana. (**Lestu Matteus 25:31-33, 46.**) Dyggir stuðningsmenn Guðsríkis fá þann úrskurð að þeir séu „sauðir“. Þeir „réttu úr sér og bera höfuðið hátt“ því að þeir vita að „lausn þeirra er í nánd“. (Lúk. 21:28) Andstæðingar Guðsríkis fá hins vegar þann dóm að þeir séu „hafrar“. Þeir „hefja kveinstafi“ því að þeir átta sig á að þeir „fara til eilífrar refsingar“, það er að segja eyðingar. – Matt. 24:30; Opínb. 1:7.

11 Nokkrir þýðingarmiklir atburðir gerast eftir að Jesús hefur dæmt „allar þjóðir“ en áður en stríðið við Harma-

gedón skellur á. (Matt. 25:32) Við skulum kynna okkur tvo þessara atburða: Góg gerir árás og hinum útvöldu er safnað. Þegar við lítum á þessa tvo atburði þurfum við að hafa hugfast að Biblían tímasetur ekki nákvæmlega hvenær þeir gerast. Reyndar er líklegt að þeir skarist að einhverju marki.

12 Allsherjarárás. Góg í Magóg gerir árás á þá sem eru eftir af hinum andasmurðu á jörð og á aðra sauði sem starfa með þeim. (**Lestu Esekíel 38:2, 11.**) Þessi atлага gegn ríki Guðs verður síðasti bardagi Satans í stríðinu sem hann hefur háð gegn hinum andasmurðu síðan honum var úthýst af himnum. (Opinb. 12:7-9, 17) Eftir að kristni söfnuðurinn var endurreistur og byrjað var að safna hinum andasmurðu inn í söfnuðinn hefur Satan beitt öllum ráðum til að spilla þeim gæðum sem þeir hafa búið við í andlegu paradísinni – en án árangurs. (Matt. 13:30) Nú telur Satan sig hafa gullið tækifæri. Öll fölsk trúarbrögð eru horfin af sjónarsviðinu og þjónar Guðs virðast berskjaldaðir, „án varnarmúra og hafa hvorki hlið né slagbrand“. Hann eignir handbendi sín til að gera allsherjarárás á þá sem styðja ríki Guðs.

13 Esekíel lýsir atburðarásinni. Í spádóminum segir um Góg: „Kemur þú ekki frá landi þínu lengst í norðri, þú og margar þjóðir með þér, allir ríðandi á hestum, mikill liðsafnaður og völdugur her? Þá munt þú halda upp eftir gegn lýð mínum ... eins og óveðursský til að hylja landið.“ (Esek. 38:15, 16) Ekkert virðist geta stöðvað Satan og völdugan her hans. Hvernig bregst Jehóva við? „Þann dag ... mun heftin ólga í mér,“ segir Jehóva. „Ég mun bjóða út hvers kyns ógnum gegn Góg.“ (Esek. 38:18, 21; **lestu Sakaríá 2:12.**) Jehóva skerst í leikinn til að vernda þjóna sína á jörð. Stríðið við Harmagedón er hafið.

14 Áður en við höldum lengra fram í tímann og könnum hvernig Jehóva ver þjóna sína í stríðinu við Harmagedón skulum við doka aðeins við og skoða annan mikilvægan atburð. Hann á sér stað á tímabilinu frá því að Satan gerir allsherjarárás þangað til Jehóva skerst í leikinn í Harmagedón. Eins og nefnt er í 11. grein er þetta sá atburður þegar Jesús safnar þeim sem eru eftir af hinum andasmurðu.

15 Hinum andasmurðu safnað. Þegar Matteus og Markús nefna það sem Jesús sagði um hina „útvöldu“,

12. Lýstu allsherjarárás Satans á ríki Guðs.

13. Hvernig skerst Jehóva í leikinn til að vernda þjóna sína?

14, 15. Hvað annað gerist einhvern tíma eftir að Satan gerir allsherjarárás?

16. Hvaða þátt eiga hinir andasmurðu á himnum í stríðinu við Harmagedón?

17. Hvað verður um „hafrana“ í Harmagedón?

18. (a) Hvernig snýst taflíð við í þágu „sauðanna“?
(b) Hvernig fullkomnar Jesús sigurinn?

Það er að segja andasmurða kristna menn, eru þeir að lýsa atburðarás sem á sér stað áður en Harmagedón skellur á. (Sjá grein 7.) Jesús talar um sjálfan sig sem konung og segir í spádómi: „Hann mun senda út englana og safna sínum útvöldu úr áttunum fjórum, frá skautum jarðar til himinskauta.“ (Mark. 13:27; Matt. 24:31) Hvað á Jesús við þegar hann talar um að safna hinum útvöldu, það er að segja þeim sem eru eftir af hinum andasmurðu á jörð? Hann á ekki við þá aðgerð að veita þeim lokainnsigli. Það á sér stað rétt *áður* en þrengingin mikla *hefst*. (Opinb. 7:1-3) Jesús er að tala um atburð sem á sér stað *meðan* þrengingin mikla stendur yfir. Einhvern tíma eftir að Satan ræðst á þjóna Guðs virðast hinir andasmurðu, sem eru eftir á jörð, vera kallaðir til himna.

16 Hvernig tengist söfnun hinna andasmurðu næsta atburði, það er að segja Harmagedón? Tímasetning hennar gefur til kynna að hinir andasmurðu verði allir komnir til himna áður en stríð Guðs við Harmagedón hefst. Á himnum fá 144.000 meðstjórnendur Krists vald til að beita „járnsprotta“ ásamt honum þegar hann eyðir öllum óvinum Guðsríkis. (Opinb. 2:26, 27) Hinir andasmurðu fylgja þá herkonunginum Kristi ásamt máttugum englum þegar hann ræðst gegn þeim „volduga her“ sem er farinn að þrengja að bráð sinni – þjónum Jehóva. (Esek. 38:15) Þegar þessi miklu átök brjótast út er stríðið við Harmagedón hafið. – Opinb. 16:16.

Stórbrotinn lokapáttur þrengingarinnar miklu

17 **Dómi fullnægt.** Stríðið við Harmagedón er lokapáttur þrengingarinnar miklu. Jesús tekur þá að sér eitt verkefni til viðbótar. Hann dæmir ekki aðeins „allar þjóðir“ heldur fullnægir líka dóminum yfir öllum sem hann er áður búinn að dæma að séu „hafrar“. (Matt. 25:32, 33) Konungurinn „slær þjóðirnar með bitru sverði“. Allir sem líkjast höfrunum, jafnt háir sem lágir, „fara til eilífrar refsingar“ og tortímast. – Opinb. 19:15, 18; Matt. 25:46.

18 Taflíð hefur aldeilis snúist við hjá þeim sem Jesús úrskurðar að séu „sauðir“. Við lá að voldugur her af „höfrum“ Satans útrýmdi „miklum múgi“ af „sauðum“ Krists. Þeir virtust algerlega varnarlausir. En þegar óvinurinn gerir árás bjargast þeir og koma heilir „úr þrengingunni miklu“. (Opinb. 7:9, 14) Eftir að Jesús hefur sigrað alla mennska óvini Guðsríkis og rutt þeim úr vegi kastar hann Satan og illu öndunum í undirdjúpið. Þar geta þeir



Stríðið við Harmagedón hefst.

19, 20. Hvaða lærdóm getum við dregið af Jesaja 26:20 og 30:21?

ekkert aðhafst. Það er eins og þeir liggja í dauðadái í þúsund ár. – **Lestu Opinberunarbókina 6:2; 20:1-3.**

Hvernig undirbúum við okkur?

19 Hvernig getum við búið okkur undir þá stórvíðburði sem eru fram undan? Fyrir nokkrum árum stóð í *Varðturninum*: „Björgun verður undir hlýðni komin.“ Hvers vegna? Svarið er að finna í viðvörun Jehóva til Gyðinganna sem voru í útlegð í Babýlon endur fyrir löngu. Jehóva sagði fyrir að Babýlon yrði sigruð en hvað áttu þjónar hans að gera til að búa sig undir það? Jehóva sagði: „Gakktu, þjóð mín, inn í herbergi þín og læstu dyrum á eftir þér, feldu þig skamma hríð uns reiðin er liðin hjá.“ (Jes. 26:20) Taktu eftir sagnorðunum í þessu vers: „Gakktu“, „læstu“, „feldu þig“. Þau standa öll í boðhætti – þetta eru skipanir. Gyðingar, sem hlýddu þessum skipunum, héldu sig innan dýra og urðu ekki á vegi innrásarhermannanna á götum úti. Þeir þurftu að hlýða fyrir-mælum Jehóva til að bjargast.^[2]

20 Hver er lærdómurinn? Til að komast lifandi gegnum atburðina fram undan þurfum við að hlýða fyrir-mælum Jehóva, rétt eins og þjónar hans forðum daga. (Jes. 30:21) Við fáum fyrir-mæli hans fyrir milligöngu safnaðarins. Við ættum því að temja okkur að hlýða fúslega þeim leiðbeiningum sem við fáum. (1. Jóh. 5:3) Ef við gerum það núna er líklegt að við hlýðum fúslega í framtíðinni og hljótum vernd Jehóva, föður okkar, og konungsins Jesú. (Sef. 2:3) Með vernd þeirra fáum við að sjá með eigin augum hvernig ríki Guðs ryður óvinum sínum úr vegi fyrir fullt og allt. Það verður ógleymanlegur atburður.

NEÐANMÁLSGREIN

[2] Nánari upplýsingar er að finna í bókinni *Spádómur Jesaja – ljós handa öllu mannkyni*, 1. bindi, bls. 282-283.

Hve raunverulegt er ríki Guðs í þínum augum?

- Í þessari bók hefur verið rætt um margt sem ríki Guðs hefur áorkað. Hvað hefur styrkt trú þína sérstaklega?
- Nefndu nokkra atburði sem eru fram undan.
- Hvernig verndar konungurinn okkur áður en Harmagedón skellur á og meðan það stendur yfir?
- Hvernig getum við búið okkur undir þá atburði sem eru fram undan?

Ríki Guðs lætur vilja hans verða á jörð

22

TRÚFASTUR bróðir gengur inn í ríkissalinn, þreyttur eftir erfiðan vinnudag. Yfirmaðurinn hans er kröfuharður og hefur komið illa fram við hann. Það er þrautin þyngri að framfleyta fjölskyldunni og í ofanálag hefur bróðirinn áhyggjur af veikindum konunnar sinnar. Hann varpar öndinni léttara þegar samkoman hefst með söng. Hann er ánægður að vera með bræðrum sínum og systurum í ríkissalnum. Söngtextinn fjallar um lífið í paradís, og hvetur hann til að sjá sjálfan sig fyrir sér þegar vonin er orðin að veruleika. Honum hefur alltaf þótt vænt um þennan söng, og það hefur róandi áhrif á hrjád hjarta hans að syngja hann með fjölskyldunni.

² Kannastu við þessa tilfinningu? Það gerum við flest okkar. En lífið í þessum gamla heimi er nú einu sinni þannig að það getur stundum verið ósköp erfitt að sjá paradís framtíðarinnar fyrir sér sem veruleika. Við lifum „örðugar tíðir“ og heimurinn, sem við búum í, er ekki beinlínis paradís. (2. Tím. 3:1) Hvað getur auðveldað okkur að hugsa um paradís sem veruleika? Skoðum málið. Hvernig vitum við með vissu að ríki Guðs tekur bráðlega völd yfir öllu mannkyni? Við skulum líta á fáeina af spádómum Jehóva sem þjónar hans sáu rætast endur fyrir löngu. Síðan skoðum við hvernig þessir spádómar og fleiri eru að rætast á stórfenglegan hátt núna. Eftir að hafa styrkt trúna með þessum hætti skulum við ræða hvað þessir sömu spádómar þýða fyrir okkur í framtíðinni.

Hvernig efndi Jehóva loforð sín forðum daga?

³ Reynum að sjá fyrir okkur hvernig lífið hefur verið hjá Gyðingum sem bjuggu í útlegð í Babýlon á sjöttu öld f.Kr. Margir höfðu alist upp í útlegðinni og reyndar foreldrar þeirra líka. Lífið var ekki auðvelt. Babýloníumenn gerðu gys að þeim fyrir að trúna á Jehóva. (Sálm. 137:1-3) Jehóva

Í ÞESSUM KAFLA

Ríki Guðs uppfyllir öll loforð hans varðandi mannkynið og jörðina.

1, 2. (a) Hvers vegna getur stundum verið erfitt að sjá paradís framtíðarinnar fyrir sér sem veruleika? (b) Hvað getur hjálpað okkur að styrkja trúna á fyrirheit Guðs?

3. Hvaða loforð hughreysti Gyðinga í útlegðinni í Babýlon?

4. Hvernig fullvissaði Jehóva Gyðinga um að þeir yrðu óhultir í heimalandi sínu?

5. Hvaða spádómar fullvissuðu útlagana um að Jehóva myndi sjá vel fyrir þörfum þeirra þegar heim kæmi?

6. Hvað hafði lengi vantað upp á heilbrigði Gyðinga og hvernig hughreysti Jehóva útlagana sem áttu eftir að snúa heim?

hafði lofað að leiða þjóð sína heim aftur. Trúir Gyðingar höfðu haldið í þessa björtu von áratugum saman. Jehóva sagði að aðstæður yrðu unaðslegar þegar heim kæmi. Hann sagði jafnvel að Júda yrði eins og Edengarðurinn – paradís. **(Lestu Jesaja 51:3.)** Fyrirheit sem þessi voru greinilega gefin til að hughreysta þjóna Guðs og draga úr efasemdum sem gátu sótt á þá. Hvernig þá? Lítum á nokkra af spádómunum.

4 Öryggi. Það var ekki bókstafleg paradís sem beið útlaganna þegar þeir sneru heim heldur fjarlæggt land sem hafði legið í eyði í 70 ár. Fáir þeirra höfðu séð það áður. Ljón voru algeng í biblíulöndunum á þeim tíma og hið sama er að segja um úlfa, hlébarða og fleiri rándýr. Fjölskyldufaðir velti ef til vill fyrir sér hvernig hann gæti tryggt öryggi eiginkonu sinnar og barna. Og hvernig átti hann að vernda sauðféð og nautgripina? Það var fullkomlega eðlilegt að hafa áhyggjur af þessu. Hugsaðu þér hve loforð Guðs í **Jesaja 11:6-9** hlýtur að hafa verið traustvekjandi. **(Lestu.)** Með þessum fallegu ljóðrænu orðum fullvissaði Jehóva útlagana um að þeir og búpeningur þeirra yrði óhultur. Ljónið myndi bíta gras í þeim skilningi að það myndi ekki ráðast á nautgripi Gyðinga. Trúir þjónar Guðs þurftu ekki að óttast þessi rándýr. Jehóva lofaði að þjónar hans yrðu óhultir í Júda, meira að segja í eyðimörkinni og skógunum. – Esek. 34:25.

5 Allsnægtir. Það var fleira sem gat valdið Gyðingum áhyggjum. Skyldu þeir geta brauðfætt fjölskylduna þegar heim kæmi? Hvar áttu þeir að búa? Verður einhverja vinnu að fá og verður hún betri en stritið í útlegðinni undir oki herraþjóðarinnar? Jehóva sýndi þjónum sínum þá umhyggju að svara þessum spurningum líka í spádómunum sem hann innblés. Hann lofaði að hlýðnir þjónar hans gætu treyst á regnið og þar af leiðandi myndi landið gefa af sér „kjarnmikið og gott“ korn. (Jes. 30:23) Og Jehóva lofaði þjónum sínum að þeir myndu eiga þak yfir höfuðið og hafa gefandi vinnu: „Menn munu reisa hús og búa í þeim, planta víngarða og neyta ávaxta þeirra. Menn munu ekki reisa hús sem annar býr í, ekki planta og annar neyta.“ (Jes. 65:21, 22) Á margan hátt yrði lífið unaðslegt í samanburði við útlegðina í hinni heiðnu Babel. En hvað um alvarlegasta málið, vandann sem leiddi til þess að þeir voru sendir í útlegð á sínum tíma?

6 Heilbriggt samband við Guð. Sambandi Gyðinga við Jehóva hafði hrakað löngu áður en þeir voru sendir í útlegð. Jehóva sagði um þjóð sína fyrir munn Jesaja spámanns:

„Höfuðið er allt í sárum, hjartað allt sjúkt.“ (Jes. 1:5) Í andlegum skilningi voru þeir blindir og heyrnarlausir því að þeir hlustuðu ekki á ráðleggingar Jehóva og lokuðu augunum þegar hann vildi upplýsa þá. (Jes. 6:10; Jer. 5:21; Esek. 12:2) Hvað nú ef það færi á sama veg hjá útlögunum eftir að þeir sneru heim? Við hvaða öryggi myndu þeir þá búa? Myndu þeir ekki bara missa velþóknun Jehóva á nýjan leik? Loforð Jehóva var mjög traustvekjandi. Hann sagði: „Á þeim degi munu daufir heyra orð lesin af bók og augu blindra sjá þrátt fyrir skugga og myrkur.“ (Jes. 29:18) Jehóva myndi lækna iðrandi þjóð sína eftir að hafa agað hana. Hann myndi leiðbeina henni og upplýsa hana meðan hún væri hlýðin og móttækileg.

7 Stóð Jehóva við orð sín? Sagan svarar því. Gyðingar bjuggu við öryggi, allsnægtir og heilbrigt samband við Guð eftir að þeir sneru heim. Jehóva verndaði þá til dæmis fyrir grannþjóðum sem voru völdugri og fjölmennari en þeir. Rándýr lögðust ekki á búpening þeirra. Spádómar manna eins og Jesaja, Jeremía og Esekíels um paradís rættust reyndar ekki nema að hluta til, en það sem þjónar Guðs sáu var hrífandi og nóg til að styrkja þá á þeim tíma. Það styrkir trú okkar að íhuga það sem Jehóva gerði fyrir þjóð sína forðum daga. Hvernig yrði meiri uppfylling þessara spádóma úr því að þessi takmarkaða uppfylling var svona hrífandi? Við skulum kanna hvað Jehóva hefur gert fyrir okkur sem nú lifum.

Hvernig hefur Jehóva byrjað að uppfylla fyrirheit sín á okkar dögum?

8 Þjónar Jehóva nú á dögum mynda ekki bókstaflega þjóð og búa ekki í einu ákveðnu landi. Andasmurðir kristnir menn eru hins vegar andleg þjóð sem er nefnd „Ísrael Guðs“. (Gal. 6:16) „Aðrir sauðir“ búa og starfa með þeim í andlegu „landi“ en það er sá vettvangur þar sem þeir tilbiðja Jehóva Guð í sameiningu. Líf þeirra snýst um þessa tilbeiðslu. (Jóh. 10:16; Jes. 66:8) Og hvers konar „land“ hefur Jehóva gefið okkur? Það er unaðsleg andleg paradís þar sem loforð Guðs um Edengarð hafa ræst í andlegum skilningi. Lítum á nokkur dæmi.

9 Öryggi. Í spádóminum í Jesaja 11:6-9 er dregin upp fögur mynd af sátt og samlyndi. Hún lýsir friði milli villidýra annars vegar og manna og húsdýra hins vegar. Rætist þessi spádómlega mynd í andlegum skilningi núna? Já, í 9. versí kemur fram hvers vegna villidýrin gera ekki illt og valda ekki skaða: „Því að allt landið verður fullt af þekkingu

7. Hvernig rættist það sem Guð lofaði útlægum þjónum sínum og hvers vegna ætti það að styrkja trú okkar?

8. Í hvers konar „landi“ búa þjónar Guðs nú á dögum?

9, 10. (a) Hvernig rætist spádómurinn í Jesaja 11:6-9 núna? (b) Hvernig sýna þjónar Guðs að þeir séu friðsamir?



Söfnuðirnir eru okkur hjálp til að vera vel nærð, örugg og heilbrigð í andlegum skilningi.

á Drottni eins og vatn hylur sjávardjúpið.“ Fá dýrin þekkingu á Jehóva og breyta hárterni sínu? Nei, það er fólk sem breytist þegar það kynnist hinum hæsta Guði og lærir að líkja eftir friðsemd hans. Þess vegna sjáum við þennan spádóm rætast með stórfenglegum hætti í andlegu paradísinni. Fylgjendur Krists leggja af grimmd og dýrslega hegðun undir stjórn Guðsríkis og læra að lifa í sátt og samlyndi við trússystemi sínu.

10 Tökum dæmi. Í þessari bók höfum við rætt um hlutleysi kristinna manna, bæði biblíulegan grundvöll þeirrar afstöðu sem þjónar Guðs taka og ofsóknirnar sem þeir hafa mátt þola vegna hlutleysis síns. Er ekki einstakt að í þessum ofbeldisfulla heimi skuli vera til nokkuð fjölmenn „þjóð“ sem neitar að taka þátt í hvers kyns ofbeldi, jafnvel þótt hótad sé lífláti? Það er skýr sönnun þess að þegnar konungsins Messíasar séu friðsamir eins og Jesaja lýsir. Jesús sagði að fylgjendur sínir myndu þekkja á því að þeir elskuðu hver annan. (Jóh. 13:34, 35) Hinn „trúi og hyggni þjónn“ starfar undir umsjón Krists í söfnuðinum og kennir öllum sannkristnum mönnum að vera friðsamir, kærleiksríkir og mildir í lund. – Matt. 24:45-47.

11 Allsnægtir. Það ríkir andleg hungursneyð í heiminum. Í Biblíunni segir: „Sjá, þeir dagar koma, segir Drottinn Guð, að ég sendi hungur til landsins, hvorki hungur eftir brauði né þorsta eftir vatni, heldur eftir orði Drottins.“ (Amos 8:11) Svelta þagnar Guðsríkis líka heilu hungri? Jehóva lýsti muninum á þjónum sínum og óvinum og sagði: „Þjónar mínir munu eta en yður mun hungra, þjónar mínir munu drekka en yður mun þyrsta, þjónar mínir munu gleðjast en von yðar mun bregðast.“ (Jes. 65:13) Hefurðu séð þessi orð rætast?

12 Andleg fæða streymir til okkar eins og fljót sem dýpkar og breiðir úr sér. Biblíuskýringarit okkar, hljóðbækur, myndbönd, samkomur, mót og efnid, sem birtist á vefsetri okkar, eru eins og stríður straumur andlegrar næringar í andlega sveltandi heimi. (Esek. 47:1-12; Jóel 4:18) Finnst þér ekki heillandi hvernig Jehóva efnir loforð sitt um að sjá okkur fyrir andlegum allsnægtum í daglega lífinu? Gætirðu þess að nærast reglulega við nægtaborð Jehóva?

13 Heilbriggt samband við Guð. Andleg blindi og heyrnarleysi hafa lagst yfir heiminn eins og faraldur. (2. Kor. 4:4) En Kristur læknar meinsemdir og sjúkdóma út um allan heim. Hefurðu séð blindi fá sjón og heyrnarlausar fá heyrn? Ef þú hefur séð fólk fá nákvæma þekkingu á sannleikanum í Biblíunni, og séð það kasta frá sér þeim trúarlegu lygum sem gerðu að verkum að það hvorki sá né heyrði sannleikann, þá hefurðu séð þetta loforð rætast: „Á þeim degi munu daufir heyra orð lesin af bók og augu blindra sjá þrátt fyrir skugga og myrkur.“ (Jes. 29:18) Hundruð þúsunda manna um heim allan fá andlega lækningu af þessu tagi á hverju ári. Hver einasta manneskja, sem yfirgefur Babelón hina miklu og sameinast okkur í tilbeiðslu í andlegu paradísinni, er lifandi sönnun þess að loforð Jehóva hafa ræst.

14 Í hverjum kafla þessarar bókar eru færð sterk rök fyrir því að Kristur hafi leitt fylgjendur sína inn í sanna andlega paradís núna við endalokin. Við skulum halda áfram að ígrunda þá margþættu blessun sem við njótum í þessari paradís. Þannig styrkjum við trúna á loforð Jehóva um framtíðina.

„Til komi þitt ríki“

15 Það hefur alla tíð verið ætlun Jehóva að öll jörðin verði paradís. Hann setti Adam og Evu í paradísargarð og fékk þeim það verkefni að fylla jörðina afkomendum sínum og annast öll dýrin. (1. Mós. 1:28) En Adam og Eva

11, 12. Hvers konar hungursneyð ríkir í heiminum en hvernig hefur Jehóva séð fyrir þjónum sínum?

13. Hvernig hefurðu séð loforð Jehóva rætast um að blindir fái sjón og heyrnarlausir heyri?

14. Hvernig getum við styrkt trúna?

15. Hvers vegna getum við treyst að jörðin verði paradís?

16. Hvernig lýsir Biblían örygginu sem við fáum að búa við í paradís?

17. Hvers vegna er alveg öruggt að Jehóva sjái vel fyrir þörfum okkar þegar ríki hans stjórnar allri jörðinni?

18, 19. (a) Hvaða þýðingu hefur spádómurinn í Jesaja 65:20-22 fyrir þig?
(b) Í hvaða skilningi náum við „aldri trjáanna“?

fylgdu Satan í uppreisn hans og kölluðu ófullkomleika, synd og dauða yfir alla afkomendur sína. Fyrirætlun Jehóva breyttist þó ekki. Allt sem hann segir rætist fullkomlega. **(Lestu Jesaja 55:10, 11.)** Þess vegna getum við treyst að afkomendur Adams og Evu eigi eftir að fylla jörðina, gera sér hana undirgefna og annast allt sköpunarverk Jehóva af alúð og umhyggju í einni samfelldri paradís. Þegar það gerist rætast að fullu þeir spádómar sem útlægir Gyðingar fengu um líf í paradís. Lítum á eftirfarandi.

16 Öryggi. Loksins fullkomnast myndin sem er svo fagurlega lýst í Jesaja 11:6-9, jafnvel í bókstaflegum skilningi. Karlar, konur og börn verða óhult og örugg hvar sem er á jörðinni. Engum stafar hætta af öðrum mönnum né nokkru dýri. Hugsaðu þér hvernig lífið verður þegar þú getur litið á alla jörðina sem heimili þitt og getur synt í ánum, vötnunum og sjónum, farið um fjöll og firnindi og gengið um gresjurnar algerlega öruggur. Þú getur líka verið óhræddur þegar dimmir af nóttu. Spádómurinn í Esekíel 34:25 rætist þannig að þjónar Guðs geta jafnvel „búið óhultir í eyðimörkinni og sofið í skógunum“.

17 Allsnægtir. Sjáðu fyrir þér þann tíma þegar fátækt, vannæring, hungur og velferðarkerfi verða ekki lengur til. Andlegu allsnægtirnar, sem þjónar Guðs búa við núna, eru trygging fyrir því að konungurinn Messías sjái fyrir þegnum sínum á allan hátt. Þegar Jesús var á jörð sýndi hann í smáum mæli að hann sé fær um að uppfylla slíka spádóma því að hann mettaði þúsundir manna með aðeins fáeinum brauðum og fiskum. (Matt. 14:17, 18; 15:34-36; Mark. 8:19, 20) Þegar ríki Guðs stjórnar allri jörðinni rætast spádómar eins og þessi bókstaflega: „Þá mun hann gefa því regn sem þú sáðir í akurinn og kornið, sem hann gefur af sér, verður kjarnmikið og gott. Á þeim degi mun fénaður þinn ganga í víðlendum grashaga.“ – Jes. 30:23.

18 Eins og staðan er núna er það fjarlægur draumur fyrir marga að eiga sér þægilegt heimili og hafa góða og gefandi vinnu. Í þessu spillta kerfi hafa margir á tilfinningunni að þeir þurfi að vinna langan vinnudag og strita óhóflega en hafa samt lítið í aðra hönd handa sér og sínum. Hinir ríku og ágjörnu hirði hins vegar afraksturinn af erfiði þeirra. Hugsaðu þér hvernig lífið verður þegar þessi spádómur rætist út um allan heim: „Menn munu reisa hús og búa í þeim, planta víngarða og neyta ávaxta þeirra. Menn munu ekki reisa hús sem annar býr í, ekki planta og annar neyta en þjóð mín mun ná aldri trjáanna og mínir útvöldu njóta ávaxta iðju sinnar.“ – Jes. 65:20-22.

19 Hvað merkir það að við náum „aldri trjáanna“? Finnurðu ekki til vissrar lotningar þegar þú stendur hjá stóru og tignarlegu tré og veltir fyrir þér hvað það sé orðið gamalt? Það stóð ef til vill þarna áður en langafi þinn fæddist. Þú hugsar kannski með þér að ef þú yrðir áfram ófullkomin eins og núna myndi tréð sennilega lifa lengur en þú og standa kyrrsælt á sínum stað eftir að þú værir kominn undir græna torfu. Hvilík umhyggja af hálfu Jehóva að fullvissa okkur um að við eigum í vændum langa og friðsæla tilveru í paradís framtíðar. (Sálm. 37:11, 29) Sú stund kemur að okkur finnst langlíf trén vera jafn hverful og grasið. Þau koma og fara en við lifum endalaust.

20 **Fullkomið heilbrigði.** Sjúkdómar og dauði varpa dimmum skugga á mannlífið alls staðar í heiminum. Í vissum skilningi erum við öll sjúk – haldin banvænum sjúkdómi sem kallast synd. Eina lækningin er lausnarfórn Krists. (Róm. 3:23; 6:23) Jesús og meðstjórnendur hans hjálpa fólki að hafa fullt gagn af lausnarfórninni þegar þúsundarárikið er gengið í garð. Þeir uppræta smám saman hvern snefil af syndinni hjá þeim sem eru trúir Guði. Þá rætist spádómur Jesaja til fullnustu: „Enginn borgarbúi mun segja: ‘Ég er veikur.’ Syndir fólksins, sem þar býr, hafa verið fyrirgefna.“ (Jes. 33:24) Hugsaðu þér hvernig tilveran verður þegar enginn verður blindur, heyrnarlaus eða bæklaður. (**Lestu Jesaja 35:5, 6.**) Engir sjúkdómar verða Jesú ofviða. Hann getur læknað þá alla, hvort sem þeir eru líkamlegir eða geðrænir. Dyggir þegnar Guðsríkis verða fullkomlega heilir heilsu.

21 En hvað um endanlegar afleiðingar sjúkdóma, óumflýjanlegan fylgifisk syndarinnar – dauðann? Hann er „síðasti óvinurinn“, sá sem ber alla ófullkomna menn ofurliði fyrir eða síðar. (1. Kor. 15:26) En er dauðinn óvinnandi andstæðingur í augum Jehóva? Tökum eftir hverju Jesaja spáði: „Hann [mun] afmá dauðann að eilífu. Drottinn Guð mun þerra tárin af hverri ásjónu.“ (Jes. 25:8) Geturðu séð þetta fyrir þér? Engar jarðarfarir, engir kirkjugarðar, engin sorgartár. Einu tárin, sem fólk fellir, verða gleðitár þegar Jehóva efnir hrífandi loforð sitt um að vekja dána aftur til lífs. (**Lestu Jesaja 26:19.**) Loksins verða öll sárin, sem dauðinn hefur valdið, gróin fyrir fullt og allt.

22 Þegar þúsundarárikið er á enda hefur það hrint vilja Guðs í framkvæmd á jörðinni og Kristur afhendir þá föður sínum stjórnina. (1. Kor. 15:25-28) Mannkynið er loks orðið fullkomið og er tilbúið til að gangast undir lokapróf

20. Hvernig verða dyggir þegnar Guðsríkis fullkomlega heilbrigðir?

21. Hvað verður um dauðann og hvers vegna finnst þér þetta loforð hughreystandi?

22. Hvað gerist þegar ríki Messíasar hefur hrint vilja Guðs í framkvæmd á jörð?



Ríki Jehóva uppfyllir
öll fyrirheit hans um
mannkynið og jörðina.

23, 24. (a) Hvers vegna er öruggt að loforð Guðs rætast? (b) Hvað ætlar þú að gera?

Þegar Satan er leystur úr undirdjúpinu þar sem hann gat ekkert aðhafst. Síðan útrýmir Kristur þessum illskeytta höggormi og öllum sem fylgja honum að málum. (1. Mós. 3:15; Opínb. 20:3, 7-10) En allir sem elska Jehóva eiga bjarta framtíð fyrir sér. Líklega er ekki hægt að lýsa henni betur en gert er í innblásnu versí í Biblíunni. Þar er því lofað að trúir þjónar Guðs hljóti ‚dýrðarfrelsi Guðs barna‘. – Rómv. 8:21.

23 Þessi fyrirheit eru ekki byggð á neinni óskhyggju eða draumórum. Það er öruggt að fyrirheit Jehóva rætast. Hvers vegna? Mundu eftir orðum Jesú sem voru rædd í fyrsta kafla þessarar bókar. Hann kenndi fylgjendum sínum að biðja til Jehóva: „Til komi þitt ríki, verði þinn vilji, svo á jörðu sem á himni.“ (Matt. 6:9, 10) Ríki Guðs er engin ímyndun. Það er veruleiki. Það ríkir á himnum núna. Í heila öld hefur það uppfyllt loforð Jehóva með greinilegum hætti og það blasir við okkur í kristna söfnuðinum. Við getum því treyst að öll loforð Jehóva rætist þegar ríki hans kemur og beitir mætti sínum að fullu í þágu jarðar.

24 Við vitum að ríki Guðs kemur. Við vitum að hvert einasta loforð Jehóva rætist. Hvers vegna? Vegna þess að RÍKI GUÐS STJÓRNAR! Við þurfum öll að spyrja okkur: Læt ég ríki Guðs stjórna lífi *mínu*? Við skulum gera allt sem við getum til að vera dyggir þegnar Guðsríkis núna þannig að við getum notið góðs af fullkominni og réttlátri stjórn þess að eilífu.

Hve raunverulegt er ríki Guðs í þínum augum?

- Hvernig efndi Jehóva loforð sín um að Gyðingar fengju að snúa heim úr útlegð?
- Hvernig hefur Jehóva leyft okkur að búa í andlegri paradís nú á dögum?
- Hvað höfðar mest til þín í paradís framtíðarinnar?
- Hvað sannfærir þig um að ríki Guðs sé raunverulegt og sé við völd núna?